This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

106 x 3
Presented to
the

1836
by
Ch. Plummer
M.A. of C C C

MAÐUR OG KONA.

MAÐUR OG KONA.

SKÁLDSAGA

EPTIR

JÓN THÓRODDSEN,
SÝSLUMANN.

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÈLAGI.

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTUÐ HJÁ BIANCO LUNO.

1876.

LIBRARY OF THE TAYLOR INSTITUTION
UNIVERSITY
- 7 OCT. 1944
OF OXFORD

FORMÁLI.

Þegar Bókmentafèlagið hafði komið sèr saman við erfíngja Jóns sýslumanns Þórðarsonar Thóroddsens um að gefa út kvæði hans og skáldsögu þá, sem hèr birtist á prenti, þá var kosin nefnd þriggja manna á ársfundi 30. Juni 1870 til að standa fyrir útgáfu rita þessara. Í formála fyrir kvæðunum, sem komu út á prent 1871, skýrði nefnd þessi frá störfum sínum, og sagði um leið, að skáldsagan «Maður og kona» væri svo mikil fyrirferðar, að hún væri ætluð sèr í bindi, og var hálfvegis gjört ráð fyrir, að hún kynni að geta komið út árið næsta eptir, ef að fèlagsmenn Bókmentafèlagsins fjölguðu að þeim mun, að fèlagið fengi efni á því. Þetta heppnaðist nú ekki, og því hefir það orðið að dragast að koma sögunni á prent, svo að hún getur nú fyrst komið fyrir almennings sjónir. Um haustið 1872 fór einn af nefndarmönnum, Steingrímur *Thorsteinson*, til Íslands, og varð

kennari við latínuskólann, en í stað hans var kosinn í nefndina á fundi 18. Januar 1873 bókavörður fèlagsins hèr í deildinni Sigurður L. Jónasson. Þegar nefndarmenn fóru að skoða skáldsöguna, var hún enganveginn svo greið aðgöngu, sem við var búizt. Höfundurinn hafði reyndar látið skrifa hana upp að nokkru leyti undir prentun, en hann hafði hvorki fengið tíma eða tækifæri til að ganga frá henni til fullnustu, og ekki heldur til að fullgjöra hana. Það sem hann mátti kallast vera búinn með, og vantaði einúngis að leggja á seinustu hönd, náði yfir fyrra hluta sögunnar, — því höfundurinn ætlaðist til hún skyldi vera í tveim hlutum, — eða fyrstu tuttugu og fimm kapítulana, og fram í sjötta kapítula af síðara hlutanum, og var upphafið á þessum kapítula með höfundarins eigin hendi. Fimm fyrstu kapítula síðara hlutans hafði hann látið skrifa, en þó ekki litið yfir þá til fullnustu. Að síðustu skulum vèr geta þess, að með handritinu fylgdi, ritað á tveim örkum, «Efniságrip af endanum á skáldsögunni Maður og kona»; var það með hendi þess hins sama, sem hafði ritað mestan hluta handritsins, og saman sett eptir því, sem höfundurinn sjálfur hafði skýrt frá, að hann hugsaði sèr framhald og lyktir sögunnar.

Þegar nú efnið lá þannig fyrir oss nefnd-

armönnum, kom oss saman um, að láta prenta söguna öldúngis eins og hún var komin frá hendi höfundarins. Þó gátum vèr ekki komizt hjá, að gjöra nokkrar breytíngar í handritinu, þar sem bersýnilega var misritað og höfundurinn hafði ekki leiðrètt, því engin sýnileg merki voru til, að hann hefði lesið handritið yfir að lyktum. Þar á móti höfum vèr látið halda sèr talshætti og mállýzkur, sem tíðkast á Vesturlandi, þó þær sè ekki venjulegar annarstaðar, eða nokkuð frábrugðnar, því vestanmál hefir verið ríkast hjá höfundinum, sem von var, þareð hann var uppalinn og kunnugastur fyrir vestan, og mun mestmegnis hafa haft fyrir augum sèr í þessari sögu, eins og í »Pilti og Stúlku,» menn, sem hann þekkti fyrir vestan, eða sviplíka þeim. Að norðan getum vèr ekki vísað á nema eina fyrirmynd, sem vèr þykjumst þekkja með vissu. Auk þessara smábreytínga, sem þannig hafa gjörðar verið, en þó með mestu varkárni, skulum vèr geta einnar breytíngar, sem vèr þóktumst neyddir til að gjöra; hún sýnist vera stórkostleg í fyrsta áliti, en er í sjálfu sèr mjög lítilvæg, því hún breytir engu í sjálfri sögunni. Það er sú, að vèr höfum látið falla úr skiptínguna í «fyrra part» og «annan part,» og látið kapítulatöluna halda áfram, með tuttugasta og sjötta *kapítula* o. s. frv. Þannig stendur

á því, að sagan er hèr fullir þrjátíu kapítular, og nær nokkuð fram í hinn þrítugasta og fyrsta, auk «Efniságripsins,» en það lètum vèr fylgja óbreytt, eins og það var. Menn munu taka eptir því, að einkennisklausur eða «Motto» stendur við suma kapítula, en ekki við suma, og helzt framanaf sögunni. Þetta kann að vísu að benda til, að höfundurinn mundi smásaman hafa safnað sèr þesskonar klausum og sett við alla kapítula í sögunni, en þessa gátum vèr ekki haft neitt tillit til, og lètum oss það mestu varða, að verk höfundarins kæmist óskemmt og verulega óbreytt í hendur lesöndum.

Kaupmannahöfn 22. April 1876.

Jón Sigurðsson. *Eiríkur Jónsson.*
Sigurður L. Jónasson.

ÆFIÁGRIP.

Jón Þórðarson Thóroddsen er fæddur á Reykhólum á Reykjanesi í Barðastrandarsýslu um haustið undir veturnætur (5. Oktober) 1819. Reykhólar (Reykjahólar) eru, eins og kunnugt er, eitt hið merkasta höfuðból á Íslandi að fornu og nýju, og það er ekki ómerkilegt að taka eptir því, að þó Jón Thóroddsen væri ekki kominn af lángfeðgum, sem höfðu búið á Reykhólum maður eptir mann, þá má rekja kyn hans til Reykhólamanna fram í ættir, og það þeirra, sem heyrðu til stærstu kynþáttanna: til Þorleifs hirðstjóra, Björnssonar hins ríka, Þorleifssonar; til Guðmundar ríka Arasonar, sem bjó á Reykhólum á fyrra hluta fimmtándu aldar og átti Helgu Þorleifsdóttur, systur Björns; til Ólafs tóna hins eldra, Þorleifssonar, Svartssonar, Þorleifssonar, sem var á Reykhólum á fjórtándu öld snemma; til Jóns Brandssonar, sem bjó á Stað í Steingrímsfirði og á Reykhólum snemma á prettándu öld og átti Steinunni, dóttur Sturlu

í Hvammi og Íngibjargar, dótturdóttur Þorgils Arasonar á Reykhólum, hins merka höfðíngja, sem getið er í Grettis sögu og víðar að leysti þann vanda af hendi, að halda þá þrjá ofstopamenn í einu, Gretti Ásmundarson, Þormóð Kolbrúnarskáld og Þorgeir Hávarsson. En Þorgils Arason var af hinum elzta Reyknesínga kynþætti, sem var kominn frá Hjörleifi Hörðakonúngi, er kallaður var hinn kvennsami. Úlfur hinn skjálgi, sem var fjórði maður frá Hjörleifi konúngi, nam Reykjanes (hèrumbil 895) og mun hafa tekið sèr bústað á Reykhólum, en hann átti Björgu, dóttur Eyvindar Austmanns, og var því mægður hinum stærsta og víðlendasta kynþætti landnámsmanna á Íslandi. Sonarsonur Úlfs hins skjálga var Már á Reykhólum, sem talað er um í Kötludraumi, því kona hans hèt Þorkatla, dóttir Hergils hnappraz úr Flatey, en sonur þeirra Máls og Þorkötlu var Ari, sem sagt er að færi til Hvítramannalands (Ameríku) og staðfestist þar; Þorgils sonur hans, sem þegar var getið, tók þá við Reykhólum.

Þessar ættir má allar rekja víðara út, ef maður vill, en hèr þykir oss það ekki vert, og skulum vèr einúngis telja það sem nálægast er. Þess má þá helzt geta, að faðir Jóns Thóroddsens var Þórður Þóroddsson, sem lengi bjó á *Reykhólum og* hafði lært beykis iðn í únguæmi

sínu; faðir hans var Þóroddur beykir á Vatneyri († 1799), sem átti Bergljótu Einarsdóttur, systur Bjarna sýslumanns í Barðastrandarsýslu, föður Gudmundar Schevings. Bergljót var kvennskörungur mikill og merkiskona; þau Þóroddur beykir og hún áttu ellefu börn, og voru margir synir, sem allir lærðu ýmiskonar iðnað. Faðir Þórodds beykis var Þóroddur Þórðarson, heyrari í Hólaskóla fyrst á átjándu öld; kona hans var Herdís Illugadóttir prests á Auðkúlu, Þorlákssonar; Illugi prestur andaðist í stóru bólu 1707, og kona hans sömuleiðis. Þóroddur heyrari var af Suðurlandi; hann var sonur Þórðar Jónssonar hríngjara í Skálholti og Guðrúnar, en móðir Guðrúnar var Steinunn Jónsdóttir frá Hamarsholti í Hrunamanna hrepp. — Móðir Jóns Thóroddsens var Þórey Gunnlaugsdóttir, prests á Ríp, Magnússonar, og Arnfríðar Þorláksdóttur frá Núpufelli, lögrèttumanns; þau Þórey voru mörg syskin. Síra Gunnlaugur á Ríp, og seinast að Reynistaðar klaustri († 1804), var sonur Magnúsar prófasts Pèturssonar á Höskuldstöðum, merkisprests, sem ritaði annál og fleira. Pètur faðir hans var Þorsteinsson, Eiríkssonar, Krákssonar norðan úr Fljótum. Kona Magnúsar prófasts var Ásgerður Pálsdóttir, systir sira Gunnars í Hjarðarholti, Bjarna landlæknis og *þeirra syskina; þau sira* Magnús áttu tólf börn

saman, og varð Ásgerður 97 ára gömul að aldri, áður hún andaðist. Hennar föðurætt var frá Reykhólamönnum fram í kyn, því sira Páll faðir hennar, prestur á Hvanneyri og síðan á Upsum († 1731), var sonur sira Bjarna í Vesturhópshólum, Þorsteinssonar prests þar samastaðar, Ásmundarsonar, Þorsteinssonar, Guðmundarsonar undir Felli í Kollafirði, Andrèssonar á Reykhólum, Guðmundarsonar hins ríka á Reykhólum, sem fyr var getið, og koma þar til ættir Reykhólamanna, því Andrès Guðmundarson hins ríka átti Þorbjörgu, dóttur Ólafs tóna hins yngra á Hvoli í Saurbæ og á Rauðamel, Geirmundarsonar, Herjólfssonar; en Geirmundur átti Guðrúnu, dóttur Ólafs tóna hins eldra á Reykhólum, Þorleifssonar, sem fyr var nefndur.

Fyrstu tvö ár ævi sinnar var Jón hjá foreldrum sínum á Reykhólum, en þegar hann var tvævetur fór hann í fóstur til Jónasar bónda Jónssonar í Sælingsdalstúngu í Dölum, og var þar níu vetur, þartil hann var ellefu ára að aldri. Jónas var sonur merkisbónda, Jóns Egilssonar á Vatnshorni í Haukadal, mágur Jóns sýslumanns Espólíns; Jónas bóndi var skýr maður og guðhræddur, og unnust þeir fóstrar mjög, svo að Jón hafði minníng fóstra síns innilega kæra til æfiloka, sem ráða má af vísunni eptir *hann* (*Kv. bls.* 149). Þá er Jón var nú orðinn

ellefu vetra, var farið að hugsa um að koma honum til náms; var honum fyrst komið fyrir hjá Ólafi stúdent Pálssyni, syni sira Páls Hjálmarssonar að Stað á Reykjanesi, sem síðan var prestur í Otrardal. Hann bjó þá á Miðhúsum í Reykhólasveit, og var Jóni ætlað að nema hjá honum barnalærdóminn, skript og reikníng. Næsta vetur eptir átti að byrja á skólalærdómi, og var Jóni þá komið til kennslu til sira Sigurðar Jónssonar á Rafnseyri í Arnarfirði; fór hann þángað um haustið 1832 og var þar fjóra vetur, en vorið 1836 fór hann þaðan, og var honum þá komið fyrir að haustinu til á Eyvindarstöðum á Álptanesi, hjá Sveinbirni Egilssyni, til að kynna sèr latínuskólann á Bessastöðum og búa sig undir hann. Haustið eptir (1837) fèkk hann skólann og gekk undir próf, fór það svo, að hann reyndist fær um að setjast í efra bekk, og var þar síðan þrjá vetur, sem tíðast var venja til, og skrifaðist út með heiðarlegum vitnisburði um vorið 1840. Hann var þá á fyrsta árinu um tvítugt.

Þegar Jón var nú útskrifaður úr skóla, fór hann norður um sumarið eða haustið 1840, og var hjá sira Hallgrími prófasti Thorlacius á Hrafnagili; með Ólöfu dóttur prófasts átti hann dóttur, sem hèt Elín, og er gipt Páli Blöndal, *lækni í Borgarfirði.* Sumarið eptir fór hann

vestur til foreldra sinna, og var þá ákveðið hann skyldi fara til háskólans í Kaupmannahöfn; sigldi hann þá um sumarið með Búðaskipi (1841), og er af vísum hans að ráða, sem hann hafi tregur farið að heiman og út í veröldina.

Frá æsku-árum Jóns eru mjög fá ljóðmæli til eptir hann. Vísan um Barmahlíð, sem hann orti þrettán vetra, vorið eða sumarið áður hann fór að Rafnseyri, og önnur staka (Kv. 188) eru einstakar sèr, og ekki vitum vèr neinn vott þess, að hann hafi ort kvæði meðan hann var að læra, eða á skólaárum sínum, þó líklegt sè hann hafi borið það við. En þegar hann var fyrir norðan, kynntist hann nokkuð Bjarna amtmanni Thorarensen, tók amtmaður honum vingjarnlega í frændsemis skyni, því þeir voru að þriðja manni og fjórða frá sira Páli á Hvanneyri, sem fyr var nefndur[1], og þá var einnig Bjarni Bjarnason

---

[1]) Ættliðirnir eru þannig:

Bjarni Pálsson landlæknir	Ásgerður Pálsdóttir á Höskuldstöðum
Steinunn Bjarnadóttir á Hlíðarenda	Gunnlaugur Magnússon á Ríp
Bjarni Thorarensen amtmaður.	Þórey Gunnlaugsdóttir húsfreyja á Reykhólum
	Jón Þórðarson Thóroddsen.

frá Ásgarði, jafnaldri Jóns og barndómsvinur, skrifari hjá amtmanni. Maður sér á frásögu Jóns um kveðskap nokkurn, sem þeim Bjarna amtmanni og Sveinbirni Egilssyni fór á milli,[1] að hann hefir þá veitt eptirtekt ræðum Bjarna og kveðskap, og átt tal um þesskonar efni við hann. Það má og ráða af vísunni um «málskrúð í Eyjafirði» (Kv. 261), að Bjarni amtmaður hefir orðið var við að Jón væri hagmæltur, og verið að ýta undir hann til að yrkja. Frá því hann kom að norðan og heim til foreldra sinna, og hann fór utan (1841), fer smásaman að bera meira á skáldskap hans, en þó einúngis við stöku tækifæri, og mest í gamni eða hálfspèlni.

Þegar Jón Thóroddsen kom til Kaupmannahafnar 1841, tók hann aðgángspróf við háskólann. Tregara gekk með annað próf, og í embættisnáminu dró að því, að honum lèk meiri hugur á að gánga aðrar leiðir en þær, sem leiddu til embættisprófanna. Þó lá hugur hans til Íslands, og með miklum áhuga tók hann þátt í öllu því, sem snerti stjórnarleg málefni landsins, en þá voru þessi mál í fremsta rúmi meðal Íslendínga í Kaupmannahöfn, því þá stóð til að alþíngi yrði stofnað, og yrði fulltrúaþíng Íslendínga sèrílagi, en því fögnuðu allir og ekki

[1]) *Íslendíng. IV,91 (1865.* Maí).

minnst íslenzkir námsmenn. Um haustið 1842 hèldu þeir fundi með sèr, og sendu ávörp fulltrúum sínum í Hróarskeldu, og þó einkum einum af þingmönnum Dana, málafærslumanni Balthazar Christensen, sem snarpast tók það fram, er allur þorri Íslendínga vildi. Jón skrifaði undir ávörp þessi ásamt öðrum, svosem frá Barðastrandarsýslu,[1] því hver einn af þeim, sem undir skrifuðu, greindi til hvaðan úr hèraði hann væri. Um veturinn eptir voru enn fundir með Íslendíngum í Kaupmannahöfn, og var þá ritað konúngi ítarlegt ávarp, og konúngsefni sömuleiðis beðinn liðveizlu. Þar fyllti Jón Thóroddsen einnig fúslega flokk landa sinna, og skrifaði undir einn með öðrum.[2] Um þetta leyti orti hann nokkur ljóðmæli, sem lýsa því, að hugur hans var ekki við námið, en hann leit þó eins og um öxl til prófs og embættis, og sneri uppá það efni sálminum «Sæll er sá mann sem hafna kann.» Snúníngurinn er fyndinn, en þeim sem ekki þola lèttúð eða gázka, þykir hann nokkuð keskilegur, og er hann þó í rauninni sömu teg-

[1]) «Jón Þórðarson, úr Barðastrandarsýslu.» Ávörpin eru dagsett 6. Septembr. 1842. Frèttir frá fulltrúaþínginu í Hróarskeldu 1842, bls. 219—223.

[2]) «Jón Þórðarson, stud. juris.» Ávörp þessi eru dagsett 25. Febr. 1843. Frèttir frá fulltrúaþínginu í *Hróarskeldu* 1842, bls. 225—233.

undar og yms þessháttar kvæði eptir íslenzk skáld, bæði eldri og ýngri, svo sem til dæmis nokkur, sem prentuð eru eptir Jón Þorláksson, Sigurð Pètursson og fleiri. Kvæðið lýsir því sjálft, að það hittir hið einkennilega í skáldskap þeim, sem Jóni var bezt laginn, og er lýst svo, að hann hafi verið í þeirri grein «manna fyndnastur og orðheppnastur, snarphæðinn, en þó græzkulaus.»[1] Þetta er með beztu kvæðum þeirrar tegundar. Um vorið 1843 fýstist hann að vitja Íslands aptur, og var þá hjá foreldrum sínum á Reykhólum um sumarið, en fór um haustið aptur til Kaupmannahafnar; var hann nú stöðugt þrjú ár hin næstu í Kaupmannahöfn, og lèk þó heldur lausu við vísinda-iðkanir, orti og heldur ekki mikið, svo á hafi borið. Þó er ein vísa í kvæðum hans, sem er í svipuðum anda og fyr var sagt, og þótti fyndin vel.[2] Hann orti og um þetta bil Nýjársvísur 1847 (Kvæðin bls. 6) og fleiri kvæði í minníngu Íslands, sem sum votta brennandi ást til fósturjarðarinnar (Kv. bls. 6. 4 og víðar). Sum voru glenskvæði og drykkjuvísur, og sum beggja blands, gaman og alvara. Um vorið 1847 fór hann út til

---

[1]) «Sæll er sá mann, sem hafna kann hrekkvísra okurráði,» o. s. frv. Kv. 248.

[2]) «Í Babýlon við Eyrarsund,» o. s. frv. Kv. 184.

Íslands, og var þá hjá móður sinni um sumarið, því faðir hans var þá dáinn árið áður, en um haustið fór hann enn til Danmerkur, og var í Kaupmannahöfn um veturinn.

Í Marts 1848 varð sú mikla breytíng í Danmörku, að lokið var hinu fyrra einveldi konúnganna, og skyldi nú innleiða lögbundna konúngsstjórn; en ósamlyndi það, sem um hríð hafði staðið og ávallt magnazt millum Dana og Þjóðverja á Holsetalandi, brauzt nú út í fullan fjandskap, svo að hvorutveggju bjuggust til bardaga. Jón Thóroddsen hafði þá um veturinn, meðan kyrð var á, tekið sig saman við Gísla (Gíslason) Brynjúlfsson að gefa út nýtt ársrit handa Íslendíngum, og var svo til ætlazt, að það skyldi koma út þá um vorið og heita «Norðurfari». En þegar allt varð á tjá og tundri, þá fèkk Jón fýsn á að fara í stríð með Dönum, var það á svipstundu ályktað og framkvæmt, og lagði hann að fám dögum liðnum af stað til hersins í Slesvík, en skyldi fèlaga sínum eptir Norðurfara. Ritið kom þá út um vorið, «útgefendur: Gísli Brynjúlfsson, Jón Þórðarson,» og átti Jón að vísu hinn minna þátt í ritinu, en þó eru þar nokkur kvæði eptir hann, og »Dálítil ferðasaga» með vísum í; vísur þær eru síðan allar prentaðar í kvæðabókinni. Jón hefir þó haft þá töluverðan áhuga á *tímaritinu*, því hann getur um í brèfi til Gísla

3. Mai 1848, að hann hafi engan kvadt þegar hann fór af stað frá Kaupmannahöfn, en ef hann falli í orustu, kveðst hann hafa ásett sèr að koma upp á Garð (Regens) og blaða í Norðurfara, «sem nú mun að vísu út kominn, klæddur í kápu blá, og kannske farinn af stað til Íslands». Jón var þá í Melgerði á Als, og kvaðst eiga heima í fjórða flokki þrettándu fylkingar; hafði hann þá verið með hernum í Slesvík, og komizt suður að Danavirki, verið í orustunni við Slesvíkurbæ 23. April, og síðan með Dana her, þegar hann hopaði undan og yfir á Als, en nú kvað hann mundu vera von á stórtíðindum bráðlega, og bjóst við hvorutveggja, annaðhvort að komast lifandi af eða falla á vígvelli. En tíðindin urðu ekki svo stórkostleg sem á horfðist, því Prússa her fór norður á Jótland og lèt þar fyrirberast og þjáði Jóta fram eptir sumrinu, þar til vopnahlè var samið og þeir fóru leiðar sinnar suður eptir aptur, þegar Nikulás Rússakeisari hafði bandað við þeim. Það er sagt, að Jón Thóroddsen hafi orðið undirforíngi (undiroffisèri), en herþjónustan varð ekki lángvinn, því um haustið 1848 fèkk hann lausn og fór þá heim aptur til Kaupmannahafnar og var þar um veturinn. Um lagalestur mun þá hafa verið lítið til frásagnar, en hann samdi þá um veturinn *skáldsögu sína*, sem fèkk nafnið «Piltur

og stúlka.» Ymsar tilraunir hafa áður verið gjörðar á voru landi til að semja skáldsögur, eptir því sem tíðkast í útlöndum nú á síðari tímum um nokkra hríð, og menn kalla enska nafninu *novels* eða nýsögur, af því þær taka efni sitt úr hinu daglega hversdagslífi, en ekki frá fornum viðburðum eða sögurituin, svosem riddarasögur gjöra; en þessi saga Jóns Thóroddsens er hin atkvæðamesta af þessum sögum öllum, og því er hún almennt talin hin fyrsta nýsaga, sem samin sè á Íslenzku.

Um vorið 1849 var Jón Thóroddsen aptur með að gefa út Norðurfara, «útgefendur Gísli Brynjúlfsson, Jón Þórðarson.» Ártalið MDCCCXLIX stendur á kverinu, en ekki er þess getið, að það sè annað ár ritsins. Þar eru nokkur kvæði eptir Jón, sem prentuð eru síðan í kvæðabók hans, en engin ritgjörð í óbundnu máli. Árriti þessu var ekki síðan fram haldið, og þótti þó mörgum kynlegt, því það var samið með miklu úngdómsfjöri, og þótti girnilegt meðal alþýðu til fróðleiks og skemtunar, en þess gátu menn, að Norðurfari væri «ekki konúngkjörinn,» þar sem hann væri á ferð til Íslands. Þá um sumarið og veturinn eptir hafði Jón Thóroddsen meira fyrir stafni, þá lèt hann prenta skáldsögu sína, og kom hún út árið eptir (1850). Hún var *146 + 2 bls.* með smáu letri í litlu átta blaða

broti og hefir titil þannig: «Piltur og stúlka, | dálítil frásaga. | útgefandi | Jón Þórðarson Thóroddsen. | Khöfn. | Prentuð hjá S. L. Möller | 1850». — Sama ár tóku þeir sig saman Gísli Magnússon og Jón, að safna í íslenzka kvæðabók og koma henni á prent; hún kom út jafnframt og hefir svo látandi titil: «Snót, | nokkur kvæði | eptir | ýmiss skáld. | Útgefendur: | Gísli Magnússon | og | Jón Þórðarson Thóroddsen. | Khöfn. | prentuð hjá J. D. Kvisti, | bókaprentara og nótnaprentara. | 1850.» Bókin er XII+238 blss. í tólf blaða broti, með upphafshendingum kvæðanna fyrir framan og orðaregistri aptast, sem útskýrir nokkrar kenningar og vönd orð eða nöfn.

Þegar Jón hafði lokið störfum sínum, þessum sem nú var frá sagt, fór hann heim til Íslands um vorið 1850. Þá stóð svo á, að Brynjólfur (Benediktsson) Svenzon, sem hafði verið nokkur ár sýslumaður í Barðastrandarsýslu, hafði fengið Borgarfjarðarsýslu 16. Mai um vorið, og var Barðastrandarsýsla laus. Amtmaðurinn í Vesturumdæminu, sem þá var Páll Melsteð, beiddi þá Jón að taka að sèr að stjórna sýslunni, tókst hann það starf á hendur og settist fyrst að í Flatey. Eiginlega var það tilgángur Jóns, að leita kosníngar og gjörast fulltrúi Barðstrendínga til þjóðfundarins, en hann segir vin sínum Gísla Brynjúlfssyni í brèfi úr Flatey 6. Febrúar

1851 hvernig það fór. «Þú manst, að eg í vor fór heim til Fróns í því skyni, að verða valinn í Barðastrandarsýslu. Til allrar ólukku hafði brèf það, sem eg ritaði í vetur móður minni til, og eg hafði lagt innaní brèf til Barðstrendínga um að kjósa mig, ekki komið fram, en verið sent af klaufaskap aptur suður til Reykjavíkur, Barðstrendíngar hefðu annars að vísu kosið mig. Eg hafði meira en þriggja vikna útivist, og var því eigi kominn þegar kosníngar fram fóru.» — Af því þetta fór fram um þær mundir, sem einna mest bar á þjóðernisfjöri hjá Íslendíngum, tökum vèr úr sama brèfi nokkurn kafla, sem segir frá «frjálsum fundi» Vestfirðínga á hinum forna þíngstað að Kollabúðum. Hann segir svo frá: «Nokkrum dögum eptir að eg var kominn, var Þorskafjarðarfundur að venju haldinn, og hafa Þorskfirðíngar búið þar til búð mikla, 24 álna lánga og að því skapi breiða, og er hún gjör þar sem búð Gests Oddleifssonar var forðum. Fundurinn var fjölmennur, nl. 140 manns auk kvenna og piltúnga. Fundurinn stóð í þrjá daga, og veðrið var hið fegursta, og varla hefi eg lifað skemtilegri tíma en þá; við sváfum í tjöldum, og höfðum gnægð vista og víns. Prófastur Ólafur Sivertsen í Flatey var kosinn forseti í stað sýslumanns Magnúsar Gíslasonar, en eg aptur, í stað prófasts, aukaforseti. Tölur

voru þar fluttar þrjár, þá þingið var sett, af Magnúsi Gíslasyni, mèr og presti Eiríki O. Kuld, síðan var tekið til starfa og níu manna nefnd kosin, að ræða um stjórnarlaga frumvarp, því þá hugðu menn, að þjóðfundurinn mundi verða samsumars. Í nefndinni voru fjórir þjóðþingismenn, Lárus (prófastur í Holti í Önundarfirði), Ólafur Johnsen, Brynjólfur Benediktsen og Ásgeir; eg var og einn í nefnd þeirri. Frumvarp var samið, sem að mestu mun verða haft til undirstöðu í sýslunefndar-álit það, sem Barðstrendíngar eru nú að semja, og þú munt fá að sjá á prenti einhverntíma í vor.[1] Á þingvallafundinn fer eg að vori, en ekki gat eg farið á hann í fyrra vor, fyrir því, að þá var eg að taka við sýslunni.» — Um störf sín fer hann þessum orðum í sama brèfi: «Í sýslumanns embættinu kann eg dável við mig, og eg hefi ekki hingað til orðið var við, að sýslubúar mínir sè óánægðir með mig. Ærið hefi eg haft að gjöra síðan eg tók við, í ymsum þrætum. Í einu þjófnaðarmáli hefi eg dæmt, og var dómurinn staðfestur af amtinu; einnig hefi eg dæmt í fjársök einni millum kaupmanns Thorsteinsens og Eyjólfs dannebrogsmanns í Svefneyjum, og verður það víst hæstarèttar mál; að öllu samtöldu hefi eg þing-

[1]) Álitsskjal *þetta mun aldrei* hafa komið á prent.

að átján sinnum í þjófnaðar og þrætumálum
Heldur gjörir sýslumaður lítið úr tekjum sínu
því þángaðtil í Januarmánaðar lok veturinn epl
(1851) hafði hann ekki fengið í aukatekjur nem
tæpa 70 dali, en hafði mátt borga fyrir fæ
og húsnæði yfir 80 dali, auk þess sem hai
þarfnaðist ymsra hluta og varð að kaupa.
hinu fyrnefnda brèfi 6. Febr. fór hann enn nokk
um orðum um bústað sinn og aðsetur, og seg
á þá leið: «Eg hefi þetta árið verið hèr í Fla
ey, það er skemtilegasti staðurinn hèrna í sýs
unni og flestir «höfðíngjar» þar saman komni
prófastur Ólafur Sivertsen, kaupmaður og þjóð
þíngismaður Brynjólfur Benediktsen, gáfaði
og sèrlega fróður maður í Íslands sögu; sii
Eiríkur Kuld og kaupmaður Sigurður Jónsei
báðir skemtilegir menn. Herbergi og skri
stofu mína hefi eg í húsi kaupmanns Sigurð
Jónsens, og eru þau mikið góð og falleg, sei
í Höfn væri. Hefði eg tíma afgángs, er hèr o
nóg af handritum og íslenzkum óprentuðu
druslum að skemta sèr við, því Brynjólfur Ben
diktsen erfði öll handrit og bækur föður sín
Boga á Staðarfelli; einnig er nú hèr hjá pr
fasti um tíma skemtilegur maður, fróður o
feikilega ríkur af kvæða- þulu- draugasagn
álfasagna- safni, það er Gísli Konráðsson. Han
hefir einnig mikið safn af smásögum um merk

ega menn og afkáralega, t. d. Magnús sálar-
áska, og svo hefir hann líka samið sögu *sui emporis*[1] um Húnavatns sýslu, og er hún afar alleg og fróðleg.»

Þegar Jón var nú orðinn sýslumaður, varð
að mest starf hans að reka sýsluna og að skemta
èr við kunníngjana. Um það, sem hann hugs-
ði til ritstarfa, skrifar hann Gísla Brynjúlfssyni
ır Flatey 2. Febr. 1852, útaf því, að Gísli hafði
ıvatt hann til að semja «reglulega þjóðsögu»:
Þó eg vantreysti mèr til þess,» segir hann,
þá býr alltaf hjá mèr löngun til þess, en um-
vif og veraldarsýsl hafa, síðan eg kom hingað,
indrað mig frá að ráðast í slíkt.» Nú kom
að til þar að auki, að hann fór að hugsa til
ð festa ráð sitt og fá sèr konu; sneri hann
uga sínum að dóttur Þorvalds í Hrappsey,
ristínu, en þar varð nokkur fyrirstaða, því
ıðirinn var vandur að ráðahag fyrir dóttur
innar hönd, og þótti lítil staðfesta þó maður-
ın væri «settur» sýslumaður, sem víkja mætti
á þegar minnst varði, og einhver sækti, sem
efði tekið próf. Nú kom að því, sem skáldið
afði kveðið í gamni, að hollara var að vera
examensmaður», og var nú farið að ráðgast
m, hvernig þessu yrði fyrir komið. Það varð
ı að ráði, að Jón skyldi fara til háskólans og

[1]) þ. e. sinnar tíðar (sögu).

taka próf í dönskum lögum, og ef það heppnaðist, skyldi hann ná ráðahagnum, en Brynjólfur í Flatey Bogason tók að sèr að stjórna sýslunni á meðan. Þegar búið var að koma þessu í lag, hèlt Jón ekki lengi kyrru fyrir, og fór suður um veturinn eptir nýjár, og tók sèr far með póstskipi í Februar 1853. Nokkrar vísur, ortar á ferðinni til Danmerkur, eru prentaðar í kvæðum Jóns (Kv. 93. 94). Vera hans í Kaupmannahöfn að þessu sinni var ekki löng, og er skjótt yfir að fara, að hann gekk undir próf í dönskum lögum um vorið 1854 og fèkk bezta vitnisburð. Þess skulum vèr þó geta, að 29. Septbr. um haustið áður ritaði hann boðsbrèf til Íslendínga, og þeir með honum: Karl Andersen og Arnljótur Ólafsson, um samskot til styrks við Sigurð Guðmundsson úr Skagafirði, til að fullkomna sig í uppdráttarlist (Norðri II, bls. 6—7). Um vorið eptir, 30. April 1854, flutti Gísli Brynjúlfsson honum kvæði að skilnaði (Ný Fèlagsr. XVI, 146—147), áður hann fór til Íslands, og með konúngs úrskurði 22. Juni 1854 var honum veitt Barðastrandarsýsla til fulls, og 100 dalir til ferðarinnar. Þegar hann kom heim, settist hann að í Flatey eins og áður, og tók við sýslunni snemma í September mánuði sama haust, eptir að hann hafði haldið brúðkaup sitt fám *dögum* á undan.

Vèr getum ekki lýst betur æfi Jóns Thóroddsens þetta sumar en með því, sem hann skrifaði Gísla í brèfi 25. Novbr. um haustið. «Allt hefir,» segir hann, «svo að segja leikið mèr í lyndi síðan við skildum síðast; eg fèkk allfljóta og hagstæða ferð til Reykjavíkur, var þar skamma hríð, og reið síðan vestur góðum hestum og þurra vegi, og hafði fyrir svein minn Ólaf hinn fagra Skagfirðíng;[1] 25. dag Julimánaðar komst eg til Hrappseyjar, og þegar eg fór að gæta í almanakið mitt, sá eg, að eg í Höfn hafði gjört kross við þann dag, til merkis uppá, að eg vildi þá vera heim kominn, og svona hafði þá allt ítarlega að óskum gengið. Þegar eg var kominn í faðm kærustunnar, var öll armæða afstaðin; tilhugalífið varð skammt, eptir það eg var heim kominn, því 29. August var brúðkaup okkar hèr í Flatey; var það, eins og nærri má geta, skemtilegast fyrir mig, en eg held líka góður fagnaður fyrir boðsgestina. Amtmaður Melsteð var í því, og allur þorri höfðíngjanna í Breiðafirði; sátu allflestir þeirra hèr í viku, og var stundum drukkið fast, datt mèr þá við og við í hug, að mikill gleði-auki hefði það verið að hafa þig, og svosem tvo eða þrjá af bræðrunum í Höfn nærstadda. Síðan eg kom í

[1]) Hann mun hafa verið Húnvetníngur.

hjónabandið hefir mèr liðið sannarlega vel, og engu óinndælla hefir það reynzt mèr, en tilhugalífið. Í vetur, sem yfir stendur, verðum við hjónin hèr í Flatey, en að vori komanda flytjum við, ef guð lofar, að Haga á Barðaströnd, og kaus eg þá jörð heldur en Reykhóla, af því hún bæði er betur í sýslu komin og umsvifaminni, og þó fallegt höfðíngjasetur, eins og við var að búast þar, sem Gestur Oddleifsson kaus sèr forðum bólstað. — Margt held eg verði örðugt fyrst við búskapinn, en þeir örðugleikar finnast mèr nú svo lèttir sem lauf. — Býsna mikið hefi eg haft að gjöra, síðan eg settist að sýslunni, og fáar hafa orðið enn mínar andlegu skemtistundir — svo kalla eg þær stundirnar, sem maður má lesa, og hnýsast í það, sem mann lángar til, og hugsa það, sem mann mest fýsir að hugsa um, — en eg vænti nú bráðum betri stunda í því falli, því eg hefi nú að mestu lokið málaþrasi, sem eg í haust hefi orðið að standa í, og óumflýjanlegustu embættis-skriptum.» — Í brèfi þessu drepur hann enn á hið fyrra efni, um að búa til skáldsögur, með þessum orðum: «Gísli gamli sagnaþulur Konráðsson situr við nótt og nýtan dag, að rita upp sögur og druslur; Vestfirðíngasögu hefir hann samið, og er margt í henni fróðlegt, og æfisögur ymsra, og er í þeim *mörgum* ágætt efni, ef til væri maður vel með

að fara, að semja úr þjóðsögur, líkar Scotts. — Mikið er hèr sumstaðar til af rímum, ljóðabrèfum og druslum, en fátt hefi eg enn lesið þessháttar.»

Áður en Jón Thóroddsen fór frá Kaupmannahöfn, um vorið 1854, hafði Þjóðólfur (VI, 138—140) grein, sem kölluð var «saga af Vestfjörðum,» og sveigði hún heldur að sýslumanninum í Barðastrandarsýslu. Jón eignaði hana beinlínis eða óbeinlínis Eyjólfi hreppstjóra í Svefneyjum, og svaraði henni snarplega með nokkurri þykkju til Eyjólfs, því honum þótti hann ráðríkari í sveit sinni, en hann vildi að hreppstjóri væri (Þjóðólf. VI, 274—75, 284—285, 290 sbr. VII, 62—63, 66—67). Sú deila sjatnaði þó smásaman. Þegar Jón var seztur að í Flatey um veturinn, tók hann þátt í ritstjórn Gests Vestfirðings, og var fimmta ár ritsins prentað í Kaupmannahöfn um vorið. Þar var í æfi Hallgríms prests Pèturssonar og Ólafs Snóksdalins eptir Gísla Konráðsson, og lofað í næsta ári þætti um Guðmund Bergþórsson, en þetta varð seinasta ár ritsins, og kom það ekki optar út. Jón sat þá í friði í sýslu sinni, og bjó í Haga á Barðaströnd, fyrst á hálflendunni, og síðan á allri jörðinni, en sendi einúngis endur og sinnum kvæði til blaðanna, einkum til Þjóðólfs, og fengu þau þar fúsar viðtökur. Þó lenti einu*sinni í glettni* nokkurri útúr kosn-

íngunum til alþíngis 1858, og spruttu út af því veturinn eptir og vorið 1859 vísur nokkrar (Kvæð. 265—266) og blaðagreinir (þjóðólf. XI, 95—96), en Jón lèt prenta svar sitt og gaf út í bæklíng sèr á nokkrum blöðum; það er ritað í Haga 6. Juni 1859 og prentað sama ár (í prentsmiðju Íslands 1859) en hefir enga fyrirsögn. Þá varð ekki meira úr þessari deilu, en þó kann vera, að hún að nokkru leyti hafi verið hvöt til þess, að sýslumaður hafi farið að óska sýsluskipta, bæði vegna þess, að honum hafi þótt vináttan kólna síðan kosníngarnar urðu seinast, og svo hitt, að Barðastrandarsýsla var mjög rýr að tekjum. Hann sókti því um Borgarfjarðarsýslu eptir Jón Snæbjarnarson, sem var andaður 31. August 1860, og fèkk þá sýslu með konúngsúrskurði 25. Mai 1861.

Um sumarið, þegar hann frètti að hann hafði fengið Borgarfjarðarsýslu, fór hann suður á land og skoðaði sig um, og síðan vestur aptur, og var fyrir vestan þar til um vorið eptir, 1862, að hann flutti sig búferlum suður, og tók sèr bólfestu á Leirá. Vèr vitum það seinast til embættisstarfa hans í Barðastrandarsýslu, að hann lèt prenta markaskrá sýslunnar í prentsmiðjunni í Reykjavík («Markatafla í Barðastrandarsýslu, sem sýslumaður Jón Thóroddsen samdi *eptir skýrslum* hreppstjóranna í nefndri sýslu.»

Rvík. 1862. 64 blss. í 16 blaða broti). Sira Ísleifur Einarsson, nú prestur í Hvammi í Laxárdal, sá um prentunina.

Eptir að Jón Thóroddsen var kominn suður, gekk í fyrstu allt vel og friðsamlega, en ekki leið á löngu áður en misþykkja kom upp milli hans og ritstjóra Þjóðólfs, en þeim hafði áður verið fremur vel á milli. Blaðið hafði getið þess í Februar 1864 (Þjóðólf. XVI, 57), að þjófnaðarmál í Grafardal hefði staðið órannsakað frá því haustið áður. Útaf þessu reiddist sýslumaður og skrifaði ritstjóra og beiddist leiðrèttíngar; ritstjórinn tók að vísu ekki «leiðrèttínguna» orðrètt, en tók ágrip af henni (Þjóð. XVI, 78) og svaraði að öðru leyti hógværlega, en sýslumanni þókti það ekki nóg og lèt prenta svar, sem hèt «Þjóðólfur Jónsson og faðir hans Nr. 1.» það var ritað á Leirá 25. April 1864 (16 blss. 8vo) og leit út sem ætti að vera fyrirrennari annara rita móti ritstjóra Þjóðólfs, því hann hafði um þær mundir marga mótstöðumenn, en þetta varð þó ekki, og lenti heldur í smáertíngum, þar til sætt var samin við sáttamála nefndina í Reykjavík (Þjóðólf. XVII, 107, 116, í Mai 1865).

Í Juni 1864 gekk Jón Thóroddsen inn í fèlag með þeim mönnum, sem gáfu út blaðið «Íslendíng.» það hafði komið út í þrjú ár, en var síðan hætt *um tíma*, frá því í April og til

þess í Juni. Af þeim sjö mönnum, sem höfðu stofnað blaðið, voru nú tveir eptir, og Jón sýslumaður Thóroddsen varð hinn þriði. Blaðið var nú minkað að brotinu til, en var þó kallað «fjórða ár,» en þar með hætti blaðið algjörlega (26. Juni 1865). Jón Thóroddsen átti töluverðan þátt í blaðinu, meðan það stóð; þar voru allmörg kvæði eptir hann, sem síðan eru prentuð meðal kvæða hans, og í einu af seinustu blöðunum var svo harðorð ritgjörð eptir hann um Magnús Eiríksson, útaf riti hans um Jóhannesar guðspjall («Nokkur orð um Magnús Eiríksson og stóru bókina,» Íslendingur IV, 89—80), að hún vakti mótmæli frá Íslendingum í Kaupmannahöfn allmörgum, sem þótti ofdjúpt tekið í árinni (Norðanfari IV, 61, 7. Oktbr. 1865).

Sumarið 1864 var haldinn þíngvallafundur í Augustmánuði (þjóðólf. XVI, 169—170; XVII, 87; XX, 21; Íslend. IV, 62—63). Þar var Jón Thóroddsen á fundi, og tók mikinn þátt í fundarstörfum. Þar var ritað ávarp til Kristjáns konúngs hins níunda, sem þá var nýkominn til ríkis, og kosin nefnd til að færa stiptamtmanni ávarp þetta; í þá sendinefnd var Jón sýslumaður kosinn, ásamt með þeim sira Jóni Hallssyni, prófasti Skagfirðínga, og Jóni Pèturssyni yfirdómara, en stiptamtmanni var ætlað að senda ávarpið konúngi. Annað fundarmál var það, sem Jón sýslumaður

bar upp, að þá þegar skyldi verða tekið til skýlisbyggíngar á þíngvöllum. Málinu var gefinn góður rómur, og nefnd kosin til að segja álit sitt og leggja á ráð, og önnur síðan, til að gángast fyrir framkvæmdunum. Í þessa síðari nefnd var Thóroddsen kosinn, ásamt með Benidikt Sveinssyni og Halldóri Friðrikssyni; var skotið saman 24 rd. þar á fundi, en áður var til samskotafè 230 rd. og úr Borgarfirði komu eða var lofað 70 rd. (Jón Thóroddsen sjálfur gaf eða lofaði 50 rd.) Aðgjörðir nefndarinnar urðu þó ekki svo greiðar, sem á horfðist, því boðsbrèfið varð ekki búið fyr en kom fram á vetur, af því nefndarmenn voru sundraðir og fjarri hver öðrum, og þegar uppkast kom til boðsbrèfs, skoraðist Halldór undan að rita nafn sitt undir; fengu þá hinir tveir yfirdómara Jón Pètursson í nefndina með sèr, og lètu nú þessir þrír, Benidikt, Jón Thóroddsen og Jón Pètursson, boðsbrèf út ganga í Februar 1865 (Íslend. IV, 66—67. 69. 87—88) með sterkum meðmælum í blaði sínu, til að safna samskotum um allt land til skýlisins; en þar sáust engar sýnilegar verkanir af þeirri áskorun, og datt það mál niður enn um nokkur ár. — Það var enn þriðja fundarmál, að skerast í að útrýma fjárkláðanum. Þar var enn kosin nefnd, og var Jón Thóroddsen einn af *nefndarmönnum*, með Benidikt Sveinssyni og

Jóni Guðmundssyni, ritstjóra Þjóðólfs. Með þeim voru fjórir bændur kosnir í nefndina. Framkvæmdir nefndarmanna urðu ekki miklar, nema hvað sumir þeirra ferðuðust um til að fá bændur til að skera niður fè sitt; en þeir voru heldur ófúsir á það, og eptir að stiptamtmaður hafði bannað Jóni Thóroddsen að starfa í þessari nefnd, urðu störf hennar ennþá linari, og hættu seinast með öllu í þetta sinn. Frá gángi máls þessa er nokkuð skýrt í «Íslendíngi» (IV, 62 — 63). — Fjórða fundarmál var það, sem Sveinn Skúlason bar upp, að fara skyldi þá þegar að hugsa fyrir hæfilegri minníngu þess, að árið 1874 hefir Ísland byggt verið í þúsund ár. Kosin var nefnd þriggja manna til að koma þessu máli nokkuð á veg, og skora á sýslumenn alla og yfirvöld að styrkja það. Í þessari nefnd var Jón Thóroddsen ekki, og vèr hyggjum, að það mál hafi farizt fyrir og engin áskorun komið út að þessu sinni. — Um fundarlokin fóru menn að tala sig niður á kosníngum til alþíngis, sem áttu að fara fram um haustið, og voru nefndir til menn fyrir tuttugu sýslur, sem þá áttu ókosið; meðal þeirra var Jón Thóroddsen, og var stúngið uppá honum eða Jóni Bjarnasyni í Ólafsdal til alþíngismanns fyrir Dala sýslu, en yrði *hann* ekki kosinn þar, stúngu menn uppá að *kjósa hann* eða Brynjólf í Flatey fyrir Barða-

strandarsýslu (Íslendíng. IV, 19). Kosníngarnar fóru svo, sem kunnugt er, að Jón Bjarnason var kosinn fyrir Dala sýslu, en Brynjólfur í Flatey og sira Eiríkur Kúld (varaþíngmaður) fyrir Barðastrandarsýslu, en Jón Thóroddsen náði ekki kosníngu.

Um sýslustörf Jóns Thóroddsens þenna tíma skulum vèr enn geta þess, að það má sjá af auglýsíngu hans, sem er gefin út á Leirá 23. Novbr. 1864, að hann vildi reyna að halda uppi vegabótum. Hann skýrir þar frá, að vegurinn yfir Geldíngadraga, eða Dragann, sem kallaður er, hafi verið að miklu leyti ruddur þá um sumarið eptir hinum nýju vegabótalögum (Tilsk. 15. Marts 1861) og hlaðnar vörður, en tveimur af þeim hafði verið hrundið niður, auðsjáanlega af mannavöldum, og höfðu Borgfirðíngar utanhèraðsmann grunaðan um þetta spillvirki. Sýslumaður auglýsir þessvegna, að lögstjórnin í Borgarfjarðarsýslu muni hèr eptir láta hafa nákvæmt eptirlit og fyrirspurn á því, hvort nokkrir kynni að gjöra sig seka í slíkum lagabrotum, það er: vísvitandi að spilla þjóðvegum og vörðum á fjallvegum, og sjá um að þeir, sem grunaðir verða, hvar sem þeir eru, sè ákærðir, og ef sekir reynast dæmdir til hegníngar eptir tilskipuninni um vegina á Íslandi (Íslend. IV,56).

Árið 1865 hafði Jón Thóroddsen það fyrir

stafni, að gefa út kvæðabókina «Snót» á ný. Þeir voru í fèlagi með honum til þess Gísli Magnússon og Egill Jónsson, og mun Gísli hafa átt mestan þátt í að vinna að útgáfunni, en Jón ætlaði að yrkja «Eptirmála» og varð heldur seinn, svo bókin var fullprentuð áður (Kv. 145). Snót var nú miklu stærri en fyr, og með formála frá «Útgefendunum.» Þar er sagt, að í stað þess sem hin fyrri útgáfan hafði hundrað og tíu ljóðmæli, þá hefði nú þessi hin síðari tvö hundruð og níutigi ljóðmæla alls, en þrjú voru felld úr, sem voru í fyrri útgáfunni og önnur inn sett í staðinn. Bókin hafði nú þann titil: «Snót, | nokkur kvæði | eptir | ýmis skáld. | önnur útgáfa, aukin. | Reykjavík, árið 1865. | Útgefendur: | Egill Jónsson, Gísli Magnússon | og | Jón Þórðarson Thóroddsen. | IV + 416 blss. í tólf bl. broti, og átti að kosta í kápu 1 rd. — Annað rit kom út sèrstakt eptir Jón á þessu ári, sem hèt Veiðiförin. Hún var fyrst prentuð neðanmáls í Íslendíngi IV. ári, bls. 50—56, 58—60, 66—69, en síðan sèrstök með þessum titli: «Veiðiför. | Gamanríma | eptir | J. Þórðarson Thóroddsen. | Rvík. 1865. 24 blss. 8vo. Í Íslendíngi voru einnig prentuð yms kvæði eptir hann önnur, þar til blað þetta hætti um fardaga leytið fyrir fullt og allt. Ljóðmæli Jóns, sem *prentuð eru í íslenzkum blöðum*, munu öll, eða

þvínær öll, hafa merkið «J. Þ. Th.», en allmörg hittast einnig, með merki «J. Th.,» og eru þau ekki eptir Jón Thóroddsen, þó sumir hafi eignað honum þau, af því þau eru í betra lagi kveðin.

Vinsældir Jóns Thóroddsens jukust ekki eptir að hann kom á Suðurland, og bar margt til þess, sem vèr hvorki getum tilgreint, enda þykir óþarft að segja frá. Hann var fljótur til þykkju og til sáryrða, ef honum mislíkaði, og sumir, sem ekki voru óhefnigjarnari en hann, sátu ekki af sèr færi. Sá kvittur fór að koma upp og breiðast út, að sýslumanni þætti góður sopinn, og að ekki væri sú regla í stjórn hans, sem vera ætti. Það var þessvegna hljóðbært, að Hilmar Finsen, sem varð stiptamtmaður og kom út um sumarið, hefði haft sèrstaklegt umboð til að líta eptir hjá honum og gá að embættisfærslu hans (þjóðólf. XVIII, 12). Jón fór suður í Reykjavík og heilsaði uppá stiptamtmann, og fagnaði komu hans með kvæði (Kv. 212). Hann var þá viku í Reykjavík (Kv. 285) og má heyra á kvæðum hans, að honum fer þá heldur að kippa til þess, sem menn kalla embættisríg, og að þola miður en vel útásetníngar og aðfinníngar. Sumarið eptir (1866) ferðaðist stiptamtmaður upp um Borgarfjörð, og kom til Thóroddsens *að Leirá*. Mun hann þá hafa rann-

sakað embættisfærslu hans og embættisbæku
og bar ekki á öðru, en að það væri allt í góð
lagi, og ekki þess getið, að neitt væri að fundi
Stiptamtmaður ætlaði þaðan upp í Surtshelli, o
var Jón Thóroddsen með öðrum í fylgdinni
þetta var 13. Juli 1866; en á leiðinni hreppt
þeir óveður mikið og urðu að snúa aptur
Drageyri; lèt skáldið, sem Surtur í Surtshel
hefði ekki hirt um heimsókn þeirra, hvorki lækn
nè lögfræðínga (Kvæð. 219). Eptir þetta va
allt með kyrð og spekt, en þó heyrði sýslumað
ur stundum utanað sèr, að mönnum þætti drag
ast hjá honum sum mál í meira lagi fyrir að
gjörðaleysis sakir, og kunni hann illa þesskons
orðrómi (Kvæð. 189). Honum var ekki heldu
vel við, þegar málum var skotið frá dómi han
og svo var þegar skiptagjörníngi hans var skoti
til yfirdóms í erfðamálinu frá Þíngnesi, og er
íngjar fengu til þess gjafsókn hjá stiptamtmann
þá kvað hann þessa vísu, sem ekki er í kvæð
bókinni:

Blessuð mildin bæta kann
brest, svo rètti náum,
þó eigum þras við andskotann
allir gjafsókn fáum.

Hann var þó ekki heppinn í þessu máli, þ

yfirdómurinn dæmdi skiptagjörníng hans ómerkan (1867; Þjóðólf. XX, 79).

Árið 1867 kom skáldsagan út á prent í annað sinn. Titill hennar er: «Piltur og stúlka, | dálítil frásaga. | önnur útgáfa, aukin. | útgefandi: Jón Þórðarson Thóroddsen. | Rvík. í prentsmiðju Íslands. Einar Þórðarson. 1867. 8.» Sagan er þar breytt nokkuð og töluvert aukin, og nýr «Eptirmáli» aptanvið, svo bókin var nú 190 blaðsíður og kostaði 80 skildínga. — Í hinni dönsku útleggíngu sögunnar eptir Kålund er farið mest eptir hinni eldri útgáfu, og felldir úr viðaukarnir í þessari hinni síðari.[1]

Þá um sumarið kom Jón Thóroddsen til Reykjavíkur um alþíngistímann, og var þá sýnilega farinn að missa mjög heilsu og fjör. Hann hafði þá látið skrifa upp mikið af kvæðum sínum, og verið að búa til skáldsögu sína hina nýju og láta smásaman skrifa hana; vildi hann fá Bókmentafèlagið til að prenta kvæðin að minnsta kosti. Söguna var hann í nokkrum vafa um hvernig hann skyldi nefna, og vèr höfum sèð talið með ritum hans ýmist «Hlíðarhjónin, eða fólkið í Illíð, skáldsaga. brot.» eða «Bóndi og kona, brot.

---

[1]) Indride og Sigrid. Fortælling af Jon Thordsson Thoroddsen. Oversat fra islandsk af Kr. Kålund. Khavn. *Wilh. Priors Forlag.* 1874. 174 blss. 8vo.

vantar þriðjúnginn. skrifað upp veturinn 1867—68, en ekki búið þá höfundurinn dó.» Vèr höfum það fyrir satt, að bæði þessi rit sè sama og «Maður og kona,» sem nafnið er á handriti því, sem kom í fèlagsins hendur. Þriðja nafnið er «Karl og kerlíng», sem höfundurinn hefir hugsað sèr undir árslokin 1867, þegar hann var að láta hreinskrifa söguna, svo sem hann getur um í einu brèfi sínu. Þar á móti vitum vèr ekki til, að rit eptir Jón Thóroddsen, sem hefir verið nefnt «Lífið við Ísafjörð, drama í ljóðum (?),» hafi nokkurstaðar komið fram enn sem komið er, hvort sem það nú leynist einhverstaðar, eða það er undir lok liðið.

Jón Thóroddsen hafði ætíð áhuga á alþíngi og alþíngismálum, þó hugmyndir hans í þeim efnum væri fremur byggðar á tilfinníngum og álitum, heldur en á föstum rökum, sem ekki var undarlegt, þar sem skáldið átti í hlut. Á alþíngi 1867 komu hugmyndir alþíngismanna í nokkuð ljósari stefnu en fyr í ymsum merkilegum atriðum, og þar á meðal um ábyrgð stjórnarmannanna; en stjórnarsinnar höfðu mikla viðleitni og beittu allri mælsku til að sannfæra menn um, að stjórnlagaleg ábyrgð væri öldúngis þýðíngarlaus, og því ætti alþíng að fella hana og hirða ekki um að hafa hana í stjórnarskrá sinni; *en þeir áttu* þó bágt með að svara þeirri spurn-

hversvegna þá tæki svo sárt til ábyrgð-
, ef þeim þækti hún svo lítils virði, því
i einfaldast að gjöra enga rekistefnu um
)g lofa alþíngi að hafa hana eins og það
Jón Thóroddsen sýnist hafa þar verið á
jórnarsinna, og hafa viljað gjöra skop að
a-ábyrgðinni, þar sem hann kveður svo
þessar eru kveðnar 1867, en eru ekki í
ókinni):

Reynið til með ráðgjafann
að rústa svo út karlinn þann,
að hann ekki út úr leið
ábyrgðarlaust hlaupi skeið.

Hross- í -hári bitran brand
bezt mun vera «uppástand,»
að hengja yfir höfði þess,
er halda á hinn dýra sess.

Svo ef útúr leggur leið
lögum móti stjórnarskeið
ráðgjafans hann rjúki á háls
og ríkisstjórnin verði frjáls.

hann kom heim að sunnan, sat hann um
i mestu, og mun hafa smásaman haldið
örfum sínum við skáldsöguna, en heilsan
in, svo hann gat ekki lengur unnið með
öri, *og gekk* verkið seinna fram en hann

vildi og ætlaðist til í fyrstu; en þetta var þ
án efa þjóðsaga sú, sem hann hafði lengi hugs
um og ætlað sèr að semja. Rètt undir árslok
(12. Decbr. 1867) skrifar hann Gísla Brynjúlf
syni frá Leirá á þessa leið: «Eg hefi lengst
verið lasinn (síðan alþíngi sleit) og stundum hál
ruglaður útúr svefnleysi, er á mig hefir sótt grí
arlega. — Eg get ekki talað neitt við þig núr
um syrpu,[1] verði hún álitin hæfileg til prentun
af fèlagsbræðrunum, þá vil eg eiga þig að se
vin, að sjá um útgáfuna, svo hún verði mèr ek
til stórrar vanvirðu hvað snertir niðurröðun c
annað. Svo fel eg þèr á hendur að kippa þ
burt, sem þèr virðist of persónulegt, sem ek
mun vera svo feikilega mart, utan þórðarvísur
ar og þjófabænin, en með því þetta er í sjál
sèr grænkulaust gaman, og vísurnar þess utan
hvers manns munni, virðist mèr ekki til nei
að sleppa þeim; annað mál kynni að ve
«Kláða-Síon,» — og er það samt spaug. M
póstskipi í vor vænti eg að fá eitthvað
heyra, máske mèr þægilegt, og ef kverið verð
tekið, hefi eg í hyggju að semja stuttan epti
mála, og um leið senda þèr ef eitthvað fæði
þángað til. Annars er eg nú allur í því,

[1]) Þ. e. Kvæðabók hans.

hreinskrifa «Karl og kerlíngu,» skáldrit í líkum anda sem «Piltur og stúlka» er, en hèrumbil þriðjúngi stærra.»

Eptir þetta hyggjum vèr að lítið hafi ágengt orðið bæði með kvæðin og söguna, því höfundurinn andaðist ekki löngu síðar, 8. Marts 1868. Hann lèt ekki mikið eptir sig, því hvorki voru tekjur hans miklar, nè heldur mun hann hafa verið búmaður mikill, svo hann gæti auðgazt af bújörðum sínum, þó góðar væri. Um tekjurnar í Barðastrandarsýslu er svo frá skýrt, að árin 1853—54 hafi þær verið að kostnaði frádregnum 300 til 350 rd., en 1862—63 ekki nema 200—250 rdala (Norðanfari III, 7. í Febr. 1864). Borgarfjarðarsýsla hefir að vísu verið betri, en þó hefir hún ávallt verið talin með hinum minni sýslum. Það sem eptir var, mun því mest hafa gengið til að standa skil á því, sem inni stóð, eða sýslumaður hafði að geyma.

Þau kona hans höfðu átt saman átta börn, og lifðu eptir fjórir synir, er hinn elzti nú við háskólann í Kaupmannahöfn, tveir eru í skóla, og einn mun vera næst því að byrja skólalærdóm. Svili Jóns Thóroddsens, Jón Árnason skólavörður, hefir bróðurlega staðið við ekkjunnar hlið, og styrkt hana trúlega til að bera þá byrði, sem lagðist á herðar henni við andlát mannsins, að koma börnunum fram.

Mynd Jóns Thóroddsens, sem er framanvið kvæðabók hans, sýnir nokkurnveginn vel hina ytri ásýnd hans. Hann var í minna lagi meðalmaður, nokkuð lotinn í herðum, breiðleitur og kringluleitur, augun grá og snarpleg, neflð í þykkara lagi og varirnar, dökkur á hár og skegg, þéttvaxinn og hvatlegur á fæti, snar og fylginn sèr.

Af blöðum Íslendínga var það «Baldur,» sem minntist andláts Jóns Thóroddsens með mestum sóma. Hann kemst svo að orði: «Ísland á þar á bak að sjá einhverju með helztu skáldum þessarar aldar. Eptir hann liggur margt prentað, en vèr viljum að eins nefna hina afbragðs-fögru skáldsögu hans, «Pilt og stúlku.» Það er hið fyrsta rit í sinni tegund, er samið hefir verið á Íslandi síðan í fornöld. Það er svo mikið afbragð, að eigi eru líkindi til að Ísland eignist að sinni annað slíkt í þeirri grein. Heyrt höfum vèr, að áður en Thóroddsen dó hafi hann verið að láta rita upp og búa til prentunar aðra skáldsögu, er heitir «Maður og kona» — en «nú er skarð fyrir skildi,

nú er svanurinn nár á tjörn[1].»

Af minníngarljóðum eptir hann færum vèr til þessi, eptir Matthías Jochumsson[2]:

---

[1]) *Baldur* I, 16. [2]) Baldur I, 19.

Flaug þar horskur hugur
heim, en Saga geymir
minnug íturmennis
málspjall, hins forsnjalla;
þakklát æ mun þekkja
þjóð mín skáldsins góða
róm, og drenglynd dæma
dómavönd frá grómi.

J. S.



			bls.
18.	kap.	*Drykkjuvinirnir.	288—300.
19.	—	Bjarmalandsför Egils.....	300—307.
20.	—	Herför Gríms gegn Filisteanum. . .	307—320.
21.	—	Sættir.....	320—335.
22.	—	Þórarinn kemur í kynnisferð	335—352.
23.	—	*Samníngarnir.....	353—359.
24.	—	*Jarðakaup Sigvalda prests.	359—370.
25.	—	Sigurður leggst veikur og andast .	370—383.
26.	—	Tilkall prests til Hamars.....	383—395.
27.	—	Ráðagjörð þeirra fóstra.....	395—400.
28.	—	*Brèfhirðíngin.	400—409.
29.	—	Frá Þórarni.	409—422.
30.	—	Þórarinn fer utan.	423—429.
31.	—	*Svefn og Draumur, feðgar.	430.
	—	Efniságrip af endanum á skáld-sögunni.	431—437.

Maður og kona.

FYRSTI KAPÍTULI.

Hèr segir frá ymsum mönnum, er síðar koma til sögunnar.

Maður er nefndur Sigvaldi, hann var Árnason, Sigurðarsonar, Hjaltasonar, Gunnarssonar glænefs úr Grafníngi. Móðir Gunnars glænefs var Þorgerður í rauðum sokkum, Eyjólfs dóttir hins digra, Jónssonar, Finnssonar, Bjarna sonar skyrbelgs; hann dó í svartadauða, og andaðist eptir að hann hafði etið í einu átta merkur af ólekju. Þessi ætt verður ekki lengra rakin, því að fáar ættatölu-bækur ná fram yfir svartadauða. Sigvaldi var prestur og bjó þar sem heitir að Stað; þar er prestsetur og staður góður, og á þeirri tíð, er sagan gjörðist, kirkja vegleg, og liggja til hennar þessir bæir, er nú skal greina: Holt og Hjalli, Háls og Hamar, Vatn og Vogur, Túngu og Tángi, Hóll, og fleiri bæir. Hlíð heitir og einn bær þar í Staðar sókn; þá jörð átti Sigvaldi *prestur, og* bjó þar sá maður, er Sig-

urður hèt, Jónsson. Hann var borgfirzkur að ætt; kona hans hèt þórdís Bjarnadóttir. Hún var kona vitur vel og hinn mesti kvennskörungur. Sigurður bóndi var búsýslumaður mikill og átti vel lausafè, en ekki aðra fasteign en jörð eina, sem Hamar heitir; það er næsti bær við Hlíð og þrjátíu hundruð að dýrleika. Helmíngur jarðarinnar var konu-arfur, en hinn helmínginn hafði Sigurður keypt af þeim manni, er þórir hèt og þar bjó; var það í skilmálum með þeim Sigurði og þóri, að þórir skyldi eiga heimilt að búa á Hamri meðan hann lifði og kysi að vera þar. Þau Sigurður og þórdís voru hnigin á hinn efra aldur; ekki áttu þau barna á lífi; höfðu þau átt börn saman, en þau dóu úng.

Það var einn vetur, skömmu eptir þrettánda, að heimilisfólk í Hlíð var gengið til rökkursvefns, sem vandi er til á bæjum, nema sauðamaður; hann var úti. Húsum í Hlíð var svo varið, að þar var baðsfofa í fimm stafgólfum og þiljuð sundur uppi, og var lopthús í öðrum enda; það var herbergi þeirra hjóna, Sigurðar og þórdísar, og voru rúm þeirra sitt hvorum megin, lángsetis undir hliðunum, og borð eitt lítið á millum fyrir miðjum gafli. Frammi á baðstofuloptinu, og fyrir framan lopthúsdyrnar, voru *rúm griðkvenna* og svo vinnumanna, en fyrir

þverum gafli var flet kerlíngar nokkurrar, sem Þuríður hèt; hún var hreppsómagi og gömul mjög. Ekki þótti hún dæl viðureignar, ef hún skipti skapi. Þetta sama kvöld, sem fyrir skömmu er frá sagt, hafði Sigurður bóndi gengið til svefns, sem aðrir heimamenn; lá hann í rúmi sínu og svaf fast og hraut mjög. Húsfreyja hafði og lagzt niður, en sofnaði ekki. Tekur nú að dimma og líður fram að dagsetri, og sofnar hún ekki; leiðist henni að liggja svo lengur vakandi; stendur hún þá upp og gengur fram í húsdyrnar; þær voru opnar, því ekki var hurð fyrir húsinu. Húsfreyja hlustar eptir, hvort allir sofi frammi á baðstofuloptinu, og heyrir hún þá ekki annað en hrotur og svefnlæti í hverju rúmi, nema í rúmi Þuríðar kerlíngar, og verður hún þess vís, að hún sefur ekki: situr hún uppi í rúmi sínu og tautar eitthvað fyrir munni sèr, en ekki heyrir þórdís nein orðaskil. Loks heyrir hún, að kerlíng stökkur upp hart og títt, og hleypur fram eptir loptinu allt fram að loptsgati, hrækir hún þar og skirpir ofan í gatið og segir: «svei þèr sneypa! svei þèr andstygðin! svei skratti, farðu fjandi, tu! — á, vartu feginn að hrökkva undan mèr? og svei þèr, tu!»

«Hvað gengur nú á fyrir þèr, Þuríður gamla?» *sagði húsfreyja.* Þuríður heyrði ekki

hvað þórdís mælti, eða gaf því engan gaum, gengur hún aptur til rúms síns og sezt þar niður, og tautar sem áður eitthvað í hálfum hljóðum; snýr þá húsfreyja til rúms þuríðar og kastar á hana orðum og segir: «það hefir þá farið líkt fyrir þèr, þuríður mín, eins og mèr, að þèr hefir ekki orðið svefnsamt í rökkrinu». Kerlíng segir svo vera, að ekki hafi hún sofnað í það skipti, enda hafi það verið hentast að einhver vekti. Húsfreyja innir hana þá eptir, hvort nokkuð hafi borið fyrir hana, lætur kerlíng í fyrstu fátt yfir: sèr sè nú tekin að glapnast sýn, segir hún, enda muni fáir trúnað á leggja, þó hún segði að eitthvað bæri fyrir hana: «en ekki mun mèr þykja undarlegt», segir hún, «þó einhver ókunnugur komi hèr áður kvöldið er á enda». Húsfreyju fýsti að heyra, hvað það væri, sem kerlíng lèt svo drjúgt yfir, og spyr hana ítarlega eptir, hvað henni hefði sýnzt; lætur þuríður þá loks til leiðast.

«Eg sat», segir kerlíng, «eins og eg er vön, og morraði hèrna á bólinu mínu þángað til það var sofnað fram á loptinu; þá fannst mèr eins og mig sækti einhver eyðilegleiki, og ætlaði eg að halla mèr útaf, kelli mín, tók skinnkoddableðilinn, sem þarna var í auða rúminu, og ætlaði að stínga honum undir mjaðmar-greyið á *mèr, ef* eg kynni heldur að hafa eitthvað við-

þol — æ — æ! — ekki! ekki ertu ennþá búin að yfirgefa mig! — nú hleypur hún í mjóhrygginn á mèr, æ — æ! — en í því varð mèr litið þarna fram á skörina, — — æ, æ! nú lætur þèr! og þá sá eg þar einhverjar he . . . bèaðar eldglæríngar, og færðust þær smátt og smátt uppá skörina, þetta leið hægt og hægt inn eptir miðju loptinu og þángað til það kom hèrna að fremri gaflinum á auða rúminu, þá fór mèr ekki að verða um sel, — æ, æ! ætlar hún að drepa mig þarna! eg stóð upp, kelli mín! hastaði á það, en mèr hefir verið svo varið, að þessháttar sneypur hafa hrokkið undan mèr, og þá valt þessi skratti aptur fram eptir loptinu eins og hnykill ofan í stigann, þar skildi eg við það, það var á stærð við meðal spordall, eldrauður ósómi og tindraði úr því á allar hliðar. Þú mátt eiga von á því, þórdís mín, hèr kemur einhver skrattinn í kvöld, þó eg sè orðin gömul og glámskygn.»

«Hver heldurðu það geti verið, sem komi hèr í kveld?» sagði húsfreyja.

«Og, það veit eg ekki, þórdís mín», sagði kerlíng, «en helzt held eg að það sè einhver utansveitar, því ekki man eg eptir neinum hèr í sveit, sem þessi skolli fylgir, nema ef það er strákurinn sem kom í vor þar að Leiti, ekki man eg hvað hann *heitir*, Ásmundur eða Ámundi,

trúi eg, þó hefi eg heyrt að honum fylgi hrútur, sem dregur eptir sèr gæruna, en hann Jón á Grundum á hund, með ljósi í rófunni, og strákurinn þar í Hvammi á tvo hálfmána. Það er víst eitthvað, sem eg þekki ekki, kelli mín! en ekki hefi eg sèð leiðari sneypu undan nokkrum manni.»

«Það mun vera sem þú segir, þuríður mín, ef hèr kemur einhver í kvöld, þá verður hann eitthvað lengra að, en þess vil eg biðja þig, að láta fátt yfir þessu, því annars fæ eg ekki stúlkurnar til að fara í fjósið í kvöld,» sagði húsfreyja.

«Þær eru þó ekki svo litlar á lopti, blessaðar ekki nótentáturnar hèrna, það er líklegt þær þori um þvert hús, þó ekki sè allt hreint. Ekki kveinkaði eg mèr á árunum, á meðan eg var og hèt, þó eg vissi af einhverjum slæðíng í kríngum mig; það gekk heldur ekki framan að mèr, á meðan heimakonuskrattinn var ekki búin að fara með mjöðmina á mèr og drepa mig, æ, æ!»

Við þetta slitu þær þuríður talið; sat þuríður gamla eptir á rúmi sínu, seildist á hyllu fyrir ofan rúm sitt, tók þar fiskþunnildi og tók að fást við það, og tautar við sjálfa sig í hálfum hljóðum, en húsfreyja gekk fram á loptið og *að rúmi* vinnukonu einnar, er þar svaf, vakti

hún hana og bað hana fara til eldhúss og kveikja, því nú væri mál að bregða rökkursvefni, segir hún. Vinnukonan vaknar skjótt, og er hún hefir klórað sèr um stund, og geispað og akað sèr allri, sem venja er til, stendur hún upp og gengur fram og kveikir. Vaknar þá hver af öðrum í baðstofu og setjast konur á rúm sín og taka til vinnu. Þar voru þrjár vinnukonur, Sigríður, Guðrún og Ástríður, og spunnu þær, en vinnumaður einn, sá er Hrólfur hèt, sat þar allskamt frá á kistli, og var honum ætlað það verk, að kemba fyrir þær á kvöldum. Ljósið var hengt í dyrastafinn á húsinu með þeim hætti, að gat eitt var borað í dyrastafinn ofanverðan, og haldinu á lampanum smeygt þar í. En því var ljósið þar sett, að það mætti lýsa inni í húsinu og svo fram á loptinu, að ekki þyrfti nema eitt ljósið í baðstofunni. Undir dyrastafnum á lopthúsinu að innanverðu, þeim megin sem ljósið var, var settur stóll einn, og lagður svæfill á ofan, þar var húsfreyja vön að sitja á kvöldum, er hún var að saumum, eða gjörði eitthvað annað, sem ljósvant þótti. Hinum megin við húsdyrnar, að framanverðu, og á þá hlið er vissi að loptslánni, stóð pallkistill lítill og breitt yfir samanbrotið brekán; það var sæti Þorsteins vinnumanns, sat hann þar um vökur og fékkst við *smíðar, bætti og* gjörði við föt*ur* og dalla,

bjó til hagldir og hornspæni, skar rúmfjalir og asklok, holaði innan tóbaksbauka eða fitlaði við annað þesskonar, en þess á millum hafði hann þann starfa, að lesa sögur og kveða rímur, því hann var maður allvel læs og kvæðamaður hinn mesti. Þorsteinn var á fimtugs aldri. Hann var í hærra lagi meðalmaður, jarpur á hár, föllleitur og grannleitur og óhraustlegur, og þó eigi óálitlegur. Sigurður bóndi virði hann mest allra hjúa sinna, var Þorsteinn honum og mjög fylgisamur og vann hvert verk með trúleika, og var hinn mesti þrifnaðarmaður. Ekki hafði Þorsteinn kvongazt, en barn hafði hann getið við bóndadóttur einni, er síðan var gefin öðrum manni og þá önduð. Barnið hèt Sigrún, og var hún á vistum með föður sínum þar í Hlíð, og þá níu vetra gömul og mjög mannvænleg. En er kveikt var, og búið var að setja ljósið í dyrastafinn, settist hver í sitt sæti; sat húsfreyja í stóli og saumaði; Þorsteinn settist hinum megin dyra og skepti nafar. Sigurður bóndi vaknar nú einnig og litast um, sèr hann þá, að fólk er sezt að vinnu; spyr hann húsfreyju, hvort lángt sè þegar liðið af vöku; segir hún honum sem var, að fyrir skömmu væri búið að kveikja; gengur hann síðan þar í horn eitt á húsinu og tekur þar hrosshársfléttu eina, bregður *öðrum* enda undir sperrukjálka, gagnvart rúmi

sínu, sezt síðan niður og tekur að flètta. Líður svo fram nokkra stund af vökunni, að fátt er talað í baðstofu. Kemur nú smalamaður heim. Ekki var honum ákveðið neitt verk á kvöldum, enda kunni hann lítið til ullarstarfa; lá hann jafnan um vökur og svaf, eður gambraði við konur, og þótti vel sækjast vinnan ef hann vatt af einni snældu allt kvöldið, eða prjónaði nokkrar umferðir neðan við sokk sinn. Nú kemur smali inn, gengur hann að rúmi sínu, það var gagnvart lopts-uppgángi, tekur hann hatt sinn og vetlínga, hendir því til fóta í rúmi sínu, fleygði sèr síðan endilángur uppílopt um þvert rúmið, og lèt býfurnar liggja fram á mitt loptið. Enginn mælti orð til hans, enda yrti hann á engan. Líður nú svo um hríð, að allir þegja í baðstofu, og situr hver þar sem hann er kominn við vinnu sína. Loks tekur húsfreyja svo til orða við Þorstein:

«Mèr virðist», segir hún, «ofur dauft og þegjandalegt hèrna í kvöld, Þorsteinn minn! ljúktu samt útaf við nafarinn þinn; en svo lízt mèr á stúlkurnar mínar, sem þær vænti venjunnar, að þú lesir eða kveðir eitthvað fyrir þær.»

Þorsteinn segir, að lítil mundi þess von, því nú hefði hann nálega lesið upp allar þær sögur, er til *væri þar á bæ*. Húsfreyja sagði, að ekki

mundi kveðskapurinn síður þeginn, «enda h
þú sjaldan kveðið fyrir okkur í vetur, en gn
er til af fallegum rímum». Heimilisfólk gj
góðan róm að máli húsfreyju, og sögðu h
hafa vel mælt og skörulega, og báðu allir
stein að kveða. En er um það var rætt, hve
rímur kveða skyldi, urðu menn í fyrstu
allir á eitt sáttir. Bónda þótti bezt til fallið
kveða rímur af Rollant eða Ferakut, sagði
þeir hefði verið hinir mestu garpar og ka
miklir. Griðkonur sögðu, að fáar rímur mu
betri en Brönurímur. Hrólfur vinnumaður
allfátt til þeirra mála, sagði að enginn f
manna væri sèr jafnkær sem Grettir, kvaðs
ógjörla vita, hvort af honum væri gjörðar rí
nokkrar. Smalamaður lá í rúmi sínu og he
á umræður manna, leggur hann í fyrstu fá
málanna, en svo kemur, að hann þykist
lengur afskiptalaus hjá þeim málum sitja m
rís hann nú upp og segir: «eru rímur af
rauði og Bósa hèr til, Þorsteinn?» — Þorst
brosti við og mælti, að það væri ekki.

«Þá vil eg að kveðnar sè Jannesarrím
segir hann og hallaði sèr útaf aptur. M
menn eiga tal um þetta, hefir Þorsteinn ge
inn í svefnhús þeirra hjóna, og kemur brá
aptur með skrifaða rímnabók allþykka,

niður, blaðar í henni um hríð, veltir vöngum, tekur af öll tvímæli og hóf að kveða:

«Cýrum nefna mildíng má,
margra er gætti láða,
Persía allri og Asíá
átti fyrir að ráða.»

Það er upphaf fyrstu rímu af Úlfari hinum sterka, en mansöngnum fyrir þessari rímu varð Þorsteinn að sleppa, af því að fremsta blaðið í kvæðabókinni var ólesandi. Þorsteinn kvað hátt og snjallt, það var hin bezta skemtan; þögnuðu nú allir í baðstofunni og hlýddu, og var sem allir yrði hýrari og kviklegri í bragði en áður; nálin hjá húsfreyju gekk tíðara og liðugra. Ástríður vinnukona kvað undir með Þorsteini, lagði undir flatt og dillaði og var öll sem á hjólum; þær Sigríður og Guðrún teygðu þriðjúngi lengra úr lopanum en áður. Sigurði bónda sóttist og betur verkið, flèttaði hann nú miklu hraðara en áður, og hnykkti fast á við hverja hendíngu, eptir því sem kvæðamaður hóf og herti á röddina. Kveður nú Þorsteinn lengi og vel, og kemur svo, að hann hefir lokið hinni fyrstu rímu; tekur hann þá hvíld nokkra, áður hann byrjar hina næstu rímu og fara konur að tala um söguna. Verður þá sá atburður, *að smali spratt upp hart og lítt*,

kveðst hann glöggt hafa heyrt, að barið h
verið eitt eða tvö högg á bæjarhurðina, og seg
að einhver muni vera kominn. Ástríður vinr
kona kvaðst og heyrt hafa, en aðrir sögðu
hver, þóttust nokkrir heyrt hafa, en aðrir ne
uðu; segir bóndi, að ekki sè vert að gánga
dyra, segir hann það ekki sið kristinna man
að knýja hurðir eptir dagsetur og fara ekk
bæ og guða á glugga, enda sè það fjandar
forynjur einar, sem ekki berji þrjú högg.
ræða menn um þetta, og heyrast þá enn ba
þrjú högg; segir þá bóndi, að víst skuli gái
til dyra; hleypur smali fram, dvelst honum
hríð frammi, og er hann kemur aptur, se
hann, að hann hafi ekki orðið var við ne
mann, kveðst hann hafa gengið í kringum al
bæinn, en ekki sèð neinn mann, en hundai
hafi allir hlaupið út með gelti og spang
Þetta þótti mönnum allkynlegt, en ræða
fátt um. Tekur Þorsteinn enn að kveða
kveður um hríð, og líður á seinni hlut vö
heyra menn þá, að hundar taka að gelta ák
lega í bæjardyrum, og líður ekki á löngu á
menn verða þess varir, að klifrazt er uppá b
stofu-hliðina hina syðri, og þessu næst er la
ofan að glugga þeim, sem var yfir sæng h
freyju; hleypur Sigurður bóndi þángað, en kon

maður kallar á gluggann og segir: «hèr sè Guð! sælt veri fólkið!»

«Guð blessi þig!» svaraði húsbóndi, og stakk nefinu sem þèttast verða mátti út að glugganum, «hvað heitir maðurinn!»

«Hallvarður Hallsson.»

«Hallvarður?» sagði bóndi, «Hallsson! þekkirðu hann nokkuð, gæzka?» sagði bóndi við konu sína.

«Nei,» sagði húsfreyja, «spurðu hann hvar hann eigi heima!»

Bóndi stakk enn nefinu að glugganum, og kallar út: «Hallvarður, segir þú, hvar áttu heima?»

«Ha? eg ætla að biðja að lofa mèr að vera í nótt,» sagði aðkomumaður, því ekki heyrði hann hvers Sigurður spurði.

«Það skal verða komið ofan til þín, hvar áttu heima?»

«Sunnan af landi,» sagði komumaður.

«Sunnan af landi segist hann vera,» sagði bóndi. «Þórdís mín! láttu hana Ástríði koma á eptir með ljós, eg fer til dyranna.»

Bóndi gjörir nú svo sem hann hafði sagt, gengur til dyra og fer Ástríður vinnukona brátt eptir honum með ljós; kemur bóndi að skammri stundu liðinni aptur og leiðir komumann. Gestur ber *í annari hendi* hatt sinn og vetlinga,

en í annari þverbakspoka lítinn, rön
og jafnskjótt sem hann skýtur höfðinu u
loptsgatið, kastar hann kveðju á heimilis
segir: «hèr sè Guð, sælt og blessað
gengur síðan fyrir hvern mann og heils
kossi, hefir hann lokið því jafnsnemm
Sigurður bóndi er upp kominn; vísa
gesti til sætis og leiðir húsfreyja hann a
Sigurðar bónda, og spyr, hvort hann
votur; gestur neitar því. Þessu næst sp
hann, hvort hann vili ekki fá að drek
segir gestur þess ekki þörf, en húsfreyj
samt svo svar hans, að hann muni get
það, ef honum sè borið það, og sækir
mjólk. Á meðan tekur bóndi gest tali o

«Þèr heitið Hallvarður? rètt er það

«Já, Hallsson!» sagði gestur.

«Hallvarður Hallsson, rètt er það
heima í Borgarfirði; rètt er það,» sagði

«Nei, Kjalarnesinu,» sagði gestur.

«Á, já, já, Kjalarnesi,» sagði bónd
er það, það mun þá vera hèrna nær?»

«Það kemur allt an uppá, hvern vegi
ur fer: fari maður Sand og Kaldadal,
eg trúað að það sè jafnkortara; sè far
Ok og Arnarvatnsheiði, þá munu verða áh
en skemmst verður að fara eins og eg e
að fara: eg set mig sumsè, karl minn,

ndir eins upp á fjall, beint af Kjalarnesi eða úr
jósinni, ellegar eg fer inn með Hvalfirði, drif
ig upp Þyrilinn, tek síðan kóssinn og trekki
ig fjallasýn framhjá öllum jöklum, og kem
o hvergi til bygða fyr en í Skagafirði eða
nhverstaðar; en ekki leika það allir eptir
èr.»

«Ofan í Skagafjörð, rètt er það, er það
kki feikna fjallvegur og ákaflega villugjarn?»
agði bóndi.

«Hann er það, beztur fyrir mig, en ekki
efi eg villzt á honum, enda hefir annað optar
omið fyrir mig en að villast, þó eg hafi verið
vona á ferðum stundum; hann sagði svo tíðum
rófasturinn heitinn: «Ekki veit eg, Hallvarður!
ver þremillinn hjálpar þèr til að rata allstaðar!»»
að var og sannast að segja, að eg man
kki eptir að kæmi nokkurntíma það veður í
au tíu ár, sem eg var hjá honum, að eg færi
kki allra minna ferða, hvað svartur sem hann
ar.»

«Rètt er það,» segir bóndi, «fóruð þèr þá
jallasýn núna?»

«Nei, nú fór eg með sveitum, en eg varð
ð fara svo, af því eg þurfti að finna mann í
iðfirði um leið; annars er eg norðlenzkur, þó
g hafi verið lengi fyrir sunnan.»

«Hugsið þèr *lángt* að ferðast?» frètti bóndi.

«Eg er nú á heimleið, eg var sendur n
brèf frá sýslumanninum okkar hingað að stai
um til hans sèra Sigvalda míns, þar voru n
peníngar: arfur eptir konu, sem dó fyrir sunn
í haust eð var, en þeir eru kunníngjar og skó
bræður sýslumaðurinn og hann sèra Sigva
minn, og því beiddi hann prestinn að koma þ
til skila, en þessháttar er ekki sent á sk
spónum eða með óvissum mönnum; eg h
það hafi verið framundir 100 dalir eða því n
eptir þýngdinni, — hann fèkk mig til að t
með þá, af því hann vissi til þess að eg h
einhverntíma áður verið sendur með penír
og ekki orðið að slysum held eg.»

«Sendur með peninga, rètt er það», sa
bóndi, «eru nokkur tíðindi úr yðar för?»

«Eg verst allra frètta,» sagði gestur.

«Allt meinhægt og ósjúkt?»

«Það frekast eg til veit, nema það er
kránkfellt, þó hafa engir nafnkendir dáið, n
börnin eins og vant er, og skiptapinn
varð á Akranesi núna skömmu fyrir jólin,
drukknuðu þrír menn af bát, en fjórði ko
af; þeir fóru úr Reykjavík á áliðnum d
gjörði þá á þá suðaustan hrinu, en sjóg
andi var, báturinn slæmur og varði sig e
en til allrar ógæfu höfðu þeir gleymt aus
troginu, og höfðu ekkert í bátnum til að a

með, nema einn legil, sem var á brennivín; þá vildi einn þeirra brjóta botninn úr leglinum og ausa svo með honum, en fèkk því ekki ráðið fyrir formanninum, því hann átti brennivínið; það er haft eptir honum að hann hafi átt að segja: «heldur drep eg mig en láta úr leglinum, því það er ekki gefið sem á honum er,» og þarna fyllti hjá þeim og hvolfdi; en þessi, sem af komst, komst á kjölinn, sást daginn eptir úr Engey og varð bjargað.»

«Það tókst hraparlega til, að vinna það fyrir bannsett brennivínið. Eg kalla þèr segið frèttir», segir bóndi.

«En hitt hafi þið víst heyrt, um hollenzku dugguna?» sagði gestur.

«Nei, það höfum við ekki heyrt.»

«Nú, eg hèlt það hefði frètzt, hana rak upp í haust vestur á Seyðisfirði, er mèr fortalið, á Dröngum, eg kann að nefna það, í norðanveðrinu sem hann gjörði litlu eptir rèttirnar, þegar hann hljóp upp úr vestan-garranum uppí landnorðan-ofsann; hún hafði liðazt sundur þar við klettana.»

«En komust mennirnir þá af?»

«Nei, biddu fyrir þèr, ekki því líkt, ekkert mannsbarn nema kokkurinn og hundurinn skipherrans, sem var syndur og kvað bera sig hörmulega og ekki vilja þýðast nokkurn mann, en

horfir með tárin í augunum út á sjóinn
segi eg það, þær vantar ekki skynsemina
urnar, þó þeim sè varnað málsins. H
var ekki að búast við, að það færi ö
fyrir þessu skipi, því það kvað vera sa
að þetta var sama skipið, sem kom in
austan árið fyrir það í hitt eð fyrra o
mannakjöt í beitu, þeir voru allstaðar
rauðbirkinn strák, og vildu láta fyrir han
tunnur af grjónum, tvær tunnur af
8 færi og 10 sökkur, sem er helmíngi m
þeir eru vanir að gefa fyrir beztu sku
það er að skilja mötuna, því skinnin
þeir, og nú höfðu þeir ætlað að taka h
og beita honum.» —

«Margir ætla, fyrst ekki strags
á fellur hefndin sama dags,» [1]

segir bóndi; «en varð nokkru bjargað á
mununum?»

«Og það trúi eg, en það kvað nú ha
ið aðgángur í þeim þar; eg talaði við
sem kom að vestan og vissi það allt grei
þarna fengu þeir eins og þeir gátu komi
færin, strengina, grjónin lítt skemmd, rö
skyrtur og klútana eins og feldi, — það
þeir eru ónýtir! — og hollenzku o

[1]) *Passíusálm.* sira Hallgríms 32, 16.

kvað ekki eiga að aka úr spesíu hjá þeim, en sirópið jusu þeir með höndunum í hattana sína upp úr fjörunni, og þetta fyrir alls ekkert, því þegar sýslumaðurinn loksins kom, sem kvað nú sjálfur hafa sèð um sig, var ekki annað eptir en skrokk-skriflið, sem þó ekki varð dýrt, og heila seglázían á fjóra duggarabands sokka, og sykur og járnið fyrir ekkert.»

«Eg vildi eg hefði verið kominn, að fá mèr járnmola», sagði bóndi, — «já, eg kalla þèr segið frèttirnar; nei, ekki höfðum við frètt þetta, rètt er það, og þetta frèttist ekki hèr; — á Dröngum, segið þèr mèr, er það ekki nálægt Drángajökli einhverstaðar?»

«Jú, fyrir vestan hann, held eg; eg hefi aldrei komið í þá paufa, þar kvað vera fullt af galdramönnum og allskonar óþjóð; — en meðal annara orða,» sagði gestur og þreifaði hendinni ofaní vasa sinn, «eg var nærri því búinn að gleyma brèfi, sem presturinn bað mig að skilja hèr eptir, eg held það sè til yðar;» — gestur lítur utaná brèf, er hann tekur úr brèfabagga: «heitið þèr ekki signor Sigurður Jónsson í Hlíð?»

«Jú, svo vænti eg það eigi að heita», sagði bóndi og saug upp í nefið.

Gestur fær honum þá brèfið, var kveðjan

utan á því skrifuð með alllæsilegri snarl
þannig:

«Eðlagöfugum
Sgr. Sigurði Jónssyni
á Hlíð.»

Sigurður bóndi tók við brèfinu, leit
það og horfði á um hríð, les síðan kve
hálfum hljóðum: «Eðlagöfugum Sgr. Sigur
syni á Hlíð,» rètt er það, það er til n
höndin hans sèra Sigvalda míns; hv
hann nú vilja, góði maður? — Eg ætla
bíða að lesa það þángað til konan mí
fyrir mig gleraugun mín.»

Í þessari svipan kemur húsfreyja
gesti mjólkurkönnu. Stendur þá bóndi
sýnir húsfreyju brèfið og biður hana u
augu; finnur húsfreyja þau og fær hon
er hann hefir komið þeim fyrir á nefi
og honum líkar, lítur hann ennþá eitt
kveðjuna, brýtur síðan upp brèfið, hel
upp við ljósið, sem næst verða mátti, c
að lesa í hálfum hljóðum, og var það þ

«Stað 13. Jan.

Elskulegi eðlagöfugi trygðavin! N
að þakka yður, ásamt elskulegri hústr
marg-auðsýnda og í tè látna trygðreynda
velvild og góðsemi við mig og mína, sem

feldna skemtilega og ástríka samfundi og ó-
ymanlegar velgjörðir á yðar heiðraða góðfræga
mili síðast, er það einasta efni þessa fáorða
ja, að minnast á það, sem þér nefnduð við
; fyrir yðar hönd að útverka og umgángast,
nilega kýrkaupin, og er þá í stuttu máli frá
segja, að kýrin, sem þér töluðuð um og báð-
mig að útvega, reynist eptir kunnugra
ona frásögn lasta-gripur, seigmjólk, tann-
m og mesta stirtla, og gekk eg því fyrir yðar
id frá kaupunum, en nú hefi eg fengið á-
tt um kú fyrir yður, og kýrin kvað, eptir
n seljanda og nákunnugra, vera allvænn grip-
sjö vetra gömul, ekki stórmjólk en drop-
n og mesta happaskepna, og ef hún hafnast
venju, stendur hún til að verða snemmbær;
nt sem áður þorði eg ekki að fullgjöra kaup-
fyr en eg talaði við yður; en maðurinn
n selur vill hafa það afgjört sem fyrst, þar
ri af honum tèða kú falað hafa. Eg hefi sagt
num að koma hingað næsta sunnudag að
u veðri, verður því nauðsyn að þér gjörðuð
vel á greindum tíma hingað að koma, og
ir áminnzt kýrkaup við hann að slúttera;
n þarf eg mart fleira við yður að tala, mèr
ánægju og gagns og skemtunar. Fyrirgefið
is-línur þessar. Verið þèr svo með ástkærri

konu kærlegast kvaddir, af yðar þénustu-sk
bundnum elskandi vin og velunna
Sigvaldi Árnaso

Þegar Sigurður bóndi hafði vel og vand
lesið brèf þetta, sýnir hann það húsfreyju
ræða þau um það um hríð. Ber nú ekker
tíðinda það eptir var kvöldsins, annað en
að gesti er reiddur kvöldverður, og er h
hinn kátasti og segir af ferðum sínum og s
virkjum. Er nú lesinn húslestur að venju,
síðan er Hallvarður til sængur leiddur, og
honum búin hvíla í auðarúmi, því er þar
í baðstofunni, skamt frá rúmi Þuríðar kerl
ar. Það sáu menn, að Þuríður rendi en
vinaraugum á gest, tautaði hún að venju eitth
fyrir munni sèr og var allófrýn, en lèt þó
vera kyrt, og gengu menn nú að sofa í h
svo að ekki bar fleira til tíðinda.

ANNAR KAPÍTULI.

Lofa skal mey að morgni en veður að kvöldi.
Málsháttur.

Daginn eptir að Sigurður bóndi hafði fengið brèf það, er vèr gátum um, fór Hallvarður af stað og hèlt áfram för sinni, og er hann úr sögunni. Nú líður fram til helgarinnar, en sunnudagsmorguninn hinn næsta á eptir vaknar Sigurður snemma, og er það nokkru fyrir dögun; túngl var í heiði og kastaði ljósi inn um loptsglugga, en allir voru enn í svefni í baðstofunni, nema bóndi; tekur hann nú klæði sín og fer hljóðlega og gengur út og lítur til veðurs. Engin dagsbrún var enn á lopti, en af sjöstirni og öðrum merkistjörnum sá Sigurður, að skammt var þess að bíða, að dagaði. Veður var hið fegursta sem verða má; himininn alheiður og svo mikil kyrð, að ekki blaktaði hár á höfði. Bóndi gengur því næst inn aptur og að rúmi Þorsteins; það var rètt við lopts-uppgánginn, og svaf Sigrún litla dóttir hans þar til fóta hans. Sigurður stíngur hendi við Þorsteini, og vaknar hann skjótt; segir bóndi, að nú sè mál að klæðast, ef þeir hugsi til kirkjuferðar eins og um var talað.

«Veðrið er hið ágætasta, logn og bl
blíða; farðu hægt lagsmaður! eg vil ek
neinn vakni, nema konan mín, og þeg
ert kominn á fætur, skaltu skreppa inn í
til okkar og grípa þér einhvern bita, áð
við förum», sagði bóndi.

Að svo mæltu gengur Sigurður aptur
svefnherbergi þeirra hjóna; var þá hú
klædd; hafði hún vaknað við það, að
hennar fór á fætur. Sigurður bauð henni
dag með kossi, og tekur þá húsfreyja
orða: «Þið munuð ætla að fara til kirkju, e
þið hafið gjört ráð fyrir; ekki veit eg h
stendur á því, en vænst hefði mér þókt,
hefðir látið þessa kirkjuferð vera, en þú
ekki vilja brjóta það á hágann við presti
því ætla eg ekki að letja þig; er veðrið
legt?»

«Það er logn og blíða og rennihjarn

«Búðu þig samt vel, hjartað mitt!
gamalt orðtæki: fáir kunna sig í góðu veðri l
að búa, eg þó veðrið sé gott núna, þá
hann spillist áður en þið eruð komnir hei
ur. Fórstu í hvorutveggju sokkana, s
lagði hjá þér? — já, eg sé þú hefir fari
hérna eru skinnsokkarnir þínir, það er ve

þeir eru svo stuttir; þarna hefir þú vetlíngana þína, og stíng þú þessum einhverstaðar á þig.»

«Æ! ekki get eg nú verið að hafa tvenna vetlínga, það er ekki til annars en eg týni þeim.»

«Sem eg segi, þú skalt hafa þá, hinir geta orðið votir, eg læt þá þarna í vasa þinn; mundu eptir treflinum þínum; sýndu mèr, láttu mig láta hann á þig, eg vil vera viss um að þú gleymir honum ekki, það veitir ekki af, að búa vel að hálsinum á sèr í hörkunum. Nú, þar kemur Þorsteinn uppbúinn; takið ykkur nú dálítinn bita áður en þið farið og berið ykkur að borða vel, langur er dagurinn og það er ekki víst að það verði undireins borið á borð fyrir ykkur á Stað.»

Húsfreyja setti þá fyrir þá tinfat með hángikjöti, og tóku þeir Sigurður og Þorsteinn að matast, og er því var lokið, stóðu þeir báðir upp, og taka vetlínga sína og hatta; húsfreyja kvaðst mundu fylgja þeim út. Sigurður bað Þorstein fara hljóðlega um baðstofuloptið, svo að heimamenn vöknuðu ekki. Húsfreyja gekk ofan á undan þeim, en Sigurður bóndi minntist þess, að honum hafði gleymzt að stínga á sig tveimur sendibrèfum, er fara áttu að Stað, og lágu inni í húsinu, sneri því aptur inn í loptið og fór að leita þeirra. Þorsteinn gekk að rúmi sínu, og segir um leið við sjálfan sig í hálfum

hljóðum: «æ, eg verð að kveðja hana Rú litlu, þó hún sè sofandi.» Mærin var enn fasta svefni og hafði ekki orðið vör við þeg faðir hennar klæddist; hún lá, eins og börnu er tamt, heldur óskipulega í sænginni; höfuð var fyrir neðan allan kodda, niðri í miðju rún og rekkjuvoðin í snargarði utanum herðarnar hálsinn; brekanið lá að mestu leyti fram á pal en fæturnir á Sigrúnu litlu voru þar sem höfð lagið hafði verið kveldið áður. Þegar fað hennar sá, hvernig rúmferðin var, segir hann «æ nú fer illa um litla skinnið mitt, eg ve að laga þetta dálítið, Rúna!» Síðan tekur hai Sigrúnu, og lyptir henni upp í fáng sèr, snyr með annari hendi og hressir við koddann, se lá allur í böggli fram á stokk, leggur meyi niður aptur á koddann, breiðir vandlega ofan hana síðan og segir: «vertu nú sæl, litla yndi mitt! og gráttu nú ekki þegar þú vaknar, o sèr að hann babbi þinn er horfinn.» Ekl vaknaði Sigrún við allt þetta, en að eins mát sjá, að hún ofurlítið losaði svefninn, af því a dálítill roði færðist í kinnarnar á henni. Þeg ar Þorsteinn hafði kysst og kvaðt dóttur sín svona sofandi, gekk hann ofan. Sigurði dvald ist nokkuð inni í húsinu, er hann fann ekk undireins brèfin, en síðan snýr hann aptur, o er hann kemur fram fyrir húsdyrnar, eru orði



«Þú lèzt ekki eins og maður,» sagði griðkonan, «það hafði enginn frið fyrir þèr í baðstofunni og því vakti eg þig.»

«Og það er verst, að eg hefi haldið fyrir þèr vöku, kindin þín!»

«Eg sagði henni að vekja þig,» mælti Sigurður, «því eg heyrði að það sókti að þèr, þig hefir dreymt eitthvað illa, þuríður gamla?»

«Það er lítið að marka hvað mig dreymir, en haldið hefði eg það, að þetta yrði fyrir einhverju,» tautaði kerlíng í hálfum hljóðum, en bóndi nennti ekki að hlusta á hvað hún sagði, kastaði í skyndi kveðju á heimilisfólkið og fór ofan, og er hann kemur á hlaðið, stendur þorsteinn þar ferðbúinn með broddstaf í hendi. Bóndi tekur og staf sinn, gengur síðan að húsfreyju og kveður hana, og segir húsfreyja áður þau skildu: «Þess ætla eg að biðja þig, Sigurður minn! að fara ekki út í slæmt og ekki seint af stað í kveld; vertu heldur kyr á Stað, en að fara undir nóttina á hálsinn; veðrið núna er gott, en hann getur spillzt áður en kveld er komið; þú veizt, að mèr er ekki rótt þegar þú ert í burtu, og lofaðu mèr því, að leggja ekki út í neina tvísýnu; þorsteinn minn! mundu eptir að eggja ekki manninn minn út í slæmt útlit, það þarf ekki að eggja hann, hann er nógu *framhaldssamur* samt.»

«Vertu óhrædd um það, Þórdís mín,» sagði Sigurður, «við skulum ekki fara út í neina ófæru, og vertu nú blessuð!»

«Já vertu viss um það, Þórdís mín», sagði Þorsteinn, «vertu sæl, eg ætla að biðja þig, eins og vant er, að líta eptir henni Sigrúnu litlu, hún á engan að, skinnið, þegar mín missir við, nema guð og þig.»

Eptir það hèldu þeir fèlagar af stað. Húsfreyja stóð á hlaðinu og horfði eptir þeim, þar til þeir hurfu fyrir túnið; lengra varð ei sèð; gekk hún þá inn. Skammt fyrir ofan túnið liggur háls nokkur, sem kallaður er Hlíðarháls; yfir háls þenna liggur leiðin að Stað; hálsinn er allbrattur á þá hliðina, sem veit að Hlíð, og að því skapi hár, og þókti það vel gjört að gánga í einum spretti hvíldarlaust neðan af jafnslèttu og upp á hálsbrún; var það mál manna, að þann leik lèki ekki aðrir en lèttustu göngumenn. Sigurður var talinn með hinum færustu mönnum; á yngri árum hafði hann opt gjört það, að gánga neðan frá Hlíð og upp á hálsinn hvíldarlaust, og bera fjögra eða sex fjórðúnga þyngd á bakinu, en eptir það hann fór að eldast og lýjast, lèk hann það ekki, ef hann bar nokkuð, en gengi hann laus, breytti hann ekki venju sinni um það, að taka ekki hvíld fyr en *hann kom á brún*. Þorsteinn var þrekminni

til göngu, en þókti þó óvirða að hvíla sig
en bóndi, og drógst hann heldur aptur úr, þe
á að gizka þriðjúngur brekkunnar var ep
Framan í hálsbrúninni stóð varða, sem köll
er Dagmála-varða, af því að á henni eru dagn
frá bænum í Hlíð; þar settist Sigurður niður
beið Þorsteins, og kom hann skjótt og settist nið
hjá Sigurði. Þá var dagur um allt lopt. Þorstei
situr um hríð, styður höndunum undir kinn og lítur
bæinn og túnið í Hlíð og segir: «sárt þókti mèr
Sigurður minn, að skilja við litla skinnið mitt s
andi í rúminu.» Þá þagnar hann um hríð
tekur síðan aptur til máls: «ef eg hefi einhve
tíma unnið hjá þèr handarvik með trú og dy
Sigurður minn, þá vona eg þú látir hana Sigrú
litlu heldur njóta þess, þegar eg er dauður.»

«Það væri ekki meira en skylt,» sagði S
urður, «en því talar þú um það, fremur nú
endrarnær?»

«Af því,» segir Þorsteinn, «að eg veit
eg á nú ekki lángt eptir ólifað, og taktu ep
því, að það er satt sem eg segi, Sigurð
minn»; og um leið sèr Sigurður að nokkur
hrjóta af augum Þorsteins, en hann spret
upp skjótlega, og heldur áfram sem leiðir lig
yfir hálsinn og var heldur hljóður, og se
ekki af ferðum þeirra Sigurðar fyr en þeir ko
að Stað; var það í það mund, sem tíðame



þeirri svipan komu þeir að læk nokkrum. L
urinn var að sjá lagður og nokkurt snjóföl á o
Sigurður gengur á lækinn, og reynir f
sèr með stafnum, og finnur hann að þa
traust sem hann gekk. Þorstein bar nok
neðar að, reynir hann og fyrir sèr ísinn,
er hann er kominn út á miðjan lækinn, ver
hann þess var, að ísinn er þar ekki svo trau
sem skyldi, og vill nú snúa aptur og þán
að sem Sigurður fer; en í sama vetfángi bre
ísinn undir fótum honum, og fellur hann í l
inn. Lækurinn var bólginn upp og vatnsmegi
nær Þorsteinn ekki niðri og sökkur h
upp undir hendur, en fær gripið annari he
inni í skörina, og kemst svo með illan
að landi; lætur hann nú síga úr föt
sínum um stund, og fæst ekki um svaðilfari
ar, heldur síðan áfram leið sína. Sigurður
ur það óráð, að þeir haldi lengra áfram en
næsta bæjar, er svo illa hafi til tekizt að Þ
steinn hafi orðið votur. Ekki vildi Þorsteinn
heyra, kvað sig ekki mundu saka, því ve
væri frosthægt, væri hann og slíku vosi var
enda mundu þeir geta gengið sèr til hita; ski
þeir fèlagar um þetta nokkrum orðum og l
sinn veg hvorum, en þó verður það, að Þ
steinn hlýtur að ráða, og halda þeir nú álei
og stefna upp að hálsinum og gagnvart bæn

á Seli — það er efsti bær undir hálsinum Staðar megin; er þá farið að rökkva, en veðrið tekur heldur að dimma og verða ískyggilegra, og jafnframt tekur að smádrífa; var þó enn vel vegljóst, því bjart var í lopti og stjörnuljós. Þeir félagar halda nú þannig upp hálsinn, svo þeir eru komnir á að gizka upp í hann miðjan þá dagsett var orðið. Hálsinum er svo varið, að á þá hliðina, er veit að Stað, er hann jafnt aflíðandi, með smá-brekkum og dældum, en uppi er hann stuttur og slèttur, en snarbrattur ofan þeim megin sem snýr að bænum í Hlíð, og allur skemmri á þann veginn. Skammt fyrir ofan þá brúnina, er veit að Seli, er holt eitt mikið, sem kallað er Þrívörðuholt; það skilur Sels land frá Hlíðar landi. Þar segja menn hálsinn hálfnaðan bæja á milli, og þykir þá jafnskemmra þaðan að Hlíð en að Seli. Þessir tveir bæir áttu að halda uppi vegabótum á hálsinum, er hann liggur í landareign beggja landeigenda, en með því bóndinn á Seli var ekki mikill lögskilamaður, voru allar vörður niðurfallnar þeim megin á hálsinum, og ekki eptir nema brot ein, er þegar fóru í kaf í fyrstu snjóum, og þar að auki var vörðubrotunum, sem enn sáust, svo óhaganlega fyrirkomið, að þau voru fremur til að villa ferðamenn en til að færa *þá á rètta leið*. Frá Þrívörðum og allt

ofan að Hlíð var hálsinn svo ágætlega varðaður, að vart mundi koma svo svört hríð að menn gæti ekki haft nægan leiðarvísi til mannabygða; vörðurnar voru bæði stórar, og svo þéttar, að vel mátti sjá frá einni til annarar, hversu dimmt sem var. Þeir Sigurður voru nú á að geta komnir miðja vega upp undir hálsbrúnina, þá er dagur þraut, og í þessum svifum skellidi á allt í einu þreifandi moldviðri, fylgði því bæði geysi frost og svo mikil fannfergja, að fádæmum þókti sæta. Þeir fèlagar voru staddir á einu litlu holti, er hríðinni laust á; verður Sigurður nú fyrri til máls, og segir við Þorstein: «Nú eru tveir kostir fyrir hendi, og er þó hvorugur góður: sá annar, að við höldum áfram upp brekkurnar á meðan við megum, og freistum svo, hvort við náum ekki þrívörðum; veit eg það, að verði okkur þess auðið, verður hann vart svo dimmur að við villumst úr því þángað er komið, og værum við þar nú, mundi eg með herrans hjálp halda áfram, en óvíst er að við náum þeim, er við eigum að sækja á brekkuna, en höfum veðrið í fángið; hinn annar er sá, að við snúum nú þegar aptur og reynum til að komast heim að Seli, og til þess vil eg ráða; eigum við þá bæði að halda undan brekkunni og veðrinu, og fer þá varla svo hrap*arlega*, að við rekum okkur ekki einhverstaðar

ar á túngarðinn eða fjárhúsin, eða hvað segir þú hèr til Þorsteinn minn! sýnist þèr það ekki iltækilegast úr því sem gjöra er?»

«Þú skalt ráða, Sigurður minn!» sagði Þorsteinn, «en þó sýnist mèr ekki með öllu örvænt um að við náum þrívörðum; við erum enn þá á rèttri leið, og ef við setjum vel á okkur veðurstöðuna, þá trúi eg því vart, að við getum ekki komizt uppá hana Illubrekku, og þá verður hann varla svo svartur, að ekki rofi upp í klettinn; þaðan veiztu að ekki verður villzt á þrívörðu-holtið; en ef við finnum ekki klettinn, er okkur ætíð hægt að snúa aptur þegar við viljum, enda er það ekki trúlegt að hann dimmi úr því sem nú er.»

«Þú skalt ráða,» sagði Sigurður, «en þó grunar mig, að nú tökum við það ráð, sem miður gegnir; en til hverrar sögu verður nokkuð að bera; hefi eg og aldrei látið eggja mig lengi til framhalds, og áfram þá í drottins nafni.»

Að svo mæltu snýr Sigurður aptur gegn veðrinu og þreytir á brekkuna. Gengur svo um hríð, að þeir fèlagar halda upp hálsinn og hafa veðrið á móti sèr, sjá þeir nú nær því ekkert frá sèr. Sigurður var maður braustur og þrautgóður og þreytir sterklega gegn veðrinu. Það fundu þeir brátt, að frostið harðnaði eptir því *sem á leið. Föt Þorsteins* voru öll gegnvot

og frusu þegar, varð honum því erfiðara en Sigurði um gönguna, en vildi þó fyrir hvern mun eigi láta á sèr finna, að hann gæti ekki fylgt honum. Þannig gengu þeir fèlagar um hríð, og er þeir höfðu farið um stund, urðu þeir varir við forbrekki mikið, og kenndu að það var Illabrekka, höfðu þeir mikið erfiði áður þeir kæmist upp á hana; nema þeir þá staðar, og skygnast eptir, hvort ekki grilli í klett þann er Þorsteinn hafði um getið, og þeir vissu að standa átti framan í efstu hálsbrúninni; en svo var hríðin þá dimm, að ekki rofaði fyrir honum; tekur þá Sigurður aptur til orða, og segir: «Svo er nú komið Þorsteinn fèlagi! sem mig grunaði, að ekki mundi för okkar greiðari þó við hingað kæmum; höfum við nú haft erfiði mikið að komast hingað og sjáum þó ekki klettinn, eða treystir þú þèr til að hitta hèðan á þrívörður?»

«Enga færu sè eg nú til þess,» sagði Þorsteinn, «að halda lengra áleiðis og tak nú það ráð fyrir okkur, er þèr þykir sæmilegast, og er þó líkast að til eins dragi um vort ráð.»

«Betra er seint en aldrei, en betra var að eg hefði ráðið fyrri» sagði Sigurður, «en þó tjáir nú ekki að æðrast, eða hvort ert þú nú að þrotum kominn fèlagi?»

Þorsteinn sagði, að svo væri að vísu ekki,

þó tæki sèr heldur að kólna fætur, því t gæti hann með vissu sagt, hvort hann fyndi þeirra eður ei.»

Þeir snúa nú við og leita eptir hvort þeir ti rakið brautina ofan hálsinn, sem þeir fðu upp farið, en svo var fannmegnið þá ikið, að þegar hafði fokið í hana og sást 'ergi fyrir henni. Leitast Sigurður nú við að ta sig, og taka stefnu ofan hálsinn, en svo ir harðviðrið þá mikið, að þeir höfðu fullt í ngi að stjórna sèr undan veðrinu, að þá 'ekti ekki af þeirri stefnu, er þeir höfðu tekið; kur Þorsteinn nú að dasast og getur hann ki lengur fylgt Sigurði, og verður hann að hafa la vareygð við, að hann missi ekki sjónar á onum; sèr Sigurður þá ekki annað sýnna fyrir, n að hann leiði hann, og við þetta komast eir ofan hálsinn á jafnsléttu, að því þeir halda, g ráða það af því, að ífram var fyrir fæti, en vo var hríðin enn svört, að ekkert vita þeir ivar þeir eru. Þannig fara þeir um hríð, jörist Þorsteinn þá svo máttvana, að Sigurður 'erður að standa við nær því í öðru hvorju ipori, og lofa honum að setja sig niður. Loks ioma þeir á holt eitt lítið, og vill Þorsteinn ar láta fyrir berast, enda er hann þá svo das- iður að hann má ekki gánga, og stendur Sig- rður *þar um hríð yfir honum*, skygnist hann

þá um út í dimmuna, og er hann hefir um s
svipazt um, virðist honum sem við og við
fyrir hæð nokkurri ekki langt frá þeim
gjörir hann sèr í hugarlund, að þetta muni
húsaþyrpíng nokkur, eða bær. Nú þótt
væri þegar orðinn mjög svo þreyttur, og k
á úlfliðum og í andliti, tekur hann það ráð
hann gengur að Þorsteini þar sem hann li
á fönninni og vegur hann upp á herðar sèr
heldur þángað sem hann sá móa fyrir hús
Þorsteinn var maður stór vexti og líkama-þún
og veitir Sigurði allörðugt að bera hann; e
Sigurður kemur þángað, sem hann þóktist
sèð bæinn, sèr hann, að ekki var sem ho
hafði sýnzt, var þar holt eitt og stór stein
sem í kafaldinu álengdar leit út sem hús.
urður leggur Þorstein þá niður í skjólið u
steininum, og verður hann þess þá vís, að
steinn er svo máttdreginn, að fyrir engan
mátti hann gánga, og varla upprèttur sta
sá þá Sigurður eigi annað fyrir, en að h
mundi þá og þegar andast, og naumast
hann talað svo skýrt, að Sigurður mætti s
hann. Verður þá Sigurði það til orða, að h
segir:

«Hèr munum við nú verða að hafa næ
gistíng, þó hún sè ekki góð, því hvorki sé
nú nokkurt færi á að við komumst lengra, e

it eg nú ekki í hverja átt er að leita manna-
gða, þó svo væri að við gætum lengra kom-
t, og er það líklegt að til eins dragi fyrir
kur báðum».

«Svo mun það að vísu,» sagði Þorsteinn,
g reis um leið upp að steininum, «að hèr
un minni æfi lokið, og kom mèr það ekki óvart,
efir svo verið um flesta mína frændur, að
eir hafa hlotið skjótan og skyndilegan dauð-
aga; afi minn hrapaði úr Drángeyjarbjargi,
iðir minn varð úti á Holtavörðuheiði, og bræður
ínir tveir drukknuðu undir Jökli; hefi eg nú
fað hið fegursta æfi minnar, verður ei feigum
rðað eða ófeigum í hel komið, og af því að
g hygg að þínir dagar, Sigurður minn, sè ei
llir, þá skalt þú, vinur, láta mig verða hèr
ptir og freista hvort þú getur ekki komizt til
annabygða, en ef þèr verður lengra lífs auðið,
á er það tvennt er eg vil biðja þig um, það
rst, er eg áður hefi á minnzt, að þú látir ei
igrúnu litlu dóttur mína fara á flækíng, en sú
önnur bónin, ef bein mín finnast og þeim verður
iðið að hljóta leg að kirkju, að þau verði jörðuð
undan miðjum suðurvegg kirkjunnar á Stað—
r liggur móðir Sigrúnar; hèr munum við þá
ilja, og haf þökk, vinur! fyrir samveru okkar
. . .»

Meira *gat Sigurður* ei heyrt, því Þorsteinn

hnè máttlaus upp að steininum, þó sá Sigur
að enn var lífsmark nokkuð með honum, e
þessum svip sèr hann, að nokkuð grisjar í l
aldið, svo hann sèr góðan kipp frá sèr, (
sama bili bregður fyrir ljósi og sýndist hoi
ekki lángt til að sjá; hann verður harðla gl
við, því nú þykist hann mega ráða, að þ
þeir ekki lángt frá einhverjum bæ, því ekki
ljós þetta komið annarstaðar frá en úr einhver
glugga; hann starir á ljósið um hríð, og e
hugsa um, að hann skuli vandlega setja á
hverja stefnu hann skuli taka til að gáng
ljósið, en í því lýstur hríðinni aptur á, að
sem Sigurði virðist, ennþá svartari en nokl
tíma áður, og í sama vetfángi er ljósið ho
Sigurður stóð nokkra hríð og starði út í di
una, en það var til einskis; gekk hann þá no
stund aptur og fram hjá steininum, en a
gat hann komið auga á ljósið aptur. Ha
og veðurhæðin var þá svo grimm, að ekki
hann haldið á sèr hita, og tók hann nú
að kala á höndum og fótum; honum dettu
í hug, að hann hafði heyrt, að margir l
bjargað lífi sínu með því að grafa sig í f
verður honum litið á dæld nokkra hjá hol
nokkra faðma frá steininum; í dæld þessa
dregið skafl, og var hún þegar hálf-full af f
tekur hann nú það ráð, að hann gengur þá



eptir því sem skaflinn að ofan þykknaði o(þéttist, eptir því minkaði andrúmið, og að hann fyrir þá sök mundi ekki þar lengi lífi halda; hann hafði tekið með sèr staf sinn, hann var bæð langur og gildur, og dettur honum það í hug, að hann rekur annan enda stafsins upp í gegnum skaflinn, þar til að hann finnur að hann nær uppúr að utanverðu, og býr þannig til glugga eða holu, og streymir þar inn nýtt lopt. Sigurður vill nú forvitnast um, hvort Þorsteinn muni enn með nokkru lífi og þreifar um fætur hans og hendur; finnur hann þá, að fötin utan um hann eru svo freðin að hann var eins og klakastokkur. Hann grúfir ofanað andliti Þorsteins og vill vita, hvort hann heyri hann nokkuð anda, og getur ekki fundið neinn andardrátt; hyggur hann því Þorstein dauðan vera munu. Nú þótt þar væri dauflegt í gröfinni, ásetur Sigurður sèr að vaka um nóttina, og bíða svo þess að dagaði, og vita þá, hvort hríðinni lètti ekki, og freista ef hann mætti komast til einhverra bæja. Eptir því sem honum fannst, gizkaði hann á, að skammt mundi til miðnætur þegar hann gekk í skaflinn, mundu því fáar stundir til dags. Líður nú nokkur tími, að Sigurður situr og vakir, en er farið er að líða á nóttina, tekur Sigurð að sigra svo mikill svefn, að honum *þykir sem* hann fyrir engan mun geti vakað,

sig, hvort hann skyldi ekki freista þess komast úr skaflinum, því ekki þókti honum g þar að vera, en er hann vill upp standa, finn hann, að fætur hans voru svo aflvana, að har mátti fyrir engan mun brott komast; verði hann nú að láta þar fyrir berast sem hann e niður kominn. Líður svo fram nóttin og segi ekki fleira af Sigurði að sinni.

ÞRIÐI KAPÍTULI.

Svo, þegar dagur úr dökkvanum rí
dauð er hún fundin á kolbláum ís
snjóhvíta fannblæju lagði yfir lík
líknandi vetur — en miskunnarrík
sól móti sveininum lítur.

J. H.

Þenna hinn sama sunnudag, sem þeir Sig urður fóru til kirkjunnar, bar fátt til tíðind heima að Hlíð. Þar var að venju lesinn hús lestur, og að því loknu gekk smali að gæta fjá en aðrir sinntu heimilis-önnum, sem venja er ti húsfreyja tók sèr bók til skemtunar, og gri



nú að venju að hvíla sig nokkra stund í r
Þuríðar, og labbar hægt og stillt að rúm
leggur framlappirnar upp á stokkinn og s
að lypta sèr upp. En er Þuríður gamla sèr
ræði kisu, grípur hún þegar annari hendinni
í hnakkadrambið á henni og fleygir henni öf
fram á pallinn. Kisa var, ef til vill, ekki
skapbetri en kerlíng; hún stendur skjótlega
aptur, hvessir fyrst augun á Þuríði gömlu
dínglar rófunni af mikilli reiði, og í því te
hún undir sig stökk eigi alllítið og hendir
upp í rúm til kerlíngar og neglir klónum
fast sem hún getur ofan í brekanið, eins
hún búist við að Þuríður gamla muni ekki l
svo búið standa. Gáta Bröndu var heldur e
röng; því jafnskjótt og Þuríður gamla sèr,
kisa er komin aptur, fyllist hún bræði mil
og segir: «á, ertu komin aptur, vargur
þinn?» — og leggur um leið báðar krumlur
ofan í hrygginn á kisu, og þrífur hana í h
lopt og sendir hana með miklu afli lengst fr
á pall, og segir: «Þó eg sè orðin gömul
farin, þá get eg samt ráðið niðurlögum þínu
gæti eg eins ráðið við hyskið hèrna, þá sk
það finna til handanna á mèr.» Kisa rèði e
í þriðja sinn til uppgöngu á Orminn láng
rúm Þuríðar; mun hún þegar hafa sèð, að kerl
var ekki í þetta skipti góð viðureignar, og labl



sjálfskeiðíng, lýkur síðan upp askinum og sky
ist í hann og segir:

«Hèr er þá sumsè kjötsúpu-gutlið gan
þunnt er þetta, drottinn minn! þá held
kjötið sè burðugt, ója, einn horaður hryggjarli
og ekki ljós tægja á! þetta er þá allur ska
urinn sumsè! ekki sýnist mèr betur — það
rèttast eg gefi því það aptur, hver veit n
hún Sigga hafi krækt úr askinum, hún er vís
þess, eg trúi því varla, að húsmóðirin hafi e
gefið mèr nema eina bita-tætluna, — eg s
ekki snerta á honum, það skal sýna sig.»

Í þessari svipan kom þórdís húsfreyja in
og bar í hendinni köku og dálitlar smjörskj
gengur síðan til þuríðar og segir:

«Ertu búin að borða úr askinum þínu
hróið mitt?»

«Ónei, hann stendur þarna með því se
honum var,» segir kerlíng.

«Eg held þèr hafi, sem von var, þókt l
koma til miðdagsmatarins í dag, það skamta
illa hjá mèr, og varst þú svo útundan, en ta
við, eg gjörði kökubleðilinn þann arna ha
þèr til að bæta það upp, borðaðu hann, þurí
mín, meðan hann er volgur, eg kom með h
rètt af glóðinni.»

Þegar þuríður kerlíng sá kökuna og smjö
tók hún heldur að hýrna í bragði, breiddi

áðar hendur og tók við og fór þegar að mala
ökuna; húsfreyja settist á kistil fyrir framan
im þuríðar og tók að tala við hana:

»Hvernig líður þèr, þuríður mín, ertu
kkuð skárri í öxlinni en í gær?«

»Og heldur hef eg þolað ögn við í dag, en
drei skilur hún við mig, heimakonu fjandinn,
gjörlega, fyr en hún gjörir útaf við mig, nú
hún hlaupin ofan í mjöðm, og síðan í gær
kominn þarna — finndu, þórdís mín! —
óreflis hnútur, hann er stærri en nokkurt
rnshöfuð, — æ! — æ! — fallega læturðu mína.
að mundi einhver, sem er hraustari en eg,
einka sèr eins mikið og eg gjöri, og verst
mast hún í skrokknum á mèr undan hverju
viðri, mig skyldi ekki furða þó hann gjörði
itthvert skaðræðis áhlaupið bráðum.«

»Hefir þig nokkuð dreymt fyrir því? eða
vað var þig að dreyma í morgun, eg heyrði
að hefði sókt að þèr?«

»Eg segi fánum frá hvað mig dreymir, kelli
nn, það tekur enginn mark á hvað mig dreymir
ema eg sjálf, það kemur samt stundum fram
einna, og ekki kemur mèr ætíð allt óvart,
órdís mín.«

»Hvað var þá sem þig dreymdi?«

»Og það segi eg ekki, eg get ekki sagt
á því, en svo mikið er víst, að hèr kom ein-

hver slæðingur upp á loptið í nótt; taktu n
eptir, annaðhvort er einhver skammlífur hèrn
á heimilinu, ellegar þess er ekki langt að bíð
að hann gjöri eitthvað manndrápsveður, þa
slæðist margt óhreint undan slæmu veðri, þórdí
mín!»

«Það er nú ekki ólíklegt,» sagði Þórdís, «a
hann breyti sèr bráðum, þar svo lengi hefi
gott gengið, en það vildi eg, það segi eg satt
að hann gjörði ekki neitt áhlaupið þángað ti
maðurinn minn er kominn heim; eg vei
ekki hvernig á því stendur, opt hefir han
farið út af heimilinu og það lengri ferðir e
þessa, en aldrei man eg að neitt hafi lagz
eins þúnglega í mig eins og þessi kirkjuferð
vegurinn er þó ekki lángur, en mèr stendu
alltaf beigur af hálsinum hèrna síðan um árið
að hann Sveinn heitinn varð úti á honum.»

«Já,» sagði Þuríður, «hann var sá nítjánd
sem varð úti á honum; það er ekki lángu
fjallvegur hann Hlíðarháls, en hann hefir þ
sèð fyrir mörgum; síðan eg man fyrst til, haf
fjórir farizt á honum, og hann Sveinn sá fimti
fyrst fórust þeir Túngu-bræður þar, Jón o
Bjarni, báðir efnilegustu menn, annar var 1
vetra, en hann Bjarni var jafngamall mèr — e
var þá á tvítugasta árinu og nokkrum vikum yng
en hann, því hann var fæddur á þorranum en e

kom til á Einmánuði sama árið; þeir fóru seint á stað og ætluðu hèr yfir í dal, en þegar þeir komu upp á hálsinn skelldi á þá austnorðan byl, svo að þeir viltust, en hèldu sèr ofmikið vestur á og hröpuðu ofan í gljúfrin á Illagilinu, og þar fundust þeir fáum dögum síðar. — Nokkrum árum seinna, um það leyti sem eg fór frá foreldrunum mínum sælu, þar að Holti, varð úti maður eða mannræfill á honum, sem Einar hèt, það var hálf-umrenníngur, menn hèldu hann hefði króknað úr kulda; það var skafrenníngur og harka um daginn, en ekki ofankafald, eg man það eins og það hefði verið í gær, en þetta var linju-maður, og sama daginn fór maður neðan úr sókn um hálsinn, Jón nokkur, sem lengi var á Hamri, Íngjaldsson, og fann hann dauðan undir einu vörðu-broti, en sagði ekki til hans; það fennti yfir hann og fannst ekki fyr en seint um vorið, eptir að alla snjóa var leyst upp, og var þá allur skaddaður og vargbitinn, en þekktist af stórum koparhnapp, sem var á nærbuxnastrengnum hans.»

»Því sagði ekki mannfýlan til hans?»

»Hann nennti sumsè ekki að gjöra sèr þann krók, að gánga heim að einhverjum næsta bænum undir hálsinum; þetta var líka aumíngi sem í hlut átti og gilti einu hvernig fór um hann; og það *var sagt* hann hefði látið sèr um

munn fara, þegar menn álösuðu honum fyrir að hann hefði ei sagt til mannsins, að «hann skemmdist ekki til vorsins í fönninni»; en guð borgar fyrir hrafninn, kelli mín, það fór svo fyrir honum Jóni sjálfum, að það hefir ekki enn leyst upp af honum; varst þú ekki komin hingað í sveitina, þórdís mín, þegar hann hvarf?»

«Jón Ingjaldsson, nei, en mig rámar í, að eg heyrði eitthvað talað um það, að hann hefði horfið skyndilega — hvernig bar það til? — eg hefi ekki heyrt greinilega sagt frá því.»

«Og eg man það glöggt alltsaman, eins og eptir því, að þú gafst mèr kökuna áðan og eg er hèrna á rúminu, kelli mín! eg átti heima á næsta bæ við hann; það var um haustið, hálfum mánuði eptir göngur, fimm heldur en sex árum eptir það að hann Einar heitinn stautari varð úti; hann ætlaði inn yfir háls hingað að Hamri, að sækja tvo sauði; hann átti þá þar, þeir höfðu gengið með fènu um sumarið; hann fór um kvöldið frá Leiti undir rökkur, í góðu veðri, það var þíða og allt marauðt; já, tarna man eg, því þá var eg komin að Leiti; við sáum til hans upp undir hálsinn, en niðamyrkur var um nóttina; daginn eptir var bezta veður, þó kom hann ekki, eins og hann hafði gjört ráð fyrir; síðan var hans leitað og sent að Hamri *að spyrja* um hann, hann hafði þá aldrei þar



i svefnherbergi þeirra hjóna og sezt þar, en varla hafði hún setið þar svo sem svaraði drykklángri stundu, áður en öll baðstofan í einu vetfángi fór að hristast og skjálfa, svo að hrikti í hverju trè. Um þetta leyti kemur vinnumaður og smali í baðstofu, og voru þeir allir fannbarðir frá hvirfli til ilja. Vinnumaðurinn hèt Hrólfur, og í því hann skýtur höfðinu upp um loptsgatið kallar hann: «stúlkur, ljái þið mèr sóp að ná af mèr mesta klakanum, sèr er hvað bölvað áhlaupið!»

«Hann mun ekki vera fallegur úti núna,» sagði húsfreyja.

«Nei,» sagði vinnumaður og hristi höfuðið, «hann er ekki frýnilegur, þórdís mín! eg hefi varla komið út í verra veður í þessi tíu ár, sem eg hefi verið hèr, og það svo hastarlega, hann skelldi moldinni á næstum því allt í einu; við vorum að enda við að láta inn, og á meðan eg var að láta aptur húsið, var hann kominn á með bylinn, og það er ekki frost, eg veit ekk hvað það er, það er bölvaður bruna-nístingur en ekki frost, því meðan eg skauzt úr húsinu heim að bænum, frusu fötin svona á mèr, o eptir því er fannfergjan.»

«Er ratljóst?»

«Biddu fyrir þèr, blessuð, mèr vildi þa *til, að eg* þekki hverja þúfuna hèrna í túninu



það annað, að hvernig sem hún reyndi til að sporna á móti því, var henni aptur og aptur að fljúga í hug frásagnir þær, sem þuríður gamla hafði sagt henni um kvöldið, og spádómur kerlíngar um, að einhver þar á bænum mundi vera skammlífur. Hyggur hún nú, að ekki muni renna dúr á auga sitt þá nótt, en ætlar þó að liggja svona vakandi í rúminu þar til dagaði; en er á að gizka fjórðúngur lifði nætur, fellur hún allt í einu í fastan svefn, og dreymir hana þá, að henni þótti maður koma á gluggann yfir rúminu sem hún svaf í og guða, og þóktist hún glöggt kenna af málrómnum, að það var Þorsteinn, og kvað vísu, og við það hrökk hún upp, og hefir hún svo frá sagt, að henni heyrðist, í því hún vaknaði, sem einhver renndi sèr ofan baðstofuhliðina, og hefði það verið því líkast sem blaut húð væri dregin ofan eptir þekjunni; hún mundi vísuna, sem kveðin var fyrir henni, og þókti henni sem hún heyrði eiminn af síðustu hendíngunni í því hún vaknaði. Vísan er svona:

Sat eg forðum foldu á
í flokki svanna prúðum;
nú er eg dapr og dauður nár,
dauft er í Heljar búðum.

Ekki vissi húsfreyja hvað lengi það hafði verið, sem hún svaf, en þau áhrif hafði draumur

þessi haft á hana, að hana fýsti eigi að leggja sig aptur til svefns. Á lítilli hillu fyrir ofan rúm Þórdísar var dálítill stokkur með eldfærum, tundri, tinnu og eldstáli, fálmar hún nú til þeirra, og freistar ef hún mætti kveikja ljós, tekst henni það greiðlega, en síðan klæðist hún og hyggur skammt muni þess að bíða að dagur renni; lætur hún nú biðleika við, þar til birta tók á gluggann, þá gengur hún út og er nú hríðinni nokkuð tekið að slota, rofaði til í hálopti, en skafmold á láglendi og með fjöllum, en ekki ofankafald; virðist henni svo, að ef veðrið ekki versni aptur úr því sem þá var, muni fært bæja á milli fyrir velklædda og röskva karlmenn; gengur hún nú til og vekur Hrólf vinnumann og biður hann klæðast sem skjótast, «og vil eg», segir hún, «senda þig að Hamri, og berðu Þóri kveðju mína, og segðu honum, að eg biði hann að koma hingað með þèr, og ætli eg að biðja hann að fara fyrir mig bæjarleið, ef fært er bygða á milli, þegar fullbjart er orðið af degi. Hrólfur klæddist snarlega. Frá Hlíð og að Hamri var örskammt og ekki lengra en stuttur stekkjarvegur. Segir nú ekki af því, fyr en Hrólfur kemur aptur, og er þá Þórir bóndi í för með honum; þá var enn ekki orðið fullbjart; fagnar húsfreyja honum vel.

«Svo er mál með vexti, þórir minn!» segi
«að Sigurður bóndi minn og þorsteinn í
gær til kirkju að Stað, og er mèr grunur
þeir í gærkvöldi hafi lagt á hálsinn áði
hríðinni skelldi á, þekki eg þá svo að kaj
áframhaldi, að þeir munu varla hafa nátt
fyrir handan, einkum þareð hríðinni lau
seint á. Þú veizt, hver fádæmi hafa geng
nótt, og segir mèr svo hugur um, að eit
muni tálma för þeirra, er þeir eru ekk
komnir. Nú hefi eg enga ró nema þeir
leitað, og með því eg veit að þú, þórir
ert bæði ötull og greindur maður, og
hingað til reynzt mèr og manninum mínu
þá sendi eg eptir þèr til þess að fara fyrir
ef þèr sýnist ekki ófært.»

«Eg sè ekki betur, þórdís mín, en að
sè slarkandi eins og stendur, hann lítu
heldur út til að fara dagbatnandi.»

«Ja,» sagði Hrólfur, «hann er slarkand
á milli, en ekki er hann almennilega
fjallið.»

«Og ekki er hann það verri á háls
Hrólfur minn, hann er þar nokkuð frosth
og veðurhærri, en undir eins og kemur
hana Illubrekku, þá á hann að vera allur l
ef hann er við þessa áttina.»

«*Hvað* sem um það er, þá álít eg

lítt færan; það er vissasta markið, þegar ekki gryllir í Lágafell, þá er hann ógóður á hálsinum,» sagði Hrólfur, og latti heldur fararinnar.

«Ekki hefir mèr reynzt það neitt víst mark, og hefi eg verið hèr í dalnum síðan eg var á tólfta árinu, og hitt veit eg, að þegar ekki byrgir Skarðið, þá er hann fullfær, en það gjörir hann ekki núna. Eg segi fyrir mig, Þórdís mín, eg vil reyna það fyrir yður að fara, því eg get getið því nærri að yður sè ekki rótt þegar eins stendur á, en hvern ætli þèr að láta fara með mèr, því betra er að það sè tveir.»

«Eg hef nú ekki öðrum á að skipa en honum Hrólfi þarna, en eg heyri honum er ekki um að fara.»

«Og ekki er eg að telja það úr», sagði Hrólfur dræmt, «en mèr sýnist þetta, að það hefði mátt fresta því þángað til á morgun, og hefðu þeir þá ekki komið í dag, að fara þá tímanlega í fyrra málið, það er líklegt hann verði þá skárri.»

«Annaðhvort farðu umtölulaust, eða sittu heima,» sagði Þórdís, og hvesti röddina, og var auðsèð að henni þókti miður, «en treystir þú þèr ekki útí það sem hann Þórir álítur að vera fært, þá er ekki annað en eg biði hana Sigríði hèrna að fara, hún getur þúið sig í karlmanns-

föt, og þá ætla eg að það muni teygjast henni á við suma sem eru í brókum.»

»Nú þykir mèr», sagði Þórir og hló v «húsmóðirin heldur sauma að spjörunum okk Hrólfur minn, farðu nú og búðu þig, karl mi góður, og láttu hana ekki heyra þessi umm optar.»

Hrólfur gekk þá í brott, þó hálf-ólundi legur, en fór að búa sig til farar, og er því v lokið, matast þeir af skyndingu, og kvöddu hú freyju og hèldu af stað. Veðrið fór dagbat andi eptir því sem á morguninn leið og va allgott. Þeir hèldu sem leið liggur yfir hálsin ekki sáu þeir neina braut, eða merki þess, þar hefði verið nýfarið, enda var snjór yfir ö Þeir komu að Seli og fundu menn að m ekki höfðu þeir Sigurður þar komið, en þa þeim sagt, að sèzt hefði til tveggja m kvöldið fyrir, skömmu áður en hríðina g og haldið upp að hálsinum. Þeir Þórir fa Seli, og ætla að Stað, en um leið koma Holti; sá bær stendur á flatlendi og mýra allt um kring, með smáholtum uppúr hír þángað; nú var því nær jafnslètta ein á og yddi að eins sumstaðar ofaná hæstu En er þeir fèlagar áttu allskamt að Holti, verður Þóri litið á holt eitt, kipp *þeim*, og sèr hann þar eitthvað stan

loptið í utanverðu holtinu, því líkast sem stöng, er menn stundum reisa upp við brunnvakir eða vatnsból. Hann staldrar lítið eitt við og segir við Hrólf:

«Hvað er það sem stendur þarna upp, utan til á holtinu, þarna sem eg bendi á?»

«Það er einhver stöng sýnist mèr,» sagði Hrólfur, «þeir í Holti hafa þar líklegast vök til að brynna hestunum.»

«Þarna, nei það getur naumast verið, það er rètt utan í holtinu, við skulum ganga þángað og sjá hvað það er.»

Þeir gjöra nú svo, og er þeir koma á holtið sjá þeir, að þetta er göngustafur, er stendur næstum upp að miðju niðri í fönninni. Þórir gengur að stafnum, og kippir honum upp, lítur síðan á hólkinn og húninn og segir:

«Svo virðist mèr, sem einhver þau tíðindi hafi hèr að borið, er margur mundi óska að ekki hefði orðið; þetta er göngustafurinn hans Þorsteins, eg seldi honum hann í haust og mun hann vart hafa lifandi skilið hann við sig, og segir mèr svo hugur um, að hans sè ekki lángt hèðan að leita, en hvað er þarna á baka til við þig, þar er annar stafurinn og er næstum sokkinn í fönnina.»

«Þetta er stafurinn húsbóndans,» sagði Hrólfur, «*hann þekki eg*, eikarstafur með stórum

hún á og látúnshólk fyrir neðan. Guð hj
mèr, hèr hafa þeir orðið úti.»

«Mèr virðist, að hèr sè ekki um mi
vafamál að gjöra, hèr má leita þeirra un
skaflinum, hvort sem þeir hafa heldur grafið
sjálfir eða þeir hafa orðið hèr til og fen
Það er ekki úr mörgu að ráða, farðu sem flj
ast heim að Holti og heilsaðu ekkjunni frá m
og segðu að eg biði hana undir eins að sei
hingað alla þá karlmenn sem til eru á bæn
með rekur og tvö brekön, á meðan mun eg b
þín hèr, og flýttu þèr nú!»

Hrólfur átti skammt heim að Holti, ha
finnur þar húsráðanda, og segir henni orð þór
bregzt hún vel við og lætur tvo verkamenn s
fara með honum, og finna þeir brátt þó
hefir hann á meðan rótað til nokkru af fön
inni, en finnur ekki þá Sigurð. Eptir fyrirsö
Þóris taka þeir nú að grafa skaflinn, þar sem st
irnir höfðu staðið, og er þeir hafa grafið á
geta meðalmanni í bríngu, finna þeir lík þei
Sigurðar og Þorsteins, voru þau bæði köld
stirðnuð, og eru þau borin heim að Holti. Hi
freyja, er þar bjó, var kona vitur og vel að s
og læknir góður. Hún vissi það, að hjá mör
um, sem drukna eða verða úti, leynist opt
furðu lengi, þó ekki finnist með þeim lífs ma
og væri þess mörg dæmi, að þeir hafi or



vinsæll, og varð hann harmdauði öllum á heim
ilinu og víðar, er menn höfðu nokkur kynni a
honum. Þó fór hèr eins og vant er, að blóð
næturnar eru hverjum bráðastar. Veturinn lei
fram og vorið nálgaðist, og smátt og smátt fór
menn aptur að taka kæti sína. Sigurður bónd
var gróinn sára sinna, og varð svo að kall
alheill; raunar hafði hann orðið að láta taka a
sèr eina tána á vinstra fætinum, og þvínæ
misti hann hið hægra eyrað, en slíkt er varla
frásögur færandi; missir táarinnar var honun
ekki til neinnar fyrirstöðu, að hann gæti eig
gengið eins óhaltur eptir sem áður; ekki verðu
það varið, að eyramissirinn var honum t
nokkurra lýta, og gárungarnir þar í sveitinni,
sjaldan fara að lögum, eða gjöra greinarmun
því, hvort eitthvað er einum ósjálfráðt eða ek
gáfu honum kenníngarnafn eptir biskupssv
þeim, sem Pètur sveiflaði forðum að sverð
og kölluðu hann Malkus, en það var hvorttveg
að þeir gengu sjaldan svo í berhögg við h
að þeir hreyfði slíku hrópi uppí opið ge
honum, og á hinn bóginn var hann ekki r
spèhræddur. Sigrún litla, dóttir Þor
heitins, hafði verið mjög elsk að föður sín
mátti varla stundu lengur af honum sjá.
daginn eptir andlát Þorsteins var Sigrú
spurul um, hvar babbi hennar væri, en

menn hèldu að hún mundi verða óhuggandi, ef henni væri sagt satt frá um afdrif hans, tóku menn það ráð að skrökva því að henni, að hann hefði farið ferð suður á land, en að hans væri brátt von aptur. Þetta ráð dugði um stund, en fljótt sáu menn að það nægði ekki til lángframa. Sigrún var svo skynug, þó að hún væri enn barn að aldri, að hún varð ei til lengdar dregin á tálar með þeirri skreytni; kom þeim hjónunum því saman um, að segja henni hið sanna um þetta efni; hún var búin að fá það vit, að hún vissi vel að gjöra greinarmun lífs og dauða, varð hún af þessum fregnum mjög harmbitin og grèt hástöfum; en bráð er barnslund, og svo fór um Sigrúnu litlu, hún grèt sárt en gladdist skjótt og gleymdi bráðum föðurmissinum; harmur hennar var af ást og söknuði, en ekki af eigingirni, því hún vissi ekki hverjar afleiðíngar hann hafði fyrir hana, og að hún var munaðarlaus, er hún misti föður síns við.

Þegar hèr er komið sögunni, var það eitt skipti seint á útmánuðunum, sama veturinn sem Þorsteinn varð úti, að þau hjónin í Hlíð sátu tvö ein inni í húsi sínu á baðstofulopti. Húsið stóð opið, en engir menn voru í baðstofunni, nema þuríður gamla kúrði þar í hinum enda baðstofunnar í rúmi sínu. Sigurður bóndi lá uppi í rúmi *sínu upp við herðadýnu*, og lagði olbog-

ann á rúmbríkina, og studdi hendi undir kinn og las í sögubók, er hann fletti við og við, eptir því sem hann las áfram, með þeirri hendinni sem laus var. Húsfreyja sat á kistli, sem var á milli rúmsins og borðs þess, er var fyrir gaflinum í húsinu; hún óf í spjöldum, og hafði tekið skóinn af hægra fætinum og brugðið þar uppá slöngunni og lagt hann á annan minni kistil, er stóð fyrir framan hana, hún hèlt slöngunni með annari hendinni og hafði fingur í skili, en sneri spjöldunum og gaf í með hinni og þagði, en af áhyggju-svip þeim, sem á henni var, mátti sjá, að hún var eitthvað annað að hugsa en um spjaldvefnaðinn einúngis. Þannig sat hún um hríð og óf, en loks lagði hún slönguna frá sèr, styður hendi undir kinn, yrðir síðan á Sigurð bónda sinn og segir:

«Ekki vil eg nú, Sigurður minn, hindra þig í að lesa þèr til skemtunar, en þó lángaði mig til að tala um nokkuð við þig, fyrst hèr er fátt um; eg hefi þessa dagana verið að hugsa um það, en það hefir híngað til ekki orðið neitt úr því.»

«Hvað er það, Þórdís mín?» sagði Sigurður, og lèt bókina síga ofan í rúmið og færði sig betur upp á koddann.

«Eg ætlaði að spyrja þig að, hvað þú

hugsaðir fyrir henni Sigrúnu litlu framvegis? verður hún hjá okkur?»

«Eg hefi ekki hugsað annað, en hún yrði að vera hèr þetta árið sem kemur, það er hvort sem er orðið of seint að koma henni fyrir í ár, þó einhver kynni að vilja taka hana í dvöl.»

«Heldurðu þá að nokkur muni taka hana í dvöl eins og hún er? — hún er þó ekki fullra níu áranna enn.»

«Nei, mèr datt það nú heldur ekki í hug, þórdís mín, í vor, eins og eg sagði, en hitt vorið verður hún tíu ára og þá gæti það vel verið að einhver, sem þarf að halda á léttastúlku, eða til að sitja hjá kindum að sumrinu, vildi dvelja fyrir henni, því hún er orðin skollans geðuglega ötul, greyið.»

«Og það er hún eptir aldri, skinnið; hefirðu augastað á nokkrum þessháttar samastað fyrir hana?»

«Ekki hefi eg nú það að sönnu, sem stendur, þó þækti mèr ekki ólíklegt að hann Jón á Leiti tæki hana; hún er orðin hölt og biluð kerlíngin hans, og dregur eptir sèr lærið og kemst ekki út og inn um bæinn; eg held henni væri ekki vanþörf á að hafa einhvern únglíng að snúast í kríngum sig.»

«Þú ætlar þá að koma henni þar fyrir?»

«Það veit eg þó ekki,» sagði Sigurði dræmt.

«Það er sjálfsagt,» sagði húsfreyja, «að föð urleysíngjar og munaðarlausir verða að tak allt með þökkum, sem á þá er lagt, en ekl held eg nú að þeir, sem eiga sèr einhverj betri úrkosti, mundu keppast eptir slíkum vist um, að þeim Leitis-hjónum ólöstuðum, og sal er það, hart hefir hún átt hjá okkur, greyið, ei þó held eg henni, ef til vill, mundi bregða við garminum, að fara í ekki betri samastað ei þar er sagður; en ef eg segði eins og mèr bý í skapi, sýndist mèr rèttast að við hrektum han ekki frá okkur á meðan hún ekki getur unni ofan af fyrir sèr sjálf. Hún er efnileg epti aldri, barnið, en eigi hún nú að komast flækíng og fara í misjafna samastaði, þá he eg verði líkt um hana og suma aðra munaðr leysíngjana, sem missa foreldra sína á úr aldri, og komast á hrakníng mann frá ma enginn leggur rækt við þá, þeir verða afsk til líkams og sálar alla sína æfi.»

«Þetta er nú sannleiki sem þú segir, e hugsaði, Þórdís mín, að þèr þækti nógu r hjá okkur samt, við höfum hennar ekki öðru máli var að gegna meðan hann Þor heitinn lifði, þá varð hún að vera hèr, það væri þúngt að halda hann með ómaj

vissirðu það, að eg vildi vinna það til, heldur en missa hann frá okkur, því ekki var að tala um verkin hans og trúmennskuna — og mesti þrifnaðarmaður á heimili, og aldrei óvinnandi, — annars hefði eg ekki haldið hann með ómaga í sjö ár; eða voru það ekki átta ár, sem hann var hjá okkur?»

«Jú, hún var þriggja vetra hún Sigrún litla, eða á þriðja ári, þegar hann fór til okkar, og nú er hún þetta á það tíunda síðan með slættinum í sumar eð var; en þar sem þú talar um trúmennskuna hans Þorsteins heitins, þá verður aldrei ofsögum af henni sagt, hann reyndist okkur stakur dygðamaður, og við sýnum það þá í verkinu hvað okkur hefir fundizt til handarvikanna hans, ef við rekum hana Sigrúnu litlu frá okkur undir eins og öndin er skroppin úr honum og hann getur ekki lengur slitið sèr út hjá okkur; enda held eg að margur muni segja, að þèr sè mislagðar hendur, þar sem þú leysir hvern vinnustrákinn sem hjá okkur er nokkur ár úr garði með stórgjöfum, en látir þèr farast svo lítilmannlega í þessu.»

«Það er nú meira þèr að kenna að sá vani er kominn á», sagði Sigurður; en húsfreyja lèt dæluna ganga og segir:

«Það munu og nokkrir mæla, að hún Sigrún litla eigi uppá okkur föðurmissirinn, er svo illa

tiltókst að hann dó í ferð með þèr, og víst er um það, að þó að eg fái það aldrei guði fullþakkað, að hann gaf mèr þig aptur heilan á hófi, þá tekur mig samt sárt um dauða Þorsteins, því það hefir aldrei fyr viljað svo hraparlega til í okkar búskap, að maður hafi dáið eins voveiflega frá okkur, og mèr er svo varið, að mèr finnst það heldur hvöt fyrir okkur, að hlynna einhverju góðu að henni Sigrúnu litlu, svo minnisstæðt er mèr það, að guð leiddi þig aptur úr háskanum.»

Um leið og Þórdís sagði þetta, brá hún svuntuhorninu um augu sèr og þagnaði; bóndi sá, að henni vöknaði um augu og segir þá blíðlega:

«Þú veizt það, Þórdís mín, að eg er ekki vanur að taka fram fyrir hendurnar á þèr, í því sem þú vilt gjöra; mèr er ekkert móti skapi að við dveljum framvegis fyrir henni, krakkaskinninu; eg segi þá hreppstjóranum frá því, að hann megi ekki gjöra mèr sveitarútsvar fyrst um sinn; það getur ekki heitið meðgjöf þó eg hafi útsvarið mitt, svo sem í því skyni, að eg skýt skjóli yfir hana, þángað til hún er fær um að gánga í vist.»

«Æ gjörðu það fyrir mig, heillin mín!» sagði húsfreyja, og brýndi raustina, «að láta mig ekki heyra þenna ósóma; mèr er svo varið, að

annaðhvort gjöri eg hlutinn eða gjöri hann ekki; ætlir þú að fara að taka með henni af hreppnum, eða eigi hún að vera hèr í sveitarskyni, þá skal hún ekki vera hèr eina viku lengur en til krossmessu.»

«Hvernig ætlast þú til að hún sè hjá okkur?»

«Það skal eg segja þèr; eg ætlast til að við tökum hana að okkur og breytum eins við hana og við ættum hana, og hrekjum hana ekki frá okkur á meðan hún vill vera; hún hefir verið elsk að mèr síðan hún var svo lítill ángi, og eg veit ekki heldur hvort eg ætti svo hægt með að slíta hana frá mèr; þú manst, að þú hafðir gaman af henni líka, þegar hún var lítil; hún var ætíð svo flýruleg við þig og kallaði þig mömmubabba inn.»

«Jæja, já hún var ætíð skýr og skrýtin, öðrildið að tarna,» sagði Sigurður og brosti við; jæja, það er þá rèttast að við hrekjum hana ekki frá okkur; manstu þegar við lokuðum hana niður í kistlinum hjá kettlingnum, ha! ha! — hún var undir eins svo skynug og skýr, greyið.»

«Hún er það enn, mesta skýrleiks telpa og þar að auki þæg og góðlynd, eg trúi ekki öðru, en að það mætti koma henni til manns, og eins er hún lagleg til handanna, og er þó mesta *minkun að því*, hvað litla rækt eg hef

lagt við að kenna henni nokkuð, en eg ska heita því, að hafa meiri alúð á því; og þó við þyrftum að koma henni einhverstaðar fyrir um tíma, þá er guði svo fyrir þakkandi að við höfum efni á því, enda höfum við ekki fyrir mörgum að hyggja eða fyrir marga saman að draga, fyrst guði mínum góðum þóknaðist að taka þá til sín, sem menn eru vanir að vilja helzt unna þess litla sem maður á.»

Við þessi seinustu orð þagnaði Þórdís um stund, og gat engu orði upp komið fyrir kjökri; bóndi hennar varð þess var og sagði, um leið og hann strauk hendinni um kinn hennar:

«Við skulum ekki minnast á það, gæzkan mín! við fáum að sjá þá aptur í eilífðinni.»

«Verði hans vili,» sagði Þórdís, nokkuð málhressari og strauk tárin úr augunum á sèr, «og fyrst hann blessaður fóstrar þá og annast, svo að þeir ekki þurfa með þessara veraldarmuna, hvað er þá í rauninni rèttara, en að verja því litla sem við eigum fyrir þá, sem hann hefir fengið okkur til fósturs, og þau eru munaðarlausir, er engan eiga að; eða hvað ætli við mundum gjöra betra við þessar reitur en að gefa þær eptir okkar dag einhverjum sem okkur væri hlýlegt til og væri eptir okkar geði, eins og eg vona að hún Sigrún litla yrði?»

«Já, hefði hún verið drengur,» sagði Sig-

urður og dró heldur niðrí sèr, — «en það er ekki fyrir það» hèlt Sigurður áfram ræðunni og tók upp tóbakspontuna sína, leit upp í loptið og sló tappanum á bumbuna á pontunni, «þó það sè lítið sem við eigum, þá mun einhver verða til að þiggja það; þú veizt nú, þórdís mín, að presturinn okkar hefir látið hann Sigurþór sinn heita í höfuðið á okkur, hann mun, ef mig grunar rètt, ætlast til þess, að við víkjum nafninu einhverju vænt' eg.»

«Og eg beiddi hann aldrei, góða mann, að láta heita í höfuðið á mèr; hvort þú hefir gjört það, veit eg ekki.»

«Nei, mèr gat aldrei dottið það í hug; hann mun hafa tekið það upp hjá sjálfum sèr, en hitt er það, að það mun þykja töluverð virðing fyrir okkur hèrna, karl og kerlíngu, að hann, góði maður, hefir látið einka son sinn heita í höfuðið á okkur; og þeir segja það hèrna í sveitinni, að það sè ekki margir, sem hann, karlinn, hefir í sömu hávegum og mig; þeir öfundast nú sumir yfir því,» sagði Sigurður og saug mjög uppí nefið.

«Já, við þekkjum það, hèrna okkar á milli að segja, Sigurður minn, hvernig honum er varið, karlinum, og mig furðar ekki á því, þó hann sè blíðmáll við þig, ef það býr undir að ná í þessar *reitur, sem* við eigum, því ef hann *getur gjört sig allan* að smjöri fyrir einn lítil-

fjörlegan pússunartoll, þá furðar mig ekki á þ
að hann sè blíður ef til einhvers er að vinna
«Já, hvað sem sumir segja um hann, gó
mann, þá hefi eg ekki, þórdís mín, að segja
því, að hann hafi reynt til að fá meira hjá m
en hann hefir átt; það er satt, hann hefir tek
við því, sem eg hefi gefið honum fram yfir, e
hann hefir þá ætíð sagt: «»eg á þetta ekki»
og stúngið því í vasa sinn,» sagði Sigurður, »o
stundum hefir hann þá gefið okkur meira e
því numdi.»

»Það er satt, Sigurður minn, hann hef
stundum vikið okkur smálega, en sá vill ekki eig
fiskinn sem sèr eptir beitunni; og sè svo, a
ekkert búi annað undir vinamálum hans, þ
erum við meiri lánsmenn en sumir aðrir, e
opt hefir mèr dottið hitt í hug, er eg hefi sè
hvað mikið far hann hefir gjört sèr um a
kjassa þig, að til þess yrði refarnir að ver
skornir, að hann á endanum ætlaði sèr að verð
skaðlaus; eða hefir hann aldrei látið þig ráða
að hann eða hans yrðu njótandi að því se
við eigum?»

«Nei,» sagði Sigurður bóndi, »hann he
ekki, það eg man, nunnað að því einu orði, e
hitt hefir hann stundum sagt við mig, að ha
vissi ekki til hvers við værum að búa, barnla
og ómagalaus, það væri rèttast fyrir okkur

fara til sín í húsmennsku, og hafa svosem eina kú í heyjum og nokkrar kindur, og á þann hátt gætum við átt eins náðugt og við vildum.»

«Og rètt segir hann, guðsmaðurinn! en það er ekki víst honum verði kápan úr því klæðinu,» sagði Þórdís, — «en sleppum nú þessu, og svo að eg víki nú málinu aptur að því, sem við vorum að tala um áðan, þá skilst mèr að við sèum ásátt um það, að hrekja ekki hana Sigrúnu litlu frá okkur á meðan hún vill hýrast hjá okkur.»

«Og ekki mun það verða okkur að sundurþykkju, að þú fáir ekki að ráða svo litlu, Þórdís mín, sem að gefa einum únglíng að eta — og ekki skal eg amast við henni, hróinu.»

Í þessu bili heyrðu þau hjónin, að komið var upp á loptið, og þá lètu þau talið falla, en sá, sem upp kom, gengur inn í húsið til þeirra, og var það Sigrún, hún gengur þar að sem Þórdís sat og segir við hana:

«Fóstra mín» — svo var hún vön að kalla hana — «hún Sigga beiddi mig að sækja til þín búrlykilinn, hún er búin að taka ofan pottinn, hún ætlar að setja hann yfir í búrið.»

Þórdís þreifaði í vasa sinn og tók þar lykilinn, og fær Sigrúnu, og segir um leið:

«Hèrna, en komdu inn aptur, eg ætla að tala við þig.»

Sigrún fór, en Þórdís lítur á eptir henni og segir:

«Óvart kemur mèr það, ef ekki liggur fyrir þessari telpu einhver hamíngja, sem okkur er hulin; ekki þykist eg hafa sèð telpu lánlegri á svipinn, en hana, ef nokkuð er að fara eptir því; en nú er bezt að við spyrjum hana, hvort hún vill vera hjá okkur, því vili hún fara frá okkur, krakkinn, og heldur hún muni eiga skárra annarstaðar, þá held eg ekki í hana.»

«Hún ber nú víst ekki mikið skynbragð á það,» sagði bóndi.

«Það er jafngott að víta, hvað hún segir.»

Það stóðst á, að Þórdís hafði sagt þetta, og að Sigrún kom aptur, og var þá rjóð út undir eyru; var það annaðhvort af því, að hún hafði flýtt sèr svo mikið, eður þó heldur af því hún gjörði sèr í hugarlund, að fóstra hennar ætlaði að ávíta hana fyrir eitthvað, sem henni kynni að hafa orðið á. Hún gekk þegjandi innar eptir loptinu og nam staðar við hlið fóstru sinnar, horfði í gaupnir sèr, og stóð þar eins og lamb til slátrunar leiðt. Þórdís leit til hennar nokkuð þurlega, en tekur síðan til orða:

«Sigrún litla,» sagði húsfreyja, «þú hefir nú verið hjá okkur hjónunum síðan þú varst á þriðja árinu; þú hefir hingaðtil verið hèr í skjóli *hans föður* þíns heitins, en nú er hann dáinn,

eins og þú veizt, og okkur hjónunum er ekki skylt að hafa þig lengur; þú átt, það eg veit til, engan að, sem getur tekið þig, og þá liggur ekki annað fyrir þér en að fara á sveitina, eða fara til einhvers, sem vill taka þig í dvöl; viltu í vor fara til hans Jóns á Leiti, þú þekkir hann?» — Í þessu leit hún hálfglottandi framan í Sigurð.

«Ætlar þú að láta mig fara til hans, fóstra mín?» sagði Sigrún, og beygði niður höfuðið.

«Eg læt þig þángað ekki, en þú ert nú munaðarlaus, og það getur verið, að hann vili taka þig til að snúast í kringum kerlínguna sína, eg held hún yrði þá góð, tötrið?»

Sigrún litla hèlt, að þetta mundi vera alvara, að hún ætti að fara frá Hlíð, og fór nú að daprast yfir henni, en tárin tóku að hrynja ofan eptir kinnunum á henni; hún vildi ekki svara já til þess, sem hún var að spurð, en þorði ekki að neita, og sagði því, svo lágt að varla heyrðist, snöktandi:

«Eg veit það ekki.»

«Heldurðu þú getir ekki smátt og smátt vanið þig við, þó lítið verði stundum í askinum þínum?»

Sigrún svaraði engu, og leit þá þórdís framan í hana og sá að hún var öll grátin og gat ekki *komið upp orði* fyrir ekka; þykist hún þá

hafa gjört heldur mikið að verkum, og blíðari í rómi:

«Okkar hjónanna þarftu ekki að sæ það getur þú verið óhrædd um, að e Ingibjörg þig, eins og eg hefi gjört.»

Sigrún svaraði engu, en grúfði andlitið að handleggnum á fóstru si lagði hægri hendina klappandi á herð henni.

«En ef þú ættir kost á,» sagði «vildir þú heldur hýrast hèrna hjá okkur um og þola ljúft og leiðt með okkur? — yrðirðu að vera.»

Sigrún svaraði kjökrandi: «já, fósti og klappaði fóstru sinni aptur á herðar Þórdís hèlt ræðunni áfram:

«Við ætlum þá ekki, skinnið mitt, þig frá okkur fyrst um sinn, en þèr i eins og öðrum, þegar þú eldist og þar ekki lengur með, að þú munt vilja ko okkur.»

«Ónei, fóstra mín góð, eg vil al frá ykkur,» sagði Sigrún, og tók báðum um hálsinn á henni og kysti hana.

«Vertu ekki að vola lengur, garmi þetta var ekki alvara,» sagði Þórdís, «r minn vill ekki hrekja þig hèðan, me

getum gefið þèr eitthvað að borða, kystu hann fyrir það.»

Sigrún gjörði eins og henni var sagt.

«Svona, láttu mig ekki sjá að þú sèrt að gráta lengur, þetta var allt gaman; heldurðu, skinnið mitt, að við viljum missa þig, sem ert svo falleg stúlka; — en fyrst eg hefi nú grætt þig, Rúna litla, þá held eg verði nú að gleðja þig dálítið aptur. Þarna, ljúktu upp kistunni minni» — hún rèttir að henni lykilinn, en tekur sig aptur — «nei, það er bezt eg gjöri það sjálf,» gengur síðan að kistu, sem þar var í loptinu og lýkur henni upp, og tekur þar síðan upp dálítinn skorinn kistil og leitar um hríð fyrir sèr; loks tekur hún samanvafið brèf eitt, þar var í margskonar kvennsilfur; þar voru meðal annars sex ermahnappar, allra mesta gersemi, þeir voru settir gamaldags víravirki, loga-gylltir, og hnappur með þremur laufum.

«Eigðu nú þetta, Rúna mín, eg verð að víkja þèr einhverju um leið og eg ræð þig heima; eg skal geyma þá fyrir þig, þegar þú ert nú búin að skoða þá eins og þèr líkar,» sagði Þórdís, um leið og hún rètti þá að henni.

Sigrún kysti fóstru sína fyrir gjöfina og fór nú skjótt að glaðna yfir henni aptur; leið ekki á löngu áður öll tár voru horfin úr augum

hennar og andlit hennar svo hýrt sem glaðasti vordagur. — Hún var nú lángan tíma að skoða hnappana og hampa þeim, og varð hún að sýna þá hverjum manni, sem var í bænum, og gat ekki slitið þá frá sèr fyr en komið var undir rökkur; fèkk hún þá fóstru sinn þá aptur og bað hana varðveita. Fleira gjörðist ekki til tíðinda þann dag, og endaði hann þannig með gleði og kæti fyrir Sigrúnu litlu.

FIMTI KAPÍTULI.

Gaman, gaman, gleðjumst nú!
gott er að koma á prófasts bú.
J. H.

Þegar menn lesa sögur, er það gömul og góð venja, að lesarinn staldri ögn við, þegar kapítulaskipti verða, og áður en hann leggur út í hinn næsta kapítula, ljúki af hinum bráðustu nauðsynjum sínum, til að mynda: að hósta ræskja sig, taka í nefið; en heyrendur orðsins tala þá á meðan um efni sögunnar og sögumennina, lofa hreysti þeirra og afreksverk, og gizka á hvað fyrir þeim muni liggja það eptir er æfinnar. Eg efast ekki um, lesari góður! að

þú hafir hafi þessa reglu, og staldrað dálítið við, þegar kapítulaskiptin urðu síðast; en eg vildi óska, að viðstaðan hefði að þessu sinni orðið í lengra lagi, svo að þú gætir betur ímyndað þèr hvað lángt er frá því, að þú skildir við sögumennina í seinasta kapítulanum hèr að framan, þángað til þú hittir þá aptur í þessum kapítula. það eru sumsè liðin sjö ár síðan, og þú verður að meðtaka það með trúnni sem sannleika. Á þessum sjö árum gjörðust í heiminum stór tíðindi, en vèr skeytum ekki öðru en því, sem kemur við söguna, og getum að eins þeirra atburða, sem snerta þá menn, sem hún er af gjör.

það er þá fyrst að segja, að á þessu tímabili varð prófasta skipti þar í sýslu, kusu þá nokkrir prestar sèra Sigvalda Árnason á Stað; var hann nærri orðinn prófastur og þjónaði því embætti svo sem settur þrjá mánuði, tvær vikur og tvo daga, en svo atvikaðist samt, að ekki öðlaðist hann þá tign; látum vèr oss litlu varða hverjar orsakir til voru, enda höfum vèr fáar sögur um embættisstörf sèra Sigvalda eður hlutteknìng hans í alþýðlegum málum, því ekki er hans getið í Eptirmælum átjándu aldar eða Árbókum Espólíns, eða kirkjusögum þeirra Finns eða Pèturs; nema það sè sá hinn sami sem nefndur er prestur til Holts; en það getur varla verið, því eptir þeim annál, sem vèr höfum fyrir

oss, var sèra Sigvaldi Árnason á Stað aldrei prestur að Holti, og það verðum vèr að hafa fyrir satt, þar til vèr sjáum glögglega grein fyrir, að hann hafi nokkurn tíma annarstaðar verið.

Að Hlíð urðu á þessum árum þau umskipti, að Sigurður bóndi hafði tekið að velli gömlu baðstofuna, og reist hana af nýju, og má það óhætt telja einhver hin mestu tíðindi, sem orðið geta á bóndabæ; að öðru leyti stóðu þar allir steinar í stèttum og allt fór þar fram á venjulegan hátt. — En þótt að þetta hvorttveggja, sem vèr nú höfum talið, sè harðla merkilegt, höfum vèr samt mestar frèttir að segja af Sigrúnu Þorsteinsdóttur. Hún hafði á þessum sjö árum tekið svo miklum og margbreyttum umskiptum og framförum, að lesarinn getur varla þekkt hana aptur. Þar sem vèr hættum að segja frá henni í seinasta kapítula, var hún munaðarlaus tíu vetra gamall únglíngur, en nú er hún orðin gjafvaxta og göfug heimasæta. Að vexti var hún orðin svo þroskuð sem meðalstúlkur, þær er náð hafa tvítugs aldri. Hún var í hærra lagi meðal-kvennmaður, rèttvaxin og herðabreið, miðmjó og brjóstamikil, útlimagrönn og fótsmá, handstutt, en höndin fremur holdug, svo að þegar hún rètti hendina, myndu*ðust* smábollar fyrir hnúunum, fíngurnir voru *stuttir og* þó jafnt framdregnir, og svo hvíti

sem nýfallinn snjór, neglurnar litlar og gagnsæjar. Sigrún var fríð kona yfirlitum og nokkuð toginleit, hver hluti andlitsins var fagur; ennið miðlúngi hátt, nefið rètt eins og það hefði verið höggið í marmara í Apenuborg, löngu fyrir Krists burð, af myndasmiðum; munnurinn smár og varirnar fram standandi; tennurnar jafnar og hvítar, lágar og breiðar; hakan lítil og hvít, með ofurlitlu skarði í. Augu hafði hún svartblá og heldur í stærra lagi. Yfirliturinn var hraustlegur og skiptist fagurlega. En þó að sèrhvað í andliti Sigrúnar væri mjög svo fagurlega myndað, mundi enginn hafa orðlagt fríðleik hennar, ef það hefði ekki aukið á fegurð hennar, hversu allt í andlitinu samsvaraði hvað öðru, og svo vöxtur og hár, og hvað svipurinn var hýrlegur, viðfeldinn, fjörugur og blíður; það var og eitt, sem mest prýðir hvern kvennmann, að hún hafði svo mikið hár, að það tók ofan fyrir knè er hún stóð upprètt, og vel gat hún flèttað það og brugðið flèttunum um mitti sèr svo að saman næði, en þá var eigi sá siður að fjötra fagra lokka, heldur láta þá leika sèr lausa. Eins og Sigrún hafði tekið framförum að vexti og vænleik, eins hafði henni fleygt fram í allri kunnáttu og kvennlegum þróttum. Frá því, að þau hjónin í Hlíð urðu ísátt um að taka *Sigrúnu* að sèr, hafði Þórdís

lagt alla stund á að manna hana, kenndi hún henni sauma og matreiðslu, sem tíðkast á bóndabæjum, og með því að Sigrún var bæði góðum gáfum gædd, og á hinn bóginn hlýðin og ráðþæg við fóstru sína, kom svo, að hún fèkk þær framfarir í þessu, að hún þókti um flest jafnoki heldri bænda-dætra, eður meira. En eptir því sem þórdís sá, hversu vel henni heppnaðist að menta Sigrúnu, eptir því lagði hún meiri alúð við að frama hana í öllu, og festi jafnframt svo mikla ást á henni, að hún gat varla af henni sèð stundu lengur; lèt hún hana nú jafnan vera sèr við hönd, en hlífði henni við öllum stritverkum, nema þegar eitthvað þurfti fljótlega til að taka, en hèlt hana jafnan sæmilega í klæðum, enda var Sigrúnu eins varið og flestum úngum stúlkum, þeim er hafa fengið þá hugmynd kvenna, að þær muni ekki vera í tölu hinna ófríðustu, að hún hafði gaman af að snotra klæði sín og láta þau fara laglega, sèrílagi á mannfundum; var hún þá jafnan á íslenzkum búnaði vönduðum, sem fóstra hennar hafði gefið henni. Hvern dag var hún svo búin, að hún var í vaðmálspilsi bláu, skósíðu, klæðisupphlut dökkum með silfurmylnum á, reimuðum saman að framanverðu; þar utan yfir var hún í prjónapeisu blárri, nærfeldri, og var að framan krækt með krókapörum, en þó voru nokkur, er

hún sjaldan kræktí, það voru þrjú efstu pörin, annaðhvort af því hún þoldi ekki að þrengja svo að sèr, eða hitt, að henni þókti ekkert að, þó brjóstin tæki sig sem bezt út að unnt var; hún hafði dökkbláa húfu á höfði með svörtum silkiskúf, sem jafnan fèll ofan með hægri vánga hennar og nam við öxlina. Hárið lèt hún optast leika laust niður um herðarnar, en stundum brá hún á það lykkju upp undir húfuna að aptanverðu, og fèll þá tvöföld lykkjan ofan um herðarnar. Það var tvennt, sem þórdísi húsfreyju þókti vanta á mentun og kunnáttu Sigrúnar fóstru sinnar, svo að hún væri eins vel að sèr í öllu því, sem þá var tíðkanlegt að kenna úngum stúlkum, þeim er kallaðar voru góðir kostir; það var eitt, að hún kunni ekki pellsaum og blómsturssaum og útsaum, og hitt annað, að hún kunni ekki að draga til stafs; þetta treysti þórdís sèr ekki til að kenna henni til fullnustu, og með því engir bæir voru þeir þar í grennd, er svo stæði á, að þessar listir yrði numdar þar, nema á prestsetrinu Stað, tóku þau hjón það ráð, að koma henni þángað um tíma til prestkonu, er var annáluð fyrir hannyrðir og bókmentir, og þareð allgóð vinátta var með því Hlíðarfólki og prestkonu, var máli þessu vel tekið, og skyldi Sigrún fara að staðnum um aðventuleytið og vera þar fram á vorið, eða svo lengi sem þurfa

þækti; var hún flutt þángað á ákveðnum tíma o, var þegar sett við sauma.

En nú verðum vèr að geta þeirra manna sem þá voru á staðnum, og lýsa þeim fyri lesendunum; vonum vèr þá að þeir þekkis betur af sögunni. Fyrst skal frægan telja, og það er prestur, hann hèt sèra Sigvaldi Árnason, eins og áður er greint. Sèra Sigvaldi hafði lært í Hólaskóla og var útskrifaður þaðan árið 17. .; sama ár var hann vígður, gjörðist hann fyrst aðstoðarprestur hjá föður sínum og hèlt því embætti þar til faðir hans andaðist árið 17 . .; var honum þá veitt brauðið að Stað, og gengu um það ymsar sögur, með hverjum atburðum það hafði orðið. Aldrei þókti sèra Sigvaldi neinn afburða kennimaður, enda sögðu kunnugir hann fremur æfa sig í að lesa ræður, með hvaða hönd sem þær væri ritaðar, en í því, að semja þær sjálfur; að öðru leyti var hann allárvakur í prestsembættinu, og húsvitjaði næstum hvert ár; en sá var munur hans og annara presta um þær mundir, að hann lèt aldrei neinn mann skjótast undan fræðalestri fyrir brennivínspela, því slíkar syndir verða ekki afþvegnar, sagði hann, nema með þriggja pela flösku eða heilu ríkisorti að minnsta kosti. Sigvaldi prestur var maður vel auðugur af jörðum *og lausafè*, og öllu sem til bús heyrir, nema *bókum*; af þeim var hann ekki ríkari en millur

gángs og bjargálna. Hann átti nauðsynlegustu
lestrabækur og Biblíu og Nýjatestament, en
öibækurnar voru ekki til í hans eigu aðrar
gamall Núkleus, skrifaður Dónat og fáeinar
agamlar skólaskruddur, eða rèttara sagt mið-
ykkið úr þeim, því á flestar vantaði bæði
lknin og sporðinn. Nú þótt að sèra Sigvaldi
orki væri neitt afbragð í stólnum eður stundaði
jög bókmentir, luku samt allir upp sama
unni um hann, að ekki þyrfti að frýja mannin-
m vits, og þá er hann átti í skiptum við
ra menn, vannst honum optast á við þá, er
tu fleiri bækur en hann, einkum ef um fè eða
rð var að deila. Hann var maður blíðmáll,
kallaði jafnan þá, er hann átti í tali við, «vin»
nn, en ef það var kona, sagði hann jafnan
júfa». Sigvaldi prestur var maður lágur vexti
þrekvaxinn. Á yngri árum hafði hann verið
s á háralit og rauður á kampa. Nú var hann
öinn sköllóttur næsta, en kamparnir stóðu
tir og þó harðla gráir fyrir hærum. Hann
r grannleitur og föllleitur, varaþunnur og
fbjúgur, og um flest heldur óálitlegur, nema
augnanna, þau voru dökkblá og all-snarleg og
föu átt betur við að sitja í einhverju öðru
föi, hefði ekki nokkurskonar lymsku svipur
iaið út úr þeim. Kona Sigvalda prests hèt
einunn; *hún var nær því* fimmtíu ára gömul;

það var góð kona og hæglát og vel að sèr um flest. Hún hafði á yngri árum verið fríð sýnum. Hálfbróður átti hún, þann er Þórarinn hèt, og var þeirra svo mikill aldursmunur, að hann var að eins tuttugu og tveggja ára. Þórarinn hafði alizt upp hjá mági sínum sèra Sigvalda, tók hann við arfi hans, og lèt setja Þórarinn til menta í Hólaskóla; dvaldi hann þar fimm vetur og var nú útskrifaður; fór hann þá heim til mágs síns og var með honum þenna vetur, og var það almæli, að sèra Sigvaldi mundi taka hann fyrir aðstoðarprest þá er hann hefði aldur til fengið. Þórarinn var fríður maður sýnum, hár maður vexti og þrekinn að því skapi, rèttleitur og breiðleitur, svartur á hár og dökkbrýnn, munnfríður og nokkuð nefstór og þó rèttnefjaður, hann var fagureygur, rjóður í kinnum og að öllu hinn mannvænlegasti. Þórarinn var maður einarðlegur, þó fálátur nokkuð og seintekinn þeim er honum voru ókunnugir, en ræðinn og alúðlegur við alla þá, er tóku að kynnast honum. Hann var glaðvær og smáskemtinn, en þó fáskiptinn á heimili; þótti hann jafnan koma fram til góðs, ef hann hlutaðist til um nokkuð. — Þar á staðnum var stúlka ein, sem Guðrún hèt og var bróðurdóttir prests, hafði faðir hennar verið lögrèttumaður, en að móðurinni var hún ættuð úr Hrútafirði.

ıðrún var uppfóstruð á Staðarbakka, hjá presti
im er þar var, en er hann deyði var hún
er tvítugu; fór hún þá vistferlum til sèra Sig-
lda og tók hann um leið við fjárforráðum
ınnar, því hún átti eignir nokkrar þar nyrðra,
ş var hún síðan á staðnum, og með því kona
èra Sigvalda var farin að eldast, og hafði aldrei
erið mikið löguð fyrir búskap, gjörðist Guðrún
iðskona þar á staðnum og þókti jafnan ötul og
ısk, og fyrir þá orsök var hún í miklum dá-
ıkum hjá sèra Sigvalda, er hann var búsýslu-
ıaður mikill. Guðrún hafði á yngri árum verið
lin með fríðari konum, og þó að hún væri nú
)min yfir þrítugt, og farin að fella fegursta
skubrumið, varð þó ekki annað sagt, en að
in ennþá væri fulleiguleg kona, nema hvað
ıxtinn snerti, hann var fremur óliðlegur, er
in var öll jafndigur og nokkuð luraleg á velli;
in var fótstór og óliðleg til handanna og hend-
nar jafnan rauðar og sem bólgnar væri.
ınníngarnöfn átti Guðrún sèr, og var hún
ıíst kölluð Staða-Gunna eða Presta-Gunna, og
' það dregið af því, að hún hafði jafnan
ið á stöðum og hjá prestum.

Eptir að vèr nú stuttlega höfum getið hinna
ztu manna, sem voru á prestsetrinu, þykjumst
ekki geta leiðt hjá oss að drepa nokkuð á
ıaskipun á staðnum, því það er stundum eins

nauðsynlegt fyrir lesanda að þekkja vel
og leg þeirra staða, þar sem sagan gjöri
og að þekkja sögumennina sjálfa. Staðu
allvel húsaður, eptir því sem þá var tíðl
hèr. Húsin voru að sönnu flestöll orðin
uð forn, og sèra Sigvaldi hafði látið reis
fyrstu prestskapar-árum sínum, en öll v
þó vel stæðileg, því þau höfðu verið
góðum efnum, enda var það þá tíðska,
hús sterk og rambygð og meira löguð
inda en til fegurðar einnar, sem nú á tí
tíðara. Bæjardyrnar sneru gegn hásu
höfðu menn það fyrir víst dagsmark, a
sólargeislann lagði inn um dyrnar og
mölunarkvörn, þá er stóð hægra megin
dyrum, að þá væri rètt hádegi. Fyrir b
um var standþil sterklegt, og í bæjarl
stór koparhringur, sem tekið var í þe
skyldi eða upp ljúka; þvers fyrir ofan
að utanverðu var felld dyrafjöl, stóð þar
með rómverskum tölustöfum ártalið, na
inn hafði verið reistur síðast. Uppá bæ
inni stóð stöng, á að gizka álnar há,
var veðurviti, það var spjald lítið, er
um járnmöndul, sem var efst upp úr st
spjaldið var gagnskorið og innaní naf
skammstafað. Spjaldið snerist eptir
tísti hátt í þegar hvast var, og sögðu

að fè væri jafnan fóstra líkt, því spjaldið hefði ama tónunarlag sem prestur», og drógu það af því, að sèra Sigvaldi var veikraddaður. Bæjaranddyrið var hèrumbil 5 álna lángt frá útidyrum, frá því gengu dyr til beggja handa: voru aðrar að stofu; hún var í þremur stafgólfum. Á þeirri hlið stofunnar, sem sneri út að hlaðinu og til suðuráttar, voru tveir glergluggar, og þar undir stóð stórt borð og sinn stóll hvorum megin, með leðursetum. Bakhluti stólanna var mjög hár, og mundi hafa tekið hverjum meðalmanni í hnakkagróf, er hann sat; fyrir gaflinum í stofunni var skápur stór opinn, í hann var raðað ýmislegum borðbúnaði úr tini og leiri. Að norðanverðu í stofunni hèngu tvð myndaspjöld, og fyrir miðjum vegg sama megin stóð dragkista ein mikil úr eik, og tók nær því upp undir loptið; fyrir framan dragkistuna stóð stór stakista, og fremst í horninu var skápur læstur. Innum megin úr anddyrinu var inngángur til kálahúss; það var og í þremur stafgólfum; að var og þiljað, en ekkert fjalagólf í, og á eirri hliðinni, sem vissi út að hlaði, voru okkrir kríngláttir skjágluggar. Í skálahúsinu váfu vinnumenn prests, og var rúmum þeirra kipað þar með báðum hliðum. Inn frá anddyrnu, og beina stefnu úr bæjardyrum, lágu göngin, g var skammt *að gánga* þar til að komu sínar

dyr á hvorja hönd, gengu aðrar að
aðrar að eldhúsi, er þar voru hvort á m
Hèrumbil fjórar álnir fyrir innan þes
þrutu göngin. Baðstofan var stórt hús, þ
og allsnotur. Á gólfinu var vefstaður
baðstofudyrum, og í öðrum enda baðs
hinnar vinstri handar, var gestaherbergi
tvær hvílur; en í hinum endanum var
í tveimur stafgólfum, vel þiljað. Það ha
ætlað fyrir svefnherbergi fyrir gesti, þá
í heldri manna röð, og voru þar tvö r
þá hafði þórarinn, mágur sèra Sigval
aðsetur sitt, og svaf þar um nætur.
endi baðstofuloptsins var ætlaður fyrir vi
og sat það þar á kvöldum við vinnu, en g
sváfu þar einar á nóttum, en vinnumenn
Í hinum enda baðstofunnar var fyrst hús
einu stafgólfi, og voru í því tvö rúm, sitt
megin; í öðru svaf Guðrún ráðskona, e
sváfu sjaldan nokkrir, nema við og við
konur; í því var Sigrún látin sofa me
var á staðnum. Innar af þessu húsi va
herbergi, það var á að gizka hálfu st
hið fyrra; það var herbergi þeirra hjón
voru tvö rúm, sitt við hvora hlið og
skammt á milli, því annað stóð sem
verða mátti, sunnan til í loptinu, en hi

inu náði út að stafnglugga þeim, sem á var stofunni. Fyrir framan höfðalagið á þessu ıi, og rètt undir glugganum, stóð dálítið borð, kammt frá rúminu. Þegar sèra Sigvaldi var skrifa, sat hann á stól hinum megin borðs-; en optast, er hann var í baðstofu, var nn vanur að sitja á rúmi sínu og halla sèr ndum upp að höfðalaginu og reykja af tó-kspípu, en fyrir framan hann á borðið var lt glóðarker, og kveikti hann þar við í pípu mi er hann þurfti, og til þess að presfur því tur gæti talað við komumenn eður aðra, sem nn vildi ræða við, var við fótabrík rúmsins tur stóll, og þar á ofan lögð flos-sessa, er gestir ldu sitja á. Engin hurð var fyrir dyrum m, sem voru á millum herbergjanna. Í fyrstu 'ði þó verið þar hurð á járnum, en einhvern-a bar svo við, að skráin geggjaðist og lykillinn dist, og fórst það jafnan fyrir að við það ri gjört; var hurðin síðan svona skráarlaus hríð, en loks lèt prestur með öllu taka ıa í burt og bar það fyrir, að kötturinn hlypi um nætur milli herbergjanna og skelldi þá ·öinni svo hart, er hann træðist út eða inn dyrnar, að hann gjörði þeim, sem sváfi þar erbergjunum, hið mesta ónæði.

Það var venja þar á staðnum á vetrum, að jafn-var sofið *í rökkrum nokkra* stund, fram yfir dag-

setur eða lengur og lá þá hver í sínu rúmi. Prestkona var svefnstygg mjög, og var hún því vön að leggja sig útaf niðri í húsi bróður síns, þókti henni trúrra um, að hún heyrði þar ekki neinn hávaða á meðan hún væri að festa svefninn, heldur en ef hún svæfi uppá loptinu. Sigrún var og vön rökkursvefni, og lagðist hún jafnan í rökkrinu sem aðrir í rúm sitt í fremra loptherberginu. Það var eitt kvöld, fám dögum eptir að hún var komin að staðnum, að hún hafði lagt sig þar útaf. Allir fram í baðstofunni voru fast sofnaðir og hrutu. Sigrún grúfði sig niður í rúmið, og hafði breitt brekánið ofan á sig og snerist til veggjar og reyndi til að sofna. Guðrún sat enn inni í húsi þeirra hjóna, en prestur gekk þar um gólf og reykti, en húsfreyja var gengin að venju að sofa niðri í húsi og var þá vel hálfrokkið. Sigrún getur nú fyrst um sinn ekki fest svefn, og líður svo nokkur stund, að hún liggur vakandi; tekur hún þá eptir því, að prestur gengur fram í húsdyrnar og stendur þar við um stund, og þykir henni því líkast sem hann hlusti eptir nokkrú, en síðan gengur hann innar í húsið og sezt á rúm sitt, en Guðrún ráðskona situr þar á stól fyrir framan rúmið; heyrir Sigrún þá, að þau prestur og Guðrún taka tal saman, og þó lágt. Sigrúnu var eins varið og mörgum öðrum, að hún hafði nokkurn

efil af forvitni og fýsir hana að heyra, hvað
ræðu efnið muni vera. Henni dettur það þá
ug, að hún hafði tekið eptir því, að úr þilinu
ð höfðalag hennar var fallin dálítil fjöl, og
óð rifan eptir opin, hún ýtir sèr nú hægt og
ægt að rifunni og leggur eyrað við hana, en
ó ekki væri talað hærra en í hálfum hljóðum,
eyrir hún samt öll orðaskil og samhengi þess
em talað er, og var það upphaf ræðunnar, að
restur segir við Guðrúnu:

«Sofa allir hèrna fram á loptinu systir?»

«Það heyrist mèr, bróðir minn góður,»
agði ráðskona.

«Hum, hum», sagði prestur, og eins hún
arna Hlíðarpíkan fram í húsinu?»

«Og það held eg, ekki heyrist mèr betur,»
varaði ráðskona.

«Eg verð þá, Guðrún systir, að segja þèr
èttir af því, sem eg einhvern tíma hefi minnzt
við þig; við Þórarinn minn áttum nú í fyrsta
kipti tal saman í gær um hitt.»

«Já, já, og hvað sagði hann,» sagði ráðs-
ona nokkuð þurleg.»

«Við sátum lengi tveir einir fram í stofu
g töluðum fyrst svona á víð og dreif, — hum,
um, er glóðarkerið hèrna? — og seinast hnè
eðan að því, sem eg opt hefi ætlað mèr að
la um *við hann; eg lèt* hann ráða í hvers

hann kynni að mega vænta, ef hann vildi fa
að mínum ráðum; sumsè að eg mundi ek
vera ófús á, að taka mèr hann fyrir kapilán o
fá honum helmíng hèrna af staðnum til ábúðar
allt að þriðjúngi af öllum föstum tekjum, o
fyrir extraverk eptir samkomulagi, þó með þv
skilyrði, að hann reyndist mèr sem hlýðinn o
auðsveipur sonur, — hum, hum! — og ætti þ
stúlku sem mèr væri ekki á móti skapi, efna
góða, honum að öllu samboðna, ráðsetta og
reynda — hum, hum, taktu eptir! — utan
húss og innan, í hverju sem er; eg þarf ekki að
segja þèr við hverja eg átti; það hefir lengi
verið hugur minn að koma því svo í kríng, að
þú fengir viðunanlega giptíngu, þegar þú fer úr
mínum húsum.»

Guðrún saug uppí nefið og mælti: «já, þèr
hafið nú lofað mèr því fyrri, og hvernig tók
hann undir? — fálega.»

«Þetta kom, eins og þá getur nærri, flatt
uppá hann — hum, hum! — hann tók þó al
engu og játaði heldur ekki neinu, en engin
eik fellur við fyrsta högg; eg bauð honum að
láta þetta vera svona fyrst um sinn, hann skyldi
hugsa sig um, en þó yrði allt að vera skellt og
fellt fyrir fardaga í vor, sökum jarðarinnar, e
hann hugsaði uppá búskap í ár; eg er farinn
að letjast að þjóna þessu örðuga, vesæla og mèr

mörgu tilliti óhallkvæma brauði — hum, hum! - og því sagði eg honum, að eg hefði ásett ıèr að fresta því ekki lengur, að taka einhvern ;eðfeldan mann mèr til aðstoðar; sjálfsagt lèti ;g hann njóta þess fremur en aðra vandalausa, :f hann vildi fylgja mínum ráðum, en hann ıröi að segja annaðhvort af eða á í seinasta ıgi fyrir Messur, — hum, hum! —»

«Nú, eg kalla hann eigi þá að fá nægan ımhugsunartímann, fyrst þetta á að bíða fram i miðt sumar,» sagði Guðrún, og þó nokkuð)urlega, «mèr hefði sýnzt, að hann gæti bráð- ım sagt annaðhvort, og þèr jafnvel, bróðir ninn! skipað honum það.»

«Vertu þolinmóð, systir góð! flas er ekki il fagnaðar; eg hefi skoðað þetta allt vel — ıum, hum! — eg þekki þórarinn mág, og hvern- g hann er skapi farinn, það tjáir ekki að beita ıörku við hann, hann er þrár, þybbinn ef ;eyst er farið að honum; hann lætur opt til eiðast með góðu; hann vill athuga sjálfur hvað ıann gjörir, áður en hann framkvæmir; en ef nig grunar rètt, þá mun sú raunin á verða, að ıann á endanum gengur ljúft að öllu; hann nun sjá hvers hann fer á mis, ef hann hafnar ıví, sem hann á kost á, og hvað er í aðra hönd :f hann vill fylgja mínum ráðum, tekur hèr við)g á *þig; en skoða þú* nú til, systir, viljugan

er hvern bezt að kaupa, við vinnum þetta laginu — hum, hum! — hinu er beitt, ef á að halda, hum, hum!»

«Þèr sögðuð það líka um árið, viti m(þegar það kom til orða um okkur Jón, en hv ig fór, það drógst og drógst og beið og b og þèr ætluðuð að vinna hann með lag og seinast varð ekki neitt úr neinu, einsog (var heldur við að búast, þegar aðrir fengu t til að komast í brauðið.»

«Annað mál var það,» sagði prestur, «h átti aldrei að vera annað en varaskeifa, hverjum var það að kenna að það dróg sundur? þú varst aldrei áfram um það að hann, með fleiri ógreindum orsökum — ! hum!»

«Eg hefði þó átt hann á endanum h(og hvernig fer nú, ef þórarinn þakkar fyrir góð boð?»

«Hum, hum, hvar er glóðarkerið? — óhrædd systir, þetta fer öðruvísi en þú eg tók þórarinn minn þegar hann var árinu; eg hefi kennt honum að hlýða, er ekki ofsögum sagt þó eg segi: hann er, á hann mèr að þakka.»

«Og það held eg sè óhætt að segj hafið þèr upp á hann kostað, ætli þ *svo?*»

«Ójú, það væri samtals nokkrir skildíngar, ım, hum! — ef eg reiknaði það; eg hefi það nhverstaðar hjá mèr ógleymt; fyrst upp-.dið, þar næst meðgjöf með honum i heima-kóla í tvo vetur, 10 krónur hvort ár og 10 jórðúngar smjörs.»

«Og hvað var hann lengi í skóla?»

«Það voru fjórir vetur, þar gaf eg með honum rlega 6 sauði gamla og tíu fjórðúngana, *item* alsvert til bóka, hestafóður, föt og sèrhvað, ð ótöldu ymsu smálegu, allvæn reiðtýgi, *item* másendíngar og lítilræði í hans skyni til hús-rúarinnar með meiru — hum, hum! Fyrir eglu sakir hefi eg það allt uppskrifað vona eg, n ekki af því að eg ætli að láta hann borga nèr það aptur, sem eg hefi til hans kostað, ef ann hallar sèr hèr að og á þig, að öðrum osti skal hann verða að borga mèr hvern eníng, en hvar á hann að taka það, hróið, láfátækur maður, eða sýnist þèr það ósann-jarnt?»

«Nei, það held eg engum geti sýnzt.»

«Sèr þú þá ekki, systir, að honum er auðugur einn kostur að gánga að því sem eg ýð — en hver er þarna að rumska fyrir fram-n? — mèr heyrist einhver vera vakandi.»

«Ónei, það er Hlíðarstelpan, hún lætur vona í *svefninum; verður* hún hèr lengi?»

«Fram yfir sumarmálin held eg, kon mín hefir tekið hana; þau Hlíðarhjónin ha beðið að lofa henni að vera hèr um tím hvernig fellur þèr hún í geð!»

«Eg skipti mèr ekki af henni, eg sè hú situr þarna hjá húsmóðurinni eins og uppstrok inn köttur og tekur ekki hendi sinni til neins, nema að fitla eitthvað við sauma, það er nú lag á því!»

«Hún fór hingað til þess að komast eitthvað niður í þesshättar, mèr var samt, satt að segja, ekkert um hèrveru hennar, þó það yrði svo að vera, fyrst þau mæltust till þess; því er svo varið, að eg má ekki afsegja þeim Hlíðarhjónum um það, sem þau mælast til.»

«Eg hefi sèð það fyrri, að þèr viljið ekki gjöra þeim mikið til miska.»

«Ójá, það hefir verið fremur hlýlegt milli mín og Hlíðarfólksins,» sagði prestur, og lèt eins og hann vildi eyða þessari umræðu, «sèrlagi hans Sigurðar míns og mín. Monsèr Sigurður er ætíð dáindis karl, hann geldur ætíð reiðilega tíundir og ljóstollinn, í ull og tólg, eða öðrum góðum aurum; *item* offur í góðu lagi, — hum, hum!»

«Það eru nú fleiri, sem standa í skilum við yður, og hafið þèr þá samt ekki í öðrum eins *hávegum* og dekri og það Hlíðarfólk; eg hefi

lrei getað skilið í þeirri vináttu!» sagði
iðrún.

«Sèrhvað á sína orsök, það getur verið
èr hafi einhverntíma dottið fleira en eitt í hug,
ystir; það stendur svo á því, eg verð að viðra
au upp, hver veit nema eg eða mínir einhvern-
ma kynni að geta haft einhvern hag af því,
egar fram líða stundir.

«Hvernig þá? hvað eigið þèr við?»

«Eg segi þèr ekki frá því núna — rèttu
ièr glóðarkerið, systir! svona, það er lifandi; —
au eru vel efnuð, *item* er mèr grunur á, að
lonsèr Sigurður minn lumi á nokkrum skildíng-
m, og svo eiga þau þenna jarðarpart.»

«Já, þetta veit eg nú,» sagði Gurðrún.

«Og barnlaus, ljúfa, eiga enga erfíngja
ema bláfátæka útarfa, sem lítið hafa að gjöra
ieð penínga eða jarðir; mèr hefir dottið í hug,
) það gæti lánast að þau arfleiddi drenginn
inn Sigga minn, og því heitir hann í höfuðið á
eim Sigurði og Þórdísi, eins og þú veizt, systir.»

«Heitir hann ekki raunar eptir Sigurði sæla
a okkar, og Þóru ömmu okkar?»

«Það getur verið að svo hafi í fyrstu verið
ætlað, en ekki vita þau hjónin í Hlíð annað,
i hann heiti í höfuðið á þeim. Nú hefi eg
gt þèr hvernig í öllu liggur; það er þetta
ennt, *sem eg ætla* að koma í kring áður en

eg skil hèr við: að hann Sigþór minn gæti or
ið aðnjótandi reitanna þeirra þar í Hlíð, þ
þá hefir hann heldur eitthvað að að hverfa m
þessu litla sem hèr er til, og að sjá þèr borgi
að þú fengir viðunanlega giptíng — hum, hun
sem eg álít vera, ef þórarinn mágur minn á þi
það getur orðið vænn og duglegur maður
honum, og eg ann þèr þess vel fyrir lánga
holla þjónustu — hum, hum! — og frændska
en nú látum við þetta vera svona að sinni, e
það þykist eg vita að þú reynir til svona heldu
að hæna hann að þèr — hum, hum! — o
þarf þèr ekki ráð að kenna, kvennþjóð; eð
hvernig er hann í viðmóti við þig? — ljáðu
mèr glóðarkerið.»

«Hèrna! — hann er þur, skelfilega þur.»

«Þú verður að viðra þig npp við hann,
item, það er sömuleiðis, komdu þèr við hann
þórarinn mág minn, hann er eins og aðrir,
gláðvær í rökkrunum; — en nú held eg sè
bezt þú farir að kveikja, eg heyri þær eru vakn-
aðar stúlkurnar fram á loptinu.»

Við þetta lètu þau talið niður falla; Guð-
rún ráðskona gekk fram á lopt og tók að kveikja
og bar síðan ljós inn í herbergi þeirra hjóna
Sigrún hafði ekki sofnað í þessu rökkri, en e
Guðrún gekk um húsið lèt hún sem svefnlegast
og grunaði Guðrúnu ekki, að hún hafði heyr

viðtal þeirra prests, enda gat Sigrún þess ekki við nokkurn, hvers hún hafði orðið áskynja.

SJÖTTI KAPÍTULI.

Fyrst er sjón og svo er tal,
svo kemur hýrlegt auga;
þarnæst ástar fagurt fal
Freyju hefst við bauga.
S. P.

Það bar til einn morgun, skömmu eptir viðtal þeirra prests og Guðrúnar, að prestur rís snemma úr rekkju og lætur söðla hest sinn, og ríður að bæ einum þar í sóknum að þjónusta gamalmenni nokkurt. Guðrún ráðskona var enn niðri við búverk, en húsfreyja var sezt við sauma á rúmi sínu og var enginn þar í húsinu nema hún og Sigrún. Sigrún var nýlega komin á fætur. Henni voru ekki ætluð nein ullarverk eða innanbæjarstörf, og var hún því ekki vön að rísa fyr úr rekkju en undir það að saumabjart fór að verða. Hún sat á stól við höfðalag á rúmi húsfreyju, nálægt glugga þeim er þar var á baðstofuhliðinni *og lèt húsfreyja* hana sitja þar,

fyrir þá sök, að hún vildi hafa hana sem næst sèr, svo að hún við og við gæti litið eptir því, hvernig henni færist úr hendi það sem hún var að láta hana sauma, og sagt henni til þess er henni þurfa þókti. Þær prestkonan og Sigrún voru allkátar, og ræddust við um hitt og þetta og bar margt á góma. Þess er getið hèr að framan, að Sigrún var hverri konu fríðari og vænni að vexti og yfirlitum. En þó að hún jafnan væri fríð, leit hún nú samt að þessu sinni svo út, sem hún væri lángtum fegri og gjörfuglegri en hversdagslega. Í drápu þeirri, er hinn blindi bragsmiður Hómer hefir ort um Ódysseif konúng borgabrjót, segir svo frá, að jafnan er Ódysseifur konúngur kom á mannamót nokkur, eður þar sem fyrir voru gjafvaxta meyjar eða heldri manna konur, steypti gyðjan Aþena yfir hann mikilli fegurð, og gjörði hann jafnan stærri og mannborlegri en hann átti að sèr, svo að menn fengi þokka á honum, greiddi erindi hans og gjörði farir hans góðar. Ekki er ólíklegt að svo hafi verið, að Sigrún hafi átt að eitthvert verndargoð, er á líkan hátt og Aþena hafi aukið fegurð hennar ef á lá; þó höfum vèr þess ekki sannar sögur, og sýnist oss því rèttara að telja þær orsakir, er vèr hyggjum að verið hafi til þess, að hún að þessu *sinni virtist* að vera fegri og fríðari en hún var

ón að vera. Það er þá fyrst að telja að Sigún var nýrisin úr rekkju eptir hægan og sætan svefn, og því var hún, eins og allar rósir, fegurst að morgni dags. Það teljum vèr þá, að hún hafði baðað hendur og andlit í köldu vatni en vatnið styrkir, lífgar og endurfæðir, og þó sólin sè ætíð fögur, sýnist mönnum hún samt aldrei skína jafnskær eins og þá hún er nýstigin úr Ránarlaug. Hið þriðja, sem studdi að því, að gjöra Sigrúnu sem fegursta í þetta skipti, var það, að hún lèt hárið falla laust, sem því var lagið, ofan um herðar og axlir, og ekkert prýðir fagra konu meira en fagurt hár, því það er eins og blómið á rósakollunum, eða laufið á eikinni, sem breiðist út og blaktir í sunnanvindinum. Húsfreyja tók eptir því, að Sigrún var venju fremur glæsileg ásýndum, og gat ekki gjört að sèr að stara á hana um stund, en segir síðan brosandi:

«Þú ert einhver blómarós í dag, Sigrún litla; hefði eg verið úng og átt unnusta að fagna, þá hefði eg viljað líta svona út eins og þú núna.»

En rètt í því að prestkona sleppti síðasta orðinu gekk maður inn í húsið, það var þórarinn stúdent, hann ávarpar þegar systur sína blíðlega og segir:

«Heil og sæl systir góð! hvernig s
að þèr?«

«Velkominn, bróðir sæll!» sagði
kona, «þú ert sjaldsèður gestur um
mundir, þú situr lon og don við lesturinn
mig ekki, systurmyndina þína, nema höpp
glöppum, nú skaltu gjöra svo vel, karl min
ur, og setja þig niður, þú skalt ekki k
undan því í dag, að standa við hèrna; se
niður hjá mèr, sætið er til reiðu, hvor
þú vilt til hægri handar eða vinstri, eða
okkar Sigrúnar og nú er ekki í kot vísa
það viltu, ef eg get rètt til, helzt, já þar
sitja, eg skal láta hèrna kodda fyrir þig að si

«Nei, nei, systir! hafðu ekkert fyrir þ
sezt þar sem eg kem fyrst að, skoðaðu,
fer ágætlega um mig» sagði þòrarinn og
ist á kistil við fótalag systur sinnar.

«Þú kannt ekki góð ráð að þýðast,
gjörði eg nú fyrir þig, að bjóða þèr að
hèrna, eg vildi þú hefðir eitthvað að u
við.»

«Og það var, systir góð?»

«Eg á við morgungeislana, eru þei
nógu fallegt leikfáng fyrir þig,» sagði
kona.

«Eg skil þig nú ekki, systir! eg s
enga sólargeisla.»

„» sagði prestkona, »og lypti um leið
fanum undir hárið á Sigrúnu, sem
n um herðar henni og sat á höfðalagi
, »hvað er þá þetta? Eru þær svona
ar á Hólum?»
rarinn leit á og roðnaði við, og varð
það ósjálfrátt, en lèt þó sem honum
ei við og sagði blátt áfram:
árfagrar eru þær Hólameyjar sumar, ekki
að efa.»
stkona leit framan í Þórarinn og sá
n hafði tekið litaskiptum, hún kinkaði
num framan í hann og sagði:
ú, ekki ætlaði eg — en eg fyrirbýð þèr
framan í hana.»
rún sat svo á kistlinum, að hún sneri
u í við meira að glugganum heldur en
reyju, og laut ofan í saumana og varð
ð nema utan á hægra vángann, þaðan
i Þórarinn var seztur á rúmið, bæði af
hún laut og sat nokkuð skakkt við; en í
húsfreyja sagði þetta, bar svo við, að
leit upp og um leið sneri höfðinu þáng-
i Þórarinn var og litu þau nú hvort
í annað. Ekki var tillit þetta lángt, en
það lagað, að vel mættum vèr trúa því,
sem vitað hefði hvað í því lá, gæti betur

ímyndað sèr það en fært það í letur. Sigrún grúfði sig undir eins aptur niður að saumunum, en prestkona hafði einlægt augun á Þórarni bróður sínum og varð vör við, að hann leit við Sigrúnu. Hana rámaði naumast í hvað honum flaug í hug; en af því vel lá á henni, hèlt hún áfram í grandleysi og gamni því sem hún var byrjuð á, og segir:

«Sjaldan vinnst vel varaður glæpur, ert þú búinn að sjá hana Sigrúnu mína? — eg bannaði þèr það þó, er hún samt ekki lagleg? þyki þèr ekki stúlkan hafa tekið stakkaskiptum síðan þú sást hana síðast, áður en þú fórst í skólann?»

«Eg man ekki hvort eg hefi sèð hana fyrri, en þegar hún kom hingað núna um daginn,» sagði þórarinn, mikið ólíkindalætislega, «jú, það vænti eg hafi sèð hana einhverntíma.»

«Og eg held það, altènd þegar þá reiddir hana í fángi þèr.»

«Hvenær var það, heillin góð?» sagði Sigrún og leit upp aptur frá saumunum.

Það skal eg segja þèr, það var þegar þú varst svo lítil, góða mín! það var þegar hann faðir þinn heitinn fór þar að Hlíð, þá flutti hann þig með sèr. Hann hafði með sèr tvo klyfjahesta, og þú varst bundin þar ofanámilli *á öðrum*, en þú varst óvær aumínginn, sem

r, að ríða svona, og varst öðru hverju
ela, og kendi eg í brjósti um þig, og bað
minn að lofa honum þórarni að fara með
i föður þínum fram eptir og reiða þig,
r ekki von að þú munir eptir því, þú
ekki hafa verið eldri en á þriðja eða
árinu.»

Nú, mig minnir», sagði Sigrún og var
ið í framan, «að hún fóstra mín hafi
nèr að hún hafi reiðt mig þegar eg var
ar að Hlíð.»

Og sussu! hana misminnir það; þú mátt
ví sem eg segi, það var enginn annar
nn þórarinn bróðir minn, sem reiddi þig
), eg veit þú verður að muna eptir því
n, þú varst orðinn 11 eða 12 ára gamall.»

Og ekki man eg neitt eptir því,» sagði
nn hálfbrosandi.

Manstu þú ekki eptir því, að hann þor-
heitinn gaf þèr silfurbúna svipu?» sagði
ona.

Jú, það man eg, að hann gaf mèr einhvern-
vipu, eg á hana enn, en hvenær það var
ann gaf mèr hana, það man eg ekki.»

Það var þegar þú fylgdir honum og reidd-
a Sigrúnu litlu fram að Hlíð, svona er
sagði prestkona og sneri málinu til Sig-
, «ekki hèlt *eg* það þá, að það ætti að

liggja fyrir okkur, Sigrún litla, að vera saman, samt leizt mèr undir eins vel á þig, eg man að hann faðir þinn tók þig af baki á meðan hann stóð hèr við, og þá var þèr lofað inn á lopt; hún móðir mín heitin lifði þá, og man eg það eg sagði við hana, að þetta væri laglegt stúlkubarn, og þó leiztu ekki út til að verða svo afbragðs falleg eins og þú ert, og enn síður gat mèr dottið í hug, að þú yrðir slík hannyrða-Steinka sem þú ert orðin, góða mín, en lofaðu mèr nú samt að sjá hjá þèr.»

«Æ, verið þèr ekki að spauga mig, heillin góð! það er ekki gustuk» sagði Sigrún.

«Öllu gamni fylgir nokkur alvara, það er ekki svo mikið háð þó eg segi það; það má kalla þú sèrt orðin prýðilega að þèr, þó að einhverja megi finna sem kann fleiri sauma; Þórarinn bróðir! ert þú ekki nokkuð kvennskur?»

«það er skrýtin spurning, systir!» sagði Þórarinn og brosir við, «jú eg held eg sè það, eg hefi einu sinni út úr kvennmannsleysi fest á mig einn axlabandahnapp, og það er víst, að enginn hnappur hefir loðað betur á mèr en sá.»

«Segðu ekki lengur, þú kannt þá að sauma, og þá hefir þú vit á að sjá hvort vel er saumað eða ekki; skoðaðu! eg ætla að bera undir þig, mèr þykir gaman að þeir dæmi sem hafa betur *vit á* en eg; hvor af þessum borðum þykir þèr

betur baldýraður? það hefir sín tilhalds-
in gjört hvorn, en önnur er nú samt við-
gur.».

«Um leið og presthonan sagði þetta, rètti
að þórarni tvo borða baldýraða, en þegar
in sèr það, ætlar hún að grípa borðana þegar
inn tekur við þeim, og segir: «verið þèr
að sýna þessa ómynd!» hún nær í borðana,
erður heldur sein, því að þórarinn hefir þá
ð handfesti á þeim og toguðust þau um
um þá, en bæði var það að þórarinn hafði
yfirburðina, enda sleppti Sigrún fljótt og
hálfömurleg:

«Æ, þèr áttuð ekki að vera að fá honum
.»

þórarinn leit á báða borðana og segir:
ætlar, systir mín, að gjöra gys að sauma-
u mínu, en ekki er það svo að skilja að
jái ekki hvor þeirra er betur gjörður.»

«Vertu þá svo hreinskilinn að segja það,
ún Sigrún sè við.»

«það er auðsèð,» sagði þórarinn og leit til
inar, af því hann hèlt að hún hefði saum-
ann sem honum þókti lakari, að þessi er
uíngslegri.»

Þèr þykir þá hinn fallegri, er ekki svo?»

«Jú,» sagði þórarinn og leit aptur framan í
únu, *eins og honum þækti* fyrir að verða að

styggja hana, því hann hèlt að hún ætti
borðann, «já, eg verð að dæma það, og þ
ef til vill engin undur, þú hefir máske
dýrað þennan sjálf systir!»

«Nei, eg sagði þèr það,» sagði prest
«að tvær júngfrúrnar hèrna nærindis hefð
dýrað sinn hvor; þú ert ekki svo frá
bróðir! þú sèr það sem allir sjá; hún S
mín hefir nú samt saumað þenna, sem þú
sè skárri, og eg trúi það sè í fyrsta sinni
hún hefir reynt til að baldýra, eða er ekki

«Svo má það heita», sagði Sigrún,
þèr mèr hann aptur, verið þèr ekki að
hann, það er ómynd.»

«Og ekki er það; en þú veizt ekki bi
hver hefir hannyrðað hinn,» sagði húsfrey
leit kýmilega framan í Þórarinn.

«það er held eg engin afbragðs hann
rófa,» sagði Þórarinn, «laufin eru öll ramsk

«Og það held eg hún kunni nokkurnv
fyrir sèr til handanna, stúlkan sú, þú la
hana ekki ef þú vissir hver það væri.»

«Hver hefir þá búið hann til?»

«Nú, það segi eg þèr ekki nema í
komdu hèrna með vángann eg skal hvísl
að þèr» — um leið og hún sagði þetta h
hún sèr að hliðinni á bróður sínum og h

honum svo lágt að Sigrún heyrði ekki: onuefnið þitt, karl minn sæll!»

«Ha!» sagði Þórarinn og kafroðnaði í fram-, eins og hann hefði ekki heyrt hvað hún gði.

«Þú læst þá ekki heyra það, eg skal hvísla í aptur, komdu!»

«Þess gjörist ekki þörf, eg heyrði hvað þú gðir systir! en eg er litlu nær fyrir það.»

«Æ gjörðu það fyrir mig, Þórarinn bróðir! ertu ekki að þessum ólíkindalátum, það er rst þú þekkir hana ekki!»

«Nei, hvernig á eg að þekkja hana?»

«Þá skal eg segja þér það,» þekkirðu ekki na Staða-Gunnu?»

«Og skrattinn fjærri mèr,» sagði Þórarinn.

«Talaðu ekki yfir þig, bróðir! þú veizt að ð er betra að eta yfir sig; þú segir annað að i um þetta leyti, og ef til vill fyrri, þegar ssar litlu hendur koma svona utan á vángann þèr, bróðir minn!» sagði prestkona og strauk n leið um kinnina á Þórarni.

«Æ, láttu ekki svona,» sagði Þórarinn, ugur í svari.

«Þá skal eg færa þèr heim sanninn síðar; ð er sjaldan sem eg gjöri að gamni mínu, en rst þú vilt að við sleppum þessu tali, þá skul-n við *ekki tala meira* um það að sinni.»

Það lízt mèr systir!» sagði Þórarinn, «þa er fremur þarfleysa þetta hjal.»

«Jæja bróðir! eg skal ekki stínga á kaun unum, en meðal annara orða, við Sigrún mí höfum verið að ráðgjöra að biðja þig bónar, e eg býst við að hún geti ekki haft uppburði að nefna það við þig,» sagði prestkona og lei um leið til Sigrúnar, «því ætla eg að bera þa upp; settu þig, karl minn, snöggvast að borðinu og skrifaðu fyrir okkur fallegt stafrof með snar handarletri, við erum hèrna, við Sigrún mín, við og við að bera okkur að draga til stafs, en eigum enga forskriptina.»

Þórarinn tók þessu máli vel; stóð hann nú upp og gengur að borðinu, tekur þar penna og pappír og sezt niður og tekur að rita for skriptina, voru það bæði óbreyttir og breyttir snarhandarstafir, og þar neðan undir var skrifuð vísa, sem almennt er að setja á forskriptir:

Skrifaðu bæði skýrt og rètt
svo skötnum þyki á snilli;
orðin standa eiga þètt,
en þó bil á milli.

Þegar Þórarinn hafði skrifað forskriptina, gekk hann til systur sinnar og fær henni hana, og lítur hún á og lofar mjög, rèttir hana síðan *að Sigrúnu* og segir um leið, að Þórarinn væri

ss verður að hann væri kystur fyrir. Sigrún itaði því ekki og játaði heldur ekki, og ekki um vèr með vissu frá að segja, hvað hún igsaði um það mál; hún roðnaði út undir ru, en þar eptir verður ekkert með vissu sagt vort henni var nær skapi, en það veit trúa ín að ekki fèkk þórarinn kossinn í það skipti, g var það bæði, að hann gekk ekki ríkt eptir, nda er óvíst hvað hann hefði afráðið, þó hann efði átt þess kost. — En nú bar annað til öðinda, svo þau systkin urðu að hætta öllum amanræðum, því rètt í þessu var húsinu hrund- ð upp mjög hvatskeytlega, kemur þar inn vennmaður og fer allgeyst — er það Guðrún áðskona; hafði hún hlaupið svo hart upp lopt- igann að því nær var lokað fyrir allt andrúm, tóð hún öll á blístri og gat í fyrstu ekki komið pp nokkru orði, en er hún náði að mæla, egir hún:

Þórarinn, prest— presturinn gjörir yður orð ð senda sèr handbókina sína!

Þórarni varð nokkuð bilt við og segir: Handbókina?»

«Já víst, handbókina, hann hafði gleymt að ka hana með sèr í morgun og vissi ekki af ví fyr en hann ætlaði að fara að þjónusta kerl- guna, það er kominn piltur frá Hálsi, sem á) sækja *hana, hann segir* presturinn hafi sagt,

hún mundi annaðhvort vera í bókal
fram í stofunni, eður í kjólvasanum han
vasanum er hún ekki, þar er ekkert nem
urinn hans og tvær tóbaks tuggur, þèr
að fara fram, góður! og vita hvort hún
því ekki þekki eg hana.»

Þessi atburður gjörði enda á sa
þeirra systkina, og varð nú þórarinn að
hanbókarleitina með ráðskonu. Kvaddi
systur sína og Sígrúnu og gekk þegar fr
er þess ekki við getið að hann kæmi a
við systur sína aptur þann dag.

SJÖUNDI KAPÍTULI.

Engi er svo ónýtur,
ugi dugi.

Mæ

Ekki var samdráttur þeirra þórarins
rúnar búinn að standa lengi áður en me
á heimilinu fóru að hafa það í flimtíng
á milli, að meiri kunnugleikar mundu ve
þeim en svo, að ekkert byggi undir. Að sönn
þau alla þá varúð, er þeim virtist nægj
fírrast orð og eptirtekt manna í því efni
einu atriði eiga þjófarnir og þeir, sem

, sammærkt, og það er, að hvorutveggju
a á sömu list hvað mest að halda, og
:utveggju flaska optast á henni, ef til lengda
ır, en sú list er að kunna kænlega að
. Þórarinn og Sigrún voru viðvaníngar í
sari list, og því var það, að menn þóktust
ða margs þess vísir, sem þeim þókti ekki
nlaust; nokkrir þóktust sjá, að þau Þórarinn
hvort til annars hýrlegar en karlmaður og
nnmaður sem ekki hafa þel saman. Sumum
:ti það bregða nokkuð kátlega við, að Þórarinn,
ar nú en áður, vandi komur sínar upp á
tið til systur sinnar og sat þar stundum
ıan, og einkum sætti því lagi, þá er prestur
ekki við. Þá voru nokkrir, sem sögðust
a svarið það, að þeir hefðu séð Sigrúnu optar
einu sinni í rökkrinu koma fram úr húsi
'orins, er fáir höfðu umgöngur um nema
ın og systir hans. Þessar og þvílíkar sögur
ıgu mann frá manni þar á bænum, og þó
flimt þetta ekki hátt, enda höfðu menn get-
ur einar og líkur, en enga vissu við að styðj-
; þó var þar á staðnum piltur einn, er vissi
kuð gjör um þetta efni en aðrir menn.
ur þessi hèt Finnur, og var Bjarnason, hann
alinn upp þar á Stað. Nú var hann orðinn
'vaxinn og kominn á átjánda ár. Finnur
si var *miðlungs vel þokkaður* af heimilisfólki,

þókti hann heldur ófyrirleitinn og
orðum, og smábrögðóttur. Vel var
borinn og laglegur að smokka sèr úr
um, er fyrir hann komu og sem stu
ærið mörg. En með því nálega h
átti sökótt við hann, þóktist hann ek
úr að ráða vandræðunum, leitaði h
trausts hjá Þórarni og skauzt undir s
hans; skarst Þórarinn þá jafnan í
málum og hèlt uppi sektum og fèbó
var Finnur ekki jafntrúr eða fylgisa
um manni þar á bæ sem Þórarni.
eitt sinn borið við sem optar, að Fi
fljótlega að ráða úr vandamáli nokkr
nú leita ásjár hjá Þórarni vini sínu
inn í hús til hans; dyrunum var læ
í að utan, rykti hann í skyndi upp h
flanaði inn, en þá hittist svo á að S
kjöltu Þórarins og hafði lagt handl
háls honum. Nú var þá ekkert und
sá Þórarinn að ekki var annað úr
að biðja Finn að þegja; hann lofaði þ
hann vel heit sín, því aldrei lèt hann
við nokkurn mann, að hann þæktist
vís, að þau Þórarinn og Sigrún hefð
kunníngskap saman. Guðrún ráðskon
hinna fyrstu, sem þóktist sjá samdrátt
arins og Sigrúnar, enda fór það að öllu

ún öðrum fremur tæki eptir háttum þeirra.
) nú ekki á löngu, áður hún bar mál það
fyrir sèra Sigvalda og krafðist þess, að Sig-
væri þegar flutt aptur til Hlíðar. Prestur
) í fyrstu afarreiður, en stillti sig þó vel,
bað Guðrúnu láta fátt yfir: «og vil eg»,
ir hann, «gjör vita hvað í efni er um þetta
, uggir mig að þau muni ekki lengi fá dulizt,
svo er sem þú hermir, en þess tel eg alla
, að Þórarinn mágur muni segja þetta álygar
ır, nema eg megi nokkur gildari rök til færa,
síðan mun eg taka þau ráð er vænst þykja
skal þá Sigrún heim fara». Að svo búnu
ı þau talið og líkaði Guðrúnu þó hvergi vel,
Sigrún var ekki þegar brott rekin. Hugsar
ıtur nú, hvernig hann megi bezt fá fulla vitn-
ju um, hvort nokkur tilhæfa sè í því, er
ın voru farnir að flimta um þau Þórarinn og
rúnu.

Þar á staðnum var maður nokkur, ef mann
ldi kalla, hann hèt Hjálmar og var kallaður
di; hann var niðursetníngur, og svo hafði
n verit alla æfi eptir það foreldra hans
ti við, og var hann þá hálffertugur að aldri.
ın var ybbinn í skapi og hverjum manni
mleiður. Það var hvorttveggja, að Tuddi
ni lítt til verka, enda var hann svo kargur og
· viðureignar, *að nálega* fèkkst ekkert af

honum til starfa; vildi hann heldur þola högg og barsmíð, en að vinna annað en það, sem honum líkaði sjálfum, og svo var hann vandfýsinn og heimtufrekur um flest, að varla mátti gjöra honum nokkuð til hæfis. Ekki þókti smábændum dælt að hafa Tudda í vist og var hann því jafnan ætlaður presti til framfærslu, eða öðrum þeim hreppsmönnum, er voru í heldri bænda röð; fór hann millum þeirra, og var sitt árið hjá hverjum, enda vildi hann ekki annarstaðar vera en á stórbýlum, því þar þókti honum betra til fánga en á kotbæ. Ekki var æði og látbragð Tudda svo sem þeirra manna, sem eru með fullu viti, eða siðlátir heita, og að öllum háttum og látæði líktist hann meira fífli og fordæðu en mennskum manni, fyrir því var það almæli, að hann væri umskiptíngur. Foreldrar hans höfðu búið þar á einum bæ í sveitinni og áttu son einn barna; hann var vatni ausinn og nefndur Hjálmar eptir föður-föður sínum. Sveinninn óx og dafnaði vel og rann upp sem fífill í túni og var bæði fríður sýnum og skýr vel, hèldu allir að hann mundi verða laukur ættar sinnar þá er hann þroskaðist; en er hann var þriggja vetra, bar svo við eitt skipti seint á engjaslætti um sumarið, að enginn maður var við bæinn, nema sveinninn og móðir hans; var *hún* að búverkum inni í bæ, en skildi sveininn

úti á hól einum þar í túninu, sem kall-
ir Álfhóll, lèk hann sèr þar að öðum og
rskeljum. Skömmu síðar vitjaði húsfreyja
ins, var glókollur sonur hennar þá horf-
f hólnum, en þar kominn aptur piltur
r á háralit og skeggjaður á höku; hann
kur á stærð því sem sonur hennar hafði
en allur var hann ófrýnni og ylgjulegri.
ljálmars glókolls leitað lengi, en hann
aldrei. Þeim hjónum þókti súrt í broti
onar hvarfið og vissu, að sonur þeirra
heillaður verið, en ólu þó upp svein þenna
fndu hann Hjálmar eptir hinum, var hann
na stirður og óþjálgur og varð ekki að
. Þetta var hinn sami, sem vèr höfum
gt, að kallaður var Hjálmar tuddi. Ekki
Hjálmar annríki mikið á staðnum, þó var
ı ætlaður sá starfi, að bera út ösku og
vatn ef stór nauðsyn bar að hendi, og
hann það allajafna með nuddi og af nauð-
Korn skyldi hann mala hvern dag úr
okkurri, er tók sex merkur, en ógjarna
honum þó dagur til að afkasta þessu ætl-
erki sínu, og kvartaði hann sífelt um
i og áníðslu, ef hann var kvaddur til
rs handarviks, enda varð honum ærið frá-
nt möluninni, er hann hafði að mörgu að
ı: fyrst og fremst að gæta þess, að enginn

annar en hann yrði aðnjótandi skófnapottsins í hvert skipti sem eldað var; þessu næst varð hann að vera allstaðar þar sem nokkurs fengjar var að von, bæði í búri og eldhúsi. Nú þótt að Tuddi hvorki væri mikil bæjarprýði, eður störf hans væri til mikillar stoðar fyrir bú séra Sigvalda, hafði þó prestur meiri not af honum en margan mundi gruna. Tuddi var allstaðar nærri, snagaði niðrí hverri kyrnu, sem til var á heimilinu og nálega ávalt aptan við vinnufólkið; en af því flestir töldu hann hálffábjána, vöruðust menn hann ekki, og varð hann á þann hátt margs þess vís og margs þess áheyrandi, sem fara átti dult. En Tuddi var ekki svo heimskur, að hann gæti eigi tekið eptir því, sem honum leizt, og með því hann hafði komist á snoðir um, að presti geðjaðist allvel að því, að honum væri sagt frá hinu og þessu, sem við bar á heimilinu og leynt átti að fara, var hann í nokkurskonar kærleikum hjá séra Sigvalda, og þó heimuglega, því hann gat opt vonum framar greinilega skýrt presti frá ymsu, er hann hafði séð og heyrt, og þáði jafnan nokkur laun fyrir, en til þess voru allir refarnir skornir fyrir Tudda. Þenna sama dag, sem prestur og Guðrún áttu tal saman og vér fyrir skömmu höfum frá sagt, komu gestir *nokkrir* að Stað og er þess ekki getið hverir

voru; þeir dvöldu þar til þess fram um
ikingu, en fóru síðan, var prestur enn fram
tofu og stóð ljós á borði. Tudda hafði þann
; ekki tekizt sem greiðast mölunin, sat hann
ın daginn á palli og gambraði við griðkonur,
er tók að líða fram á vökuna, rak ráðskona
ın ofan og bað hann nú draga af sèr slens-
ıa og mala úr skálinni, ella mundi hann ekki
ı hafa það kvöld. Ekki fór Hjálmar orðalaust
mölunarinnar, en þó varð svo að vera sem
skona vildi; drattaði hann nú fram göngin
er hann kemur gagnvart stofudyrum, sèr
ın að stofan er í hálfa gátt og leggur birtuna
n í bæjardyrnar, en um leið og hann kemur
ınvart stofu dyrunum verður honum litið inn
tofuna, og sèr hann að þar stendur matar-
ıur einn á borðinu með nokkrum kjötleifum.
ginn karlmaður lítur nokkurntíma hýrari
um á konur, en Hjálmar leit til matar; getur
n nú ekki stillt sig um að staldra ögn við
r framan dyrnar, og renna augum til disks-
; stendur hann þar um hríð þegjandi og
ur fram á fótinn, en er hann verður þess
að prestur verður ekki var við komu hans,
ır hann það ráð að hann hóstar. Prestur
við borðið í stofunni og var að lesa brèf,
n lítur upp, er hann heyrir hóstann og kallar
ı og segir:

«Er þarna nokkur?»

«Ójá, það er kvikindi; eg sá blessað ljósið.

«Nú það ert þú, Hjálmar minn», sagð prestnr.

«Ójá, það er greyið hann Tuddi; má eg setja lappar-skarnið hèrna inn?«

«Ójá, Hjálmar minn, en hvað er þèr á höndum núna?»

«Það er nú margt, sem eg þarf að tala um við yður, blessaður húsbóndi minn, mèr þykir ekki allt réttilega við mig breytt af sumum, eg segi það eins og það er.»

«Hvað er það, Hjálmar minn?»

«Það er nú fyrst um skófnapottinn, eg man ekki betur en þèr segðuð og hafið sagt, að eng inn ætti að hafa hann nema eg, þegar grautu er gjörður, og því þykist eg eiga hann me öllum rètti, og verð að lýsa þá þjófa að honum sem ræna mig pottinum; eg skil ekki það s rèttvísi, að það megi ekki standa sem þèr hafi talað.

«Það getur verið,» sagði prestur hálfhlæjandi, «að eg hafi sagt einhverntíma, að mèr þækti sanngjarnt að þú fengir hann, eða færðu hann ekki, Hjálmar minn?»

«Misbrestur ætla eg verði á því, — má eg setja lappar-skarnið inn fyrir þrepskjöldinn? — *Já*, eg vildi mælast til þess, að þèr hlutuðust

l að eg mætti halda skófnapottinum refja og fdráttarlaust; en það er ekki til neins þó eg ıuddi og suði um það, mèr er ekki gegnt; eg ıefi nú í dagstæða tvo sólarhringa ekki sèð svo mikið sem naglsrótarstærð af skóf; í fyrra kvöld var bèuð trippan hún Sigga búin að krafsa alla skófina úr honum, svo ekki var eptir nema bangarnir utan með, og í gær voru hundavarg-arnir búnir með alla lífs-tilveru úr honum, og var það af því eg gat ekki undir eins viðsnúizt að taka hann, þegar búið var að skamta, en bágt er manni að vera allstaðar í sömu and-ránni, og ekki mátti það hyskið gjöra svo mikið að láta mig vita af, svo eg gæti tekið hann, það varast það eins og glóandi eld, að gjöra manni nokkuð til greiðviknis, hyskið hèrna.»

«Þú verður að eiga það við ráðskonuna, Hjálmar minn, að þú fáir skófnapottinn reglu-lega,» sagði prestur.

«Já, já, það er nú gott, prestur minn góður, að eiga við hana, ráðskonuna hèrna, eg ætla það fari eins og um skálina. Það var nú ann-að, sem eg ætlaði að tala um, og þèr megið ekki leiða hjá yður; mèr finnst það eigi að fara að herða á mèr með mölunarverkið, hún er nú sumsè farin að taka uppá því, blessuð ráðskonan yðar, að láta skálina vera kúfaða, eg veit ekki hvaða lög eru til þess, að hún sè

kúfuð; mèr sýnist það vera fullnóg, þ
ekki hrúgað í hana, svo að strýtan st
í loptið eins og tindur á fjalli, eða fja
eg vil fá að heyra það af yðar eigin
hvað mikið á að vera í henni gípu, þ
er fengin hún, og hvort það á að s
gjörsamlega, eins og það ætlar sèr.»

Á meðan Tuddi lèt þessa dælu ganga,
smátt og smátt að mjaka sèr innar ept
gólfinu, og um leið að skotra augu
leifa-diski þeim, er þar stóð; prestur s
hvar Hjálmar tíðast hafði augun, en
sem hann sæi það ekki; en eptir því sem
færðist nær, eptir því tók honum
starsýnna á diskinn, og loks getur h
stillt sig lengur, og segir:

«Á, já já, eitthvað sýnist mèr
húsbóndinn eiga fallegt fyrir framan si

«Hvað er það, Hjálmar minn?»

«Á, já já, blessaður presturinn sè
það sem eg sè,» sagði Hjálmar og st
fótinn og nèri saman höndunum.

«Nei, Hjálmar minn,» sagði sèra
og brosti.

«Blessað kindarbrjóst.»

«Nú skil eg; þig mun gilda ein
fengir dálítinn bita?» Að svo mæl
prestur þar af diskinum kjötflykki eitt

Tudda, en hann tekur við báðum höndum segir:

«Látið þèr í lúku-greyin! nú er að vita ort lúku-skörnin taka ekki við því, sem að er itt, en allt er ónýtt nema blessaður húsbóndinn jöri góðverkið líka.»

«Það skil eg ekki,» sagði prestur.

«Eitthvað mun nú blessaðan húsbóndann ima í góðverkið; nú hefir enginn gjört góðerkið síðan blessað lambið hann Þórarinn yðar jörði það seinast.»

«Hvað áttu við, Hjálmar minn?»

«Að blessaður húsbóndinn gjöri ögn við ilar-skarnið, vökvi ögn sálar-greyið, og helli ropa á silfrið.» Um leið og Hjálmar segir etta, lítur hann til þrífætts silfurstaups, er stóð ar á borðinu; prestur sèr það, og veit nú hvað jálmar á við; hann tekur þá flösku er þar var ; skenkir á silfurstaupið og rèttir að Hjálmari segir:

«Þetta mun vera góðverkið, sem þú átt við».

«Ójá, blessaður húsbóndi minn,» sagði jálmar og setti á munn sèr og rètti aptur að esti, «Guð launi yður, nú hýrnaði brjóstið, á! — já, nú kom velgja fyrir brjóstið, það var a hærra í góðverkinu en um daginn, þegar inn Þórarinn minn lèt í það, þá var það ekki ma *hálft, en nú var það* fullt eða nærri fullt.»

«Þèr er víst vel til hans Þórarins f
Hjálmar minn,» sagði prestur.

«Mèr er heldur hlýlegt við hann,
nú sá eini hèrna á bænum, fyrir ut
sem ekki leggur illt til mín; en það g
ekki, bannað hyskið hèrna, látið hann
friði, held eg.»

«Já, já?»

«Nú, eg held þèr vitið það, blessa
bóndi minn! hèrna um hann og dúfuna
nýkomnu dúfuna með gullhárið og konub

«Nú, nú, ekki hef eg heyrt það.»

«Já, eg heyri það er að stínga
nefjunum um það hèrna, að honum þ
um dúfuna og blessuð brjóstin á dúfunni,

«Hvað er þessi dúfa, Hjálmar minn

«Æ, eg kalla hana svo dúfuna fr
sagði Tuddi.

«Nú, nú, þá skil eg,» sagði prestur
urðu það sè þá satt, Hjálmar minn?»

«Nú, ekki veit eg það; — já, nú
neitt í silfrinu,» sagði Hjálmar lágt
staupið, «eg heyri það segir það, hyski

«Þig lángar þá í meira Hjálmar m
held eg verði að gefa þèr hálft staup
sinn, taktu við; hefurðu nokkurntíma
una hjá honum?»

«Já, lofið þèr mèr nú, blessaður

minn, að súpa úr silfrinu — já, eg sè að dúfan kemur stundum á daginn, undir rökkrið, fram í bæjardyrnar, og svo kemur einhver, ójá, ó nefndur á eptir, he, he.»

«Og hvað gjöra þau þar?»

«Æ ekki veit eg það, eg held dúfurnar stíngi svona saman nefjunum og kvaki þar saman.»

«Hvað tala þau þá, Hjálmar minn?»

«Það heyri eg ekki fyrir nuddinu í meinvættinu.»

«Hvaða meinvætti?»

«Meinvættinu henni kvarnarkind, sem er búin að drepa mig, og svo fara dúfurnar út.»

«Og hvert heldurðu þá, að þau fari?»

«Það gæti eg ekki vitað, nema að eg færi þá í humáttina á eptir.»

«Það ættirðu að gjöra, Hjálmar minn,» sagði prestur í hálfum hljóðum, «svo þú vissir hvert þau færi, og segja mèr svo frá því,» og þá hnippaði prestur í hann, «og mundu mig um það; þú þarft ekki annað en hósta þrisvar fyrir framan húsdyrnar; en nú held eg þèr sè bezt að fara að mala, svo þú getir orðið búinn í kvöld með ætlunarverkið.»

«Já, en hvað verður þá úttalað um skófnapottinn, eg vil ekki eiga í þessu lengur, því annaðhvort á eg hann með rèttu eða ekki, og

þá getur það regerað og rassakastast með hann, eins og það vill; en eg vildi mælast til að þér skærist í, að það yrði betri regla á þessu hèr eptir.»

«Jæja, það verður talað um það við ráðskonuna, Hjálmar minn, en farðu nú að mala og mundu eptir því sem eg sagði þèr.»

Við þessi orð gekk prestur út, en Hjálmar labbaði að kvörninni og sezt niður við hana og segir við sjálfan sig:

«Já, nú kemur til hún strýta.»

Um það mund sem þeir Hjálmar og prestur áttu talið í stofunni, kemur Finnur Bjarnason fram, verður honum litið inn í stofuna um leið og hann gengur fyrir, og sèr að Hjálmar stendur þar tvístígandi fyrir framan borðið; hann lángar til að forvitnast um hvað þeir tali, læðist að dyrunum, og leynist við krók einn baka til við hurðina og hlerar eptir viðræðu þeirra; heyrir hann þá hvað umræðu efnið er, og það með, að prestur vill veiða eitthvað upp úr Hjálmari um þau þórarinn og Sigrúnu. Dettur honum það þá í hug, að gaman mundi það vera ef hann gæti leikið á prest, og hugsar nú um það á allar lundir hvernig hann megi því fram koma; og er hann sèr að prestur og Hjálmar ætla að gánga úr stofunni, víkur hann sèr fram í anddyrið og urðu þeir ekki varir við hann, en dimmt var.

'arið vinfengi þeirra Hjálmars og Finns,
valt á ymsu. Stundum voru þeir svo
.tar, sem þeir hefðu gengið undir jarð-
blandað blóði saman; en aptur þess
ırðust þeir og bitust sem graðhestar.
ldi var seztur að kvörninni og bjó sig
til mölunarinnar, rennir Finnur sèr
ıkotinu, og þar að sem Hjálmar situr,
ınn ekki fyr var við, en gripið er með
ðndum ofan í höfuð honum og það
ıyrmilega. Tuddi hafði á höfði sauð-
lhúfu, en undir húfunni var ekki allt
ıast; hafði hann þar meiri óværu en á
ıuka, og verður hann nú ákaflega reiður
.r upp hart og títt og segir:
vildi eg fjandinn sjálfur í neðsta horn-
ıi þig og kreisti með glóandi járntöng-
bölvaða hrekkina.»
ega sýngur í tálknunum á þèr núna,
agði Finnur.
það vildi eg, að eg gæti formælt þèr
ú ættir ekki neinstaðar vært, hvorki á
jörðu, nè undir jörðu, og hvergi nema
ı karlinum, fyrst þú lætur mig ekki í

ı ekki svona, Tudda-tetur; eg var að
því að húfu-pottlokið festist ekki niðri
kömminni á þèr.»

Þú þarft ekki að gæta að því, hún svo föst við hann eins og skammirnar v Þú gengur eins og logi yfir akur, landeyð og hefir ekkert að gjöra annað en áre sem eru eitthvað að basla og sveitast b eins og eg.»

«Heyrið á endemið, þykist þú i blóðinu?»

«Já, verð eg ekki að gánga fram dauðum við óvættið allan daginn; en gjörir þú?»

«Og garmskinnið! þú átt þá eptir a úr skálinni, vænti eg,» sagði Finnur.

«Láttu sem þèr komi það ekki vi varstu beðinn að spyrja að því?» — Tuddi.

«Nei, eg ætlaði að bjóða þèr að snúa tvær eða þrjár kvarnir.»

«Já, eg held þú gjörir slag í því.»

«Svei mèr ef eg skal ekki gjöra þa lætur eins og maður.»

«Það er þá ekki víst hvort eg vil það af þèr — en þá læt eg líka svo mil kemst í augað á meinvættinu.»

«Það mátt þú,» sagði Finnur og s meis einn, er stóð þar hjá kvörninni og mala, en Hjálmar situr þar hjá honum, o úr barmi sèr kjötstykki það, sem presty

honum; rennur honum nú brátt reiðin
lítilli stundu eru þeir Finnur orðnir sáttir
ımmála, og tala í mesta bróðerni hvor við
ı um hitt og þetta. Loks snýr Finnur ræð-
í þá átt, að hann spyr hvar Tuddi hafi
ð kjötstykkið hið mikla, og hvað það hafi
, sem prestur hafi verið að tala við hann
i stofunni, er Hjálmar var þar hjá honum.
li er mjög dulur á því, og lætur sem um-
efnið hafi ekki verið að miklu marki. Tekur
ur til þess ráðs, sem hann vissi að mundi
ı drjúgast og segir:

«Nú mala eg ekki ögn meira fyrir þig; eg
úinn með fjórar kvarnir, þú getur malað
sem eptir er.»

«Já, þú lætur þig ekki muna um það sem
' er í skálinni.»

«Nei, fari eg þá og veri,» sagði Finnur,
eg mala meira; lítill vegur hefði verið til
ef þú hefðir viljað segja mèr hvað prest-
ı var að tala við þig.»

«Jæja, þá verður þú að sópa kvörnina og
í skálina.»

Finnur segir svo skuli vera.

«Og lofa mèr því uppá þína æru og trú,
ıegja ekki frá því, — hann var að spyrja mig
hvort eg hefði ekki sèð hann þórarinn hèrna

kjánka neitt við dúfuna, og hvort þau gengi þegar þau fara út fyrir rökkrið á daginn.»

«Þetta var þá allt leyndarmálið,» sagði Finnur.

«Já, en þú mátt nú ekki svíkja mig um það, sem þú lofaðir mèr, að mala úr skálinni og sópa.»

Finnur lèt sem hann hefði ekki unnið svo mikið til, ef hann hefði vitað hve ómerkilegt mál þetta var; en aptur þókti Hjálmari sem töluð orð yrðu ei aptur tekin; kýttu þeir nokkuð um þetta, en svo fór, að Finnur malaði úr skálinni; sagði hann þá Hjálmari frá í trúnaði, að hann væri búinn að komast eptir háttalagi þeirra Þórarins og Sigrúnar; væri þau vön á hverju kvöldi að fara út í fjárhús eitt, sem var þar á túninu skammt frá bænum, og dvelja þar um stund. Skildu þeir nú talið að svo búnu, a' hvor hèt öðrum að láta ekki bera á viðt þeirra. Tuddi vissi nú, at efndir ymsra lofor eru, eins og flest annað, komið undir atvik og er hann skoðaði huga sinn um þetta r fannst honum helzt á það lítandi, hvort F gæti orðið það að nokkru meini, þó fleiri af; þetta gat hann ekki sèð. Aptur gat h vel skilizt að það mætti verða sèr til ha ar, ef hann segði presti frá, hvers hann orðinn vísari um hagi Þórarins.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

Ei er forvitnin öllum hent,
einatt hún skaðar drótt.
Jón Þorláksson.

ú líður hinn næsti dagur eptir viðtal
Finns og Hjálmars, og kemur annar
þar eptir; veður var þá hreint og kalt.
r ekki til tíðinda, þar til líður að úthalli
ur prestur að venju í loptherbergi sínu,
;rún gengur ofan, og skömmu á eptir
prestur að hóstað er þrisvar sinnum á
fu lopti ekki alllágt, kennir prestur, að það
lmar sem hóstar, og skilur hann hvar þá
vera komið málunum og gengur fram.
stendur þá tvístígandi hjá stofudyrum og
presti, að hann vili tala við hann. Er
jótt yfir sögu að fara, að Tuddi segir
hvers hann sè vís orðinn um hagi þeirra
ns og Sigrúnar, og að þau sè vön að
í sauðahúsinu; segir hann og, að nú sè
farin út og muni þess skammt að bíða, að
nn komi á eptir, ef hann hafi ekki farið
i Tuddi gekk upp á loptið að hósta.
virðist saga *Tudda* allkynleg; gjörir samt

för hans sæmilega og tekur síðan hatt sinn o
vetlínga og gengur út; þókti honum engu
spillt, þótt hann prófi, hvort nokkuð sè tilhæft,
en vill fyrir hvern mun vita gjör um þetta
efni. Enginn maður varð var við ferð prests,
nema Finnur Bjarnason, hann hafði verið á
hnotskóg og fór í humáttina á eptir presti; hann
sèr, að prestur gengur til sauðahúss og fer þar
inn, og lætur hurðina falla að staf á eptir sèr.
Finnur læðist nú að húsdyrunum og sèr inn
um rifu eina, sem var á hurðinni, að sèra Sig-
valdi gengur í garðanum fram með jötunni,
þángað sem mætist geilin og jatan og sezt þar
niður. Dyraumbúníngurinn fyrir sauðahúsinu var
þannig, að dyratrè stórt lá á kömpum, í það
voru greyptir tveir sterklegir dyrastafir og að
neðan felldir í aurslá. Hurðin var traust og á
nýjum járnum, og í henni járnhespa mikil, er
smeygt var upp á keng, sem var í öðrum dyra-
stafnum; úr hurðinni hèkk snæri og loka stór
úr hvalbeini og var henni stúngið í kenginn fyrir
framan hespuna. Finni kemur það nú í hug,
að hann tekur hespuna og læðir henni hægt og
hægt uppá kenginn, og rekur síðan lokuna fyrir
framan, gengur síðan til bæjar og lætur sem
ekkert hafi í orðið; líður svo fram til rökkurs
og gætir þess enginn hvar prestur er. Líður
enn rökkrið, og eru ljós kveikt, tekur nú hús-

eyju að þykja kátlega við bregða um burtuveru
ónda síns, og fer að skyggnast eptir, hvar
ann muni vera; finnst hann nú ekki og þykist
nginn til vita hvert hann sè farinn. Hún leitar
ú með ljósi um allan bæinn, og finnur ekki að
eldur; getur hún þess nú til, að hann mundi
afa gengið sèr til skemtunar til næsta bæjar,
ótt hann ekki væri vanur því, er hattur var
rott tekinn, og lætur hún nú um sinn frestað
eitinni. En það er nú að segja af sèra Sig-
valda, þar sem hann situr í geilinni, að hann
yggur fyrst gott til, að á þenna hátt muni
ann geta satt forvitni sína um háttalag þeirra
þórarins og Sigrúnar, og bíður hann nú um
tund, í þeirri von að þau þá og þá muni koma
þar í húsið. Loks kom þó svo, að honum virð-
ist tvísýni á, hvort sú muni raun á verða, að
hann verði nokkru að vísari í það skipti; tekur
nú mikið að rökkva. Hann bíður enn um hríð,
og til þeirrar tíðar sem hann átti von á að smala-
maður mundi koma og láta inn sauði; vill
hann nú fyrir hvern mun vera kominn úr hús-
inu áður smalamaður kæmi. Honum datt það
þá í hug, að þar hann á annað borð hefði
komið inn í húsið, skyldi hann hafa þau not
af ferðinni, að skoða um leið til heyja. Heyið
við húsið var all-langt og breitt, en sigið mjög
og flatt, er borið hafði verið á það grjót mikið

að utan. Ekki var búið að gefa heyið mjög, því vetur var góður og stóð stabbi mikill í miðri tóptinni og sín geil hvorum megin, náðu þær allt fram með veggjunum inn að gafli. Prestur gengur nú fyrst í hina syðri geilina, og virðist honum þar all-lítið gefið, og snýr nú til hinnar nyrðri geilarinnar. Þessi geil var dimm mjög og enginn gluggi á; hún var sýnu breiðari en hin syðri, og svo há að hann mátti ganga þar því nær upprèttur. Sauðamaður hafði gefið allt upp að torfi, og með því hann uggði, að torfið mundi ekki geta haldizt uppi og falla niður í geilina ef frostið hlypi úr, hafði hann lagt flata spítu undir torfið, sem var yfir geilinni og rekið þar undir stoð eina. Prestur fór inn eptir geilinni og fylgði heykleggjanum; en er hann kom innar í geilina, verður hann var við heyhrúgu nokkra og leggst á hnè hjá henni og skoðar, og finnur að það er moðbýngur, reiðist hann sauðamanni, er hann hafði skipað honum að bera moðið til hesta, en láta það ekki safnast fyrir í tóptunum; en í þessum svifunum verður honum það, að hann spyrnir óvart fætinum aptur fyrir sig og lendir það í stoðinni, svo hart, að hún skreppur undan þekjunni og fylgir þar með öll torfspildan, er yfir var geilinni framanverðri og ofan á prest, svo honum lá við bana; verður *klerkur* þar sem mús undir fjalaketti, og getur

i ekki hrært sig; loks tekst honum þó við
ı leik að skríða undan torfinu og innar í
ina, var þar fyrir autt rúm nokkuð, þar sem
jan ekki að öllu fèll að heyinu; þó var rúm
ta ekki til hlítar fyrir líkama hans, því ekki
tti hann þar upprèttur standa og engu bol-
gni gat hann þar við komið eða þokað torfinu
. Ekki þóktist sèra Sigvaldi annað skipti í
ppara komizt hafa, og varð honum það nú
ir, að hann ýmist bað fyrir sèr eða blótaði
finu, og ekki jók það heldur lítið á hugraunir
ıs, að hann heyrði að sauðamaður kom í
ið og byrgði sauðina. Sèra Sigvaldi kallar
svo hátt sem hann mátti, en bæði var það,
honum lá ekki hátt rómur, og þó hitt heldur,
svo hátt lèt í sauðunum er þeir ruddust á
ına, að sauðamaður gat ekki greint, hvað það
er hann heyrði inni í töptinni; virtist honum
) líkara ámátlegu ýlfri en manns raust, enda
hann þar ekki manna von; hugsar hann
helzt að þar væri fjandi eða forynja nokkur
öptinni, verður hann fullur felmturs og flýtir
sem mest hann má að komast út; hann
rir aptur húsið, og hleypur síðan sem fætur
a til bæjar, hefir hann það í dylgjum um
ldið, að eigi muni smábörnum hent að vera
auðahúsi þá nótt; en í annan stað er það að
ja af sèra Sigvalda, að honum þykir sitt ráð

taka að horfa óvænlega, er hann verðu
vís; að sauðamaður er farinn aptur úr h
hyggst hann nú enn að gjöra þess nokkr
hvort hann megi ekki losast úr kvalastað
er hann var í kominn; brýzt hann nú ut
hann má í geilinni, en allt fór að einu
hann þá ekki annað sýnna, en að hann
þar lífið láta um nóttina fyrir kulda sal
þreytu og þykir honum sá dauði illur.
honum þá í hug, að hann hafi lesið
fornum bókum, að sumir menn, er staddi
í háska, hafi heitið á helga menn sèr
hvarfs og árnaðar, eður gjört áheit að gefa
nð til kirkna eða klaustra, og hafi það
komið að góðu haldi; virðist honum eigi ól
að svo megi enn vera, og gjörir hann n
heit, að hann skuli gefa kirkjunni á Sta
altarisbrún, ef hann komist með líf úr tó
Nú líður enn stund svo, að ekki liðkast u
prests.

Þar víkur aptur sögunni að, sem
hefir lokað fjárhúsinu, þá gengur hann til
og fæst ei um og situr á palli, kemur nú
maður, en prest vantar. Það þóktist
skilja, að nokkuð hefði tálmað fyrir pre
til sauðamaður lèt inn sauðina, en hitt
honum kátlega viðhorfa, er klerkur kemu
með sauðamanni; vill nú forvitnast um,

þetta gegni; gengur hann þá út og til sauðahúss og lýkur upp, eru þá sauðir lagztir og jórtra með kyrð og spekt. Hann smokkar sèr þá inn á milli þeirra og fer inn eptir garðanum, heyrir hann þá stunur miklar í tóptinni. Finnur stígur upp í jötuna og vill innar eptir geilinni þángað sem hann heyrir stunurnar, en rekur sig brátt á torfdýngjuna sem fallin var niður í geilina, þótt ekki vissi hann með hverjum atburðum það hefði orðið; grunar hann nú sem var, að prestur muni vera fastur þar í geilinni. Kallar hann nú inn í geilina og segir:

«Er það maður eða fjandi sem er í geilinni, eða hvað?»

«Það er maður,» svaraði sá sem var í geilinni allmæðilega.

«Því læturðu svona, eða ertu fastur þarna, ha?» sagði Finnur.

«Já, eg er nærri dauður hèrna undir bölvuðu torfinu; berðu þig að hjálpa mèr til að rífa það frá að framanverðu,» var svarað í geilinni.

«Ha, hvað segirðu?»

«Eg segi: rífðu frá torfið, ef þú getur,» sagði prestur.

«Það get eg ekki,» sagði Finnur, og fór að vita hvort hann gæti þokað nokkru til, en fann að hann gat ekki bifað neinu, því öll spildan lá samföst og gaddfreðin niðri í geilinni. — «Því

verður ekki bifað, en eg skal fara og kalla piltana að hjálpa mèr.»

«Nei, það banna eg þèr,» ansaði prestur geilinni.

«Þú getur þá setið þar svo lengi sem þ líkar,» sagði Finnur.

«Farðu heldur út og upp á tóptina að u anverðu, hèrna er dálítil smuga sem eg sè um, berðu þig að rífa þar til svo eg komist út

Finnur hleypur nú út og upp á tóptina heyrir hann þá til mannsins og leitar eptir g inu og finnur það. Gat þetta var ekki stær en svo, að sèra Sigvaldi gat stúngið út um þ blánefinu, og sèr til fróunar við og við v rönd af túnglinu sem óð í skýjum. Af h anum, sem hafði lagt upp af manninu hafði torfið ögn þiðnað, svo að hann gat nöglunum búið sèr til þessa smugu, til að h út um. Nefið á sèra Sigvalda var einkenn mjög, og auðþekkt, og þó holan væri ekki gat þó Finnur glöggt sèð, að það var nef bónda hans er lèk þar við holuna. «þar úlfs von, sem eg eyrun sè», hugsaði Finn dettur honum nú ekki framar í hug að um, að það sè húsbóndi hans, er þar var sv uglega staddur, lætur hann samt sem s það mjög á óvart og segir:

«Nú — það eruð þá þèr, húsbóndi m ur! mèr þykir verst eg held eg hafi

ın, mèr datt það ekki í hug nè hjarta, að það rið þèr; hvernig gat bölvuð geilin farið að tta svona ofaná blessaðan prestinn.»

«Skiptu þèr ekki af því, Finnur, reyndu ldur til að rífa hèrna til torfið, svo eg komist úr geilarskömminni.»

«Það er allt svo gaddað og freðið, prestur inn, eg get það ekki, nema eg sæki stóra rnkarlinn og pjakki það.» Finnur hleypur nú stað, og kemur á vörmu spori aptur með rnkarlinn. «Húsbóndi minn,» segir hann, «hvar eg nú að höggva gatið? hèrna sem eg sè á efið á yður, húsbóndi góður; eg er svo hræddr um, að eg skaði yður í andlitið; eg held að væri betra að þèr leggist niður í geilina á neðan.»

Sèra Sigvalda þókti þetta þjóðráð; tekur nú Finnur að höggva torfið og tekst honum það heldur seint, en þó kemur svo um síðir, að hann hefir búið til hæfilega rauf; biður hann nú prest upp að standa og gjörir hann það, og skýtur nú böfði og herðum upp í gegnum gatið allt ofan til axla, og vill freista að vega sig með handafli upp úr geilinni, en með því maðurinn var gamall og stirður, og hitt annað, að hátt var til veggjar í töptinni, verður það ógreiðt; biður hann þá Finn þrífa í herðar sèr og toga að ofan, «en eg kann,» *segir hann*, «*lypta* mèr upp að neðan.»

Finnur gjörir sem fyrir hann er lagt, og
báðum höndum í axlir prests; en jafnan
prestur er kominn á hálfa leið, tók svo að
skutnum skriðar, að hann sígur jafnharðan
aptur í töptina, og gengur svo þrisvar eða fj
sinnum; tekur sèra Sigvaldi mjög að dasas
segir Finnur að nú sè tveir kostir fyrir h
um, sá er einn, að sækja menn til að b
honum úr töptinni, en sá er annar, að hl
eptir reipum og bregða undir prest, og r
svo að draga hann úr töptinni sem grip úr
Ekki vill sèra Sigvaldi þessi ráð hafa, o
hann freista enn einusinni; stökkur han
upp svo hátt sem hann má, en Finnur þrí
herðanna og togar af öllu afli, brestur þá þe
sú sem eptir var uppi, í sundur og ofaní ge
og við það kemst prestur upp, en er þá h
óásjálegur; tekur hann að rètta hatt sin
brenglum, en Finnur að dusta moldina af f
hans, gánga þeir síðan til bæjar og l
prestur ríkt á við Finn, að hann segi ek
hvar hann hafi verið, heitir hann honum vi
sinni ef hann þegi, en ella muni hann
afarkostum. Finnur heitir því. Og er þeir
í bæjardyr, er húsfreyja þar fyrir og ráð
með ljós, og eru í óða önnum að búa ú
karlmenn til að leita dauðaleit að presti.
verður nú mikill fagnaðarfundur, og segi

honum frá, hversu hræddar þær hafi verið orðnar um hann, og spyrja hann, hvar hann hafi verið; prestur lætur fátt yfir, en segir þó, að í rökkrinu hafi hann gengið sèr til skemtunar, en með því veðrið hafi verið svo fagurt og bjart, hafi sèr dottið í hug að gánga fram um Hlíð og gæta þar til haga. Hjálmar tuddi sat þar í dyrunum við kvörnina, er prestur kom, og er prestur tekur að segja frá ferðum sínum, stendur Tuddi upp og tvístígur í kringum hann, sèr hann þá að moldarblettur nokkur er á kyrtilskautum prests, hleypur hann þá til og vill dusta af moldina, og segir: «má eg ekki dusta moldarskarnið af dínglandanum?» Prestur lítur heldur reiðuglega til hans, en yrðir þó ekki á hann; gengur síðan til baðstofu, kastar von bráðar klæðum og gengur til hvílu, og kvartar um að nokkrum kuldahrolli slæi að sèr eptir hitann og gönguna; lætur húsfreyja flóa nýmjólk handa honum, til að taka úr honum skjálftann. Ekki höfum vèr neinar sannar fregnir um það, hvernig farið hafi um áheit það, er sèra Sigvaldi gjörði kirkjunni á Stað, ef hann kæmist lifandi úr tóptinni, þó getum vèr ekki borið á móti því, að oss virðist það ei allítið vafamál, hvað orðið hafi um efníngu þess heits, en sèð höfum vèr Vísitatiu herra . . . biskups, og í henni er *svo að orði komizt um kirkjuna á Stað*: « . . .

item á kirkjan tvær söngkápur, tvo
eina brún óbrúkanlega, hvar fyrir
vildi hið allra-bráðasta tilleggja kir
nýja og sæmilega brún í stað hinnar
nú ei lengur má anstendug heita, (
kirkjunni framar beþèna kann . . (
itatia þessi gjör 17.., eða ekki fulli
síðar en sèra Sigvaldi sleppti staðnum
þareð kirkjan þá átti enga viðunandi
að vísu svo út, sem sèra Sigvalda hafi
gleymzt að efna heit sitt, eða honu
endzt aldur til að koma því fram, þ
um vèr skilið í því, hefði hann gef
nýja altaris brún, að hún hefði veri
útslitin á ekki lengri tíma.

NÍUNDI KAPÍTULI

•Margur er kviks

Vèr höfum í næsta kapítula hèr
an sagt frá svaðilförum Sigvalda kler
fór njósnarförina til sauðahússins.
haft þar í tóptinni vos mikið, en or

vísari um það, er hann vildi vita. Slíkt vos getur fyrir gamlan mann opt dregið illan dilk á eptir sèr. Veður hafði verið kalt um kvöldið og varð prestur innkulsa, er hann lá svo lengi undir freðnu torfi í tóptinni. Innkulsi fylgja opt illir förunautar, sem er hósti, höfuðverkur og beinverkir, kölduslátt ur og margir aðrir ótætis kvillar, er opt og tíðum snúast í skaðvæna sjúkdóma og leiða margan til bana. Eptir sauðahússförina hafði sèra Sigvaldi ekki alllitla aðkenníngu af sumum af þessum leiðinda-kvillum í nokkra daga, en þó varð honum ekki þýngra af, sem betur fór, því hefði hann fengið banamein sitt þar í tóptinni, mundum vèr hafa orðið að slá botninn í sögu na, og þeir sem þá hefðu viljað auka safn til sögu Íslands með æfiágripi um presta hèr á landi, mundu þá ekki hafa getað sagt mikið annað um prest þenna en það, sem segir í stökunni um Teit heitinn, og einnig verður sagt um marga embættismenn, og innifalið er í þessum fáu og kjarngóðu orðum skáldsins:

»hann át og s...., sem eg og þú,
ekki veit eg meira.«

En þetta fór ekki svo; sèra Sigvalda varð lengra lífs auðið, og er því af honum gjör meiri saga en af Teiti. Sèra Sigvaldi hresstist bráðlega, en

daufur var hann og fátalaður nokkra daga
tóptarförina. Mörg eru manna mein og
þarf ætíð mikið til að gjöra mann óglaða
hann á að sèr. Þess er fyrir skömmu
að sèra Sigvaldi var óhraustur nokkra daga
vosið í tóptinni, og verið gat að þetta
valdið ógleði hans, en þó var annað meira til
og einkum það, að honum hafði svo hrapa
brugðizt von sú, er hann hafði um að fá
sína um samdrátt þeirra þórarins og Sigrú
Sumum kann að virðast, sem slíkt væri
mikið ógleðiefni, en ekki getur oss svo
því vèr vitum þess mörg dæmi, að mön
fellur opt þúngt, ef þeim bregzt eitthvað, er
hafa sterklega vonað eptir, þó lítið sè í v
og til þess að sanna sögu vora, viljum vèr
eins manns, er vèr höfum þekkt, þó láng
síðan; það var bóndi nokkur og bjargálnama
Hann átti sauð einn mókollóttan og
bóndi mestu mætur á honum. Eittsinn
Mókollur af fjalli og var þá þrèvetur. Hann
fèlegur og bragðlegur að sjá og föngulegi
velli. Bónda leizt nú ofur vel á Koll, er
kom af fjalli, og jafnan er fèð var rekið
um haustið, skoðaði hann sauðinn í kró
kríng; þreifaði á bríngunni á honum og
hann upp í fángi sèr, og fannst honum þá á
að aptari hluti sauðarins væri sýnu þýngri

hinn fremri. «Skaði er að skera hann svona fallegan» sagði bóndi við sjálfan sig, «en á eg að trúa því að það verði ekki í honum góðir tveir fjórðúngarnir af mör, ef eg sker hann.» «Hann gjörir í blóðið sitt sá mókollótti, viss hálfur þriði í honum, ef ekki þrír fjórðúngar, Jón minn», sögðu allir sem þreifuðu á sauðnum og tóku hann upp. Þá skar bóndi sauðinn. Nýrmör og garnmör og netjan var látið saman og hverri ljósri ögn var haldið til mörsins, en þegar allt var vegið, vantaði réttar 20 merkur uppá tvo fjórðúnga. Það var um Mikjalsmessu leytið sem Mókollur var skorinn; en frá því og þángað til sunnudaginn fyrstan í aðventu heyrði enginn maður bónda tala eitt orð, hvorki við konuna eða nokkurn annan mann. En þenna sama sunnudag heyrðu menn hann tala fyrsta orðið, þá reis hann upp í rekkjunni, blès mæðilega og mælti: «æ því lèt eg fjandann koma mèr til að skera þann mókollótta!» Af þessu getum vèr vel skilið í því, þó prestur væri um nokkurn tíma hljóður og fátalaður við menn, er honum eins og bónda hafði brugðizt von sín. Enginn vissi þar á staðnum, hvað olli fáleikum prests, nema ef Finn litla hefir rámað eitthvað í það, og sízt skildi Hjálmar tuddi, hver umskipti orðin voru á hylli sinni hjá presti. Þegar prestur var fram í stofu, slæddist hann að venju

frá kvörninni og tvístèg fyrir framan stofudyr
hóstaði og hóstaði til þrautar, svo að pre
skyldi vita af sèr, en prestur var aldrei viðlá
að sinna honum, eins og Hjálmar væntist e
og væri stofan opin eða í hálfa gátt, hal
prestur henni þegjandi aptur, án þess að
sem hann sæi Hjálmar. Kynlega þókti Tu
þessu við bregða, og batnaði ekki við það sk
ferli hans. Líða nú fram nokkrir dagar, en e
morgun var það, að Tuddi er rekinn úr b
stofu og fram til kvarnar og skal hann s
hana, því kvöldið áður hafði hann orðið s
fyrir að ljúka af ætlunarverki sínu, og er
loks var lokið, þóktist hann hafa haft ærið m
erfiði um daginn og rèði það þá af, að
sópínguna bíða næsta morguns, en nú var Tu
nauðugur einn kostur, því ráðskona hafði
honum, að hann mundi ekki mat fá fyr
hann hefði sópað kvörnina og fært henni mj
skilvíslega. Tuddi kjagaði því fram til kva
með stóra mjölskál í hendi og býst til að s
kvörnina. Hann var aldrei vanur að gánga
að nokkru verki, að hann eigi áður athu
allt vandlega og byggi sig sem bezt undir,
hrapaði svo að nokkru, að hann hefði ekki h
semi sína og hægindi, og svo var enn. S
hann nú fyrst mjölskálina á kvörnina og le
í hana sporð þann, sem hann var vanur að

til að sópa með kvarnarstokkinn. Eptir það sezt hann í sæti sitt hjá kvörninni og snýtir sèr vandlega og seilist til tóbaksíláts síns. Það var hrútskyllir einn, mikill og vel eltur. Hjálmar var vanur að troða kyllinum fram á handlegg sèr, millum skyrtunnar og peisunnar, og bera hann þar. Hann seilist nú til kyllisins og leysir frá honum, var bundið fyrir hann með snærisþætti, og næsta vel um búið, og ekki færri en fimm eða sex rembihnútar. «Nú, hèr er þá orðið lítið um suma hluti» sagði Tuddi við sjálfan sig og hvolfdi um leið því sem var í púngnum ofaná vinstra handarbakið, «og þá verður að leita prestsins eptir gömlum vanda,» en síðan lagði hann nefið ofan að hendinni og svo þètt að vinstri nösin nam við handarbakið, og sogaði að sèr með miklu kvasi og hvalablæstri, og svo miklu afli, að allt tóbakið þyrlaðist saman og hvarf allt í einu í nasaholuna; lítur Tuddi á handarbakið og sèr, að þar er ekki korn eptir, starir hann nú um stund á hendina og segir: «á, já, já, þetta var þá ekki nema í hana Mjónu, það var vinstri nösin, já ekki má eg vera svo lengi, að hafa ekkert í henni Alvíð, eg er frádæmdur að geta sópað kvörnina fyr en eg hefi fengið eitthvað í hana; eg verð að reyna til að finna prestinn, þó hann sè nú ekki tagltækur.» Þegar Tuddi hafði tautað við sjálfan sig, stendur

hann upp og gengur að stofu dyrum, sèr hann að lykill stendur í skránni og veit þá að prestur muni þar inni; ekki ber Tuddi að dyrum, en tekur að rjála við lykilinn sem hann vili upp lúka; prestur heyrir eitthvert hríngl við dyrnar og lýkur þegar upp. Tuddi bíður þess ekki að honum sè inn boðið, og áður prestur geti sagt nokkurt orð, tekur Tuddi svo til máls: «já, nú held eg komi til yðar kasta, prestur góður! eptir gömlum vanda, hún er nú tóm hún litla okkar hèrna, hún tóbakshít, eg verð að biðja yður, húsbóndi minn, eptir gömlum vanda, að greiða svolegana lítið fyrir greyinu,» sagði Tuddi og otaði um leið tóbakskyllinum að presti.

«Ertu orðinn tóbakslaus núna?» sagði prestur nokkuð þurlega.

«Já, vita bláberlega tóbakslaus, það er áreiðanlegur sannleiki; eg varð að hlaupa frá kvörninni ósópaðri til að finna yður uppá það, því eg gat ekki verið svona, að hafa ekkert að láta í hana Alvíð, því þegar hún er tóm þá er eg dauður.»

«Það er ekki svo lángt síðan eg fèkk þèr tóbak, og þú átt að hafa það til vikunnar, sem eg skamta þèr,» sagði prestur og byrsti sig.

«Já, eg veit það, en það er líka meira en vika síðan; það var á fimtudag sem þèr gáfuð mèr í púnginn, og nú er föstudagsmorgun.»

»Þú verður að bíða þángað til á morgun, eg held það sè ekkert til skorið hjá kerlíngunni,» sagði prestur.

»Nú, eg lèti mèr þá lynda,» sagði Hjálmar og stèg fram á fótinn, »þángað til hún er búin að nugga eitthvað í sundur, ef eg gæti fengið eitthvað óskorið laufblað á meðan.»

»Tekurðu uppí þig líka?» sagði prestur.

»Ónei, en eg stýng því þá heldur svona skornu uppí slóna á mèr, því þá hefi eg heldur nhvern mannlegan frið.»

Nú þótt ekki lægi sem allra glaðast á presti, at hann samt ekki gjört að sèr að brosa að jálmari. Hann gekk þá að skáp þeim, sem ar var í stofunni og lýkur honum upp, tekur ar út rullu-stykki og leysir utan af því brèfið g myndar sig til að rekja ofan af því enda anda Hjálmari. Tuddi verður þess brátt var, ð nokkuð glaðnar yfir presti; tvístígur hann ú þar á gólfinu, meðan prestur leysir utan af óbaksbitanum. En af því annaðhvort, að Tuddi tti örðugt með að þegja lengi í einu, eða þá f hinu, að hann hugsaði að tóbaksendi sá, em sèra Sigvaldi ætlaði að gefa honum, mundi eldur verða lengri en skemmri, ef sèr tækist ð minnast á eitthvað, er hann hèlt að prest ıundi fýsa að heyra, þá tekur hann svo til ıáls:

«Já, eins er það og fyrri, prestur góður, um dúfuna.»

«Hvað þá»? sagði prestur þurlega.

«Á, já, dúfan flýgur út á kveldin fyrir rökkrið og fuglinn á eptir, ájá!» segir Tuddi, og skríkir og hlær um leið mjög ámátlega.

«Nú veit eg við hvað þú átt,» sagði prestur, «en þú ert svo mikill bjáni Hjálmar, að þér er ekki trúandi til neins.»

«Já, það verður nú hver að vera eins og hann er skapaður, held eg», sagði Hjálmar, og ránghvolfdi í sèr augunum og nuggaði saman lófunum, og var auðsèð á manninum, að honum geðjaðist ekki allskostar að því, sem prestur sagði, þó hann yrði að láta svo búið standa, «en ekki er eg svo heimskur, að eg þekki ekki dúfuna.»

«Það var þó ekki satt, sem þú sagðir mèr um daginn, að þau færi á daginn út í fjárhús,» sagði prestur og rètti um leið að Hjálmari enda af tóbaki, «það verður að duga þèr þángað til kerlíngin er búin að skera.» Auðsèð var á augnatilliti Hjálmars, að hann hefði einu gilt þó nokkuð ríflegar hefði verið til tekið, og segir nokkuð hærra en í hálfum hljóðum:

«Já, það verður að gjöra það, þakka yður fyrir — en það held eg hafi þó verið satt sem *eg* sagði yður.» Nú brýndi Hjálmar allt í einu

tina, og segir: «ef einhver hefir sagt yður að um það, prestur minn, þá er það ósann-; en eg sè það» — við þessi orð varð lmari litið á tóbaksendann sem hann hèlt á «að það leitast við hèrna hyskið að rægja ; við yður; það vill allt ofan af mèr skóinn illar lundir, eg veit það, því þykir eg vera í ji fyrir sèr, og það heldur eg komi upp um) klækjunum; það væri fýsilegt að vita, hver ir sagt yður að eg hafi logið að yður.»

«Það hefir enginn sagt mèr það, en eg hefi ið mig á það, að þú sagðir mèr ekki satt, i hefirðu sèð það sjálfur?» sagði sèra Sigvaldi leit um leið nokkuð alvarlega framaní Hjálmar. ilmar svaraði dræmt, og sagði:

«Raunar sá eg það ekki sjálfur, en því ir þá verið logið að mèr, og maður verður ari ef maður hefir nokkuð eptir því hèrna; skal hugsa eptir honum í annað sinn.»

«Hverjum þá?» sagði prestur byrstur, «hver ji þèr það?»

«Já, það má eg ekki segja,» sagði Tuddi.

«Þá skalt þú segja mèr það,» sagði prestur ðuglega og greip annari hendinni í öxl Tudda. ddi ránghvolfdi augunum að presti og sagði:

«Æ, æ, eg skal segja það, hann Finnur ji mèr það.»

«Hann *Finnur?*» sagði prestur dræmt, «já

segðu mèr það sem þú sèr sjálfur, en ekki sem aðrir segja þèr, karl minn, og þá erum góðir vinir og þá trúi eg þèr,» sagði sèra S valdi og gekk um leið fram að stofu dyrun og lèt Hjálmar sjá að hann ætlaði út.

«Eg verð að biðja yður, prestur góður, staldra við dálítið, á meðan eg tala við yi nokkuð, sem mèr ríður á, og það er um me vættið hèrna; eg verð nú að afsegja að m lengur í henni, ef ekki er gjört við hana; h ætlar nú að rífa og slíta mig kvikan í sun lið fyrir lið og tægju fyrir tægju. Eg verð mælast til, að þèr skipið honum Jóni að gj við hana. Það verður hana alla gjörsamlega forbetra og rampónera, hún er öll af göflun gengin, eg vil ekki að hún inporti mèr það, hún drepi mig. Eg hefi nuddað, nöldrað jamlað um það óaflátanlega og eilíflega í all vetur, en hann er ekki farinn til þess e samt, og gjörir það ekki fyr en þèr skipið ho um það; en ekki verður malað á meðan á stendur, að verið er að gjöra við hana.»

«Eg skal láta hann gæta að því,» sa prestur og gekk fram úr stofunni, en Tu staulaðist á undan honum og að kvörninni, tekur nú að sópa hana, og er því var lok gengur hann til baðstofu og slórir þar að ve fram eptir deginum, er hann þá fremur styg

skapi og lætur sína óþægðina skella á hverjum, sem á hann yrðir. Líður nú fram að miðdegi, og þarf Tuddi ofan og slamrar fram göngin, og er hann er kominn gagnvart búrdyrum, heyrir hann að einhver kemur ofan loptsstigann; hann lítur þá aptur og sèr að það er kvennmaður og gætir hún hans ekki, en gengur að húsdyrum Þórarins og slær með fingrunum tvö högg lítil á hurðina og snýr svo fram til baðstofu dyra. Tudda grunar að þetta muni vera Sigrún, þó hann sæi ekki hver hún var, og að höggin muni vera eitthvert merki, vill hann nú ekki verða á vegi fyrir Sigrúnu, og þó að Tuddi venjulega væri ekki kvikur á fæti, stökkur hann nú, svo fljótt sem kólfi væri skotið, inn í skuggann hjá búrdyrunum, og lætur Sigrúnu ganga fram hjá sèr og verður hún ekki vör við Tudda. Hún gengur fram í dyrnar og nemur þar staðar við bæjarstafinn og lítur inn eptir göngunum, eins og hún vænti einhvers. Tuddi finnur, að búrdyrnar voru ólokaðar og fellur hurðin ólæst að stafnum. Hann tekur nú það ráð að hann smeygir sèr inn á milli hurðarinnar og stafsins. Þar stóð baka til við hurðina kassi einn, og var skept fjölum yfir. Tuddi stígur uppá kassann og lætur hurðina falla að dyrustafnum, og leggur undlitið við rifuna, er varð á millum hurðarinnar og dyratrèsins að ofanverðu; má hann þaðan sjá

eptir endilöngum göngunum og svo fram
anddyrið. En þá er Tuddi hefir þannig
búizt, sèr hann, að Þórarinn kemur úr bað
og gengur fram göngin. Sigrún sneri baki
í bæjar anddyrið og litast um út á hlaðið,
heyrir hún ekki er Þórarinn kemur
dyrnar, en er Þórarinn kemur gagnvart kv
inni, læðist hann og grípur allt í
báðum höndum undir hendur Sigrúnu, svo
hrökkur skyndilega við og verður þá fángi
Þórarni, og sá Tuddi það, að Þórarinn sl
ekki tökunum á Sigrúnu þá er hún hrökk
en kippir henni nær sèr og kyssir hana; en
sá Hjálmar ekki glöggt, af því svo lángt va
að sjá, hvort kossarnir voru fleiri en
Spýtur þær, er rept var yfir kassann er T
stóð á, voru þunnar og þoldu ekki mikið hn
og heyrir Hjálmar að tekur að hrikta í þ
ætlar hann því að stökkva ofanaf kassanum
en þær brotni. Maðurinn var ekki fimur
liðugur í snúníngum, missir hann jafnvægið
fellur ôfugur aptur á bak. Ætlar hann þá
grípa annari hendinni í hurðina og taka af
fallið, en af því að hurðin var ólæst, lætur
undan og verður honum enginn stuðníngu
henni. Fyrir innan kassann og baka til
Tudda stóð sýruker eitt mikið og grafið í j
upp að miðju. Kerið mundi hafa verið á
gizka tveggja tunnu ílát, og var hlemmur

Tuddi fellur ôfugur á kerið, og lendir á miðjum klemmnum og svo hart, að furðu mátti gegna. Klemmurinn var feyskinn, maðurinn þúngur, en kallið mikið, og hrökkur hann þegar í sundur á klemmurinn, en Tuddi fellur tvöfaldur ofaní kerið og allt til botns, svo að vatnaði sýrunni yfir bol og herðar, en hendur og fætur sátu við barma. Tuddi rak upp óp mikið, og það mundi hverjum öðrum hafa orðið fyrir, er svo hættlega hefði verið staddur. Sigrún og Þórarinn heyrðu hljóðið fram í dyrnar, en vissu ekki hvað um var að vera, urðu þau mjög felmtruð og hlupu út í hverja sundrúngina, Þórarinn út á hlað en Sigrún inn í baðstofu, og sögðu þau síðar svo frá, að óp það, er þau heyrðu, hafi verið líkast því, er menn segja frá öskri í nauthveli, eða ef menn orga sem mest verður niðri í tómri tunnu með öðru íláti. Nú er að segja frá Tudda, þar sem hann liggur í kerinu, að hann brýzt um allt það er hann má, og vill fyrir hvern mun upp komast, en þess var engi kostur. Kerið var ákaflega djúpt, en mjög þröngt, og lá Tuddi þar svo svínbeygður, að engu bolmagni varð við komið. Og þá er hann á marga vegu hafði freistað að komast brott úr kerinu, sèr hann, að eigi má hann svo búið láta standa; tekur hann þá það ráð, er honum þókti líkast til hokkurra bjarga, að hann grenjar sem hann mest

má, og svo hátt að vel mundi hafa h
arlángt eður lengra, í logni og vindst
mundi það og hafa dugað, ef forlö
ekki ætlað honum meiri mæðu. Þó
væri mikið, heyrðist það ekki til ba
báru margar greinir til þess; það
gluggi sá, er var á búrinu, stóð opin
aði hljóðið meira þar að, sem opið
það annað, að búrhurðin var aptur, e
dyrum hafði Sigrún skellt á eptir sè
hljóp inn. Þó mundi þetta eigi hafa
til fyrirstöðu, að hljóð Tudda heyrðist til
ef ógæfa hans hefði ekki verið svo rí
um sama leyti, sem hann fèll í kerið
af vinnumönnum að kveða rímur á bað
og kvað hátt og snjallt, en vinnukon
undir og varð af glaumur mikill. En
nú þessar bjargir bannaðar, enda sa
nú svo mikill kuldi, að vart má hann
því að sýran var illköld mjög; tekur h
skjálfa og nötrar í honum hver tönn
tekur af honum að draga, að hann fy
mun má hreifa sig eður hljóði upp kon
verður feigum forðað, eða ófeigum í h
segir málsháttur forn, og svo var enn
út, sem Tuddi mundi hafa látizt þar í ker
inn orðstír, ef honum hefði ekki snarl
einhver óvænt bjargvættur. En með þ

r ætlað lengra líf, þá ber svo við, að prest
ıkir mikill þorsti, og fer Guðrún ráðskona fram
búr að sækja honum mjólk að drekka. Ekki
ır nema einn gluggi á búrinu, og þó hádagur
eri, var þar aldrei vel bjart, en nú var farið
) halla degi og skuggsýnt, svo aðeins mátti
reina hvern hlut frá öðrum, en ekki sjá neitt
rant þar sem skugga bar á. Ráðskona gekk
ınar eptir búrinu og að hillu einni, er var um
veran gafl, og gætir hvorki til hægri nè vinstri.
ı hillunni stóð stór skál með mjólk, gekk Guð-
ún þar að og tók að hella á könnu þá, er hún
ıèlt á; heyrir hún þá blástur mikinn og más
ram í búrinu og því líkast sem væri í ketti.
ar var á bænum högni einn svartur, afarstór,
ið var allgóður músaköttur. Þegar músagángur
ar mikill á staðnum, var Kolur hvervetna boðinn
g velkominn, en þess á millum var ráðskonu
kki um veru hans í búri, því Kolur hafði þá
enju, að gjöra sig þar heimakominn, og þókti
ıonum sèr heimilt að hafa það af mat er hon-
ım líkaði, var þá rjómatrogum ráðskonunnar
afnan ófriður búinn. Ráðskona hyggst nú að
aka kisu og láta hana út; setur hún könn-
ına á búrhilluna, og tekur að svipast eptir Kol
ram í búrinu, þar sem hún heyrði blásturinn
g kallar á «kis, kis; «verður henni þá litið til
lersins þar *sem Tuddi lá*, og sèr þar nokkur

vegsummerki á orðin; glórir þá í glyrnu
við annan sábarminn, en hinum megin r
býfur tvær, og eigi litlar. Það vildi til, að
ráðskona var engin heimótt eða veimiltýt
mundi hún þegar hafa liðið útaf í öngvit
gólfinu. Guðrún æpir upp yfir sig og h
með ysi og ósköpum til baðstofu, fer
fregn eins og eldur í sinu um allan bæi
Hjálmar tuddi sè fundinn drukknaður og
í búrinu, þýtur hver sem komast má,
allt í uppnámi, þyrpast menn nú að keri
skygnast eptir, hvort Tuddi sè þar lífs eða
og sáu menn fljótt að Hjálmar var enn
örendur, er hann lygndi augunum uppá
og blès ákaflega, en talaði ekki, annaðh
því, að hann var orðinn svo dasaður að
mátti ekki mæla, eður hins vegar, að han
hugsað að fæst orð hefði minnsta ábyrgð.
kona skipaði nú að draga Hjálmar úr
og varð það með þeim hætti, að tveir
menn gengu til, tók annar fætur Hjálma
annar gekk að höfðinu, greip utanum eyr
hófu hann svo upp á milli sín og fram
Reyndist það þá, að Hjálmar var hvorki svo
farinn, að hann mætti ekki upprèttur s
eða hann að öllu hefði mist málið.
Hjálmar kom úr kerinu var hann heldur ó
þó gat engum komið til hugar að hlæ

nonum, þar sem hann stóð á gólfinu nábleikur í framan með úthverf augun og nötraði í honum hver tönn. Ekki gátu griðkonur staðizt að sjá slíka sjón og hlupu þær í ofboði til baðstofu, en lètu karlmennina stumra yfir Hjálmari. Varð þeim það fyrst fyrir, að þeir færðu hann úr utanhafnar-fötunum og sóktu síðan brekán og báru hann í uppá lopt og lögðu hann í ból sitt. Sagði þá einhver vinnumannanna, að ekki mundi Hjálmar lifna við, nema tekið væri það ráð er haft var við Gizur jarl, er hann gekk úr ýrukerinu forðum eptir Flugumýrarbrennu; en með því engin af griðkonum var þess fús, að taka að sèr starfa Hallfríðar Garðafylju, var það af ráðið að heita ofaní hann mjólk og búa um hann sem bezt. Næsta dag eptir var Tuddi orðinn vel málhress og gat vel matazt, en ekki vildi hann upp standa þann dag og ekki hinn næsta þar á eptir; en á fjórða degi reis Tuddi á fætur, og sögðu þeir, sem lögðu flest út á verra veg fyrir Hjálmari, að ekki hefði mátt fyrir sjá, hversu lengi hann hefði legið, hefði ekki svo við borið, að hinn sama dag er hann reis úr rekkjunni, bar upp á þriðjudag og sprengikvöld að aptni, en öskudagur að morgni, en um þær mundir vonir góðra fengja, svo að betra væri að vera á faralds fæti en að halda kyrru fyrir, því sveltur sitjandi kráka en fljúg-

andi fær. En sjaldan er ein bára stök. Undir eins og menn sáu, að Hjálmar tók að hressast, fóru menn betur að íhuga atburði þá, er orðið höfðu um slysfarir Tudda; þókti mönnum það ekki grunlaust, að Hjálmar hefði verið staddur í búrinu, þá er hann fèkk áfallið, og kom þá upp sá pati þar á staðnum, að Hjálmar mundi hafa farið í búrið í þeim vændum, að krækja þar í eitthvað matarkyns; en jafnan er hann var frèttur um það, í hverjum erindagjörðum hann hefði verið, er hann fèll í sáinn, svaraði hann ekki öðru en skætíngi einum, og kvaðst ætla að það varðaði litlu, enda væri hann sjálfráður ferða sinna. Kom svo, að ráðskona tók að rannsaka málið, en Hjálmar veitti jafnan hin sömu svör og fór undan í flæmíngi. Ekki vildi ráðskona láta svo búið standa, og bar hún sökina fyrir prest, kvað sèr ekki grunlaust um, að Hjálmar gengi í búrið og stæli þar slátri og öðru, er hann hafa vildi, og sagði það til jarteikna, að hann hefði verið staðinn í kerinu, og beiddi prest að láta líta eptir lásum en gefa Hjálmari nokkra ráðníngu. Prestur lèt sèr í fyrstu fátt um finnast, en svo kom loksins, að hann þóktist ekki mega sitja afskiptalaus af þessu máli. Stefnir hann nú Hjálmari eitt sinn fram í stofu, og segir prestur hverjar sakargiptir ráðskona bar á hendur honum. Eigi vissu menn hvað

töluðu, en það höfum vèr þó fyrir satt, að
di hafi sagt presti af hið sannasta, hverir
rðir urðu til þess, að hann fèll í sáinn, svo
rá því, hvað hann hafði sèð þeim þóraroi og
únu fara á milli áður en honum hlekktist á.
svo við eptir viðræður þeirra Tudda og
ts, að búrstuldar-málinu var eyðt, og er
lmar kom aptur úr stofunni frá presti, sáu
n að hann var hinn kátasti og lèk á als oddi.

TÍUNDI KAPÍTULI.

Ráðagjörð Sigvalda prests.

Sigvaldi prestur tók nú ógleði mikla og
ggjur stórar; vakti hann löngum um nætur
ílu sinni, og varð ekki svefns auðið þá er
r menn sváfu. Ekki vissu menn gjörla hverju
sætti, hugðu sumir að hann hefði tekið
ıkleika nokkurn, en enginn þorði eptir að
ı. Gekk svo fram um hríð, að prestur var
áll og áhyggjufullur. En er fram liðu stundir,
prestur smásaman að hressast; skipti þá
g í tvö horn um lundarfar hans, að nú
ðist hann hinn glaðasti og lèk við hvern

sinn fingur. En jafnan síðan þeir Hjálmar át ust við, gætti hann svo til, að ekki gafst þei Þórarni og Sigrúnu færi á að finnast, eða talas við, annað en það, sem hver mátti heyra.

Það var eitt skipti, nokkru eptir það a prestur hafði tekið aptur gleði sína, að hann va staddur í stofu; sat hann þar við borðið og las brèf nokkurt; ekki voru fleiri þar í stofunni, nema Guðrún ráðskona, og fægði tindiska. En er prestur hafði lesið brèfið, brýtur hann það saman, tekur síðan Guðrúnu tali: «og nú vil eg,» segir hann, «að þú lítir eptir nærfötum og klæðum Þórarins mágs míns, og hafir þau hrein og á reiðum höndum, hvenær sem til þarf að taka.»

Guðrún svarar að svo skuli vera: «en hverju sætir það,» segir hún, «að þèr innið til um slíkt; þèr eruð ekki vanur, bróðir minn, að hlutast til um þesskonar, eða spyrja um þjónustubrögð karlmanna.» Prestur sannar það satt vera, «en því að eins hlutast eg nú til um þetta mál,» segir hann, «að mèr þykir mikl varða, að allt verði greiðlegt um afgreiðslu á fötum Þórarins, því nú er það skjótast af að segja, að ekki mun vera hans hèðan af verða hèr til lángframa um stund, og er burtför hans ráðin eptir fáa daga, eða mun ekki sá bezt að hann leiti hèðan um hríð?»

Guðrún roðnaði við og segir: «svo er nú

nið, að eg mun láta mig litlu varða, hvert á
d hann fer, það er nú komið í það horf, en
ð held eg, að hèr sè einhverir á bænum,
m þurfa að halda eins mikið á tröfunum, að
rjúka á sèr augun, og gilti einu þó hann
eri hèrna fyrst til sumarmálanna, eða hefir
líðar-heimasætan verið spurð til ráða um þessa
rirætlan? — hvernig ætli henni geðist að
essu? En sè það satt, þá er mèr forvitni á
ð vita hvert hann fer.»

«Hann fer suður til Borgarfjarðar,» segir
restur, «og er það af mínum toga spunnið;
nn skal ekki ílengjast hèr í hèraði um hríð.
g er búinn að komast að hinu sanna, systir,
g tek nú til þess, sem eg hafði fyrir löngu
ngsað, ef svo færi, sem eg hèlt ekki yrði, að
ugur þórarins hneigðist í aðra átt en eg
afði ætlað, hum, hum, hum! — Eg þarf ekki
ð tala ljósara, því víst skilur þú við hvað eg
. — En með því fyrirætlan mín um hagi þór-
rins hefir frá öndverðu verið öll önnur, en
ð hann ætti þessa Hlíðar-júngfrú, þá hefi eg
ngsað þetta mál vandlega, og gildir mig einu
ó hann færi hèðan úr sveit um hríð; en sè
vo, að nokkuð meira búi undir þessu flángsi
eirra þórarins og Sigrúnar, þá mun hèr um
ra sem mælt er, að «svo fyrnast ástir sem
ndir,» ef þau eru ekki saman; enda mun eg

búa svo um hnútana, að annaðhvort ska
rún ekki verða hèr í sveit að lángdvölum
þó hitt heldur, að hún þurfi að giptast, o
eg þá styrkja hana til þess. Hèr er í sveitin
völ á vinnumönnum, og kotkörlunum, sen
við hennar hæfi.»

Þá gat Guðrún ekki að sèr gjört, að
orði inn í ræðuna og segir: «og það hel
bróðir minn, þèr segið satt, því ekki e
sleklið göfugra en svo.» — En prestur
áfram, og segir:

»Og því verður annað tveggja, að þór
kemur hèr aldrei, eða hitt, að hann hlýðir
um ráðum og boðum sæmilegum, tekur hè
staðnum af mèr, og verður aðstoðarprestur
og á þig; eru þetta allt mín ráð, og ritað
því til fornkunníngja mínum og gömlum sk
bróður. Hann er sýslumaður í Borgarfirð
heitir G . . ., vissa eg að hann er nú
stendur þènaralaus, og bað eg hann að
Þórarinn, og er nú hèr komið brèf frá hon
tekur sýslumaður því máli vel, og segist hafa
afspurn af Þórarni, skuli hann hafa kaup
og vera haldinn sæmilega að klæðum og
en áskilur, að hann komi nú þegar, og l
mig að bregða skjótt við, og fá honum hest
mann til fylgdar, svo að hann verði ko

ángað suður fyrir sumarmál; eða hvernig lízt ièr á þessa ráðagjörð?»

Guðrún verður nokkuð svo sein til svara, en segir þó eptir litla þögn:

«Fyrst þèr spyrið mig, bróðir minn, hvernig mèr lítist á þessa ráðagjörð, skal eg segja eins og mèr býr í brjósti, og sýnist mèr hún allgóð; því þó mèr segi svo hugur um, að það eigi ekki fyrir mèr að liggja, að verða þórarins aðnjótandi, þá er mèr samt svo varið, að eg hefi ekki skaplyndi til að horfa lengur á það, að Hlíðar-trippan trani sèr framan í hann; og þèr skuluð vita, að sumir hafa ekki ætíð verið með hýrri há, eða heilir innanrifja, síðan hún var tekin hingað í vetur, sem aldrei skyldi verið hafa, og sèð, hvaða dálæti sumir hafa haft á henni, þó sumir kannist ekki við það, en ekki veit eg hvar sumir geta litið á hana, til þess að sjá á henni fegurðina og kostina, sem ekki á að vera á sumum; — en það er þá ekki þar fyrir, sumir geta þá þókzt ofgóðir fyrir suma, og ekki ætla eg mèr að ganga með grasið í skónum eptir neinum, sem þykist ofgóður fyrir mig.»

«Tíminn og lagið vinnur það, en þolinmæðina verður að hafa.»

«Já, þèr sögðuð svo um árið, þèr munið hvað þèr lofuðuð mèr, þegar eg fór til yðar,

en hvernig fór það, og var þó lengra komið sagði Guðrún, «og ætli það fari ekki líkt enn? en hvað um það er, eg vil allt til vinna, horfa ekki uppá það lengur; — en eruð þér viss um, að þórarinn vili fara þángað suður og hvað lengi á þessi drós að sitja hèr?»

»Hún verður hèr til krossmessunnar,» segir prestur, «eins og lofað var; eg verð að eiga vingott við þau Hlíðar-hjón að svo stöddu maður verður að hafa fleira en eitt járnið í eldinum; — en eg tala nú ekki meira um það á þessu sinni, það kemur fram síðar, ef eg lifi; — en svo eg svari hinu, sem þú spurðir um, þá er eg viss um, að þórarni mínum mun þykja þetta ráð fýsilegt, sem honum er boðið; eg hefi jafnan heyrt það á honum, að hann mundi taka þann kost, ef honum stæði til boða, að ganga í þjónustu göfugra manna, þar til hann hefir aldur til að taka prestvígslu, enda kemur honum það ekki á óvart, þó hann hèðan fari, því vér höfum við áður um talað, að hann skyldi vera sèr úti um samastað og atvinnu að sumrinu, en hverfa hingað á vetrum ef hann ætti ekki annars úrkosta; en þó að hann fari nú hèðan nokkru fyr en ætlað var, þá verður svo að vera og vil eg að það verði brátt, og því kvaddi eg þig til þess að sjá um að allt, sem til ferðarinnar þarf, sè til, þegar til þarf að taka.»

Guðrún sagði, að ekki skyldi standa á því, em hún ætti fram að leggja, sagði sem var, að öt Þórarins væri í góðum þrifum og öll til reiðu; ið sönnu væri nokkur nærföt í þvotti, en ekki mundi á löngu líða áður þau yrði þur; tvennir nýir sokkar, er honum væri ætlaðir, væri enn ópæfðir, en einhver vinnumanna skyldi þegar næsta kvöld þæfa þá; þessu næst sagði prestur, hvernig hann ætlaði að haga ferðinni og hvað hann vildi til hennar leggja: sagði hann, að maður skyldi fara með þóraru, svo skyldi og sjóða ein sauðarskammrif og nokkra magála, láta saltað smjör í dall og baka kökur, og láta það allt ráðvíslega í malsekk einn; skyldi þetta vera nesti þeirra kompána. Ráðskona kvaðst mundu sjá fyrir því eptir fyrirskipun prests, og þar með skildu þau talið; sást það á, að Guðrúnu líkaði þessi tilhögun allvel.

Næsta dag eptir kom prestur að máli við Þórarinn, og sagði honum fyrirætlun þessa; tjáir hann honum frá brèfi sýslumanns og segir honum hverju honum er heitið; sátu þeir lengi dags tveir á tali í stofu, en ekki segir af því, hvað þeir ræddust við um þetta mál, en hvort er þeir töluðu það lengur eða skemur, þá lauk svo, að brottför Þórarins var ráðin.

ELLEFTI KAPÍTULI.

Brottför þórarins og suðurferð.

Ekki vitum vèr gjörla hvað prestur ræð við Þórarinn um brottför hans, en á þriðja de eptir að þau prestur og Guðrún töluðust vi var hver hönd á lopti á Stað, ys og þys, hla og köll um allan bæinn; sitt iðjaði hver, allir unnu nokkuð að brottbúníngi Þórarin ein griðkona drap smjöri í dall, önnur steil kökur, þriðja verpti skó handa Finni Bjarnasyn húsfreyja saumaði stafi í skyrtur bróður sín Sigrún sat í húsi hjá húsfreyju og þvengja skó Þórarins, og skóf þvengina vandlega og sm bleytti þá aptur með tárum sínum, er við við hrundu ofan af kinnum hennar á þvengi og skóna, en enginn sá það, því enginn var húsinu nema húsfreyja, er annaðhvort var s önnum kafin við verk sitt, að hún gætti þe ekki, eða hitt, að hún lèt sem hún sæi þ ekki, þó hún hefði eitthvert veður af. Þór inn var í herbergi sínu, og stóðu þar á gó koffort tvö, ekki alllítil, er ætluð voru til fer arinnar; raðaði Þórarinn niður í þau bók sínum og klæðum, en Guðrún ráðskona h jafnóðum fötin til hans, samanbrotna sokl *keflaðar* skyrtur, bleikt og strokið hálslín;

n sem sèr væri annast um, að allt væri sem ifalegast af hendi leyst, sem þórarinn átti að ifa, og fèkkst mikið um; ekki gaf þórarinn því ikinn gaum, og var hann venju fremur svip-aufur og fámálugur. Á hlaði voru húskarlar resta í mestu óða önn að járna hesta og söðla á, en prestur sat í stofu og ritaði lánga rollu il sýslumanns G . . . — þegar þórarinn, eptir á-skorun prests, hafði afráðið að taka þjónustu hjá sýslumanni G . . ., tjáði hann undir eins Sigrúnu frá fyrirætlun sinni, sagði og það með, að ekki vildi hann vera lengur þar á Stað á móti vilja mágs síns og í óþakklæti, en jafn-framt tjáði hann henni, að það stæði við sama, er þau hefði talað sín á milli, þó hann fjar-lægðist, og mundi hann ekki slíta tryggð sína við hana og ekki bindast einkamálum við nokkra aðra stúlku, meðan hann vissi hana á lífi og ógefna. Sigrúnu hryggði mjög brottför þórarins, þó hún sæi að svo yrði að vera, og var hún jafnan sorgbitin þá er leið að því, að þórarinn skyldi fara. En þá er hèr var komið sögunni og að því kom, að þórarinn bjóst til brottfarar, var hún mjög döpur, en bar sig þó, svo mikið sem hún mátti, að láta ekki aðra menn sjá það er henni í brjósti bjó; það var og eitt, er hún kveið mest fyrir, en það var, að þórarinn kveddi hana svo að nokkur væri

nærstaddur, þóktist hún sjá það fyrir, að hi
mundi ekki geta stillt sig um að gráta, og mun
það þá ekki geta dulizt þeim, er við væri staddi
að hún hefði þórarinn kærari en augljóst va
og er hún hugsaði um þetta allt, táraðist hú
ofan yfir skóna þórarins. Þó rèðist betur í
þessu en á horfðist í fyrstu. Þegar Sigrún hafi
þvengjað skóna og snotrað þá sem henni lík
aði, gengur hún til prestkonu og fær henni þ
þakkar húsfreyja henni fyrir, og segir henni a
færa þórarni þá; verður henni þá um leið lit
framan í Sigrúnu, og sèr, að hún er dapureyg
mjög, og með því hún vissi nokkuð til um sam
drátt þeirra þórarins, skilur hún brátt hver o
sök muni til vera, strýkur hún þá hendinni u
kinn Sigrúnar og segir, að það muni eitthv
ama að henni, og sè ekki ólíklegt að hið sam
hryggi þær báðar: «og það skaltu vita, að ek
eru þetta mín ráð, Sigrún mín, en huggað
þig við það, að drottins vili mun koma fram.
Sigrún þagði og grèt, kysti húsfreyju og geng
ur, sem henni var boðið, til þórarins, og fe
honum skóna; hittist þá svo á, að enginn mal
ur var þar hjá þórarni; ætlar Sigrún þegar
snúa aptur úr herberginu, er hún hefir lok
erindi sínu, en er hún er komin gagnvart dy
um, snýr þórarinn eptir henni og tekur í hö
henni og segir: «lofaðu mèr að kveðja þig.h

ıín góð!» grípur hann hana þá og
ıana að sèr, og kyssir hana og bið-
muna sig, en brèf skuli hún fá frá
ɔjótt sem hann geti því við komið. Að
skreppur Sigrún út, og hleypur þegar
ʒ upp á tún og gengur þar inn í hest-
er þar stóð á túninu, og felur sig þar,
›órarinn er á brott riðinn, og grætur
ʒrum tárum brottför þórarins, en svo
l ys og þys á bænum að búa þórar-
að, að enginn saknaði Sigrúnar úr bæn-
tir að þau Sigrún höfðu kvaðzt, býst
mjög af skyndingu, og líður ekki á
ur hann er búinn að stíga á hest, og
ú hvert mannsbarn, er var á staðnum,
ıð til að kveðja hann; gengur hann
n mann og kveður allt fólkið með kossi;
ın allir heilan fara og glaðan aptur koma,
ɾinn var svo vel þokkaður, að nálega
num allir hugástum; Guðrún ráðskona
á hlaði og lítur hún nú yfir heimilis-
· allt stóð í röð á bæjarstèttinni, og sakn-
›rátt Sigrúnar, að hún er þar ekki hjá
jarfólki. Tekur þá Guðrún svo til orða
nilega, svo þórarinn mátti vel heyra mál
er hann stóð allnærri:
júngfrú Sigrún hèr ekki? — líklegast
›órarinn *kveðja hana*, eins og aðra.»

Þórarinn hváði við, sem hann hefði ekki heyrt hvað Guðrún mælti; tekur hún þá aptur til orða:

«Eg var að tala um, að þér munduð vilja kveðja hana júngfrú Sigrúnu, á ekki einhver að kalla á hana?» — sagði Guðrún, og leit framan í Þórarinn, líklega í því skyni, að vita hvernig honum brygði, en Þórarinn sá þegar hvað Guðrúnu var innanbrjósts, og lætur sem sér verði ekki bilt við, en svarar undir eins og glottir við:

«Og ekki gjörist þess nú þörf, það er nóg að þér berið henni kveðju mína, og munið þér þá eptir að segja, að eg biði ástsamlega að heilsa henni.»

Þegar Þórarinn hafði þetta sagt, kveður hann Guðrúnu og minnist við systur sína og mág sinn, og skiljast þau öll með hinni mestu blíðu; stígur Þórarinn á hest sinn, og er þá Finnur Bjarnason, fylgdarmaður hans, farinn skammt út í túntraðirnar. Í því Þórarinn keyrir hest sinn úr hlaði, tekur hann ofan, svo sem til þess síðast að kasta kveðju á fólkið alltsaman; raðar fólkið sér þá í þyrpingu á stéttinni, er það vissi áður, eptir undirlagi prests, hvað fram skyldi fara. Tekur prestur ofan skotthúfu sína, er hann var vanur að hafa heima, og sýngur Þórarinn úr garði, var það alltítt, þá er *einhver* flutti sig búferlum og mikið skyldi við

og var þá til þess valið annaðhvort eitt sálmvers, er vel þókti við eiga, eða eitt sem ort var í þann svipinn og ætlað var til að hafa við slík tækifæri. Söng nú fólkið, sem á stèttinni stóð, undir með presti, en hafði forsönginn; hafði hann sjálfur ort farar-stefið, og var það þannig:

Fylgi þèr, mágur, farsæld nú,
fagnaðar kjörin hljóttu,
þess óskum vèr af ást og trú,
allt eins um dag sem nóttu;
gæfan þig jafnan geymi frá
glötunar skerja boða,
og villu voða,
örk til sanns þar til augun fá
þig aptur dýrðlegan skoða.

Þegar brottfarar versið var súngið og Þórarinn riðinn út fyrir tún, sneri prestur og heimilisfólkið til baðstofu; um sama leyti gægðist Sigrún út úr hesthúsinu, og sèr hún þá hvar hyllir undir þá Finn á melunum suður frá túninu, starir hún lengi eptir þeim, en síðan tekur hún að þurrka tárin úr augum sèr, er lengi höfðu flotið viðstöðulaust, og tekst henni það um síðir að hyggja svo af harmi sínum, að gráturinn hætti og tárin stöðvuðust; gengur hún bráðum til bæjar *og upp á lopt*, og settist þar á rúm

sitt, bar ekki á öðru, en að hún væri
nema venju þókti bregða hversu rauðeyg
var og föl að yfirlitum. Guðrún ráðskona v
glaðasta, ekki bar hún Sigrúnu kveðju
ins, en það var eins og hún hefði ein
grun á því, að ekki lægi sem bezt á Sig
og að tilefnið mundi vera það, að henni
brottför þórarins ekki allskostar góð, enda
aði Guðrún sèr það þann dag allan; henr
uppsigað að tala um þórarinn, og hafa
jafnan á vörunum, og rakti hún allan forla
hans á Suðurlandi: þar mundi hann, sagði
komast í mikinn veg og gengi, og mund
vart liggja fyrir honum að koma þar á
aptur, eða í Staðarhrepp; það væri sýn
hann mundi staðnæmast þar syðra; fyrst
hann verða skrifari nokkur ár hjá sýslur
G . . . ., og komast í kærleika við hann
kvaðst hún hafa sannspurt, að sýslumaður
sèr, eins og segir í þulunni: «tvær dætt
tvær hvalsmjörstunnur,» eða með öðrum or
tvær gjafvaxta dætur og auð mikinn, til að
þær vel úr garði; væri ekkert líkara, en þ
inn bæri sig að krækja í aðra hvorja þeirra
anna, enda væri það líklegt, að sýslumaðu
unna honum þess kvonfángs, er maðurinn
álitlegur og vel að sèr í mörgu. Það má
nærri, að slíkar ræður geðjuðust ekki Sig

lskostar, og jók það áhyggjur hennar og harma; g þó hún á annan bóginn gæti ekki trúað því m þórarinn, að hann mundi bregða heit sín ið hana, þókti henni þó á hinn bóginn ekki ó-íklegt, að þar að mundi draga, að svo færi sem Guðrún gat til, að þórarni þækti fýsilegra að staðnæmast þar syðra, en hverfa aptur til átt-haga sinna, mundi það og að sönnu verða, að mikið reyndi á tryggð hans, þar sem líkindi væri til að honum biðist góð kvonföng og á-itlegar og auðugar stúlkur, en hún fátæk og ítilsháttar. Allar þessar hugsanir vöktu fyrir ienni, og gjörðu hana harmþrúngna og hug-júka nótt og dag.

Af ferðum þeirra þórarins og Finns segir ekki annað, en að þeir fá færð góða og veður ain beztu; tekst þeim svo greiðlega, að þeir koma á fimmta degi eptir til sýslumanns G...; er þeim þar vel fagnað; var Finnur þar um tyrt í tvo daga og hvílir hesta sína. Á meðan ítar þórarinn mági sínum og systur, og segir þeim frá suðurferð sinni, og svo hvernig sèr hafi verið fagnað, er hann þar kom; og lætur vel yfir, að hann muni brátt una þar vel hag sínum. Þá skrifaði hann og Sigrúnu til, og selur bréfið í hendur Finni vini sínum, og biður hann gæta þess vandlega, og segir honum að láta það ekki fara fleiri manna á milli en hans og

Sigrúnar; heitir Finnur honum því, en
inn heitir vináttu sinni á móti. Síða
Finnur aptur heimleiðis, og kemur hann
og skilar þar brèfum þeim, er hann átti a
til prests og húsfreyju. Sigrúnu fèkk hai
Þórarins svo, að enginn maður annar vai
vís. Tekur Guðrún eptir því, að henni
yfirbragð Sigrúnar öllu hýrlegra en áður
að Finnur kom að sunnan, og dregur h
af líkur til, að svo gæti verið, að hún hefði
brèf frá Þórarni, og vill fyrir hvern mun
eptir, hvort nokkuð væri til í því. Einn
un gjörir hún sig mjög vinalega við Finn
son og dregur hann með sèr inn í búr
síðan búrinu og setur þar fyrir hann
lundabagga og hrútskjamma mikinn, og
fagnað, og biður hann að fá sèr þar bit
síðan á dall einn þar í búrinu og te
spyrja Finn ýmsra tíðinda af Suðurlandi,
kemur loks, að hún frèttir hann að, hvo
arinn hafi sent Sigrúnu nokkurt brèf, og
Finnur því; þá spyr hún hann, hvort ha
ekki átt að skila kveðju til hennar, og segi
ur nei við því, hann hafi engum beðið a
sèrílagi nema þeim hjónum og svo Gu
verður Guðrún harðla glöð við það, o
hann optlega eptir, hvort hann segi það n
og kemur svo, að Finnur skammar sig

árt við leggur, að svo sè sem hann segi;
þau svo talinu, að Guðrún trúir því, en
ur þykist vel hafa veiðt, og óskar með sjálf-
sèr, að hann kæmi á hverjum degi af Suð-
ıdi. Sigrún las brèf sitt og varð því for-
ıar fegin, sagði Þórarinn henni þar frá
ırferð sinni, en einkum því, hversu mikið
ı saknaði hennar og hversu heitt hann elsk-
hana, og að hann hugsaði opt um hana og
mdi hana á hverri nóttu, hversu ófarsæll
ógæfusamur hann mundi verða, ef hann fengi
hennar að njóta, og allt annað, sem unn-
r eru vanir að rita unnustum sínum; brèf-
fylgdu og vísur nokkrar, er Þórarinn hafði
ið til Sigrúnar á suðurferðinni; lærði Sig-
þær skjótt, og hafði þær upp fyrir munni
kvöld og morgun, sem Faðir-vor, og opt
ı á milli; vísur þessar voru þannig:

Sè jeg í fjarska fjöllin blá,
er fyrrum glaður sat eg hjá,
þar sem fasta tók eg trygð
tinda við og sælu bygð.

Sè jeg í fjarska fjöllin blá,
þau firrast mig, og vilja' ei sjá
sveininn þann, er enn þeim ann
öllu *af hjarta bezt* sem kann.

Þau hylja mína Hlíðar rós,
mitt hugumblíða augna-ljós;
hrímdögg víst sú vökvuð er,
vinur hennar burt þá fer.

Veit eg að þið trygða tröll,
hin traustu og gömlu Íslands fjöll,
hlýið minni Hlíðar-rós,
hún er minnar æfi ljós.

TÓLFTI KAPÍTULI.

Í tali daglegu temdu þèr list þá
(því lævís henni hann Lucifer kom á
sem greiðast biblíugreinum sletta.
S. P.

»Annar sunnudagur eptir páska, Markú
7. — æ, hvað er eg að þvaðra? — Jóhan
10. — sá góði hirðirinn; enginn kemur nì
irkju í dag, það er eg viss um,« — s
èra Sigvaldi og gekk um gólf í stofu s
læddur í kjól og með hvítan kraga um
ın, — »samt mun betra til vonar og væ
ka eitthvað til, til að fara með í stólin

rækallinn rekur það á mig.» — þegar sèra Sigvaldi hafði sagt þetta við sjálfan sig, gengur hann að skáp einum, er stóð þar í stofunni. Skápurinn var litaður dökkgrænn, með rauðum listum og læst hurð fyrir, en á hurðinni framanverðri stóðu tvær línur af höfðaletri: «þenna skáp á Árni Einarsson með rèttu,» og árstalið, nær hann hafði verið smíðaður. Bæði bókstafirnir og tölustafirnir voru rauðir, og var auðráðið af nafninu, að þessi skápur væri erfðafè Sigvalda prests, því sèra Sigvaldi var Árnason. Prestur tekur upp úr vasa sínum lyklakerfi, og var þar á einn lykill er gekk að skápnum. Innan í skápnum voru sex rennihvolf, dregur prestur eitt af þeim út og gengur með það að stofuborði og setur það þar, sezt síðan niður við borðið. Í rennihvolfinu var á að geta 10 eða 11 baggar eða bindini af skrifuðum kverum, og um sèrhvern bagga var hnýtt annaðhvort hvítum eltiskinns-þvengjum eður svörtum reimartýgli. Í bögglum þessum var sálarforði sóknarbarna Sigvalda prests, er hann var vanur að útbýta þeim á hverjum löghelgum degi, ef óveður eður önnur lögmæt forföll bönnuðu ekki. Ýmislega voru bindini þessi löguð að líkamlegum skapnaði, voru sum í áttablaðabroti, sum voru áþekkust almanökum; þá voru sum löng og mjó, og ekki ósvipuð markatöflum,

eða húslöflunni gömlu, sem prentuð var
um. Þá er prestur var seztur við stofub
tekur hann að blaða í ræðubögglum s
leysir bandið utanaf hverjum fyrir sig og
í sèrhverjum, bindur utanum þá aptur og
ur síðan hvern sem búinn var hjá sèr á
ið og raulaði eitthvert erindi fyrir munni
eins og menn eru vanir að gjöra er þeir
við eitthvert verk, er ekki þarf mikillar uml
unar; en eptir því sem honum sóktist
og fækka tóku bögglarnir, þeir sem óskað
voru, mátti sjá það á svip prests og öllu
um, að líkt fór fyrir honum og manninum
um, þá er konúngur veitti honum leyfi
kjósa trèð, er hann skyldi hánga á, að
fann það ekki svo bráðlega. Eru nú að
eptir tveir bögglar óskoðaðir. Lítur prest
ofan í rennihvolfið og segir: «Hèr er þá
um auðugan garð að gresja, og ekki annað
ir en skræðurnar, sem eg fèkk hjá honum
Sveini heitnum, tröll hafi nú tóbakið,
hum! — Á eg engar skræður, sem þèna
guðspjalli? — Það verður þó að vera eit
hèr, það átti að vera heill árgángur, e
honum þrjú hundruð af þorskhöfðum,
hafa þeir gárúngarnir, — það heyrir e
til, — haft það nafn á þeim, að kalla
þorskhöfða prèdikanir.» Í þessu tekur p

ın baggann, sem eptir var í hvolfinu, leysir
ıaf honum og fer að leita, og er hann
r um stund blaðað í bögglinum lítur hann
ıtt heptið og segir: «Það lá að, hèr kemur
ı — ræða á annan sunnudag eptir páska —
ırfa lángt exordium — látum oss sjá, hvað
gjum við útaf?» sagði prestur og rendi aug-
um yfir fremstu blaðsíðurnar af ræðunni og
síðan í hálfum hljóðum: ««Vèr viljum því,
rir bræður, á þessu litla stundarkorni í kort-
ta og eptir vorum brostfeldugu efnum, yfir-
ga útaf þessa dags evangelio: primo eða í
sta máta, að vèr allir sèum vánkaðir,»» — «rètt
það» sagði prestur: ««og secundo eða fyrir það
nað,»» — «já þar hefi eg nú ítem, ««að vèr—»»
ètt er það, etc. hum, hum — en hèr er galli
gjöf Njarðar, vantar sumsè tvö eða þrjú blöð
tanaf ræðunni, og svo mun eg hafa fengið
na — skaði er hvernig allt fúnaði og skemmd-
hjá honum sauðnum, hum, hum, — og bæn-
ı, hum, hum, en úr því er nú betra að ráða
en hitt var verra — en látum samt sjá, hèr
tur verið amen eptir efninu, hum, hum».
Þessum svifum var stofunni lokið upp og kom
iðrún ráðskona inn, fer þá prestur að hraða
r að láta aptur niður í hvolfið bindinin, en
ingur ræðunni í vasa sinn og varpar um leið
ðum á Guðrúnu og segir:

«Sèst til nokkurs kirkjufólks, júngfrú rún?»

«Einhverjar tvær karlmannshræður e koma hèrna neðan túnið; mèr sýndist þeirra líkur meðhjálparanum.»

«Já hann er alltènd að þessu rölti kar urinn,» sagði prestur, «þó enginn kom ekki nema einn með honum?»

«Nei, ekki sýndist mèr það vera; það ur varla margt í þessari færð, og nýafs páskarnir.»

«Það hefir nú fengið nokkuð af me held eg, og seinast á sunnudaginn að va Þú vísar honum hingað inn, meðhjálparan sagði prestur og stakk rennihvolfinu inn í inn og læsti.

«Hann mun rata vænti eg sjálfur, van hann því,» sagði Guðrún ráðskona og aptur út; en að lítilli stundu liðinni er unni lokið aptur upp, og kemur inn m nokkur. það var meðhjálparinn. Hann var r almaður á hæð, þèttvaxinn og þreklegur, r leitur í andliti, kringluleitur og þó mikill nokkuð, og svo til svipsins, sem hann hefði s ur fulla vissu um, að hann væri spekingu viti; hann hafði hár mikið og greitt aptur be meginn við eyrun og sást ennið allt og var ekki alllítið. Hann var svo klæddur, að l

rar í blárri peisu, silfurhnepptri, bol tvíhnepptum og svörtum stuttbuxum, var klauf á neðan og þar í þrír knappar; á ljósbláum lángsokkum, brugðnum, og mosaböndum. Hann bar hátt höfuðið og velti vöngum, gekk djarfamannlega og var ljóst á öllu látbragði hans, að maðurinn þóktist eiga nokkuð undir sèr. En er hann kom á mitt stofugólfið, kveður hann prest og segir:

«Heilir ávallt prestur góður! eg á að minnast þess, að konan mín óskar yður góðs.»

«Sælir og blessaðir, Grímur minn,» sagði prestur, «sjaldan látið þèr standa á yður.»

«Mèr ber, prestur góður, að minnast orða postulans: hver embætti hefir, hann gæti þess; það væri ekki alllítil mínkun, ef stæði á meðhjálpara myndinni,» sagði Grímur og velti vöngum.

«Komuð þèr einsamall, monsèr Grímur?»

«Nei, nei, prestur góður, eg lèt einn af drengjunum mínum gánga með mèr,» sagði meðhjálpari.

«Vilið þèr ekki setja yður niður, meðhjálpari minn!» sagði prestur.

«Þökk er mèr á því, en með leyfi yðar, prestur góður, ætla eg að bregða mèr fyrst út í kirkjuna og líta eptir altarispípunum, ef messað kynni að verða, og þeirra orsaka vegna verð eg að biðja um lykilinn.»

«Hann er að venju, Grímur minn, í anum,» sagði prestur.

Grímur meðhjálpari gekk að gluggan tók þar lykilinn, spennti hann báðum h og vagaði fram gólfið, og hélt honum brjóstinu, og var auðsèð, að honum þók vegur sinn mínka, er hann hafði í höndun ar jarteiknir embættis síns og ágætis. Líð lítil stund, og kemur Grímur aptur; veltii enn vöngum og segir:

«Nú vona eg að allt sè tilbúið í kirl ef á þarf að halda, prestur góður; en eg prestur minn, að þèr í dag megið seg okkur sóknarbörnin yðar eins og spámai Jeremías til hinnar harðsnúnu kynslóðar elslýðs: «húsið Ísrael skeytir mèr ekki, lí sem sú kvinna, sem ekki sætir sínum u lengur,» sagði Grímur og velti vöngum, mun verða fátt um heyrendur orðsins í

«Já, eg vænti það verði fátt um kirl í dag,» sagði prestur, «eg hafði þó búiz að það hefði orðið messað — gjörið þèr s meðhjálpari minn, að setja yður niður og f dálítið tár í staupinu.» Um leið tók prestu urstaup er stóð í glugganum, og flöskı hellti á staupið, tekur það og setur á mun og drekkur það ofan til hálfs, skenkir sí það aptur fullt og býður Grími; gengur

að borðinu, hneigir sig, veltir vöngum, setur á munn sèr og drekkur þó ei nema rúman þriðjung; prestur sèr, að hann hefir drukkið lítið af og segir:

«Þèr gjörið þessu harðla lítinn kostnað, meðhjálpari minn!»

«Og er það þó eigi af því, prestur minn, að eg fyrirlíti gáfur drottins, eður álíti það vanvirðu vín að smakka, því Salomon segir: «hóflega drukkið vín gleður mannsins hjarta;» «en hitt er það, prestur góður, eg lèt konuna mína skenkja mèr vænt staup, áður en eg fór að heiman; — en fyrst þèr af örlæti yðar vilið svo vel gjöra, þá er mèr þökk á að eg mætti kalla á drenginn minn, til að fá svo sem hálft staup.»

«Já, sjálfsagt,» sagði prestur, «það er ekki orða vert. Hver er sá sem með yður er?»

«Það er sonur minn, Egill, hann er kominn aptur til mín fyrir fám dögum; en eins og yður er kunnugt, hefir hann nokkur ár verið hjá móðurfrænda sínum, Árna mínum á Völlum,» sagði Grímur.

«Og er hann kominn með yður? — mèr þykir vænt um að sjá hann, — eg hefi heyrt þess getið, að hann væri kominn heim til yðar aptur. Þèr áttuð, Grímur minn, að láta hann undir eins koma inn með yður; þèr vitið það, meðhjálpari minn, að þèr og allir yðar eru vel-

komnir í minum húsum,» sagði prestur. Grí
ur gekk fram eptir stofugólfinu; en er hann v
kominn hèrumbil fram á mitt gólfið, segir pre
ur í hálfum hljóðum, en þó svo hátt, að v
mundi Grímur hafa mátt heyra: «sómafólk a
það fólk.» Grímur sneri sèr við að presti
sagði: «hvað þóknast yður, prestur minn!»

«Og það var ekkert» sagði prestur dræm
«látið þèr piltinn yðar koma inn.»

Grímur lauk upp stofunni og stóð á þrösl
uldi, situr Egill þar í anddyrinu og talaði v
einhvern af vinnumönnum. Egill var maður u
tvítugsaldur, hár vexti og mundi skorta allílti
á þrjár álnir, hábeinn og herðalítill, togin
leitur og grannleitur, ljóshærður og fèll hári
ofan um hálsinn og þverstýft að neðan; að framan
verðu hèkk það ofan á mitt ennið og var þ
einna þykkvast. Hann var að öllu eins klædd
ur og faðir hans, nema það eina, að ves
hans og hálsklútur var ljósleitara. Grímur stó
í stofudyrum, eins og áður er sagt, kallar han
á Egil og segir:

«Egill litli, komdu! prestinum þóknast
sjá þig; — heilsaðu prestinum, drengur minn

Egill gekk innar stofugólfið og þar að se
sèra Sigvaldi sat, tók í hönd honum, kysti ha
og hneigði sig. Prestur bað hann taka sæti þ
við borðið hjá föður sínum, og skenkti hon

á staup; tók Egill það og saup í stað upp, tók í hönd presti og hneigði sig, á þann hátt, sem kvennmenn hneigja sig nú á dögum, og settist síðan niður aptur; tók þá prestur til orða, og snýr málinu til Gríms og segir:

«Mèr sýnist, meðhjálpari minn, að pilturinn sè farinn nokkuð að togna, þèr verðið að fara að hætta að kalla hann lítinn.»

«Og ekki er hann stór, drengurinn,» sagði meðhjálpari og velti vöngum, «en hann er engan apturkreistíngur, heldur svona við sig á sínum aldri; hversu gamall ertu, sonur?»

«Eg, faðir minn? — eg var níján vetra um jólin í vetur,» sagði Egill.

«Svo mun það vera, hann er frumburður sinnar móður,» sagði meðhjálpari.

«Allt mannvænt fólk sem að honum stendur,» sagði prestur, «fáir munu hèr um sveitir vera efnilegri á hans aldri, held eg.»

«Þetta er rengla ennþá, prestur minn, og óharðnað, sem von er til,» sagði Grímur, «það er heldur ekki allt komið undir styrkleikanum, því vizkan er betri en styrkleikinn, og einn vitur sonur gleður sinn föður, en fávís sonur er móður sinnar hrygð, segir Salomon; en svo er Guði fyrir að þakka, að þau eru ekki heimsk krakkarnir mínir.»

«Þau eiga heldur ekki neina heim skíngja í

ætt sinni,» sagði prestur, «allt skýrleiksf
hum, hum.»

«Ekki sæmir mèr að miklast af vitin
sagði Grímur, og velti drjúgum vöngum, «því h
er það maður, sem þú hefir ekki þegið; en
litla sem hann kann, drengurinn, til munnsi
þá er það honum Árna mínum á Völlum
þakka, og það veit eg, að hún móðir hans
að hann stæði ekki á baki annara í þesskor
Meðal annara orða prestur minn, eg ætla
minnast á það meðan eg man: má eg láta dre
inn sitja hjá mèr í kórnum, mèr þykir það
sem sè svona hýrara, þar eg á að heita m
hjálpara-mynd. Þá gæti hann sèð á Gradú
hjá mèr, hann hefir að minni hyggju ekki
lagleg hljóð drengurinn, og ef hann vanaði sð
gæti hann einhverntíma tekið undir vers.»

«Það er sjálfsagt, Grímur minn, að
látið hann sitja hjá yður,» sagði prestur, «
er of mikið um söngmennina í kórnum.»

«Það var gáta mín,» sagði Grímur,
má eg ennfremur leyfa mèr að spyrja yf
mundi yður mislíka, þó eg við og við lèti h
taka í klukkustrenginn fyrir mig á helgum,
á stórhátíðum öllum hringi eg sjálfur?»

«Þèr gjörið sem yður þóknast með
meðhjálpari minn,» sagði prestur.

Í þetta mund kom einhver í stofu og s

að nú sæist til allmargs kirkjufólks; varð presti nokkuð bilt við þá fregn, en Grímur stóð upp, vélti vöngum og sagði:

«Látum oss þá ganga í kirkju og breiða á altarið, og komdu með Egill litli, það er jafngott þó þú lítir eptir hvernig eg fer að breiða á altarið; hvar lèt eg kirkjulykilinn?»

«Hann er hèrna, faðir minn,» segir Egill, «á eg ekki að halda á honum út.»

«Hann ber eg sjálfur, drengur minn, þú ert of úngur og óráðinn að fara með þann hlut,» sagði Grímur og tók um leið lykilinn, spennti hann greipum, hneigði sig fyrir presti og gengur til kirkju. Ekki kom margt kirkjufólk þann dag, en þó taldist svo til að messufært varð Tíðagjörðin fór að venju reglulega fram. Prestur var ekki eins lángorður, eins og hann var vanur, og sögðu sumir á eptir, að ræðan hefði orðið nokkuð snubbótt í endanum, og bænagjörð prests styttri en venja var til, en þó allhjartnæm. Önnur tíðindi höfðu menn ekki frá kirkjunni að segja, nema það, að nýr maður hefði verið settur í kórinn þann dag, og það væri sonur meðhjálpara, hann hefði allra fallegustu dillandi hljóð og hefði súngið svo hátt, að það hefði verið allt eins og aðrir hefðu þagað í kirkjunni. Hann mundi með tímanum eiga að verða meðhjálpari eptir föður sinn, því með-

hjálparinn hefði látið hann klykkja út í fyr
sinni; en svo hafði illa til tekizt, að klukk
strengurinn hafði hrokkið sundur, svo að hæ
varð að hríngja í miðju kafi. Eptir messuna t
kirkjufólk smámsaman að fara heim, en su
staldraði við, þar til búið var að gjöra
nokkurn greiða. Meðal annara, sem komið höf
til kirkju, var Sigurður bóndi frá Hlíð; ha
hann ekki komið fyr, en farið var að byrja stó
vers. Eptir messu gekk hann til stofu og kva
prest, og tók prestur kveðju hans blíðlega; l
Sigurður síðan upp erindi sín, að hann s
að biðja þar næturgistíngar, tekur prestur
líklega, og biður Sigurð að gjöra sig þar hein
kominn; er prestur hinn kátasti. Eptir þe
gengur prestur til baðstofu og hittir prestko
og Sigrúnu. Um þetta leyti höfðu þeir feðg
Grímur og Egill, ærið að starfa: slökkva ljó
í kirkjunni, koma fyrir skrúða og láta hv
hlut á réttan stað. En er því var lokið, geng
Grímur til stofu og lætur Egil koma með sí
tekur Grímur í hönd presti, hneigir sig og seg

«Guðsást fyrir kennínguna, prestur góður

«Haldi þér til góða, meðhjálpari minn
segir prestur, «og setið þér yður niður, Grí
ur minn, item þér, úngi maður, Egill mi
tyllið þér yður niður, eg held kvennfólkið k
hèr með volgan sopa fyrir okkur, hum, hum

sagði prestur, og varla var hann búinn að sleppa orðinu og þeir feðgar niður seztir, fyr en stofunni er lokið upp, og tveir kvennmenn koma inn; sú sem á undan gekk var húsfreyja og bar kaffibolla í hægri hendi, en sú sem síðar gekk var Sigrún frá Hlíð, og hélt hún á sínum bolla í hvorri hendi. Sigrún nemur staðar rètt fyrir innan dyrnar og stendur þar með bollana, en húsfreyja gengur innar og setur þann bollann, er hún heldur á, fyrir prest; presti verður ekki litið á Sigrúnu, þar sem hún stóð, og segir í hálfum hljóðum:

«Kemur ekkert fyrir meðhjálparann?».

«Jú, hèrna er sopi fyrir þá feðgana,» sagði prestkona og sneri sèr við, og tekur við bollunum af Sigrúnu og setur þá fyrir þá feðga, gengur út og segir við Sigrúnu um leið: «bíddu hèrna og komdu með bollana, þegar þeir eru búnir að drekka.» Sigrún varð því eptir, og stóð í stofuhorninu, en prestur og meðhjálpari taka tal saman, og hnígur viðtal þeirra helzt að veðráttu og hvernig vora mundi. Egill lagði ekki til þeirra mála, en það sèr prestur, að honum verður tíðara litið fram í stofuhornið en áður, og grunar prest, þó hann gamall sè, hvert tilefni þess var. Drekka þeir nú kaffið, og sèr Sigrún það, og gengur að borðinu og heimtir saman bollana; fer enn svo, að Agli verður nokkuð star-

sýnt á hana. Egill var maður úngur o
inn, og lítt kunnugur því siðalögmáli, ser
kunna vel að halda. Hið fyrsta og æðsta
í lögmáli þessu er þannig: «Þú skalt e
blína fyrir augum allra á stúlku þá, s
lízt vel á og þú vilt ástir af fá, það er ó
og henni óþægilegt, sættu heldur rá
lagi; lát sem þú takir ekki eptir henni
menn hafa augun á ykkur báðum, en
augum til hennar þegar engan varir, ver
ur fljótur að koma andliti þínu í söm
íngar og stellíngar, og snar og sniðugur
augunum í aðra átt, áður þeir líta við.»

Þessa íþrótt kunni Egill ekki, því
var sannkallað «barn í lögum.» Hann
svo lengi og stöðugt á Sigrúnu, eins o
ætlaði að kræka hana að sèr með aug
og var hverjum heilskygnum hægt að
vita hvað hann hugsaði, það er í fám o
«á þessa stúlku lízt mèr vel, eg vildi
hana.» Sigrúnu gat ekki dulizt hvað A
innanbrjósts; hún roðnaði útundir eyru
sèr að taka saman bollana á borðinu og
út í skyndíngu. Prestur leit eptir henni
um gólf þegjandi um hríð og hummaði, e
hann væri eitthvað að hugsa, en segir sí

«Þekkið þèr, Grímur minn, þessa s
sem inn kom?«

«Eg er nú, prestur minn, farinn að gefa eim minni gaum úngu meyjunum, en þegar eg ar í broddi lífsins,» sagði Grímur, velti vöngum g brosti í kamp, «var það ekki fósturdóttir jónanna í Hlíð, ekki man eg hvað hún heitir?»

«Sigrún,» svaraði prestur, «ein fríðleikstúlkan, hum, hum.«

«Ekki er á það að líta, fríð er kvennsniptin, hún er eins og Salomon að orði komst: ««blóm í Saron og rós í dalnum.»»

Slíkt er nú úngra manna,» sagði prestur og hálfbrosti og leit til Egils, «að sjá hvað þeim líður þessum úngu og upprennandi konuefnum, — eg verð eitthvað að gjöra mèr til gamans við hann Egil minn,» sagði prestur og kinkaði kolli framaní hann, «hver veit nema hann sè nú farinn að líta í kríngum sig einhverstaðar; þetta veit enginn, fyr en það kemur upp úr kafinu allt í einu fyrir þessum úngu og efnilegu mönnum, hum, hum.»

«Og ekki held eg það,» sagði meðhjálpari og velti vöngum, «eg býzt við það sè eins fyrir honum drengnum enn þá og þar stendur: ««sjá eg leitaði um nóttina í sæng minni eptir henni, er sál mín elskar, og eg leitaði og fann ekki,»» þó getur hann betur sagt frá þessu sjálfur.»

«Eg held þèr megið óhætt fullyrða það, babbi,» sagði Egill.

«Já, eg hugsaði svo mundi vera — þó er það satt sem þèr segið, prestur góður, slíkt er úngra manna, og ekki veit eg hvort hann er öllu óefnilegri drengurinn, þó eg eigi hann, en sumir, sem kvongast nú um stundir; það veit eg og, að hver sem finnur eina eiginkonu, hann finnur góðan hlut og meðtekur velþókn-un af drottni; en mèr virðist að sumir, sem taka sèr eiginkonur, sè ekki allskostar færir um það.»

«Dagsanna er það,» sagði prestur, — «en svo að við sleppum nú þessu gamni: þèr eigið nú, Grímur minn, fjóra syni, alla efnilega og mannvænlega.»

«Svo er sem þèr segið,» sagði Grímur, «fjóra á eg þá strákana, og sex eru heimasæt-urnar; eg má undir taka með Davíð og segja: sá maður er sæll, sem Guð gefur mikinn fjölda barna — og svo er fyrir þakkandi, að eg hefi hinguð til haft nægilegt fyrir þau að leggja, svo þau eru engir apturkreistíngar, barna-hróin; eg hefi aldrei ríkur maður verið, enda hefi eg aldrei eptir auð sókzt, heldur, eins og Agúr, beðið: gef mèr hvorki skort nè auðæfi, en láttu mig hafa minn deildan verð.»

«Þèr hafið, Grímur minn,» sagði prestur,

»gjört það eins og annað með sóma, að koma
)örnunum yðar fram, það má segja, hum, hum.»

«Ekki mun eg hrósa mèr sjálfur, því Salo-
non segir: láttu aðra en þinn eiginn munn hrósa
èr,» sagði Grímur og velti vöngum, en prest-
r hèlt áfram og segir:

«Já, það hrós eigið þèr skilið, þèr hafið
erið fyrirmynd annara að venja börnin yðar til
óðra siða, og ávöxturinn er sá, að nú sækjast
llir eptir þeim.»

«Það getur verið, að þeir fengi dvöl dreng-
nir; en þó þeir eigi hart hjá mèr og hafi skort
mörgu, þá viljum við ekki, foreldra-myndirnar,
) þeir flækist frá okkur, til þess þeir fari í
isjafna eða óvandaða samastaði, því «á syndara
mkomu brennur eldur,» segir Sýrak; en bjó-
t þeim góðar vistir, mundi eg ekki fyrirmuna
im að fara frá mèr, því ekki þarf eg þeirra
ra með.»

«Hèr ber þá vel í veiði,» segir prestur,
að er hèr einn bóndi í sveitinni, sem hefir
ðið mig að útvega sèr vinnumann, ráðvandan
duglegan, og eg ber ekki á móti því, að
nn hefir helzt tilgreint einhvern af sonum yð-
, — samastaðurinn er góður, það skal eg
yrgjast, og bæjarbragurinn er hinn bezti, það
frekast til veit, annars mundi eg ekki mæla
m með því; annað eigið þèr að mèr, en að

eg ráði yður nokkuð Lokaráð, — og svo eg ekki orðlengi þetta mál fremur, þá hafa þau Hlíðarbjón mælzt til þess, að eg útvegaði þeim vinnumann í vor; þau hafa fáa verkamenn, en kvikfénað mikinn. Sigurður minn er farinn að lýjast, hann vantar einkum verkstjóra, er hans missir við, því hann er ekki farinn að geta fylgt fólki sínu í misjöfnu veðri. Hvað segir þú, Egill minn, ætla að þú mundir vilja fara þángað eitt ár, ef faðir þinn vildi sleppa þér? hum, hum.»

Egill verður ekki seinn til svara og mælti: «Fyrir mitt leyti held eg það gæti lagazt, það kemur samt mest undir því hvað faðir minn vill.»

Það var auðsèð á Grími, að honum þókti Egill svara þessu máli helzt til bráðlega; Grímur stóð þar á gólfinu skammt frá Agli, veltir vöngum, strýkur saman höndum og mælir mjög áminnilega:

«Þann skortir vit sem strax lofar, segir Salomon, fyrir því son minn, vilir þú mína ræðu meðtaka og mínum boðorðum hjá þèr halda, þá áttir þú að heyra orð föður þíns, áður en þú svaraðir nokkru hèr um — þèr fyrirgefið prestur minn, þó eg siðsæmi son minn — en það er ekki fyrir það: sæmilegan stað álít eg það vera fyrir son minn, að fara að Hlíð, þar er sæmdar kona, en konunnar vísdómur reisir hús-

egir Salomon; en heyra vil eg fyrst, hve leg boð Sigurður bóndi gjörir syni mínum, en eg heiti nokkru hèr um, eða sleppi n úr mínum kofum, þó lakir sè.»

Prestur sagði þá, sem var, að þar sem hefði vakið máls á þessu efni og væri fýsandi, væri sèr skylt að sjá svo fyrir, li væri boðnir þeir kostir, er þeim feðgum n þækti sæmilegir og vel mættu þeir við una; iað ekki opt, sem hann hefði hlutazt til um ráð manna, en þá sjaldan hann hefði það hefði það jafnan vel tekizt, mundi svo ara, enda segði sèr svo hugur um, að Egill i þar af heill hljóta; kynni hann og ekki á velli að sjá, ef Egill yrði ekki gæfu- r mikill, og mundi þetta upphaf hamingju talaði prestur hèr um mörgum fögrum ı; fannst það brátt á Agli, að honum þókti fýsilegt; Grímur lèt sèr í fyrstu fátt um t, en þó kom svo, að Sigurður í Hlíð koma til viðtals við þá feðga og gekk ır til baðstofu til fundar við hann, en á ı töluðust þeir feðgar, Grímur og Egill, við u, og tók Grímur þá svo til orða:

»Eg þykist nú hafa orðið þess áskynja, sæll, að þèr sýnist það allfýsilegt að ráð- l Hlíðar, og má svo vera, að það verði ð gæfu, eins og prestur getur á, því spá

er spaks geta, en það grunar mig nú, þó e sè gamall og glapsýnn orðinn, að hèr bi nokkuð meira undir af þinni hálfu, sonur sæll, en þú enn hefir mèr sagt; datt mèr áðan, er Sigrún Þorsteinsdóttir kom hèr í stofuna, í hug orð hins vísa Sýraks, er þannig hljóða: hafðu enga umgengni við söngkonuna, að þú verðir ekki fángaður af hennar brögðum, og skoðaðu ekki meyjuna, svo þú verðir ekki lokkaður af hennar yndisleik. Nú vil eg, sonur sæll, að þú segir mèr hvort svo er sem mig uggir, að þèr lítist vel á mey þessa, og ef svo er, mun eg það ekki lasta, því svo getur hèr verið sem Salomon segir: «»þú rænir mig mínu hjarta, mín systir, með einu tilliti þíns auga,«» og ekki vil eg fyrirmuna þèr þann ráðahag, því mèr sýnist meyjan efnileg vera, og er ekki ólíklegt að þau Hlíðarhjón gjöri hana vel úr garði, þar sem hún er fósturdóttir þeirra.»

«Ója, faðir minn,» sagði Egill, mikið skrækhljóðaður, mèr lízt dável á hana, og ætli henni lítist ekki líka á mig, ha?»

«það er mèr ókunnugt, en gjör þú, drengur minn, sem þitt hjarta lystir, en þó skal það vera í skilmálum milli okkar Sigurðar,» sagði Grímur, «að hann gipti þèr meyjuna, ef það er hennar fús vili og þèr snýst ekki hugur eí þið kynnist betur.»

Egill þakkaði föður sínum fyrir tillögur hans, og kvað sèr þetta vel líka. Um sama mund kom prestur aptur í stofuna, og var Sigurður í för með honum, býður hann Sigurði þar til sætis; taka þeir nú allir tal, og ræða fyrst á víð og dreif um veðráttu og fjárhöld, en síðan víkur prestur talinu aptur að því, sem þeir Grímur höfðu haft að umtalsefni.

«Hèr er nú,» segir hann, «kominn Sigurður minn í Hlíð, og hefi eg sagt honum frá umræðu þeirri, er við höfðum hèr fyrir skömmu, meðhjálpari minn! — sagði eg honum, að þèr mundud ef til vill gjöra það fyrir mín orð og milligöngu, að ljá honum son yðar, Egil, fyrir vinnumann eitt ár eða lengur, eptir því sem lagast og mönnum um semur; hèr eru nú allir, sem hlut eiga að máli, viðstaddir, og er þá bezt að hver segi sinn góðan og vel beþenktan vilja.»

«Mèr er stærsta þökk á,» sagði Sigurður, «vili þèr Grímur minn ljá mèr son yðar eitt ár, eg veit það mun vera efnilegur maður og vinnumann vantar mig, en hverir eru skilmálar, sem þèr setið upp fyrir hans hönd?»

«Já, eg ætla að gjöra það Sigurður sæll, fyrst presturinn minn hefir heldur talað að því, því svo segir postulinn: ««hlýðið yðar kennifeðrum og látið að orðum þeirra,»» en ekki verður það skilmálalaust, því annt er mèr um drenginn;

hver sæmdaboð býður þú, Sigurður minn?» sagði meðhjálpari og velti vöngum að venju.

«Hvað sýnist yður, prestur minn,» sagði Sigurður, «eg stíng uppá fimm vætta kaupi fyrst.»

«Það gjöri eg mig ánægðan með, þó það sè ekki mesta kaup, sem orðið getur, en meira lít eg á hitt, að hann hafi atlæti gott, því eg met það mikils, af því mèr finnst það sannast optast, sem prèdikarinn segir: «betri er einn hnefi með ró, en báðar hendur fullar með sorg og armæðu,» og það veit eg, að illa mundi hann kunna við það, drengurinn, ef hann væri settur undir tortuna á hinum vinnumönnunum, því svo þekki eg hann, að hann sver sig í þá ættina; og loksins áskil eg það, að fari svo, að sonur minn girnist á ærlegan hátt fósturdóttur þína Sigurður minn, hana Sigrúnu, þá skalt þú, Sigurður sæll, gipta honum hana.»

Sigurður þagði fyrst, en sagði síðan eptir litla þögn:

«Eg á nú lítið með hana, en ekki skal eg vera meinsmaður þess, ef hún vill það sjálf.»

«Seinlega þykir mèr þú, Sigurður sæll, taka því máli, eða veizt þú eigi hvað Sýrak þar um segir: «hafir þú dætur, svo gæt þú að þeirra líkama, og ven þær engum óvanda,» og enn fremur: «gipt þína dóttur, svo hefir þú gjört

ð verk, og gipt hana skynsömum manni,» hyggur þú hana vangefna syni mínum?» Sigurður kvaðst að vísu hyggja, að það gott ráð, en hún mundi þó vilja mestu um ráða, enda væri hún nú hèr og væri að bera það mál undir hana. Átti þá prest- hlut að máli, kvað hann það mundi þykja kuð brátt að undið, að bera það mál þegar ir hana, væri og sumar konur svo dular í stu um vilja sinn, að þær lètust ekki vilja brátt játa því, sem í skyndingu væri borið fram, væri hitt ráðlegra, að Egill rèðist til Hlíðar kynntust þau þar, mundi það þá brátt verða, Agli geðjaðist að Sigrúnu, að saman mundi aga með þeim, og gæti ekki hjá því farið, að grún sæi sóma sinn, slíkur maður sem Egill r, mundi þá ekki þurfa það mál lengur að lka, skyldi Sigurður aðeins heita því, að eiga iðan hlut að þeim málum, og að svo miklu leyti nn gæti stuðla til, að þau ráð tækist; þókti lum prestur hafa vel mælt, og verður það, að ir binda þetta allt fastmælum eins og prest- r hafði ráð til lagt; hummaði þá prestur lengi, kk um gólf, brosti í kamp og var hinn glaðasti.

ÞRETTÁNDI KAPÍTU

Skarphèðinn og p
Það eru mínir m
Mdltak Ísleifs Ei

Á meðan prestur og Grímur
ræðu í stofunni, var kirkjufólkið smá
að tínast af stað, og urðu nú engir
þeir, sem ætluðu að vera þar um nó
af þeim var maður nokkur, er Bja
var Ásgrímsson, hann bjó á þeim bæ,
heitir, það var yzti bær í sókninni. I
var ekkjumaður og átti börn nokkur
öll komin í vistir annarstaðar; Finn
son á Stað var einn sona hans. Ha
efnum talinn með hinum betri bæn
hrepp; átti hann jörð þá, er hann bjó
mikið gángandi fè. Kona Bjarna vai
ir fjórum árum, og bjó hann síðan
sinni, er þórunn hèt. Hann var
betra lagi, og með því hann var ómag
ur, en hafði fjölskyldu litla, var það aln
ur, að heimilis-ástæður hans væri svo
vel mætti honum græðast fè, eða
kosti svo mikið, sem svaraði því, er
meiri mat en aðrir menn; en því
svo til orða, að menn vissu að ho

i minni matur, en tveimur eða þremur körl-
, þeim er röskir voru, og hvar sem hann
n, og menn þekktu hann, var aldrei settur
r hann minni matur en vant er að bera fyr-
tvo eða þrjá; en eptir því, sem hann var mat-
ður, eptir því var hann mikilvirkur til allra
rfa. Hann var hár maður vexti, og að því
ipi þreklegur; allra manna var hann hraust-
ur; var það almæli, að aldrei hefði honum
ið aflafátt. Bjarni var ekki fríður maður
litum, en þó ekki ókarlmannlegur, stórskor-
í andliti og brúnamikill, breiðleitur og nef-
r. Hann var gæfur hversdagslega og óáleit-
, en reiddist illa ef hann skipti skapi. Bjarni
fremur vel greindur í andlegum efnum, og
su, er fyrir kemur í daglegu lífi, og bjó hann
st að því, er hann hafði numið í æsku; hann
og mjög fastheldinn við það, og ekki þókti
num varið í aðrar bækur eða fræði en þá,
n tíðkuð hafði verið þegar hann ólst upp;
ði hann því mestu andstygð á öllum nýjum
m og kallaði það hègiljur einar og trúar-
ur, en þó var hann allra manna trúgjarn-
ur á allt það, er öðrum mönnum þókti ótrú-
ast, og mestum sætti fádæmum og hindur-
um, einkum um afraunir fornmanna; hafði
n jafnan yndi af því, að heyra allt þesshátt-
og segja frá því aptur, og stóðst ekki reiðari,

en ef einhver dró efa á frásagnir hans. F
ir þessu þókti hann nokkuð kátlegur, og
ekki trútt um, að hinir yngri menn henti ga
an að auðtryggni hans. Bjarni var daglega
klæddur, að hann var í gráum stuttbrókum
hvítum sokkum með rósabönd, á síðum bol b
um tvíhnepptum, með renndum beintölum; ja
an hafði hann riðtrefil um hálsinn og yzt f
bar hann kufl gráan, er náði liðlega ofan fy
mittið. Á helgidögum og mannfundum var h
svo klæddur, að hann var í blárri mussu silfu
hnepptri, röndóttum bol síðum og bláum prjón
buxum með klauf og þremur flötum silfurhnöppu
í; sokkarnir voru ljósbláir, brugðnir. En hvor
hann var heima eða á mannfundum, hafði h
jafnan á höfði röndótta húfu, og þar yfir st
hann stundum hatti miklum og barðastó
Í þetta skipti ætlaði Bjarni að fara frá kirk
á Stað í erindagjörðir nokkrar, á bæ, e
þar í sóknninni ekki allskammt frá Stað, e
því nokkuð var farið að líða á dag,
messugjörð var úti, rèði hann það af, a
sèr næturgistíngar; var honum vísað til
húsi þeirra hjónanna, og sat hann á rú
freyju og krosslagði fæturna fram á lopt
ofan hattinn og setti á rúmið hjá sèr,
með húfuna á höfðinu, því hana tók ha
an ofan nema í kirkjunni. Ekki var þ

ınna í húsinu, en hann og vinnumaður, er
rsteinn hèt, og svo einn aðkomumaður og
ı griðkona, ræddu þeir við hann, og var Þor-
ıinn þó meira fyrir svörum; var þetta eitt af
ðunni, að Bjarni tekur svo til máls:

«Meðal annara orða, Þorsteinn góður, hvað
gði þessi lángferðamaður í frèttum, eða hvað-
ı kom hann?»

«Vestan af Vestfjörðum.»

»Af Vestfjörðum, aldrei hefi eg á Vestfjörðu
ımið, en það hefi eg sannfrètt, að þar eru
aflega miklir galdramenn, og sèrlega máttugir;
ır var Latínu-Bjarni eða Bjarni Djöflabani,
ormóður í Gvöndareyjum, er bylinn gjörði að
ınum Oddi lögmanni; þar voru Baulhúsa-
æður, Hallur á Horni og fleiri, og þaðan var
ín komin skrattinn hún Hvítárvallaskotta. Er
ıkkuð að frètta þaðan?»

«Ekki nema að þar kvað hafa verið í vetur
au hörku grimdar aftök, sem enginn man dæmi
l annars eins, því þegar hann fór að vestan,
ar gengið af Horni lángt fyrir framan alla
örðu og beint á Látrabjarg, og þaðan var farið
neð lest undir Snæfellsjökul; þá var lagt allt
em augað eygði, út á haf, og tveir menn gjörðu
ıað að gamni sínu, að gánga fram á skörina,
ig þeir sáu Grænland og sögðu, að ekki hefði

verið nema ein lítil vök eptir órennd, sem þ komust ei yfir.»

«Já, geysi mikil frost hafa komið þar í ve ur, og það vissi eg aldrei dæmi til þvílíkra frost en hitt vissi eg, því sannorður maður he sagt mèr það, að árið 1694 eða 5 var svo mik fannkomu vetur í Norðurlandi, að það vo átján tröppur ofanað bustinni á dómkirkjun á Hólum, skaflinn, og þá var herra Steinn þ biskup, heldur en Björn heitinn.»

«Þó eru það meiri frèttir um hvalinn, se þeir fengu þar vestra í haust eð var.»

«Já, hvað er um þann hval?» sagði Bjarn

«Hann kvað hafa verið svo stór, að me þykjast aldrei hafa sèð annan eins fisk.»

«Hvað er til merkis um það?»

«Þeir fundu niðrí þessum hval annan h heilan og óskertan, og sá hvalur var mældu og var áttatíu faðmar á milli skurða.»

«Voru það ekki álnir»?

«Nei, faðmar er mèr fortalið.»

Já, ákaflega stór hefir sú skepna verið, se gat gleypt svo stóra skepnu í heilu líki, og ald ei hefi eg heyrt getið um svo stóran hval, c satt er það, feykilegum vexti geta sumar skepn ur í sjónum tekið; en það vissi eg, að á Sud urnesjum veiddist einu sinni, nokkrum árum áður en eg fór að róa í Grindavík, svo stó

að hann var hertur gildustu baggar
t, en höfuðið var látið ofan á milli, og
ist hesturinn, og var þó mesti úlfalda-
veggja grjóna-tunnu hestur; en hvað
nirnir hafi getað gjört við allan þenna
furðu mikið spik hefir orðið af þvílík-
þeim hefir orðið helmingurinn af hon-
ir»?

, þeim vildi það til, að þar kom um
:i einn Karkari, sem keypti að þeim allt
n rengið hirtu þeir mestallt sjálfir, og
i var á svo stóru skipi, að þegar hann
n að taka við öllu spikinu, sást litill
in hleðslumunur á því.«

, stórt hefir það verið nokkuð, en þó
ekki verið svo geysilega stórt, eins og
› kvað vera í útlöndum; það kalla eg
›, sem eg hefi heyrt getið um, það
ví átján þúsund, átta hundruð, áttatíu
ienn.»

hafa sjálfsagt verið átján hundruð menn,
tór skip eru til,» sagði vinnumaður.

langt frá barn, langt frá! það kalla þeir
›m 1800 eru á, það voru 18888; það
a tvær og tvær fjölskyldur í hverju ein-
i í reiðanum og áttu þar heimili; en í
var staður með, og tvær annexiur með
li kirkjusóknum, og fjögur hundruð áttu

heima við stýrið; eg hefi talað við mann, sem þekkti einn, sem hafði verið á þessu skipi, það var Indíafar og átti að sækja náttúrusteina til Kappadosiu.«

»Náttúrusteina? já,« sagði vinnumaður.

»Já, það eru margskonar steinar til í náttúrunni barn, einkum í Blálandi, Serklandi og Grikklandi; það er til að mynda: lausnarsteinninn, hulinhjálmssteinninn og óskasteinninn; lausnarsteinarnir, þeir eru svartir, það á að leggja þá undir túnguræturnar á konum og þá geta þær fæðt; eg hefi séð þesshättar stein þegar eg var úngur, þeir eru í rauninni ekki steinar, en það eru augnasteinar úr villimönnunum á Blálandi; þeir kristnu slátra þessu svarta fólki eins og fé, til þess að ná úr þeim augnasteinunum, hroðalega er nú að farið, he, he; síðan eru þeir þurkaðir lengi og hertir og eru seldir dýrum dómum; hulinhjálmssteininn hefi eg aldrei séð, hann kvað vera líkastur fókvörn, ekki heldur óskasteininn, en þann stein vildi eg þó eiga helzt af öllum steinum, því mikil er náttúra þess steins, og ekki þekki eg neinn, sem þann stein á, hèr nálægt.«

»Á, þekki þèr engan?«

»Nei, ekki með vissu,« sagði Bjarni, en rètt í því hann sagði þetta, kom Sigrún þar inn í húsið og bar í hendinni fisk einn mikinn og

kökur og smjörkúpu allgjörfilega, og víkur að Bjarna og segir:

«Húsmóðirin bað mig, Bjarni minn, að ja þèr dálítið að borða; á ekki að setja það orðið fyrir þig, eða viltu taka við því hèrna, sem þú ert?»

«Og láttu það koma hèrna, stúlku kind, eg látið kúpuholuna vera hèrna á milli fóta na, á meðan eg gjöri mèr gott af því. Það dásamlega gjört af húsmóðurinni, að gefa að borða núna, því nú finn eg að eg hefi kurnveginn matarlyst, því ekki hefi eg smakkmat síðan snemma í morgun, og af því eg fyr á fætur, en eg er vanur, gat eg ekki borðeins og eg á að mèr, eg greip tvo hryggjði og bríngu af lambketlíng, og hvaða matur að allan daginn?» — Eptir það tekur hann kúpunni og setur hana í knè sèr, og leggsíðan fiskinn og kökurnar ofan í hana, tekur n ofan húfuna og signir sig og segir síðan:

«Eg verð að hafa borðsálminn í styttra lagi etta sinn, og gefið þèr mèr í guðsfriði!» — ir það tók hann til matar og var auðsèð, að ðurinn var bæði fimur og fljótleikinn að því ki, tók hann fyrst kökurnar og lagði hverja falda saman og stýfði svo, og voru þær allar systur horfnar á svipstundu. Þarnæst lagði n að fiskinum, var það og ljóst, að hann var

slíkum piltum vanur, enda leið ekki á löngu áður hann hafði gjört honum lögskil, var þá og feitmetinu lokið; litlu áður kom Sigrún með leirskál, fulla af súru skyri, hnausþykku, og mjólk útá, urðu menn þess varir, að Bjarni leit allhýru auga til skálarinnar og hraðaði sèr að setja frá sèr kúpuna. Skálin var átta marka ílát, og tók hann við henni tveim höndum og knèsetti; varð þeirra aðgángur bæði harður og lángur, en svo lauk, að hann hafði ágætan sigur, og til merkis um það þurkaði Bjarni hana innan með sleikifíngri sínum, tók síðan roðið af fiskinum, sneri þau vandlega saman og stakk þeim ofan í smjörkúpuna, lèt hana síðan ofan í skálina, og setti svo skálina á kistil við rúmið og segir við Sigrúnu, er staðið hafði þar í húsinu hjá þeim Þorsteini, meðan Bjarni var að mjaða ofan í sig skyrinu úr skálinni:

«Hèrna stúlka góð, færðu húsmóðurinni það, og skilaðu þakklæti og segðu, að eg hafi fengið sæmilega nóg.»

Sigrún tók skálina, og fór Bjarni þá að lesa borðsálminn og var nú sýnu lengur með þenna en hinn fyrri; signir sig síðan og setur upp húfuna og segir við vinnumann:

«Já, eg inni til þess aptur, sem við vorum að tala um Þorsteinn góður, um náttúrusteinana; enginn af þessum náttúrusteinum er eins

gur eins og óskasteinninn; þarna fær maðt, sem maður óskar sèr, ef maður hefir ; lángi mann til að mynda í kjöt, þá kemöt, eða ef menn hefðu lyst á huppi eða ukolli, — og ekkert er eins ljúffengt af unni, eins og bríngukollurinn — nú, þá maður ekki annað, en að óska sèr hans, rna er hann undireins kominn; — jú, ef eg þann stein, þá held eg maður óskaði sèr s, og eg er raunar sæmilega saddur núna, ó held eg mèr yrði fyrst fyrir að óska mèr vers ljúffengs bita, að mýkja kverkarnar svona á, til að mynda síðubita af holdgóðum vetra gömlum dilksauð; en hèr sèst nú i sauður, sem ætur biti er á, þetta eru rytjur, því hvaða fita er það á fjögra og vetra gömlum sauðum hèrna, þó þeir skerneð tveimur fjórðúngum bezt, og þetta tveggja næst þriggja fíngra þykk himnan utan á inunum; en ættu menn sauði, sem hafa ið í Ódáðahrauni, — það eru molar, sem last þar! — þar eru sauðirnir, eins og tveggja , stærri en stærstu vetrúngskálfar á haustm í bygðinni; — hann sagði mèr það hann ur, þórólfur hèt hann, eg þekkti hann suð-Grindavík, hann hafði verið í Ódáðahrauni ár, þrjá mánuði, þrjár vikur og þrjá daga: þykir afstyrmis arlaki tvævetur, og varla gjöra

í blóðið, skili hann ekki hálfvættinni á tvo mörvana, en síðurnar af þeim eru gildasta þverhönd og þar yfir í sárið, soðnar, hángnar og beinharðar ofan úr eldhúsi, og svo bráðfeitar, að það matast af þeim hnífurinn köldum, eins og af góðum hálfkæstum bakhákalli — já, ekki má eg hugsa til hákallsins! — það er einhver hinn ágætasti, gómsætasti, ljúffengasti og kjarnbezti átmatur, vel orðinn og nógu gamall.»

Nú gaf Bjarni nokkra málhvíld; þá segir vinnumaður:

«Þú getur þá, Bjarni minn, sagt okkur eitthvað frá Ódáðahrauni, fyrst þú talaðir við mann, sem hafði verið þar meira en þrjú ár.»

«Hann var þar þrjú ár, þrjá mánuði, þrjár vikur og þrjá daga; þú átt að taka rètt eptir! — já, margt hefi eg heyrt um Ódáðahraun, þar eru átta stórar sveitir, og æði rubbúngar sem þar búa, láta þeir ekki allt fyrir brjósti brenna, enda eru það piltar, sem hafa eitthvað í kögrum, sem ekki er að furða, að lifa á jafn-kjarngóðri fæðu; en ekki hefi eg tíma til að segja frá öllu, sem eg hefi heyrt þaðan, og engan veit eg fleiri sögur þaðan kunna, en mig og þuríði gömlu, sem nú er niðurseta í Hlíð. — Eg skal einhverntíma láta hana segja mèr seinna söguna, sem hún sagði mèr einusinni úr Ódáðahrauni; — en nú fer eg snemma á stað

orgun, og því ætla eg, með leyfi þeirra sem
) eiga, að snara mèr hèr útaf, þángað til
ð er að skamta í kveld, og talaðu nú ekki
ira við mig, drengur!»

Að því búnu lagði Bjarni sig endilángan
ur á bak í rúmið, en með því maðurinn var
flega lángur, svo að óvíst var hvort hann
ði getað legið allur í rúminu án þess að
beygjast, og það annað, að hann nennti ekki
leysa skó sína, þá lèt hann fæturna liggja
n á loptið. Sofnaði hann skjótt og hraut á-
lega. Svaf Bjarni svo, þar til komið var að
tatíma, var hann þá vakinn og vísað til gesta-
bergis þess, er var undir baðstofulopti, og
að var fyrir hina óæðri gesti. Í herberginu
u tvö rúm, sitt fyrir hvorri hlið, en fyrir
li stóð borð eitt allmikið og neglt niður í
ilið og sín kista hvorum megin við það, til að
ja á. Var svo ætlazt til, að gestir þeir allir,
þá voru komnir að Stað, og vèr höfum áð-
um getið, skyldu taka kvöldverð í herbergi
ssu og sofa þar um nóttina, og áttu sínir
ir að vera í hvorri hvílu. Þeir feðgar Grím-
og Egill og Sigurður voru fyrir þar í her-
rginu þegar Bjarni kom, og höfðu þeir tekið
r sæti á kistunum, en Bjarni settist á kistil,
m stóð hjá öðrum rúmgafli, og tóku þeir allir
) ræða um ýmislegt, sem þá þókti mestum

tíðindum sæta þar í hèraðinu. Leið nú ekki á löngu, áður matur var á borð borinn. Það var saltkjötssúpa, og voru borin föt tvö allmikil. Annað fatið var trèfat, afarstórt og sýnu meira en hitt, er var af tini. Setti griðkona sitt fatið hvorum megin á borðið og lagði nautshyrninga tvo hjá hvoru fatinu. Spænirnir voru afarmiklir og allvel gjörðir, og höfðaletur skorið á sköftin. Síðan bar griðkona fram leirskál eina mikla og setti á mitt borðið, átti sá matur, er þar var í, að vera til vara, ef þrot bæri að höndum í annari hvorri skálinni. Var svo til ætlazt, að hvorir tveir af gestunum skyldu vera um hvort fatið. En þegar framreiðslunni var lokið, vísaði griðkona gestum til sætis, og áttu þeir Bjarni og Grímur að borða úr trèfatinu, en Egill og Sigurður úr hinu; spurði griðkona þá fèlaga, hvort þeir ekki hefðu á sèr hnífa, því ekki voru borðfæri önnur fram lögð en spænirnir, og játtu þeir því allir. Síðan settust þeir til borðs eptir því sem þeim var til vísað. Gjörðist fátt til tíðinda hjá þeim Sigurði og Agli; en með þeim Grími og Bjarna varð það títt, að þegar þeir eru niður seztir þrífur Bjarni nautshyrning einn annari hendi, krossar sig í skyndingu, og myndar sig þegar til að hafa ár á borði. Grímur lagði hendurnar í kross á brjóstið og bjóst til að lesa borðsálminn, en er hann lítur tilræði

Bjarna, getur hann ekki gjört að sèr að varpa orðum á hann, veltir nú vöngum og segir:

«Ertu ekki vanur, Bjarni sæll, að meðtaka fæðu þína með þakkargjörð?»

«Ekki er eg vanur,» sagði Bjarni, «að lesa borðsálm þó eg lepi súpusopa, en signa mig er eg vanur, það er fljótgjört, en bæn þú þig Grímur minn, bíða skal eg á meðan, svo að við göngum jafnsnemma að verkinu.»

Grímur lèt sèr það að góðri kenníngu verða, leggur aptur hendurnar í kross og les eitthvað í hljóði, og er því var lokið, krossar hann sig á brjóstið og tekur síðan hornspóninn, þann er þar lá hjá honum, í hönd sèr og segir um leið:

«Svo far þú og et þitt brauð með gleði og drekk þitt vín með góðu geði, segir prèdikarinn.»

«Hvað varst þú að tala um prèdikunina í dag, Grímur bóndi?» segir Bjarni, «hún var allgóð fyrir þá, sem hefðu getað munað hana.»

«Eg var ekki að tala um ræðuna í dag,» sagði Grímur og velti vöngum og brosti í kamp, «heldur um prèdikara Salomonis.»

«Já, já, þú varst að minnast á Salomon, já það var maður á sinni tíð, og geysilegur fjörmaður hefir það verið, því það hefi eg sannfrètt, að hann átti 900 konur og þrjú þúsund frillur; en maðurinn hefir átt sèrlega gott, og var heldur ekki blásnauður, og þó þókti honum gam-

an að drottníngunni frá Arabíu, þegar hún heimsókti hann; með henni átti hann tvo tvíbura, mestu þrekmenni, og af öðrum þeirra var Úlfar sterki kominn.»

Á meðan Bjarni lèt þessa dælu gánga, var hann ekki iðjulaus; ruddist hann fast um í skálinni með hornspæni sínum, og veiddi upp hvern bitann eptir annan og hurfu þeir á svipstundu, en ekki sinnti Bjarni súpunni. Tóku brátt að þynnast fylkíngar kjötbitanna í fatinu, því svo drengilega framgöngu veitti hann, að ekki mátti við standa. Grímur hafði fyrst lagt að súpunni, og fór að öllu stillilega og ekki óðslega, en er hann sèr, að slíkt aðgjörðaleysi mundi ekki hlíta, rèðist hann að einum kjötbita, og var það hnúta mikil og torsókt, varð honum ekki greiðt að sigrast á henni, svo á meðan hafði Bjarni sèð ráð fyrir 3 eða 4 rifjabitum, og talaði þó jafnframt, og snýr hann nú allt í einu ræðunni frá Salomon kóngi til Gríms meðhjálpara og segir: «en Grímur sæll, þú verður að sjá svo fyrir að þú hafir þinn skerf af matnum, því nú bíð eg ekki, eg er fljótur að taka fæðuna á meðan hún er til, en súpuna er eg vanur að sötra eptir.»

Grími hafði ekki þókt aðfarir Bjarna með öllu góðar, þó hann í fyrstu lèti kyrt um, en þ er Bjarni hófst máls, virtist honum að han

ði að svara; sleppir hann um stund hnútunni á munni sèr og segir síðan:

«Eg fer að öllu sem hægast, Bjarni sæll, ; hefi jafnan haft fyrir augum það sem hinn si Sýrak segir:» ««vertu ekki óseðjanlegur af ifmeti, og ráðstu ekki gírugur til fæðunnar.»»

«Það hefir verið seinlætismaður þessi Sýrak, m þú segir frá, því það hefi eg staðreynt, að ir, sem eru æði lengi að eta, eru þúngir og ufir og slinnalegir, þegar þeir eiga að vinna, og o hugsa eg þessi Sýrak hafi verið, sem þú ar um, hvaða mannskepna var það?»

«Talaðu virðulega um drottins útvalda, arni góður,» sagði Grímur.

«Eg tala virðulega um manninn fyrir það, eg kalli hann skepnu, því allir menn eru epnur, og þó eg haldi hann hafi verið sein- ur; en varla mun hann hafa verið meiri vit- iður en Grettir heitinn Ásmundsson, og vildi nn hafa mat sinn á Reykhólum en engar jar, sem von var, því maðurinn var ákaflega ir og eptir því hraustur, eins og sèst af ettistökunum á Miðfjarðarhálsi, og víðar; ætli rak hefði getað sett þá pilta á hlóðir í fángi u, sem þar standa? — það var mikið hvað maður orkaði, enda hefir sannfróður maður sannorður sagt mèr, að Grettir hafi verið

þrjár álnir danskar og þrjú kvartil um her
arnar.»

«Sá einfaldi trúir öllu, en hygginn maí
athugar sinn gáng,» segir Salomon; «hver h
sagt þèr það, Bjarni sæll, að Grettir hafi ve
þrjár álnir danskar um herðarnar og þrjú kvar
eg held það hafi einhver sagt þèr það, s
hefir gaman af því að glettast við þig og gab
og skrökva að þèr, af því þú ert sagður no
uð trúgjarn, sonur sæll,» sagði Grímur og v
vöngum.

«Hugsar þú, Grímur góður, að telja
trú um, að það sè lygi sem sannorðir m
hafa sagt mèr um Gretti Ásmundsson, að h
væri 3 álnir og 3 kvartil um herðarnar, og
ur trúi eg því en þínum orðum; þú hefir al
maður verið, og getur ekki ímyndað þèr að
hafi verið meiri maður en þú.»

Það var nú ekki að furða, þó Grími þ
þessi orð heldur óviðfeldin; hann leggur sp
inn frá sèr á borðið og segir: «hvar fyrir u
hefur sig sú en arma jörð og aska?»

Í þessum svifum grípur Bjarni tveim hö
um fatið hið mikla, og setur barminn á m
sèr og svolgrar í tveimur teigum það sem e
var í því af súpu, kastar því síðan frá sè
borðið, stendur upp og er þá allreiður,
Grímur er þá kominn fram á gólf og se

»Réttvís maður etur svo hann seðst, en kviður óguðhræddra hefir aldrei nægju.«

Bjarni er þá og kominn fram á gólfið, og er þá við sjálft búið að hann muni ganga að Grími, en í því bili hleypur Sigurður og Egill milli þeirra, svo þeir ná ekki saman; hafði þá og hávaði nokkur heyrzt upp á lopt, og kom prestur að vörmu spori ofan og vill vita hvað í hafi skorizt, en er þeir sjá prest, sefast þeir nokkuð, en ekki skorti þó heitíngar og frýjunaryrði af beggja hálfu; svo lýkur, að þeir sefast og setur hann grið milli þeirra, meðan þeir eru þar á staðnum. Guðrún ráðskona var þá komin í herbergi og ræðir um, að mál sè til hvílu að ganga, segir hún það með, að svo hafi verið til ætlazt, að þeir Bjarni og Grímur skyldu vera hvílunautar, en Egill og Sigurður lægi saman í hinu rúminu; en Grímur aftekur það með öllu, að þeir Bjarni sofi saman, og kveðst heldur þegar á brott fara, vildi hann ekkert samneyti hafa við Filisteann; varð svo að lyktum, að þeir feðgar Egill og Grímur sváfu saman, en Bjarni og Sigurður lágu í öðru rúminu. Voru þeir Bjarni og Grímur sáttir að kalla, en þó skorti ekki heitíngar, ef þeir fyndist í góðu tómi; gjörði Grímur helzt ráð fyrir að kalla eld af himni, og steypa honum yfir Bjarna; en Bjarna þókti *ráðlegast að fá* öxina Grimmugýgi og klíúfa

Grím í herðar niður. Sváfu þeir nú allir af um nóttina, en um morguninn snemma fór Bjarni af stað, sem hann hafði ætlað, og var lengi kalt með þeim Grími og Bjarna eptir þetta, sem síðar mun sagt verða.

FJÓRTÁNDI KAPÍTULI.

Sigrún fer heim að Hlíð.
Kvonbœna umleitan Egils.

Mánudaginn þriðja í sumri kom Sigrún aptur heim að Hlíð, og var henni þar allvel fagnað. Þórdís húsfreyja var hin kátasta um daginn, og lèk á als oddi; hún kysti fóstru sína, klappaði henni allri utan, og skoðaði hana í krók og í kríng eins og hún hefði ekki sèð hana í mörg ár. Það sem eptir var dagsins og svo hinn næsta dag hafði húsfreyja nóg að gjöra, að spyrja Sigrúnu frètta og segja henni aptur þau tíðindi, er gjörzt höfðu þar á heimilinu síðan hún fór. Branda hafði borið rètt fyrir páskana og komizt í 18 merkur; hún hafði átt kvígukálf ofur fèlegan, svarthúfóttan, öldúngis eins á litinn og hún Gullbrá heitin amma hennar. Þá-

lís hafði ekki tímt að skera hann, af því hann ar af því kyni, og ætlaði að ánafna Sigrúnu víguna, og vita hvað hún yrði farsæl. Skjalda ir orðin nærri því þur, en Ljómalind hreytti ın að vonum. Lítið sagði Þórdís hefði orðið r innivinnunni eptir að Sigrún fór; það hefði rðið æði skarð fyrir skildi, þegar hennar hefði iist við frá spunanum. Vel hafði rakizt hnykla-ppan, sem Sigrún spann vikuna áður en hún ır, og betur en þær höfðu gizkað á. Úr ljós-áu bandviðunum, sem hún hafði átt, hafði ún og Sigríður prjónað nærpeisu fyrir Sig-rð, þó hafði það ekki enzt að fullu, og sagð-t hún því hafa orðið að prjóna gráu framan ð ermarnar. Sigrún hafði og ærið margt að gja fóstru sinni frá af högum sínum, á með-ı hún hafði dvalið á prestssetrinu; sýndi hún enni eitt og annað, er hún hafði hannyrðað ar, og lèt húsfreyja vel yfir, og þókti henni igrún framaför þángað farið hafa. En þótt argt bæri á góma millum þeirra fóstra, gat þó ki Sigrún neitt um samdrátt þann eða kunn-gskap, sem verið hafði á millum þeirra Þór-ins og hennar, enda var sá orðrómur, sem gzt hafði á þar á staðnum um það efni, ekki ominn svo lángt, að húsfreyja hefði heyrt okkuð hop á því.

Laugardaginn næsta eptir að Sigrún var

aptur heim komin að Hlíð, var skildagi Egils Grímssonar. Lèt faðir hans Grímur ferja hann þángað og fylgði honum sjálfur í vistina, og var þar um nóttina, en daginn eptir bjóst hann til heimferðar; hafði hann áður falið þeim Hlíðarhjónum hann á hendur með mörgum fögrum orðum. Skildust þeir feðgar með miklum kærleikum fyrir utan tún, þar lagði Grímur hendur yfir son sinn og blessaði hann, og bað, að fyrirrætlun hans hefði gæfusamlegan framgáng og farsællega endalykt, »og ætla eg,« segir hann, »sonur góður, að skilnaði að kveðja þig með þessum orðum Salomonis: ««son minn, hlýð þú aga föður þíns, og yfirgef ekki boðorð þinnar móður.»» Eptir það skildu þeir feðgar. Egill var einn vinnumanna heima í Hlíð um vorið. Aðrir húskarlar Sigurðar voru við sjóróðra; starfaði Egill með bónda að húsagjörðum og vallarvinnu og öðrum heimilisönnum, og var hann bónda allfylgisamur. En ekki hafði hann verið lengi í Hlíð, áður húsfreyja og griðkonur þóktust taka eptir því, að Agli þókti kærast jafnan að vera þar sem Sigrún var, og í kringum hana. Ávallt er Sigrún fór til útivinnu á túni, vildi hann ekki vera annarstaðar að verkinu en sem næst henni, og ef færi gafst á gætti hann svo til, að þau sem optast yrðu tvö saman útaf fyrir sig; beiddi Sigrún hann að

hendi eða fæti fyrir sig til einhvers, var
jafnan eins og á hjólum, en stígramur og
atur þókti hann hinum öðrum vinnukonum.
r hann hafði lítið að starfa og var heima
bæinn, mátti svo að orði kveða, að hann
;a elti Sigrúnu út og inn. Væri Sigrún
við, sat hún jafnan inni í húsi hjá fóstru
á rúmi sínu og saumaði eða spann, var
mönnum ekki ætlað þar sæti um daga,
eim hjónum og henni. Egill átti rúm fram
östofulopti, en stæði svo á, að hann hefði
útivinnu, sat hann sjaldan í sæti sínu, tók
þá uppá því í fyrstu, að hann gjörði sèr upp
erindi til þeirra hjóna inn í húsið, og sat
. meðan hann lauk erindi sínu, og smátt og
t tók hann að venja þángað komur sínar,
ekki hefði hann erindi á reiðum höndum,
arð þetta bráðum að vana, að hverja stund,
hann ekki þurfti að sinna útiverkum, tróð
i sèr inn í herbergi þeirra hjóna og sat
löngum, valdi hann sèr þá jafnan sæti á
istli einum, er stóð við rúmstokk Sigrúnar,
rosslagði fæturna fram á loptið. Á hverj-
sunnudagsmorgni, er hann var kominn á
r, flýtti þann sèr jafnan að kemba sèr, þvo
)g ræsta sig allan frá hvirfli til ilja; skrýddist
i þá bezta spariskrúða sínum, það var mussa
rbneppt, sortulituð, og fèllu barmarnir mjög

út á báða vegu, en vasar á hvorutveggju hlið; framan á ermunum voru uppslög dökkblá; mussan náði vel ofan fyrir mjaðmir og stigli á báðum megin; standkragi var á mussunni Egils, og var hann eins litur og uppslögin. Þá voru svartar stuttbuxur og sokkar svartir og rósabönd um í hnèsbótum. Þá er Egill hafði skoðað sig vandlega og svo um búizt sem honum líkaði, var hann vanur að ganga til herbergis þeirra hjóna, bauð þeim góðan dag, og settist síðan niður hjá rúmi Sigrúnar, og sat þar og masaði eitt og annað á meðan Sigrún var uppi, horfði á hana meðan hún greiddi hár sitt og tók eptir öllu sem vendilegast. Allhvumleiðar þóktu Sigrúnu komur Egils þángað og setur hans, en þorði þó ekki um að ræða; var það og hvorttveggja, að henni þókti maðurinn hvorki fagur álitum nè heldur viðræður hans skemtilegar. Fór svo fram um hríð, að Egill hèlt fram upptéknum hætti um komur sínar, og líkaði Sigrúnu því miður sem lengur var, svaraði honum þó jafnan hógværlega, er hann ræddi við hana. Ekki líkaði þórdísi heldur vel háttalag Egils, þókti henni Egill helzt til framur, en fann þó ekki að um sinn, og ekki hafði hún neinn grun um, hvað undir bjó af hans hálfu; gat hún þess helzt, að þar sem Egill var þar nýkominn og lítt kunnugur, mundi hann enn ekki samþýðast heim-

ilki, og hefði því helzt afþreying og yndi af
að aðhyllast húsbændur sína og Sigrúnu,
a hefði hann þar til verið í foreldra húsum.
rún sá betur, hvar fiskur lá undir steini, og
i hún fyrir hvern mun venja Egil af komum
um þar í húsið og þaulsetum; hugsar hún nú
) það ráð, að jafnan, er hún var komin á fætur
rn morgun, tekur hún kistil þann, er Egill var
ur að sitja á, og setur hann upp í rúmið
fóta; eru Agli nú þau sund lokuð, að sitja á
linum; sèr hann þá að eitthvað verður til
gðs að taka og sezt hann nú jafnan á rúm-
kina hjá Sigrúnu; þykir henni nú sýnu ver
áður, og færir nú aptur kistilinn í sama stað
sta morgun, enda sezt Egill þar. Þegar Egill
ði verið nær því fjórar vikur í Hlíð, hittast
ir feðgar Grímur og Egill eitthvert skipti;
yr Grímur Egil, hvernig hann uni hag sínum
r í Hlíð. Egill segir sem var, að hann er
r allvel haldinn, og að þau hjón sè vel til
ns. Þessu næst innir Grímur eptir um kvon-
nirnar, og hvort honum sè jafnt hugleikið
m áður um ráðahaginn, og segir Egill, að
num er það nú öllu hugfastara en áður, og
ist sèr því betur á Sigrúnu, sem hann kynn-
t henni betur.

«Heflrðu þá, sonur, borið það mál upp fyrir
yjunni?» segir Grímur.

»Ekki enn nú,» segir Egill, »er það hæði, að eg hefi sjaldan fengið færi á að mæla við hana í einrúmi, en þó ber hitt heldur til, að í hvert skipti, er við höfum verið tvö saman og eg hefi ætlað að ráðast í að nefna það við hana, hvort hún vildi eiga mig, þá hefir mèr aldrei dottið í hug, hvað eg ætti að segja, eða hvernig eg skyldi hefja máls á því, og því meira sem eg hefi hèr um hugsað, því meira vefst það fyrir mèr, hvernig eg skal til haga um bónorðið, því það bögglast fyrir mèr, babbi, á hverju eg á að byrja,» sagði Egill.

»Það sannast á þèr, drengur minn,» sagði Grimur og velti vöngum, «sem Sýrak segir:» «»fávíss manns hjarta er líka sem einn pottur, sá eð lekur, og kann engum lærdómi að halda;»» «svo hèlt eg, sonur sæll, þig uppfræddan vera í garði föður þíns, að þú þyrftir eigi að vera í vandræðum með að haga svo túngu þinni, að það gæti þèr til auðnu orðið; en svo gjörast nú þeir hinir úngu menn, yður þykir allt fært, en kunnið þó ekki ráð til neins ef á herðir.»

«Þèr hafið nú aldrei sagt mèr, faðir minn,» svaraði Egill, «hvernig eg, ha? ætti að að fara, ef eg beiddi mèr stúlku, eða hvað, ha? — en hvernig fórst þú fyrst að faðir minn, þegar þú beiddir hennar móður minnar, ha?»

»Það man eg ekki drengur minn, það si-

st öðruvísi, að eg færði móður þína í hús míns,» mælti Grímur og velti vöngum.
«Viltu ekki segja mèr, faðir minn, hvernig að byrja, eða vilt þú ekki nefna það fyrir við hana?» segir Egill.
«Ekki mun eg það gjöra,» sagði Grímur, fara á fund Sigrúnar, en túlka skal eg mál við fóstru hennar, þórdísi, þegar þú hefir izt eptir vilja Sigrúnar sjálfrar; en nú, fyrst hefir mig þar til kvaddan, að segja þèr rnig þú skalt bera fram mál þitt við meyj- , þá mun eg þèr það að vísu segja: still þá svo til, að þið sèuð tvö saman; gakk svona eins og eg gjöri.» — Grímur spenti ipum saman á brjóstinu og velti vöngum, — kktu stillilega og alvarlega framan að meyj- ii, tak þú hönd hennar og mæl þú síðan með)rugefni: þú hefir fángað mitt hjarta, mín tir, með þínu auga» (Lofkvæði Salomons 3. ítula, sagði Grímur lágt), halla þèr síðan að yjunni, sem þú vildir kyssa hana, og seg: náng sseimur drýpur af þínum vörum, mín tir, hunáng og mjólk er undir þinni túngu, ilmur þinna klæða er Líbanons ilmur; — munt þá fljótt verða þess áskynja, hvort hugur :yjarinnar hneigist til þín eður ekki. Hugfest þessi orð, sonur minn, og lát mig síðan

vita hverju fram fer, mun eg og brátt koma að Hlíð og fullgjöra þetta mál við þau hjón.«

Egill þakkaði föður sínum tillögur sínar góðar, og er Grímur hefir nokkrum sinnum haft fyrir syni sínum þenna formála og Egill hyggur sig fullnuma orðinn, snýr hann aptur heim til Hlíðar og hyggur nú gott til síns máls. Leið nú svo enn nokkra hríð, að ekki ræðst Egill til að flytja bónorðið; bar tvennt til þess, það fyrst, að sjaldan bar svo undir að hann fengi færi á að hitta Sigrúnu eina, því þó Egill hèldi venju sinni um það, að snaga inn í svefnherbergi þeirra hjóna, og sitja þar, þegar hann ekki sætti utanbæjar-störfum, þá voru jafnan fleiri menn viðstaddir; og það annað, að honum þókti miklu varða, að hann gæti flutt erindi sitt með svo mikilli stilli, kunnáttu og kurteisi, er svo mikilvægu máli sómdi; var hann hèlst áhyggjufullur um það, að sèr mundi í nokkru skjátlast að bera fram þau ummæli, sem faðir hans hafði fyrir hann lagt og boðið honum vel að hafa, þá er hann í fyrsta skipti birti Sigrúnu vilja sinn. Það var einn dag um þessar mundir, að Egill átti að starfa nokkuð að moldarverkum, það var að hlaða fjárhúsvegg einn, er rifinn hafði verið um vorið; var hann þegar byrjaður að leggja undirstöður og hlaða eitt eða tvö hnausalög á ofan; lá verkefni það, er hafa þurfti

örðarinnar, þar hjá veggbliðinni ut-
var það bæði rof og kvíahnaus ný-
og garðtorf gamalt, er hann hafði til
/egginn með; þar stóð og moldarhrúga
ig bar Egill þaðan moldina í trogi, jafn-
hann hlóð og moldaði vegginn. Egill
að verkinu á milli, og nær því ham-
er hann hafði gjört skorpu harða,
ann aptur lánga hríð, settist á vegginn,
. sinn, sat og hugsaði og var þá all-
llur. Þenna dag varð húsfreyju gengið
i, ætlaði hún að líta þar eptir sauðataðs-
okkrum, er nýlega voru saman bornir
og gæta að, hvort griðkonur hefðu
'ið skilizt. Fjárhúsin stóðu þrjú saman,
við hliðina á öðru, var Egill að verki
úsið, sem fjærst var bænum, en taðs-
stóðu undir hlið þess hússins, er að
ssi, og mátti ekki sjá þaðan þángað sem
þó gengið væri frá bæ til húsanna,
ain, þau sem uppi voru, báru af. Þórdís
gekk til taðhraukanna og svipaðist þar
á heyrir hún mannamál fyrir utan hús-
em Egill var, hugsar hún, að einhver
maður sè kominn, því ekki vissi hún
a annara manna hjá Agli, og vill hún
eptir hver það sè; gengur hún út með
um; en er hún kemur að því veggjar-

horni, sem næst var því enu rifna húsinu, sèr hún að Egill er þar einn manna, þykir henni atferli hans nokkuð kynlegt. Egill sneri baki að henni og verður ekki var við hana, nemur hún nú staðar við húshornið og forvitnast um hvað Egill hafist að. Sèr hún þá, að Egill stendur þar hjá moldarhrúgunni; hefir hann tekið reku eina mikla, er þar var hjá honum, og setti hana niður í moldarbínginn, á þann hátt, að tindinum var stúngið ofan í moldina, en skáfarnar vissu upp. Egill stóð berhöfðaður fyrir framan rekuna og mælti síðan fyrir munni sèr:

«Nú ímynda eg mèr að þetta sè hún, og að við sèum tvö ein, hvað gjöri eg þá, ha? — Eg geng öldúngis óhræddur, eins og hann faðir minn gekk, til hennar, gríp um hendina á henni og segi: þú hefir fángað mitt hjarta, mín systir! — já, nú fipast mèr, með þínu auga, Loftkvæði Salomons 3. kapítula, svona var það; — síðan segi eg: hunángsseimur drýpur af þínum vörum, mín systir, og ilmur klæða þinna er Líbanons ilmur,» og nú myndaði Egill sig til sem hann vildi faðma meyjuna, og sló út báðum höndum utanum rekuna, sem hann ætlaði að faðma hana að sèr, en rekan stóð ekki vel föst í moldinni og hraut hún útaf við tilræðið og lenti varið framan á hökunni á Agli, svo hann greip til hökunnar og bölvaði um leið. Þórdís gat þá ekki stillt

ım að hlægja ekki uppúr, en kreysti þó
r í sèr hláturinn með hósta, gekk síðan
undan húshorninu til Egils, og lætur sem
hafi einkis orðið áskynja og segir:
»Eg sæki þá ekki rètt vel að þèr, Egill minn,
ðu meiðt þig?»
»Ónei, húsmóðir góð!» sagði Egill, »eg
ivart rekutindinum framan í mig og hrufl-
nig hèrna á hökunni, það er ekkert.»
»Það fór betur,» sagði Þórdís, »komdu samt
ı, ætli það sè ekki betra að leggja eitthvað
það?»
»Þess þarf ekki,» sagði Egill, og tók hnaus
nn og gekk til tóptarinnar og fór að hlaða.
ís gekk þá heim.
Ekki sagði Þórdís öðrum mönnum frá,
a Sigrúnu fóstru sinni; henni sagði hún,
s hún hefði vís orðið og svo hver ummæli
. hafi haft, er hann stóð frammi fyrir rek-
; segir hún, að Egill þessi sè afkáralegur
ş, er hann stæði svona úti á víðavángi og
ði við sjálfan sig; höfðu þær fóstrur þetta
ympíngi sín á milli, og hentu þó mest
an að því, sem Egill las yfir rekunni; segja
að Egill ætli nógu snemma að æfa sig í
ri íþrótt, að biðja sèr stúlku, og bera það
flysjúngslega upp; ekki lètu þær fóstrur
t neinn heyra flimtan þessa, g vildi Þór-

dís ,fyrir hvern mun ekki, að Egill væri hafður að skopi þar á bæ, en það vissi hún mundi verða ef saga þessi kæmist á lopt.

Nú líður nokkur tími, að ekki vekur Egill til um bónorðið við Sigrúnu, en eptir því þóktist hún taka, að það var ekki einleikið, hversu fylgisamur hann var henni, hvort sem hún var úti eða inni; en ekki gat hún um það við þórdísi fóstru sína, hverja ætlun hún hefði þar um.

Það var um vorið, að Sigurði bónda hafði lengi verið vant tveggja geldínga, er sloppið höfðu í ullu og urðu ekki rúnir; fundust þeir ekki þó þeirra væri leitað, en einu sinni sem optar hafði smali farið að leita geldínganna og fann þá í dalverpi einu litlu á Hlíðarhálsi, og hafði þeirra þó áður leitað verið um hálsinn, en jafnan gengizt yfir þá; rekur smali sauðina til Hlíðar, og lætur þá inn í kví eina þar á túninu, gengur síðan til bæjar og segir bónda frá, að geldíngarnir sè fundnir, «og er nú ráð,» segir hann, «að láta þá ekki sleppa aptur í ullinni.» Ekki voru þá aðrir menn við bæinn, en þau Egill og Sigrún, og biður hann þau að gánga til kvíar og rýja sauðina. Þau Egill fara til kvíar og rýr Sigrún sauðina, en Egill stendur í kvíardyrum og heldur í þá á meðan og stíngur höfði milli fóta sèr. Sigrún kastar ullinni upp á kvíarveggina jafnóðum og hún rýr.

l var hljóður á meðan á verkinu stóð; en er
hafa rófurakað geldíngana, sleppir Egill þeim
ir kvínni, en Sigrún safnar saman ullinni,
ri er lá á kvíarveggnum, og lætur í svuntu
, og var henni eigi laus nema önnur hönd-
er hún hèlt svuntunni með hinni. Egill
gur þá til Sigrúnar, tekur um hönd henni
segir:

«Þú hefir fángað mitt hjarta, mín systir,
) þínu auga, segir —» en þá stendur nokk-
í honum.

Sigrúnu dettur þegar í hug æfintýri Egils
rekunnar, var það þá rètt komið á varir
nar að segja: «segir Egill við reku,» en
i stilti sig þó, og brosti við framan í Egil.
ll fèkk þá nýjan dug og djörfúng, og heldur
m: «hunángsseimur drýpur af þínum vörum,
ilmur klæða þinna er Líbanons ilmur,» og í
a vetfángi ætlar Egill að leggja hendur sínar
háls Sigrúnu, en hún sá þegar tilræðið;
ður henni það þá fyrir, að hún hrindir Agli
sèr með þeirri hendinni, sem hún hafði
sa, og segir hlægjandi:

«Hvað á þetta flángs við mig, Egill, og þessi
línulestur, sem þú hefir,» og hljóp þegar á
) heim til bæjar.

Egill herðir nú upp hugann, hvetur sporið
gengur á svig við hana og segir:

»Eg hefi lengi ætlað að tala við þig Sigrún mín!»

»Já já,» sagði Sigrún.

»Lízt þèr þá ekki á mig, ha?»

»Svona hvorttveggja og bæði,» sagði Sigrún.

»Viltu þá ekki eiga mig, ha?» sagði Egill.

»Ænei, hróið mitt,» svaraði Sigrún.

»Fyrir hverju þá,» sagði Egill, og blíndi framan í Sigrúnu, eins og hann gæti með engu móti skilið í því, að svo mætti vera.

»Fyrir hverju?» át Sigrún upp eptir honum, — »fyrir hverju sem það er.»

»Hann faðir minn ætlar þó að nefna það við hana fóstru þína, og húsbóndinn hefir lofað honum því, og af því fór eg hingað.»

»Það er rètt!» segir Sigrún, »nefndu það þá við þau, en hugsaðu þèr það samt aldrei, hróið mitt, að eg eigi þig.»

Þegar svo lángt var komið talinu, voru þau Sigrún komin að baðstofuhorninu, og tók Sigrún þá sprett mikinn, og hljóp sem fætur toguðu inn í bæ og upp á baðstofulopt, og var þá kafrjóð í andliti. Af Agli er það að segja, að hann dundaði um stund fyrir ofan bæ, og var í fyrstu harðla óglaður og nagaði neglur; en síðan gekk hann burt og kom ekki í baðstofu fyr en um háttatíma. Morguninn eptir reis hann snemma úr rekkju, og var heldur fá-

þann dag, en þá er nokkuð frá leið tók
ı aptur kæti sína. Íhugaði hann mál sitt í
ámi, og fannst honum nú sem hann hefði
þúngu bjargi frá brjósti sínu, þar sem hann
i opinberað Sigrúnu huga sinn; raunar virt-
ıonum, sem svör Sigrúnar hefðu ekki verið
hlýlegust, en á hinn bóginn gyllti hann
fyrir sèr, að ekki væri með þessu öll von
hafði hann og heyrt þess getið, að opt
það í kvonbænum, að stúlkur tæki hvað
ıt af í fyrstu, en yrði þó síðan leiðitamari,
a fèlli ekki eik við fyrsta högg, og yrðu
ın að vera stöðugir í bæninni og óþreytan-
r; ásètti hann sèr því framvegis að leggja
neira kapp á þetta mál en að undanförnu.
Þegar Sigrún kom í baðstofu eptir fundi
rra Egils, tók Þórdís brátt eptir því, að fóstra
ınar var ekki með öllu eins og hún átti að
, og að henni var í nokkru brugðið; innti
ı þá Sigrúnu eptir, hvað til bæri. Sigrún lèt
t yfir í fyrstu; gekk Þórdís þá fastara eptir,
kom svo, að Sigrún sagði henni alla atburði
viðræður þeirra Egils, svo og hver svör hún
fði veitt því máli; fylgdi þar með, að Sigrún
aðst hafa ráðið það af orðum Egils, að hún
fði verið honum heitin, þegar Egill vistaðist
Ullíð. Þórdís hlýddi frásögu Sigrúnar, en er
in hætti máli sínu, tekur Þórdís svo til orða:

»Nú hefir þú gjört vel, fóstra mín, að segja mèr hið sannasta af viðræðum ykkar Egils; skil eg nú eptirá hvað undir hefir búið um það, er hann jafnan hefir vanið komur sínar hingað inn í húsið og setið hèr löngum. Svör þín, fóstra mín, þykja mèr og hæfileg verið hafa; líkar mèr það bezt, er þú hefir með öllu veitt honum afsvar. Það er í öllum viðskiptum bezt, að vera hreinn og einlægur, en einkum ríður á því í þesskonar efnum, að hafa hreinskilni, því bæði er það ábyrgðarhluti, að draga nokkurn á tálar með tvíræðum orðum, og líka getur opt svo farið fyrir þeim, sem ætlar að gabba annan, að hann grefur þá gröf, er hann sjálfur fellur í. En það er þèr skjótast af að segja um minn vilja í þessu máli, að aldrei hefði sá ráðahagur orðið mèr geðfeldur, þó þú hefðir honum unað, og mundi sá einn hlutur hafa skilið vináttu okkar. Veit eg að sönnu ekkert óráðvant eða illt til Egils þessa, en undarlega kemur mèr það, ef honum kippir ekki í kyn föðurfrænda sinna, hafa þeir allir verið menn mjúkmálir og miklir á lopti, en ymsar sögur hafa farið af því, hversu þeir hafa heilráðir og vinfastir verið. En þar sem þú kveðst hafa ráðið það á orðum Egils, að það muni hafa verið gjört að ráði millum þeirra Gríms og Sigurðar, bónda míns, að Egill skyldi þín fá, þá kemur mèr það kyn-

ega fyrir, ef bóndi minn hefir dulið mig þess, g verð eg að komast eptir því; en hefði eg itað að svo væri, skyldi Egill aldrei hafa komið èr til vistar að mínum vilja.» Að þessu búnu ttu þær fóstrur talinu, og bað Þórdís Sigrúnu ta sem fæsta menn vita viðtal þeirra, eða bónrðs umleitun Egils.

FIMMTÁNDI KAPÍTULI.

Fundið brèf þórarins.

Skömmu eptir þetta var það einn dag, að innur frá Stað kom að Hlíð; kvaðst hann ra sendur af presti á bæ einn þar í sveitinni, n komið þar við um leið, og hefði hann skilaboð l Sigrúnar frá griðkonu einni á staðnum, og efndi griðkonuna, gjörði hann boð fyrir Sigúnu og bað hana út ganga. Sigrún gekk til ndar við Finn og brá hann henni á einmæli, n raunar var það erindið, að Finnur kvaðst rir skömmu hafa fengið brèf frá þórarni, vin num, og þar innan í hafi verið brèf til Sigrún-, er þórarinn hafi beðið sig að koma til henn-. Fèkk Finnur Sigrúnu brèfið og þakkar hún onum það, en felur brèfið í barmi sínum og

biður Finn síðan inn gánga og þiggja
gjörir Finnur svo, og er honum veittu
Sigrún hefir á orði við fóstru sína, að
Þorsteinsdóttir vinnukona hafi gjört sèr
að láta sig fá nokkuð af tvinna og lèrept
ínga, þar hún ætti peisu ótilsetta, o
fóður undir ermarnar. Litlu síðar fór
en þegar Sigrún sá sèr færi, gekk hún
stofu og út til fjárhúsa, og er hún hafi
lega njósnað um, að þar var enginn mað
staddur, gekk hún inn í eitthvert fjárhúsi
upp brèfið og las. Sigrún varð harðla
að sjá, að Þórarinn mundi eptir henni,
við þær frèttir, að hann yndi vel hag sí
syðra og mundi koma að finna ha
sem hann fengi færi á. Sigrún mur
staðið þar í húsinu, og lesið brèfið svo
ur og aptur, að hún hefði verið búin
það orðrètt, hefði hún ekki verið hræd
sín yrði saknað úr bænum, ef hún va
lengi burtu. Hún braut brèfið samar
því í barm sinn og krækti svo peisun
lega að sèr og gekk heim til bæjar;
hún síðan brèfinu í pallkistil sinn og v
áður innan í hreint lèrept; leið þó ei
dagur, að hún læsi eigi brèf Þórarins,
gafst næði til þess; sætti hún jafnan
enginn var uppi við; tók hún þá kist

etti í knè sèr á rúmi sínu, lauk honum upp g sneri honum þannig, að lokið og hjörurnar neru fram, lèt lokið hallast að enni sèr og kyggja á meðan hún las brèfið. Þetta gjörði ún til þess, að þó einhver kæmi fljótlega upp, öa inn í herbergið, skyldi það ekki sjást að ún hèldi á brèfinu, og hún gæti skellt kistlnum aptur, svo fljótt sem þurfa þækti. Einuinni sem optar var það, að Sigrún var ein í úsi, en fóstra hennar var ofan gengin til búerka eða matreiðslu. Sigrún tók þá kistil sinn ð venju, og ætlar að skoða brèf þórarins. Þregður henni þá ekki alllítið í brún, er hún innur hvergi brèfið; leitar hún nú hvervetna í istlinum, og flettir sundur hverju knýti er í ionum var. Þessu næst leitar hún í rúminu og kringum það, en finnur ekki að heldur. Þykir enni þetta kynlegt mjög, þareð hana minnti ástlega, að hún hefði síðast látið það ofan í istilinn; tekur hún nú það ráð, að hún kveikir jós og leitar hvervetna er henni kemur til hugar; ýsir hún um allt í húsinu, og í rúmi fóstru sinnar, og um loptið; síðan tekur hún að leita í rúmi sínu, og tekur hvert fat upp úr rúminu. Lokarspænir voru undir fötunum í rúminu, og rótar hún þeim um og gætir vandlega að öllu. Í þessu bili kemur húsfreyja inn. Sól skein í heiði og bar geisla um allt húsið; verður þór-

anyggjunn um leitina, «og hefi þú
nokkru, Sigrún mín,» segir hún, «er þ
svo mikils um vert?» — Sigrúnu verður þ
að hún segir að hún hafi mist nál ein
er hún hafi miklar mætur á og prest
Stað hafi gefið sèr, segir slíka ekki v
hverju nálhúsi; «þá furðar mig ekki,» se
dís, «þó þú hafir ljós í leitinni, en sei
eg þèr muni sækjast að kanna alla he
ina í rúminu eptir einni saumnál.»
kvað það satt vera og tekur aptur a
fyrir rúmfötum sínum, var hún þá mjö
bitin, svo að varla mátti hún halda tárum
ur hún nú ofan, til að slökkva ljósið
ofan lampann, en hitt var þó heldur,
vildi ekki að fóstra hennar sæi að hún
En er Sigrún var ofan gengin, verður

sè, lítur hún á nafnið undir brèfinu og les síðustu línurnar, sèr hún að það er vísa, r hún þannig:

«Hvað sem örlög ætla mèr,
eikin frænings túna,
æfi lánga ann eg þèr
yndislega Rúna!»

s braut saman brèfið aptur, og stóðst það lum, að Sigrún kom upp um loptskarirn- Þórdís brá brèfinu undir svuntu sína og því ofan í pilsvasa sinn. Þórdís er hin a og lætur sem ekkert hafi til borið; Sig- ar þá og allglöð að sjá, en þó fann Þór- að brátt, að ekki var kæti hennar eins g og hún átti vanda til, og fèkkst Þórdís ım það. Líður nú svo fram eptir degin-)g er líður undir þann tíma, að menn eru að taka dagverð, gengur Þórdís fram; þar tofuhús lítið fram í bænum, var það haft presta og heldri menn, er komu að Hlíð, r þar borð eitt ekki allmikið, og eitt rúm. ið gengur Þórdís, og lokar dyrum eptir g tekur úr lykil. Tekur hún nú brèf Þór- úr vasa sínum og les, og var þetta brèfið:

»B . . . hinn 30. maí 17 .

Ástkæra unnusta!

Eg ætla nú hèr eptir, Sigrún mín góð, a nefna þig þessu nafni þegar eg skrifa þèr, þ eg veit það fyrir víst, að megi eg ekki kalla þi svo, elskan mín, þá eignast eg aldrei nein unnustu. Að sönnu er það satt, að eg he ekki beðið þá, sem með eiga, um þig, og he því ekki rètt til opinberlega að kalla þig unn ustu mína, en engu að síður ertu það samt raun og veru, og sjálfur finn eg það því betu sem eg er þèr fjarlægari. Síðan við skildu sakna eg þín á hverri stundu, og þrái þig ei og blindur maður birtuna, eða einhver í sjáva háska þráir ströndina og landið, þar sem hai á lífs von; og þó stendur öðruvísi á fyrir m en þeim, eg hefi vissuna fyrir mèr, sem m er fyrir öllu og ætti að vera huggun mín í l legðinni. Eg veit að þú elskar mig eins h og nokkurri stúlku er unnt. Þegar við vor saman, gafst þú mèr hönd þína og hjarta. Ko inn, sem þú kystir mig að skilnaði með tári augunum, vottaði það, að þú hvorki vilt nè ge tekið þá gjöf aptur. Ó! vertu blessuð f hana svo lengi sem þú lifir! . . Ó, eg vildi eg væri nú kominn til þín, svo eg gæti sagt þúsundsinnum fleira en eg get skrifað, og tal við hana fóstru þína, sem er þèr svo góð

trygg eins og hún væri móðir þín; eg skyldi þá segja henni frá, hvernig á stæði fyrir okkur, og biðja hana að leggja blessun sína yfir okkur, biðja hana að fyrirgefa okkur það, að við höfum ekki sagt henni frá því sem okkur í brjósti býr, og sannarlega iðrast eg nú þess, að eg fann hana ekki, og varð að fara bak við hana, og þess vona eg verði ekki lángt að bíða, því þér að segja, elskan mín! hefir sýslumaðurinn, sem eg er hjá, heitið mèr því, að eg skuli fá að fara í haust að finna kunníngja mína, undir eins og hann geti mist mig; eg er að hlakka til þess, og mig er fyrir löngu farið að dreyma fyrir því á hverri nóttu, hvað yndislegt það verður að finna þig og hana systur mína, enda eru þá allir upptaldir, sem eg hlakka til að finna, nema hún fóstra þín, en eg þekki hana því miður svo lítið, og samt virði eg hana og elska í huga mínum, af því eg veit hvað hún hefir verið þèr góð og ástúðleg. Eg vona þú hafir fengið frá mèr brèfmiða með Finni, eg skammast mín fyrir hvað hann var stuttur og ónýtur. Finnur lofaði mèr að koma honum til þín svo lítið bæri á, og eg veit hann hefir reynzt mèr trúr. Af mínum högum hèr syðra er allt gott að frètta; allir eru hèr góðir og þægilegir við mig, og sýslumaðurinn þó beztur, og reyni eg til *að koma mèr við* hann; eg heyri suma kalla

hann harðan og stórbokkalegan, en ekki hefi eg af því að segja enn. Við erum nú nýlega komnir heim úr ferð, og svo ríðum við nú bráðum til alþingis, verðum við þá þrír með honum og fjórði sonur hans, sem ekki hefir fyr riðið til alþingis. Við eigum að hafa 12 eða 14 hesta, og er einum af fylgdarmönnunum ætlað að vera hestasveinn; eg á að skrifa það sem hann þarf, en hinn þriði er þjónustusveinn þeirra feðganna, og á hann vandasamasta embættið af okkur öllum; hann á að standa berhöfðaður hjá hesti sýslumanns, er hann stígur á bak, og halda í ístaðið; hann dregur af honum stígvèlin á kvöldin og strýkur þau á morgnana og brýtur fyrir hann sokkana, ber á borð fyrir hann og veitir honum alla þjónustu. Gott hygg eg til þessarar ferðar. Á alþingi koma öll stórmenni landsins og margir uppvaxandi menn og höfðíngja-efni og skólabræður mínir, þykir mèr þar ekkert skorta til fagnaðar, nema það eitt, að ekki hefi eg von um að sjá þig þar, enda er nú mjög farinn að leggjast niður sá siður, sem alltíður var á dögum forfeðra vorra, að konur og gjafvaxta meyjar ríði til þings með frændum sínum og prýði svo samkvæmið. Margt skyldi eg rita þèr að gamni mínu, og segja þèr frá siðum og heimilisháttum hèr syðra, ef eg hefði tíma til, en nú verð eg að flýta mèr að enda miðann,

vo eg nái í lestamanninn, sem á að bera hann leiðis, og verð eg því að biðja þig að fyrir-efa hvað hann er endasleppur. Eg hefi beðið inn að taka við seðli frá þèr, elskan mín, því g vona að þú sendir mèr einhverntíma línu; að þarf ekki að vera lángt, fáein orð frá þèr ru nóg til að hugga mig og ræta af mèr ó-ndina. Loksins kveð eg þig hèr með einni ögu.» . . .

Þórdís las brèf Þórarins með athygli, en íðan braut hún það saman og stakk því aptur vasa sinn; sat hún þar nokkra hríð og íhug-ði mál þetta. Brèf þetta var svo ljóst orðað, ð Þórdís gekk úr öllum skugga um það, hvernig öllu stæði, og ekki datt henni heldur annað hug, en það sem var, um það, frá hverjum rèf þetta væri; það vissi hún og, að Sigrún afði ekki haft kynni af öðrum manni með því afni, en Þórarni prestsmági; hugsar hún nú elzt um það, hvern kost upp skuli taka, að ggja brèfið á sama stað og hún hafði fundið að, og láta sem hún hefði einskis áskynja orðið, íða svo þess, að Sigrún segði henni frá um nkamál þeirra Þórarins. En er hún íhugaði ið mál betur, þá virtist henni það ekki ráð, eti þá vel svo farið, að brèfið flæktist, og kæmi hendur fleiri manna, en það vildi hún fyrir

hvern mun ekki yrði; ræður hún það þá hún kallar Sigrúnu fram í stofu, og þá rún er þar komin, læsir hún stofunni o svo til máls:

«Eg held, fóstra mín, að eg hafi or heppin að finna fyrir þig lítilræðið, sem þ að leita að í morgun;» — síðan tekur h Þórarins upp úr vasa sínum og réttir rúnu, — «eða var þetta ekki raunar það, varst að leita að, þó þú segðir mèr annað; en það fór þó betur, að eg varð til að finna það en einhver annar.»

Þórdís ætlaði að segja eitthvað me fèkk ekki ráðrúm til þess, því Sigrúnu v fyrir, að hún hleypur um hálsinn á fóst kjökrandi: «æ fyrirgefið þèr mèr,» seg «fóstra mín góð!»

«Hvað þá Sigrún mín? eg var ek að ávíta þig fyrir neitt,« segir Þórdís.

«Ó, eg veit það fóstra mín, að þú við mig, eg átti að segja þèr frá því, kom mèr ekki að því,» sagði Sigrún og kysti fóstru sína.

«Ónei, elskan mín, eg er þèr ekk fyrir það; vertu ekki að vola útaf þessu ekki sjá það; eg get ímyndað mèr það það til vorkunar fyrir þèr, þó þú færir segja mèr frá þessu meinleysi, sem kon

illum ykkar þórarins, á meðan þið vor-
an, og fyrst það var þá ekki lengra
n svona; en það getur verið, að mèr
kt það lakara, hefði eg heyrt það utan
að þú værir farin að leggja lag þitt við
i strákinn, sem ekkert meinti með því;
þykir líklegt, og eg ætla að geta þess
eðan eg reyni ekki annað, að hann sè
þessháttar mönnum, sem lízt vel á eina
g aðra á morgun, enda lítur svo út,
n hafi einhverja tryggð í sèr, því ann-
i hann ekki gefið um að hafa kunning-
þig, eptir að hann var kominn svona
burtu; þeir eru vanir, flagararnir, að
erir þeir eru, þegar þeir komast frá aug-
þeim, sem þeir hafa glíngrað hvað mest
í á meðan þeir voru nálægt þeim, enda
átt raun á verða um það, hvort nokkur
í honum eða ekki. En ekki lái eg þèr
hafi farið, að þèr hafi orðið meinlaust
n, því bæði er það, að maðurinn er all-
r, og svo mundi margur mæla það, að
ir ekki af verri endanum um gjaforðið,
r maður ætti þig; enda mun þèr ekki
kosta von, munaðarleysíngjanum, sem
itt að; en hitt vil eg nú vita, fyrst við
minnzt á þetta mál, hvort þórarinn hefir

heitið þèr eiginorði, og þar næst, hvort fleiri menn hafa orðið áskynja um samdrátt ykkar.»

Sigrún segir nú fóstru sinni af hið ljósasta um það, er Þórdís spurði, segir hún svo, að Þórarinn hafi beðið sig að heitast engum öðrum manni, og einnig hafi hann gjört það heit, að hann skyldi enga stúlku aðra eiga, meðan hann vissi hana á lífi og ógipta. Enginn maður segist Sigrún halda að hafi sannar sögur af viðræðum þeirra Þórarins og samdrætti, en svo hafi þó Þórarinn sèr frá sagt, að mágur hans, Sigvaldi prestur, mundi nokkurn grun á hafa, og þar með, að hann mundi vera þeim málum mótfallinn, og eiga í illan hlut, ef hann mætti því við koma. Þá sè og einn maður þar á staðnum, er nokkra njósn muni af hafa, en það sè Finnur Bjarnason, sá er flutt hafði henni brèf Þórarins, sè hann hinn mesti vinur Þórarins og honum trúr í alla staði. Nú huggast Sigrún brátt, er hún heyrir hvernig fóstra hennar tekur þessu máli, tala þær fóstrur nokkra stund um mál þetta og kemur þeim allt vel ásamt; tekur Sigrún aptur við brèfi Þórarins, og segir Þórdís um leið brosandi: «Það er nú líklegt, fóstra, að þú geymir það betur eptir en áður; að öðru leyti held eg væri bezt meðferðin á þessum ástarbrèfum að tortíma þeim, þegar búið er að lesa þau, þau geta slæðzt upp úr kistlunum,

t sýnist mèr hætta, að bera þau í barm-
þar sem svo er eldfimt fyrir; því hver
ær það kann að loga upp í þeim.« Sig-
rosti við, og skildu þær fóstrur talið að
únu.

SEXTÁNDI KAPÍTULI.

Viðræður þeirra Hlíðarhjóna.

þess er áður getið, hver svör Egill Gríms-
èkk, þá er hann hóf bónorðið við Sigrúnu,
g þess, að hann um hríð tók ógleði nokkra,
ar sú orsök, að honum virtist ógreiðara
t um kvonfángið, en hann hafði hugsað;
að var líkt fyrir Agli um þetta mál, sem
forðum, að honum óx ásmegin við þraut
ı; hugðist Egill ekki skyldu fyr skiljast
yrirætlun sína, en úr væri allur gángur;
ust nú svo mikil brögð að um eltíngar Eg-
ð Sigrúnu, að þegar tóku menn í Hlíð að
orð á, að ekki væri einleikið um setur
og stöðu í herbergi þeirra hjóna. Það
inn dag, skömmu eptir að þær fóstrur
átt tal saman um brèf þórarins, að veður

var illt, og þókti Sigurði bónda karlmönnum ekki starfandi við útivinnu, en með því, að heyannir voru í nánd, lèt Sigurður bóndi vinnumenn sína ditta að amboðum og öðrum áhöldum, þeim er til heyvinnu eru höfð; sjálfur tindaði bóndi hrífu eina og sat í svefnherbergi þeirra hjóna. Agli var ætlað það verk, að hann skyldi staga að bandreipum nokkrum og binda á hagldir; voru sum reipin vot og óþrifaleg. Egill gjörir sig nú að venju heimakominn, dregur hann alla reipadræsuna innar í hús þeirra hjóna, tekur kistil Sigrúnar og setur sig hjá rúmi hennar, tekur síðan að sauma að reipunum og gasprar jafnframt við Sigrúnu. Í þessu bili kemur húsfreyja upp, og sèr hvar Egill situr og leggur býfur á lopt fram, og eru þær ekki allhreinar, en reipa-flækjan liggur um loptið. Húsfreyja snýr þá máli til bónda síns og segir, svo hátt að allir heyrðu í húsinu:

«Hefir þú vísað Agli til sætis innar í húsinu á daginn?

«Ónei,» sagði Sigurður, nokkuð dræmt, «ekki hefi eg nú gjört það.»

«Þá hefir hann vísað sèr það sjálfur, — en það er nú þèr að segja, Egill minn, að það hefir verið siður hèr í Hlíð, að hver maður hefir átt sæti á rúmi sínu, þegar hann hefir verið í baðstofu, og er þitt rúm hèr frammi á loptinu;

en það lítur svo út, sem þú hafir ekki vitað þenna sið, en hèr eptir skaltu vita, að þar er sæti þitt, en húskytruna þá arna höfum við hjónin ætlað fyrir okkur og hana Sigrúnu litlu, og viljum við ekki aðrar setur eða verur vinnufólks í því, en sem nauðsynlegar eru og við leyfum sjálf.»

Þegar húsfreyja hafði þetta mælt, tekur hún annari hendi um reipa-flækjuna og færir hana fram fyrir húsdyr. Egil setti dreyrrauðan, en þorði þó fátt um að tala, annað en það, að hann hefði ekki þekkt þessar reglur, og dragnast hann síðan út úr húsinu, en Þórdís skellir húsinu í lás, svo sem til að sýna, að hún vili að þessum boðum sè hlýðt. Eptir það sezt húsfreyja á rúm sitt, en segir síðan við bónda:

«Mèr sýnist nú, að þetta hefði fremur verið þitt verk, bóndi minn,» segir hún, «en mitt, að hlutast til um annað eins á heimilinu eins og þetta, og hefði átt að vera fyrir löngu gjört; þú hefir þó sèð það, eins og eg; það er þó annaðhvort: maður er húsbóndi á heimilinu eða ekki.»

Þegar Sigrún sá, að fóstra hennar var sezt á rúmið og tók að tala við Sigurð, gekk hún þegar út úr húsinu og ofan, var hún jafnan vön því, er hún hèlt að þeim hjónum mundi eitthvað á milli bera, eða þau mundu tala eitthvað,

sem þau vildu ekki að fleiri menn heyrði. Húsfreyja lèt þá ræðuna gánga:

«En hvernig á nokkur maður að halda reglu á heimili sínu, ef hann kynokar sèr við að tala um nokkuð, uppá hverri óreglunni sem hver tekur.»

«Eg hefi ekki getað verið að því,» sagði bóndi, «að vísa honum á dyr, drengtetrinu, þó hann hafi sezt stundum þarna á kistilinn hjá henni Rúnu.«

«Og því trúi eg,» sagði húsfreyja heldur stuttlega, «það er verst, að hèr eru ekki fleiri kistlar til, svo þeir gæti setið hèr allir vinnumennirnir í kríngum hana, eða þá svo sem einn eða tveir hèrna við hnèn á mèr; en það er sannast að segja um þá hina piltana, að þeir eru ekki eins framir og þessi nýkomni piltur; þarna hefir hann hlaupið óboðinn og ókallaður hèr inn og rorrað við rúmstokkinn hennar, og nærri því vafizt fyrir höndunum á henni allan daginn, þegar hann hefir ekki verið úti við; það væri öll von á, að heimilisfólkið væri farið að taka til þess, og ekki veit eg nema hann verði orðaður við hana, og er það þá gott til afspurnar; ekki þarf ætíð meira fyrir karl og konu, að koma á óorðinu, en óregluna á bæjunum.»

«Og ekki hefir mèr dottið það í hug, þórdís mín, að nokkur mundi gjöra það.»

»Eg segi ekki heldur að nokkur gjöri það, enda mundi eg ekki fyrst verða látin heyra það, en hitt segi eg, að það væri öll von, þó það væri gjört orð á því, hvernig hann lætur við hana, og hvernig hann eltir hana; skárri er það dilkurinn!»

»Það fortek eg ekki heldur,» sagði Sigurður, »að mèr hafi sýnzt að hann væri að draga sig eptir henni, en eg held við getum ekki skipt okkur af því.»

»Það getur verið að þú skiptir þèr ekki af því, en eg gjöri það samt, og satt að segja líkar mèr það stórilla, ef Egill er hèr kominn í þesshättar erindagjörðum, eða heldur þú, Sigurður bóndi minn, að eg hafi látið Sigrúnu fóstru mína dveljast hingað til í húsum okkar til þess, að hún skuli fá orð af slíkum ólánsláns, sem eg ætla Egil þenna vera, og verða honum að bráð; en þú veizt, Sigurður minn, að þegar eg tala, þá tala eg eins og mèr býr í brjósti, og þar sem við erum hèr nú tvö ein, þá ætla eg nú að spyrja þig, Sigurður bóndi minn, með hvaða skilmálum rèðir þú Egil hingað?»

»Það man eg ekki svo gjörla,» sagði Sigurður, og var auðsèð á honum, að hann vildi koma sèr hjá að segja af hið sanna.

»Það munt þú víst muna, eða tókstu hann

skilmálalaust? — Þèr er þá ekki stór vandi á við hann, ef þú mátt sjálfur skapa kostina eptirá, eða var ekkert talað um hvaða kaupgjald hann skyldi hafa?»

«Jú, jú, víst var talað um kaupgjaldið, si svona.»

«Hvað átti það þá að vera?» frètti þórdís.

«Að honum væri goldið líkt og hinum vinnumönnunum okkar, það var talað um fimm vættir, og það setti faðir hans upp, að hann hefði hlýlegt atlæti, og — nú hikaði Sigurður sèr — si svona.»

«Er þá ekkert tilhæfi í því, sem eg hefi heyrt, að þú hafir heitið Agli því, þegar hann vistaðist hingað, að gipta honum Sigrúnu, fóstru okkar?»

«Og það er haugalygi, aldrei lofaði eg því, nei því lofaði eg ekki, nema með svo felldu móti, — nei, en ekki lofaði eg því.»

«Nema með svo felldu móti, segir þú?»

«Að — að — að,» sagði Sigurður, og stamaði, «að hún vildi það sjálf, þá skyldi eg ekki spilla því.»

«Nú, þar kom það, það er þá eins og mèr hefir verið sagt, og þetta kalla eg fullkomið loforð; það var auðvitað, þú gazt ekki heitið meiru, nema þú hefðir ætlað að þröngva henni til að eiga hann, hvort sem hún hefði viljað

la ekki; eg held það hefði verið eins ráðlegt
rir þig, Sigurður minn, að láta mig vita þetta
ur en þú vistaðir Egil hèr, eins og þú optast
fir gjört á meðan við höfum lafað við þetta
hokur, og hefir það sjaldan farnazt ver, þó
hafi ráðið nokkru með um það, hvaða hjú
ituð hafa verið og við höfum talað okkur
man um það, áður en það hefir verið fullgjört;
það er þèr sannast af að segja, að aldrei
ndi Egill með mínum vilja hafa hingað komið,
eg hefði vitað að þetta hefði búið undir og
ir hefði haft það í skilmálum, sem nú kemur
p úr kafinu; það hefir hingað til lagazt svo
skapur okkar, að okkur hefir ekki vantað hjú,
við höfum ekki gripið til þeirra úrræða, að
lla fólk með loforðum, sem þó ekki koma
m þegar til kemur. Veit eg það, að sumir
sbændur hafa þann sið, að ginna til sín hjú
ymsan hátt, en það er hvorttveggja, að við
fum ekki átt dæturnar, til að laða að okkur
numennina með, enda held eg, að eg hefði
ki haft þær fyrir agn, þó eg hefði átt þær,
það kalla eg fremur auðvirðileg úrræði, og
Sigrún litla sè ekki mín dóttir, þá finnst
r einhverneveginn eins og mèr sè eins langt
hennar, hrósins, eins og þó hún væri mèr
ldari. Það er annars ekki fyrir það, að eg
ekki, að hún Sigrún vill ekki líta í þá áttina,

sem Egill er, og að því leyti sè eg, að þú e
í rauninni laus allra mála, en trú mèr til, Si
urður minn, það mun samt verða sagt, að
hafir tælt Egil hingað, lofað honum að gipta ho
um Sigrúnu og prettazt svo um allt á eptir;
svona leggur heimurinn það út, ef eg þekki rèt

Á meðan þórdís húsfreyja flutti þessa tö
sat Sigurður bóndi og hlýddi þegjandi ræ
húsfreyju, hèlt að sèr höndum og var auðsèð
honum, að hann var slíku vanur og þorði e
um að fást, þó húsfreyja talaði skorinort.
er húsfreyja hafði lokið máli sínu, segir bó
með stillingu mikilli og hógværð, eins og g
barn, sem hlýðt hefir áminníng móður sinn
biður um fyrirgefníng og lofar bót og betr

«Eg sè það nú, þórdís mín, eptir á, að
hefir rètt að mæla, eg hefði ekki átt að vi
hann hingað fyr en eg var búinn að tala
þig, eins og eg er vanur, og vita hvort
hefði litizt á það; en af því presturinn rèði n
heldur til þess að taka hann, og sagði ha
væri einhver hinn efnilegasti maður, rèðist
þó í það, með því mèr lá á manninum.»

«Baðstu prestinn að útvega þèr vin
mann?» sagði húsfreyja.

«Ónei, ekki að sönnu, það var hvorttveg
og bæði; eg hafði sagt honum frá, að mig va
aði vinnumann, og þá vísaði hann mèr á þen

n sagði þó um leið, skepnan, að hann hefði aunar sjálfur ætlað að vista hann hjá sèr, en f því eg væri í þröng, þá vildi hann ekki vera leinsmaður minn, en sagðist vista hann undir ins, ef eg gengi frá.»

«það hefir átt að vera vináttubragð,» sagði órdís og glotti við, «mèr þykir líklegt þú hafir akkað prestinum fyrir.»

«Nú hann gjörði það nú vel, góði maður,) láta mèr hann eptir,» sagði Sigurður, því hann ik orð húsfreyju eins og þau voru töluð, «og eðfram, sagði hann, af því hann hèldi að Egill undi verða góður búmaður, og mèr gæti orðið yrkur að honum, og þá sló hann því líka fram,) okkur væri rèttast að fara að gipta hana igrúnu, svo eg gæti farið að mínka við mig úskapinn þegar við færum að lýjast, ef eg amsè fengi haganlegan og mèr geðfeldan mann rir hana.«

«það sagði prestur?» — mælti húsfreyja, og ik upp úr vasa sínum silfurdósir miklar og sló á kið: — «já, það sagði hann, góði maður? — ikill blessaður sauður ertu, Sigurður bóndi inn! það sannast á þèr sem kveðið hefir verið:

Aðra heldur eins og sig
sá aldrei gengur vèla stig.

Þú ert eins hrekklaus, eins og þú ert stór

til, það væri last að kalla þig undirhyggjumann, þú heldur, að hver sem talar fagurt við þig upp í eyrun, sè þèr eins einlægur og þú ert öðrum. Ertu það barn, að trúa því, að hann sèra Sigvaldi hefði látið þitt gagn gánga fyrir sínu, og látið þèr eptir vænan vinnumann, hefði hann viljað nýta Egil, ellegar líta við honum? — ertu þá búinn að gleyma því, hvernig hann fór með okkur, þegar hann þurfti vinnumanns við: ginnti frá okkur einhverja tvo beztu piltana okkar, sem við höfðum haldið í fjögur ár, svo við vorum í vandræðum á eptir; eða heldurðu, Sigurður minn, ef honum þækti svo mikill snúður í Agli þessum, eins og þú segir, að hann hefði þá ekki krækt í hann fyrir hana Staðar-Gunnu, sem hann hefir svo lengi haft á boðstólum og kemur aldrei út. Nei, þó eg sè ekki lángsýn, þá er eg viss, um að hèr býr eitthvað undir, annað en eintóm vinátta við okkur; vanur er hann að sjá sèr slag á borði, góði maður, og þeim mun verða hollust vinátta hans, sem eitthvað hefir hjá sèr sjálfur, en lætur hann ekki hafa bæði töglin og hagldirnar.»

«Þá ber þú ekki mikið traust til hans, þórdís mín,» sagði bóndi, «heyri eg.»

«Álíka og músin til kattarins,» sagði húsfreyja, «en það er ekki svo að skilja, að eg vili að þú eigir neitt misjafnt við prest okkar; það

fer bezt á því, að viðskipti okkar við Staðarfólk sè hèr eptir, eins og þau hafa verið hingað til, fá og meinhæg, en ráðaneyti mitt skal sèra Sigvaldi aldrei vera, og sízt í þessu máli, sem giptíngu Sigrúnar snertir eða um hennar hagi.»

«Eg sè það er allt satt, sem þú segir kona mín,» sagði Sigurður, «en ekki vil eg styggja hann karlinn, hann er mèr þó í sumu vel, og tekur mèr altènd vel þegar eg kem þar.»

«Eg ætlast ekki til þess,» segir Þórdís, «enda má honum standa á sama líklega, hvort Agli heppnast sú fyrirætlun eða ekki, þú ert laus allra málanna eins og eg áður hefi sagt, þegar hún vill hann ekki sjálf.»

«Það sè eg nú að þú segir satt, Þórdís mín, en hann segir ef til vill, að eg hafi fremur dregizt á það við sig og Grím, að eg skyldi vera því meðmæltur, eins og eg sagði þèr áðan.»

«Ekki sagðir þú mèr það,» sagði Þórdís, «en úr því svo er komið, og þú verður hvort sem heldur er að pretta þá um það, sem þeir munu herma uppá þig, þá sè eg eitt ráð við því, sem eg vona að dugi: far þú að eins og Adam forðum, kendu konunni um, eg verð þá að reyna að sitja fyrir svörum, ef til mín kemur, þó eg haldi nú ekki verði mikið fyrir þegar meðhjálparinn kemur með Sýrak, Salomon og Lof-

kvæðið; — en nú skulum við ekki tala meira um þetta mál að sinni, og nú ætla eg að biðja þig, Sigurður minn, bónar, ætlarðu að gjöra hana?»

«Það er sjálfsagt, þórdís mín,» sagði Sigurður, og varð glaður við, er hann sá að húsfreyja gjörðist blíðlegri í bragði, en í fyrstu hafði verið: «Það er sjálfsagt; þú ert ekki vön að biðja mig annars en þess, sem eg er vanur að gjöra fyrir þig.»

«Jæja, þakka þér fyrir, góðurinn minn,» sagði húsfreyja og kysti á vángann á karli sínum; «eg ætla þá að biðja þig að leyfa mèr að koma henni Sigrúnu litlu fyrir í sumar, um tíma eða hvað lengur verður, ef mèr dettur það í hug, það getur verið að eg geti fengið kvennmann um sláttinn í hennar stað.»

«Sigurði bónda datt helzt í hug, að þórdís mundi ætla ennþá að setja Sigrúnu í einhvern hannyrða-skóla, og vissi hann að ekki var til neins að letja húsfreyju þess, er hún vildi vel gjöra til Sigrúnar; endurtók hann því loforð sitt, spurði húsfreyju að, hvert hún nú ætlaði að koma Sigrúnu; þórdís kveðst það ógjörla vita, en síðar skyldi hún segja honum frá því, kysti síðan bónda sinn af nýju, og slitu þau svo talið með sátt og samlyndi.»

SEYTJÁNDI KAPÍTULI.

Kirkjuferð Egils.

Opt er það í koti karls,
sem kóngs er ekki í ranni.

Það var föstudaginn í tólftu viku sumars, ...m þau Hlíðarhjón áttu viðræður þær, er fyrir ...ömmu er um getið. Sunnudaginn næstan ...tir voru menn snemma á ferli í Hlíð. Sól ...r nýrunnin, og var sólskinið smátt og smátt ... færast um dalinn og ofan fyrir bæinn, en ...uggarnir óðum að hverfa úr lautunum; döggin ...draði á hverju strái um allt túnið, sem var ...r því óslegið og klæðt í fegursta sumarskraut; ...ðin fyrir ofan túnið brosti við, þegar morgun...ggann dró af henni, en sólarljómanum sló ... brekkurnar og balana; var hún á að líta ...s og fagurlega lagaður meyjarbarmur; alla...ga litar jurtir og blóm tindruðu þar í skini ...arinnar, eins og skínandi gimsteinar, er blika ... skæru ljósi í dýrðlegum brjóstnistum ríkis...nna. Himininn var skafheiðríkur, og veður ... kyrt, að ekki bærðist hár á höfði manns, en ...kurinn af búverkavatninu í Hlíð stóð eins og ...pull upp í loptið, jafnhátt dalbrúninni. Fram...ga hyllti undir fjárhóp, sem rann hægt og ...ðarlaust heim fjárgöturnar, en efra og næst-

um upp undir brúninni liðu nokkrar kindur í
löngri halarófu hægt og hægt eptir hlíðarbrekk-
unum, og í sömu átt sem fjárhópurinn. Þetta
var kvífèð frá Hlíð, og var auðsèð á því, að það
hafði veður af smala einhverstaðar á eptir fram
í dalnum, en þó ekki allnærri. Niðri á eyr-
unum hjá ánni voru hestarnir frá Hlíð. Það
voru hross mörg, og ekki færri en 10 eða 12;
bitu sum þar á eyrunum, en sum lágu og flat-
möguðu á móti sólinni. Öll voru hrossin sælleg
og fögur álitum, en þó var þar einn hestur, sá
er langt bar af öllum hrossunum; hann var
rauður að lit og var kallaður Dreyri. Þann hest
eignaði húsfreyja sèr og unni honum mikið,
reið hún honum jafnan, er hún fór til kirkju
eða í kynnisferðir, en allsjaldan riðu aðrir menn
honum. Dreyri var allra hesta bezt vakur, og
svo góður skeiðhestur, að fáir hestar voru þeir
þar um sveitir, er færi svo fljótt á stökki sem
hann fór á kostum. Hann var hlaupstyggur
mjög og náðist sjaldan í haga, ef hann var ekki
heptur, og var það löngum, að menn höfðu ekki
af honum.

Þenna sama morgun kemur húsfreyja að
máli við bónda sinn, segir hún honum frá fyrir-
ætlun þeirra fóstra, að þær ætli að ríða til
kirkju að Stað; hafi hún því svo tilhagað, að
búverkum og mjöltum yrði lokið í fyrra lagi,

«eða ætlar þú að ríða með okkur, bóndi minn?» segir hún; Sigurður kvaðst í þetta skipti mundi heima sitja, verða og nokkrir að gæta bús og bæjar heima,» segir hann, «en eg hygg, að þeir vinnumenn mínir muni sækja tíðir.» Lætur nú bóndi reka heim hesta marga, og er Dreyri þar með; eru hestar teknir þar á hlaði og beizlaðir, hema Dreyri, eltast menn lengi við hann og næst hann ekki að heldur, hverjar vígvèlar sem við eru hafðar; er húsfreyju þá sagt til og gengur hún út; stendur Dreyri þá þar í túninu, em loðnast er grasið, og bítur, og eru allir á gengnir sem verið höfðu að eltingunni; en á er húsfreyja er út komin, gengur hún fram hlaðvarpann og kallar á Dreyra með nafni, ur Dreyri þá upp og gengur til húsfreyju, appar hún honum og klórar undir eyrum, lætur hún sækja væna klípu af smjöri í búrið og engur upp í hann og beizlar. Nú búast menn kirkjuferðar, og er lagt á Dreyra fyrir húsfreyju, en Sigrún skyldi ríða hryssu grárri. Það ar og allgott hross og kvennhestur hinn bezti. rir utan þær fóstrur rèðust til ferðarinnar húsrlar tveir og griðkonur tvær, og svo Egill rímsson. Þær fóstrur riðu í kvennsöðlum góðn. Söðull húsfreyju var allur lagður drifnu túni, og voru á sveifinni myndaðar rósir, sem ngu eptir henni endilángri, sem krákustígur;

á söðulbríkinni fremri var fángamark þórdísar og ártal, nær söðullinn hafði verið smíðaður, en á aptari bríkinni var myndaður hestur með öllum kvennreiðtygjum, og stóð hesturinn bundinn við trè eitt. Söðulreiði þórdísar var einnig settur drifnum látúnsplötum, og voru þar á gjörðar ýmislegar rósir; reiðinn var svo stór, að nálega huldi alla lend hestsins. Beizli hafði húsfreyja allgott, voru taumarnir úr leðri íslenzku og stúngnir, og stór starkóngur á, þar sem þeir voru skeyttir saman; höfuðleðrið var sett koparhríngjum og þríhyrnd ennislauf framan á. Báðar höfðu þær fóstrur glitáklæði yfir söðlum, og flos-sessur miklar í. Allir riðu þeir vinnumennirnir í hnökkum íslenzkum. Og er menn voru albúnir, leiddi Sigurður húsfreyju til hests; stóð Dreyri þar undir reiðtygjunum, hríngaði makkann og japlaði mèlin og sparkaði með framfótunum, en stóð þó kyr meðan Sigurður setti konu sína í söðulinn. Sigrún bjó sig þá og til að stíga á hest, og ætlaði Egill að hlaupa til að setja hana á bak, en er Sigrún sá það, benti hún öðrum vinnumanni fóstra síns að láta sig á bak; greip hann Sigrúnu og snaraði henni í söðulinn, og varð Egill að hverfa aptur við svo búið.

Gatan lá upp frá bænum uppá hálsinn, og var þar sneiðíngur brattur, fóru þau fót fyrir

fót, allt til þess er komið var á hálsbrúnina, þá voru slèttir melar eptir hálsinum; lètu þau nú hestana taka á rás, og var Dreyri jafnan lángt á undan í hverjum spretti, og tók svo skarpt til fótanna, að hann jós möl og skarni sem moldviðri á alla þá, sem á eptir voru; þókti þeim fóstrum allmikil skemtun að reiðinni. Nú ber ekkert til tíðinda á meðan þau ríða yfir hálsinn, en er þau voru komin nær því yfir hálsinn og eru að fara ofan sneiðíngana Staðar megin, sjá þau, að þar sem hálsinn mætist við jafnslèttuna og allskammt frá götunni, er hestur á beit og dró beizlið slitið, en reiðverið var snarað út í aðra hliðina, þókti þeim það kynlegt, er ekki sást neinn maður, og hafði húsfreyja orð á að handsama hestinn, og gæta, hvort ekki væri neinn maður þar í grennd; en er þau voru allskammt frá hestinum, sjá þau, að þar rís upp maður nokkur á millum þúfna veggja, og sjá þau hann muni ekki með öllu rètt áður; glápir hann fyrst á kirkjufólkið allámátga, en er hann sèr það er komið nær því gagnvart sèr, bröltir hann upp og þó nokkuð nauðuga, en síðan hleypur hann í veginn og rambar mjög, og stendur síðan við og þversperrir götuna. Maður þessi var svo á að líta, að hann var meðalmaður á hæð, á að gizka miðaldra maður; hafði hann einhverntíma ekki verið

ósnotur, en þó flysjúngslegur á yfirbragð; nú flöktu frá honum fötin á brjóstinu, en hatturinn, er hann bar á höfðinu, hèkk út í annan vángann, og var nær því bert hálft höfuðið. Fyrir neðan nefið var blóðstorka mikil, og dreyrði þó úr á stundum, og þerraði hann það við og við á ermi sinni. Egill reið fyrstur af kirkjufólkinu, og svo hver á eptir öðrum, því gatan var þröng og mátti ekki nema einn fara í senn. En er Egill kemur að þar, sem maðurinn stóð í götunni, vill hann snúa hesti sínum út úr götunni, en í því bili grípur hinn drukkni maður um taumana á hesti Egils annari hendi og segir:

«Stopp þinn keltríngur! Heilsar þú ekki skikkanlegu og ærlegu, — dönnuðu ætlaði eg að segja, en ekki ærlegu — fólki, sem er á vegi þínum lagsi? — þekkirðu mig ekki, greyið mitt? — Eg heiti þó Hallvarður Hallsson, já það er víst, já víst, þú segir mig ljúga það, þekkirðu mig ekki?

«Ekki get eg nú komið þèr fyrir mig,» sagði Egill og barði hælunum í nárana á hestinum, sem hann vildi komast burt.

«Nú, bíddu nú við, vertu ekki að berja stakkels bestíuna, þú getur þó snakkað svolítið við mig, ekki ætla eg neitt að mólinstèra þig, greyið mitt, ónei kunníngi, eg er ekki þekktur

'ir það, að káfsast upp á neins manns júss-
ı» — og í þessu seilist hann með þeirri
ndinni, sem hann hafði lausa, út á handlegg
r, og dregur þar upp úr erminni áttstrenda
laflösku, svarta. Flaskan var full af brenni-
ıi upp til axla, tekur hann tappann úr flösk-
ni með tönnunum, setur á munn sèr og
ltir síðan að Agli: »þú skalt, bezti bróðir, hafa
ás, já gott snás, það er úr höfuðstaðnum
ekki úr lekabyttunum þeirra; skammi það
ætið það frýs, fyr en Elliðaárnar eru orðnar
rð-mannheldar, greyið mitt; súptu á kunn-
gi!»

Egill tók við flöskunni og saup á, og rètti
ınum aptur.

«Er það ekki nógu gott? — það er ekki
Hafnarfirði og frýs seint, þar kemur an uppá,
ınníngi! — sex fiska brennivín eptir taxtan-
n, það er víst — eg er annars alþekktur, eg
ıiti Hallvarður; já, það heiti eg.«

«Hvar áttu heima?» sagði Egill.

«Hvar á eg heima!» sagði Hallvarður, «eg
eiginlega heima, kunníngi! þar sem eg á
ıima og vil eiga heima, skal eg segja oss;
; hefi optast verið á fabrikunni í Reykja-
k og innrèttíngunni, sem þeir kalla það, en
ıð prófiterar nú ekki svo mikið af sèr á sumrin,
ş því ætla eg mèr að púla hèr uppá kúgras

um sláttinn í sveitinni, það er víst, eins og eg gjörði í fyrra, — en hver er konan sem þarna ríður í söðlinum? — eg hefi séð þig áður, það er víst.» Í þessu snýr hann sèr við, og rambar þar að, sem Þórdís situr á hestbaki, en heldur þó allajafna í taumana á hesti Egils og togar hann með sèr út úr götunni; «sælar, kona góð! hvað heitið þèr?»

«Þórdís heiti eg, og á heima í Hlíð.»

«Já, Þórdís, Þórdís! já, eg vissi það; já, eg hefi einhverntíma verið nótt hjá yður, þakka yður fyrir mig! — blessuð konan, eg er ekki svo vitlaus, þó eg sè ofurlítið hýr — en hvað heitir dú, Píge mín! — já, nú tala eg Dönsku,» sagði Hallvarður og benti til Sigrúnar.

Sigrún svaraði ekki brátt, verður Egill fyrri til svara og segir:

«Hún heitir Sigrún.»

«Þegiðu, segi eg!» sagði Hallvarður, «láttu stúlkuna segja það sjálfa, eða er það konan þín kannske, ha?»

«Nei, ekki er hún það,» sagði Egill.

«Nú, þá þarftu eiginlega ekki að segja mèr það,» sagði Hallvarður, «eg get begripið það, að þú átt hana ekki, því ekki ertu nú fallegur, greyið mitt! og ætla eg ekki að blamera þig samt, en ekki þæktir þú pen á innrèttingunni, held eg.»

Heldur tók að þykkna í Agli við þessar við-
ður, tekur hann fast í taumana og ætlar að
ða sèr burt, og segir:

«Slepptu taumunum, svo eg komist áfram!
ð á þetta? ha?»

«Ætlarðu þá ekki að bíða á meðan eg fer á
, kunníngi! eg ætla að fylgjast með þèr.»

«Slepptu taumunum!» sagði Egill, og var
u reiðuglegri en fyr, og reiðir upp svipuna.

«Jæja,» sagði Hallvarður, «það skal eg gjöra,
fyrst þú vilt ekki bíða, þitt bakbesti! taktu
eptir því, sem eg ætla að segja þèr.»

«Já, já,» sagði Egill.

«Bíddu nú við, já eg ætlaði að segja, að
skyldir fara í bölvaða boru, greyið mitt, uppá
nzku, það var nú ekki annað sem eg vildi
; eg kem á eptir, kunníngi, það er víst —
lofaðu mèr þó að kveðja og kyssa á kjapt-
á þèr, bróðir minn góður!»

Egill vildi allt til vinna, að losast við Hall-
; sleppir Hallvarður nú taumunum, en
l hallar sèr ofan að honum og ætlar að
a hann, en Hallvarður grípur um leið til
s og ætlar að halla honum að sèr, svo hann
sem alúðlegast og innvirðulegast kyst hann.
st var reiðverið á hesti Egils, en efri lík-
hans löngur og riðamikill, og missir hann
vægið, er reiðtygin snöruðust, og fellur hann

af hestinum og í fáng Hallvarði, og byltast þeir báðir til jarðar allskammt frá þar sem húsfreyja sat á Dreyra. En er Dreyri sèr ófarir þeirra fèlaga, þá verður honum svo bylt, að hann tekur undir sig stökk mikið og hendir sig fram hjá þeim kompánum þar sem þeir liggja við gǫtuna í faðmlǫgum, bregður síðan á skeið, og getur húsfreyja ekki stillt hann fyr en heim kemur að Stað. En er Sigrún sèr, að fóstra hennar er riðin, keyrir hún Gránu á stað, og tóku þá hinir allir hestarnir rás á eptir Dreyra og verða þeir þar eptir Egill og Hallvarður; en um miðjan dag kom út Sigurður bóndi í Hlíð og sèr hann þá, að hestur Egils er þar kominn og er nú beizlislaus, og hnakkur undir kviði en yfirklæði, sessu og svipu tíndi kirkjufóll upp, sitt á hverjum stað á hálsinum um kvöldið er það reið frá kirkju, og sagðist hafa grasað vel, en ekki var Egill við kirkju þann dag, og fór Grímur faðir hans á mis við aðstoð hans það skipti, og varð sjálfur að hríngja allar hríngíngar. Ekki kom Egill heldur að Hlíð um kvöldið, og undraði menn hverju það sætti skipaði þá Sigurður bóndi, að ekki skyldi lok bæ þá nótt, ef Egil kynni að bera að húsum.

Nú víkur aptur sögunni til þeirra fóstra hlýddu þær tíðum að Stað, eins og ráð hafi verið fyrir gjört. Messugjörðin var snemma

úti. En þegar eptir messugjörðina kallar þórdís Sigrúnu á eintal, og segir henni fyrirætlun sína, »og mun eg nú ekki ríða beina leið heim aptur,» segir hún, »þar eg gat ekki fundið mann hèr við kirkjuna, er eg ætlaði að hitta, og mun eg láta Árna vinnumann ríða með mèr á næsta bæ, en þið önnur farið sama veginn aptur. En það er þèr af að segja, Rúna mín, um erindi mitt, að eg hefi íhugað um mál það, er við töluðum um fyrir skemmstu, veit eg það, fóstra mín! þótt þú hafir fátt um rætt, að þèr er hvumleiðt að vera á bæ saman við Egil Grímsson, og sitja svo fyrir ásókn hans og vandræðum, en nú má það á engan hátt sæma, að vísa honum burt úr vistinni, en á hinn bóginn sè eg það, að vondir menn geta því uppljóstað, sem þèr er til óvirðíngar, ef þið eruð á bæ saman; getur þá svo farið, að sá orðrómur komi til eyrna þórarni vin þínum, og mætti það vel verða, að hann þá legði nokkurn trúnað á það, þó engin væri tilhæfan; er það því ráð mitt, að við skiljum nú um stund, og má ekki í það sjá, þó mèr verði ærið sárt að sjá af þèr; en ekki get eg nú að sinni gjört að því, þó vistin verði ekki á höfðíngjagarði, en í vandaðra manna hendur vildi eg þó koma þèr og til þeirra, sem gjöra vel við þig, ef svo tækist til sem eg hefi ætlað.» — Sigrún þakkar fóstru sinni fyrir um-

hyggju hennar fyrir sèr, og kveðst hennar ráðum í þessu sem öðru fylgja vilja; tárin hrundu um kinnar henni, en ekki talaði hún neitt, og kysti fóstru sína þegjandi; en sá koss var merki æsku, einlægrar ástar og þakklætis. Þórdís segir henni þá, að hún muni biðja Bjarna á Leiti að taka við henni, «hann er kunningi minn og fornvinur.» Að því búnu skilja þær fóstrur, og sezt Þórdís á Dreyra og ríður á veg til Leitis, var það tvær bæjarleiðir frá Stað. Árni vinnumaður reið með henni, eins og ráð var fyrir gjört; segir ekki af ferðum þeirra fyr en þau koma að Leiti. Ekki hafði Þórdís áður komið að Leiti, og var henni ekki kunnugt þar um heimkynni. Kringum túnið á Leiti var garður mikill og rambyggilegur, og allur gjörður af grjóti, axlarhár. Garður þessi var fornmanna verk, mátti það og sjá á honum, að þar höfðu hraustar hendur um fjallað; höfðu þar verið til færð björg svo stór, að ekki var það færi þeirra manna, er nú gjörast, að færa þau úr stað. Garðurinn hafði víða verið hruninn og brotin í hann skörð stór, þegar Bjarni kom að Leiti. Ekki var það raunar tíðska á Íslandi um 18. öld, að hlynna mjög að túngörðum eður vörzlugörðum þeim, er hinir fyrri Íslendíngar höfðu reist. Bjarni var þá á hinu léttasta skeiði, er hann fór að búa á Leiti, hann var laginn mjög fyrir alls-

aflraunir, var það því öllu heldur af því
vildi reyna afl sitt við fornmenn, að hann
ıptur garðinn og hlóð í skörðin, en þess
að hann hugleiddi hvílík nauðsyn og gagn
:ða að slíkum verkum. Nú er þau Þórdís
til Leitis, sáu þau, að maður einn mikill
ıtóð á hlaði, var það Bjarni; hann var
æddur, að hann var á prjónskyrtu hvítri og
', tvíhnepptum, svörtum, og renndar bein-
á; veður var heitt um daginn og var
á nærbuxum einum; þær voru prjónað-
ltar að lit og á framan strenghnappur einn
af látúni, kúpuvaxinn og svo stór, að
mundi spesíu stærð. Sokkar Bjarna voru
órauðir. Öll voru föt Bjarna nærskorin,
ıaði fyrir vöðvum á fótum og handleggj-
g voru þeir allir þreklegir og vel lagaðir
íta. Á höfði hafði Bjarni skotthúfu röndu-
ins og hann átti vanda til. Þau Þórdís
ıeð túngarði, unz þau komu að hliði einu;
áu þau fleiri hlið á garðinum og hliðið
ikið, og ekki meira en svo, að hestur klyfj-
;at um það gengið, og lá yfir hellusteinn
Árni hleypur af baki og ætlar að taka
n úr hliðinu, sér hann þá, að steinninn
i hans meðfæri, en ræðst þó til að færa
brott, og fær hvergi bifað. Þetta sér
að menn eru komnir að hliðinu og fá

ekki inn komizt, gengur hann þá út þán að hellunni, og lyptir upp á örmum leggur á garðkampinn; fór hann að öl hægast, en segir um leið við Árna:

«Gaztu ekki lagt frá þèr hellublaðkinn kind, meðan þú fórst inn um hliðið?»

Bjarni heilsar Þórdísi, og biður hai þar velkomna, «þú ert sjaldsèður gestu segir hann, «eða hvað ætlarðu nú Þórdís

Þórdís kvaðst mundu segja erindi sit það þykir mèr vel fara, að eg hitti þig á hóli, sè eg það nú, að lengi er eptir l í kögglum hjá karli, og varð þèr ekki fyrir að lypta steininum úr hliðinu áðan,

«Nú, eg væri þá dauður, Þórdís mín gæti það ekki, og kæmist ekki úr greni þú skalt sjá mola, sem eg gat tekið upp eg var ýngri, hann er hèrna skammt ætla að sýna þèr hann að gamni mínu en þú kemur heim.» Þórdís var nú st söðlinum, og gánga þau fram með gar fer Bjarni fyrir, og þar til er Þórdís sé garðinn er hlaðið slètt þrep eða stallur, hár; fyrir neðan stallinn lágu blágrýtis-þrír, og voru allir miklir; var einn þe miklu mestur, og sýndist Þórdísi það mennsks manns færi að hefja þann s jörðu; tekur þá Bjarni til orða og segir

«Við þessa steina hafa þeir reynt sig pilt-
ir, og kalla þeir þenna minnsta Aumingja,
nna sem þar er í miðið kalla þeir Miðlúng,
er það meðalmanns verk að koma honum
stall; þessi sem er frekastur heitir Fullsterkur,
fa fáir komið hèr sem hafa sett hann upp,
ekki mundi Gretti, eða forumönnum, hafa
ðið mikið fyrir því; Grettir Ásmundsson og
rmur Stórólfsson tæki hann upp í hnefa sín-
n. Það er rètt þú reynir þig við hann Miðl-
g, Árni!»

Árni taldist undan í fyrstu, en er húsfreyja
gjaði hann, rèðist Árni til, og gat hann að-
s látið renna vatn undir steininn; þá bað
rni hann taka Aumingja, «og máttu ekki
ita liðtækur, komir þú honum ekki á þrep,»
gir Bjarni. Árna virtist sá steinn ekki afar-
kill, hann var hnöttóttur og af blágrýti. Ræð-
Árni að þessum steini og vegur hann upp á
tti, og ætlar hann þá að snara honum upp á
llinn, en steininn varð þýngri en hann varði,
má hann með engu móti koma honum lengra
upp að þrepbrúninni; seig hann þar niður,
Árni blès stórum.

«Þú ert óharðnaður enn, drengur minn, það
auðsèð,» segir Bjarni; «það þarf, þórdís mín,
gefa honum eitthvað, sem þrennur í kögglana,
þess hann geti látið hann Miðlúng upp, —

og þetta er nú tvítugur maður! -- en ekki
eg að reyna við hann Aumingja, því honum
eg getað valdið til þessa, en nú held eg h
sterkur sé orðinn ofurefli mitt, en einhv
tíma gat eg þó komið honum hèrna á brúni

Síðan þrífur Bjarni til Fullsterks og v
honum um hríð fyrir sèr, en síðan vegur h
hann upp á knè sèr og rèttir sig svo upp
steininn og snarar honum upp á stallinn,
segir: «þarna geturðu setið til morguns,»
síðan gengur hann heim á leið. Mikið fa
Þórdísi til afls Bjarna. Leiðir Bjarni þó
til bæjar, en Árni bindur hesta við hestas
einn mikinn, er var á hlaðinu og var járnbrí
í og steypt tini utan um kenginn. Bæjarhú
Leiti voru fá og ekki allstór, en skemma ein r
var á hlaði gagnvart bæjardyrum, og tók
mjög af útsýnið. Síðan fylgir Bjarni þei
baðstofu, og voru göng löng og mjó, sem ri
ali. Ekki var lopt í baðstofu, og voru rú
gólfi og sín lokhvíla í hvorum enda baðsi
svaf Bjarni í annari en systir hans í hinni.
var fjalagólf í baðstofu, en lángsetis með ve
um var slegið þiljum bak við rúmin.
virtist Þórdísi þrifalegt umhorfs, og búsh
sterkir og eigulegir, en síður sniðnir til fegu
Bjarni vísaði Þórdísi til sætis á rúmi sínu
sjálfur settist hann framan á lokhvílu sína.

Þórdís þar fleiri menn, en þau systkin, og
ıru griðkonur og smali einhverstaðar úti við.
ıka þau Bjarni nú tal um ymsa hluti á víð og
eif. Og er þau höfðu litla stund setið, kall-
Bjarni til systur sinnar og biður hana bjóða
órdísi einhvern bita; er nú inn borið skerborð
tt mikið, það var af trè, voru þar á magálar
ingnir, hángið kjöt og kökusneiðar, og voru
er á að gizka þumlúngs þykkar í sárið. Þór-
s mataðist þar af eins og henni sýndist; kall-
þá Bjarni aptur til systur sinnar og segir:
ætlarðu ekki að gefa henni eitthvað að væta
g á, hún getur ekki notað þetta, sem ekki er
ɔn, því þetta er ekki ætt fyrir megurð, og er
ið þó af þriggja vetra geldíng; en ekki færðu
iffið hèrna, Þórdís mín, það er ekki haft með
ið hèrna, þó þeir sè farnir að flytja það komp-
ıarnir, eða hvað þeir eru kallaðir þessir dönsku
ıupmenn.»

«Það gildir nú líka einu,» sagði Þórdís,
þú hefir þó smakkað það, Bjarni minn?»

«Já, smakkað hefi eg það einu sinni eða
isvar, og þókti ekkert í varið, og enginn mat-
r er í því; þetta er eitthvað mórauðt skolp,
ʒ etinn sykurmoli með; en samt kvað það
ıra selt dýrum dómum, segja þeir, skollinn
ı arna; það kann að mega velgja sèr á því,
manni er hrollkalt innan, en ekki er það á

við gott og sæmilega megnt hángikjötssoð; *eg* sýp mèr stundum góða ausu af því, og þar finn eg að er einhver kjarni í, en ekki í *hinum* skolunum, þetta er eins og smáar baunir; *þeir* hafa sagt mèr, að það sè búið svona til í útlöndum og hafa saman við það album grekum, eg kann að nefna það, — þarna, vættu þig dálítið á skyrspæni,» sagði Bjarni, í því Þórunn setti tinfat eitt í kjöltuna á Þórdísi, «ekki eru hèr silfurskeiðarnar, en eitthvað verður til að grípa, fáðu henni, Þórunn mín, sleifina mína, eg stakk henni í morgun þarna í holuna hjá vegglægjunni.»

«Og ekki fæ eg henni hana,» sagði Þórunn lágt.

«Hèr er þá annar gepill,» segir Bjarni, og rèttir að Þórdísi hrútshyrníng einn; ber nú ekki til tíðinda þar til Þórdís hafði matazt. Voru þau þá tvö inni, og tekur Þórdís svo til máls:

«Nú mun vera mál til komið, að bera fram erindið, Bjarni minn, mátt þú og nærri geta, að ekki hefi eg farið híngað erindislaust.»

«Heyra má eg hvað þú vilt, Þórdís mín, og skilið áttu það, að eg gjörði bón þína ef eg gæti,» sagði Bjarni.

«Þèr mun þykja kátleg bón mín, er þú heyrir hana,» sagði Þórdís, «en hún er sú, að

eg ætla að biðja þig að taka af mèr kvennmann til geymslu.»

«Nú ert þú að gjöra að gamni þínu Þórdís mín! enda held eg, að eg tækist það ekki á hendur að passa kvennmann, því það er hlutur sem er vandgeymdur og brothættur; og heldur held eg að eg tæki að mèr að fara með nýklakníng til skírnar í flugahálku og hála-gleri, þó eg væri járnalaus, en að passa uppá kvennmann; en segðu mèr nú í alvöru, þórdís mín! hvað er það, sem þú átt við?»

«Ekki ætla eg, Bjarni minn, að bendla þig við nein vandræði, en svo eg tali nú spauglaust, þá er það erindið, að biðja þig að lofa stúlku að vera hèr í sumar hjá þèr, eða hvað sem lengur verður; það stendur svo á því, að eg vil ekki að hún sè á mínu heimili, en sjálf vona eg hún fari sèr ekki að voða, því ekki er hún skynskiptíngur, og komin er hún af höndunum.»

«Og hver er það?» — sagði Bjarni, eins og hann væri að glugga útí hver það gæti verið.»

«Sigrún, fóstra mín,» sagði þórdís.»

«Sigrún þorsteinsdóttir,» sagði Bjarni, «já vel lízt mèr á þá stúlku og stillilega; en hvernig stendur á þessu öllu, þórdís mín, ætlar þú að setja hana í skóla hèr hjá mèr til að fullkomnast í hannyrðunum, eptir það hún er búin að vera á prestssetrinu?

«Ónei, ekki var það nú ætlan mín, en ekki er það þar fyrir, að opt sannast það sem málshátturinn segir: margt er það í koti karls, sem kóngs er ei í ranni; margt held eg svo vera, að það megi ekki síður nema á smábýlunum en á höfðíngjasetrunum, en þessu víkur allt öðruvísi við en þú heldur, og vil eg nú segja af hið ljósasta, af því eg þekki þig svo, að þú ert ekki neinn flysjúngur: það stendur svo á í Hlíð, að þar á heimilinu er einn sá maður, er eg vil ekki að hún sè saman við, og hann heitir Egill Grímsson.»

«Egill Grímsson, segir þú; já, þekki eg þann mann að sjón, eg tala hispurslaust þegar eg tala; eg skil það, þú ert hrædd um að hann vili fífla hana, en það vilt þú ekki hafa að hann gjöri.»

«Ekki er eg hrædd um það, að hún verði ginníngarfífl Egils, en það get eg ímyndað mèr, að öfundarmenn hennar, ef nokkrir eru, kynni að ljósta því upp, sem henni mætti verða til hneysu, ef hún er samtýnis þeim manni, sem allir vita að hefir farið að Hlíð í þeim vændum að ná henni, en sá orðrómur vil eg ekki á komist, og eru fleiri orsakir til þess, er eg í þetta skipti vil ekki segja þèr; þækti mèr það nú vináttubragð, ef þú vildir verða við bæn minni um þetta; er það og vili fóstru minnar sjálfrar, að

ast burt frá Hlíð um nokkurn tíma, á með-
gill er þar á bæ, en vart mun hennar verða
ð í þínar hendur, ef mig rètt grunar.»
Bjarni hugsaði sig um nokkra stund og
r síðan:
«Eg sè þèr gengur stór nauðsyn til þess-
bænar, heillin góð! það er fyrsta bænin
þú biður mig — láttu stúlkuna koma, ekki
eg henni illt gjöra, en láta verður hún sèr
la, þó kotúngslegur verði viðurgjörníngurinn,
svo verður að búa sem á bæ er títt, hèr
efin bónda-fæða, og húsrúmið er ekki kör-
, hún verður að kotra sèr þarna niður í
ientunni hjá Þórunni systur minni, en ekki
g þess von, að Egill troði mig opt um tær,
engir vinir erum við Grímur, faðir hans.»
Þórdís þakkaði Bjarna fyrir undirtekt sína,
gjöra þau nú svo ráð fyrir, að Sigrún skuli
að Leiti í næstu viku, og hafa með sèr
ðsynlegasta fatnað sinn; býst Þórdís síðan
rottferðar, og leiðir Bjarni hana á götu, út
túngarð, og segir henni á leiðinni ymsar
ngilegar sögur, er hann jafnan var vanur að
a vildarmönnum sínum, og honum áður höfðu
ar verið. Síðan skilja þau með mikilli vin-
, og ríður húsfreyja heim til Hlíðar, og
ur þar skömmu áður en sól gekk til viðar.

ÁTJÁNDI KAPÍTULI

Sækjast sèr um líki
saman níðíngar skr

Nú skal aptur taka upphaf á máli þ
fyrir skömmu er frá horfið, þar sem þei
og Hallvarður lágu í faðmlögum á grænni
hjá götunni, og fundum þeirra hafði fyrs
an borið, en Hlíðarfólk reið frá þeim til
að Stað. Þegar snaraðist af hesti Egils o
steyptist úr söðlinum í fáng Hallvarði,
Hallvarður ekki svo fastur á fótum, að
gæti tekið fallið af Agli, heldur fèll hann
ur út af götubakkanum, og stúngust þei
kollahnýs út á jafnslèttuna, varð Hall
undir og sleppti þá tökum á Agli, og hra
lánga leið fram af honum; fauk hattur h
höfðinu og ofan í leirpoll einn, og sat þa
um tveggja þúfna, en svo óheppilega v
um Egil, að höfuð hans lenti á steini
jarðföstum; kom höggið framan á enn
varð svo mikið, að þegar í stað fellur
öngvit og stendur eigi upp. Hallvarður
fyrst á fjóra fætur og litast um, kemur
auga á hvar Egill liggur, kallar á ha
segir: «á þú liggur þá þarna, kunníngi!»
andæpti ekki og kallar Hallvarður enn:

«Gegnir þú ekki skikkanlegum og ærlegum
önnum, gikkurinn þinn! þú skalt vita, að eg
al læra þig til að vera artugri, kunníngi!» —
Þessu stökkur hann á fætur hart og títt, og
ingað sem Egill liggur, og rekur fótinn í síð-
na á honum, og hreyfist Egill ekki að heldur;
rður honum þá litið framan í Egil og sèr,
hann er náfölur, hallar hann sèr þá ofan að
onum og kallar: «ertu steindauður, lagsi?»
ki svaraði Egill enn; sèr nú Hallvarður, þó
ann drukkinn væri, að þetta muni ekki allt
era með felldu; hugsar hann sig þá um nokkra
ríð, en síðan seilist hann út á handlegg sèr
g tekur upp flösku sína, sýpur fyrst á henni
g skvettir síðan framan í Egil vænum skvett
g segir: «kannske þú lifnir við ef þú fær eitt
nás, kunníngi?» — En þegar kalt brennivínið
emur í andlit Agli, fer ómegin brátt að síga
f honum, heyrist nú fyrst að korrar nokkuð í
onum, og litlu síðar lýkur hann upp augunum
g sezt upp, er hann þá enn máttfarinn mjög og
ptir sig. Egill hafði við höggið og ómeginið
engið svo mikla ráðníngu, að honum var runnin
ll reiði; sá hann og, að þó svo illa hefði til
ekizt, var það þó ekki í rauninni ásetníngur
allvarðs að vera skaðamaður hans, enda lèt
allvarður það í ljósi, að honum þækti illa hafa
l tekizt, og gat þess, að það hefði ekki verið

ætlan sín að káfsast upp á hann: «því eg káfsast upp á einkis manns jússu, lagsi!» segir hann. Egill segir nú, að hann mundi fljótt hressast ef hann næði að fá kalt vatn að drekka, og væta höfuð sitt í því, og kvartar helzt um þýngsli og svima í höfðinu. Þar skammt frá var uppsprettulind ein, og taka þeir félagar það ráð, að Hallvarður reisir Egil á fætur, og staulast þeir þángað, eys Egill vatninu yfir höfuð sèr, en Hallvarður leggst ofan að læknum og svolgrar stórum. Egill verður nú brátt heill heilsu, en á enni hans hafði hlaupið upp kúla stór, dregur Hallvarður um hana sjálfskeiðing sinn, og hjaðnar hún þó ekki að fullu. Ránkar Egill þá við sèr, og man, að hann eittsinn átti reiðskjóta og ætlaði að ríða honum til kirkju, en nú sèr hann hvergi hross sitt, þykir honum það allillt, og það verst, að hann veit ekki í hverja átt hann skal leita þess; þykir honum tvennt til, og þó jafn-líklegt, að annaðhvort hafi hesturinn elt kirkjufólkið, og sèr hann þá, að ekki mundi hann af honum hafa fyr en á Stað, og yrði hann þá að koma þángað fótgángandi, en á þann hátt mundi hann vart ná síðari blessuninni; eður þá hitt, að hesturinn hefði hlaupið á leið til Hlíðar, þar sem hann var hagvanur. Fæst hann nokkuð um þetta, og þykir honum sín ferð óvirðuleg. Loks kemur

þeim það ásamt, Hallvarði og Agli, að Egill skuli sleppa kirkjuferðinni og fara með Hallvarði til Gils; þar var hann þá í kaupavinnu. Kvaðst hann mundu útvega Agli hest heim til Hlíðar. Síðan tekur Hallvarður hest sinn, rètta þeir við reiðverið, er áður var afsnarað, girða allar gjarðir sem fastast, sezt Hallvarður síðan á bak og reiðir Egil að baki sèr; gekk ferðin nokkuð skrykkjótt, en samt komust þeir heilir á hófi að Gili; er Egill þar fram eptir degi og allt til kvölds í góðu yfirlæti og lýkur svo, að þeir Hallvarður og Egill gjörast hinir kærustu vinir, segir hvor öðrum trúnaðarmál sín, og setjast þeir nú út í túnið og drekka þar saman, átti Hallvarður brennivínskút einn í kofforti sínu, sem mundi taka tvo eða þrjá potta, og gutlaði enn nokkuð í honum. Kúturinn var nú borinn út í tún, og settust þeir fèlagar þar að honum, sinn á hverja búfu, og höfðu náúngann á milli sín, dreyptu á ig til skipta, og kölluðu hvor annan fèlaga og óður. Sagði Hallvarður fyrst frá ferðum sínm, og hafði hann víða farið og verið með örgum höfðíngjum og allstaðar þókt hinn mesti reksmaður; nú sem stæði kvaðst hann hafa forènustu við þær hinar nýju innrèttíngar í Reykjak, við reipslagara-fabrikuna, og að virðíngn og öllu atlæti kvaðst hann ganga næst yfiranninum, er á hverjum morgni biði sèr gú-

moren, og segði ætíð «Dí» til sín um leið;
í sumar stæði fabrikan þángað til í septemb
vegna skorts á hampi, og hefði hann því te
þetta ráð, að fara upp til sveita um slátti
«og púla eg hèr upp á kúgras,» segir ha
Þessu næst skyldi Egill segja æfisögu sína,
hinn fyrri hluti hennar fljótsagður, því mað
inn var úngur og hafði ekki staðið í mörg
stórræðum. Hið merkilegasta, sem fyrir h
hafði komið, var bónorðið við Sigrúnu;
hann Hallvarði allt hið sannasta af því máli,
svo í hvert óefni sè komið, að stúlkan vili
þýðast hann, og fóstra hennar Þórdís muni
því mest mótstæðileg, að það ráð takist.

Hallvarður hlýddi vel sögu Egils; en er
ill þagnaði, tekur hann kútinn, rèttir að Agl
segir: «súptu á, blessaður kunníginn!» I
tekur við, sýpur á og fær Hallvarði aptur, þ
ar sèr með hendinni um munninn, kyssir h
og segir: «Guðsást, elsku vin!»

Það er ekki að þakka það, kunníngi! I
skal vera eins og við eigum það báðir,» s
Hallvarður, og setur kútinn á púfuna hjá
«Já heil slètt er það fyrir þig, bróðir, og
þykir mèr þú hafa verið í sóknum, kunn
eða hvað lengi hefir þú verið á bæ samar
hana?»

»Það munu vera átta eða níu vikur,» sagði Egill, »síðan eg kom þángað.»

»Já, níu vikur,» sagði Hallvarður og hristi höfuðið, »og ert jafnnær; það segi eg þèr satt, ekki skyldi eg hafa verið svo vikuna saman við hana, að eg hefði ekki komið henni til við mig, hefði eg annars lagt vind upp á hana, því svo er það stundum, þar sem eg kem á bæ og er blánóttina, þá elta þær mig morguninn eptir ein eða tvær út fyrir tún, til að spyrja mig nær eg komi aptur, — eða hvað hefir þú næst henni komizt, tókstu nokkurntíma í höndina á henni?»

»Það hefi eg gjört,» sagði Egill, »en það kom nú til lítils.»

»Þú hefir þá ekki vitað hvað þènaði, kunningi! — og settistu þá aldrei á rúmið hennar?»

»Opt og mörgum sinnum,» sagði Egill, »en til hvers var það?»

»Hefðirðu kunnað að bera þig rètt til, bróðir! — eg held eg hefði læðt einhverju undir sængurhornið hennar,» sagði Hallvarður.

»Þú kannt þá eitthvað fyrir þèr,» sagði Egill.

»Og ekki er eg göldróttur, en eg veit svona það sem þènar við ymsu,» sagði Hallvarður, og ínkaði kolli, »en súptu nú á, lagsi! — og er það ekki mèr að þakka eiginlega, en eg átti unníngja einusinni — eg kynntist við hann

á innrèttíngunni, hann var af Strönd um, eða ú
Arnarfirði, eða einhverstaðar þaðan vestan að.

«Og það var góður galdramaður, ha?»

«Hvað heldurðu! hann faðir hans kun
frá sèr, en hvað var hann hjá honum afa han
hann var brendur á alþíngi, og þessi fèkk sum
allar skræðurnar eptir þá báða, en ekki gjör
hann það fyrir slikk, ef hans var leitað; eg se
þèr það í trúnaði kunníngi! — þú dugar ek
til að fá þèr í staupinu — eg á eina tilfæríng
sem eg veit að er ótvílug, dugað hefir hún mè
eg held eg verði að sýna þèr hana, greyið mi
fyrst við erum orðnir hálf-málkunnugir, en
verður að lofa mèr uppá trú þína og æru,
að þú segir engum frá því, já uppá trú og æru

«Ha?» sagði Egill, «já rækalli væri gam
að geta galdrað hana, en sem eg er lifan
maður, skal eg ekki segja það nokkrum, því lo
eg; — ætlarðu að hjálpa mèr til þess, ha?»

«Því lofa eg ekki,» sagði Hallvarður, «
í hitt ætla eg heldur að ráðast, að sýna þèr sta

Í þessu þrífur Hallvarður til bugsnava
síns; var bundið fyrir ofan hann með ban
tygli og margvafið; leysir hann það, og eru
margir hnútar, en síðan tekur hann upp
vasanum brèfaveski eitt harðla mikið; var bun
tygli nokkrum yfir og leysti Hallvarður þann
lýkur upp veskinu, eru þar í hólf mörg, o

hverju hólfi margir miðar og pappírs bindi. Hallvarður leitar í veskinu og tekur þaðan miða einn gamlan og lúðan, flettir hann miðanum í sundur, en leggur áður veskið hjá sèr, og segir um leið við Egil: «taktu nú ekki á tuðru minni! – því ef þú gjörir það, þá vil eg ekki ábyrgjast þitt líf, því hèr er, satan gali mig! ekki illt barna meðfæri, en þenna miða skal eg ýna þèr, því hann er meinlaus.» — Síðan letti hann sundur miðanum og rètti hann að gli. Þar var ritaður á stafur mikill með þessum formála: «Rist þenna staf á manns herðarlað, og haf mannsístru í munninum, og lát ndir fætur stúlku, og lát hana standa þar á eðan hún talar við þig, eða lát hana sitja á onum.»

Egill horfði á miða þenna með mestu undrn, og las hann rækilega og segir síðan:

«Nei, sko, eru þetta klær, ha? Já, von er ið sè krðptugt, mikill er stafurinn; en áttu ið sem til hans þarf, elsku vinur, ha?»

«Vera kann það,» sagði Hallvarður, «að eg gi einhverstaðar flís af herðarblaði, eg komst eð hægu móti yfir hana; en sjáðu, Egill endi,» sagði Hallvarður, og tók úr veski sínu ýti eitt lítið, «þessi moli hefir kostað mig kkra fiska, eg get ekki eiginlega sagt hvað

eg hefi gefið fyrir hann, en þrefaldur líknabelgurinn er utanum hann.»

«þetta mun vera ístran, ha?» sagði Egill.

«Já, þetta er hún.»

«Já, mikill er umbúníngurinn, eg er nú hissa,» sagði Egill; «það mundi nú ekki vera fáanlegt, að þú lètir mig fá miðann, kunníngi, ha?» — tekur hann þá úr vasa sínum tvær spesíur og rèttir að Hallvarði, «þú lætur mig fá þetta, lagsi minn góður.»

Hallvarður lítur á peníngana og segir um leið: «Margt er fyrir vin sinn vel gjörandi, en ekki er það fyrir það, eg hefði haldið að þetta mundi slá til, ef þú kæmir því laglega undir fæturna á henni; já, eg held eg verði að hjálpa þèr um stafinn og beinið, en molann má eg ómögulega missa; eg skal segja þèr það, þó hann sè ekki stór, þá fæst hann ekki alstaðar, það var rètt af stærstu heppni að eg gat komist yfir hann.»

«Þá verður mèr það ónýtt,» sagði Egill, «eða á maður ekki að hafa hann uppi sèr á meðan maður talar við kvennmanninn?»

«Jú,» sagði Hallvarður, «vissulega, maður á að hafa hann hèrna, kunníngi, hægra megin útí gúlnum, — eg sè það þú verður að fá molann, annars verður þèr það ekki til neins, eg held eg verði þá heldur að ljá þèr hann, en

ekki sel eg þér hann, hvað sem þú býður mèr, en þetta verð eg að gjöra af því þú ert í mestu forleiginheitum, en ekki hefði eg gjört það fyrir alla.»

Í þessu rètti hann að honum herðablaðkinn og ístrumolann, en stíngur hjá sèr peníngunum. Egill stendur þá upp og kyssir Hallvarð, en Hallvarður segir: «vertu ekki að þakka það kunníngi, fyr en þú veizt hvernig það reynist, en eg vona það verði þèr að góðu, ef þú kannt með að fara.»

«Það verða nú vandræði fyrir mèr, hvernig eg á að koma henni til að standa á herðarblaðinu.«

«Ekki ætla eg að vorkenna þèr það, kunníngi, að finna upp eitthvað ráð til þess; eg lagði það svo, að eg saumaði beinið innan í ketlínginn minn og svo lèt eg hann detta niður þar sem hún stóð, svo hún varð ekki vör við, og á meðan var eg að tala við hana, og svo teig hún óvart ofan á hann — og þarna vissi g ekki fyrri til, en hún fór að gefa mèr auga, vona eins og þær gjöra, þegar þeim lízt á nann, og kafroðnaði í framan; þá vissi eg hvað túlkunni var og þá þurfti ekki meira heldur.»

«Egill kvaðst hinu sama ráði fylgja vilja; átu þeir nú um hríð og tæmdu kútinn, er þá ig kominn dagur að kveldi, og hugsar Egill

til heimferðar; stíngur hann nú miðanum, herðarblaðinu og molanum í vasa sinn og býr um sem vandlegast. Útvegar hann sèr nú hest á Gili og er honum lèður hann og sagt að skilja hann eptir á Hlíðarhálsi, mundi hann þá rata heim aptur; og er Egill er á bak seztur, gengur Hallvarður á veg með honum út fyrir tún; kveðjast þeir þar með kossum og blíðlátum og mæla til vináttu hvor við annan, en síðan ríður Egill af stað. Hallvarður gengur til bæjar, og er þeir eru skammt farnir, snýr Hallvarður við aptur og kallar á eptir Agli og segir:

«Blessaður mundu mig um molann!»

«Uppá trú og æru!» svaraði Egill.

Eptir það ríður Egill leið sína heim til Hlíðar, og er honum nú fremur lètt í skapi og þykir sín ferð vel hafa ráðizt; er hann nú alla leiðina ýmist að hugsa um, hvernig hann geti laglegast komið beininu undir fætur Sigrúnar eða í sæti hennar eins og fyrir hann var lagt, og virðist honum það enginn hægðarleikur; þess á milli var hann að ímynda sèr og gjöra ráð fyrir öllu, hvernig fara mundi, þegar hann væri búinn að töfra Sigrúnu, og henni væri snúinn hugur, svo hún vildi fyrir hvern mun eiga hann. Hann kvaðst mundu verða dryldinn við hana í fyrstu og láta hana ganga eptir sèr og stríða henni dálítið fyrst, og launa henni svo lambið

, hvernig hún tók bónorði hans áður, en meira mundi hún sækja á. Þórdísi gömlu di hann storka með því, að hann væri ekki fandi fyrir að taka Sigrúnu upp af götu sinni, væri þó ekki annað en munaðarlaus og us vinnumanns dóttir, hún yrði þá að gefa ni alla sína fjármuni fasta og lausa eptir og kerlíng mundi allt til vinna, að Sigrún gi ekki frá vitinu.

Slíkt og þvílíkt hugsaði Egill á leiðinni; ı lèt hestinn lötra götuna fót fyrir fót og að vegurinn yrði sem lengstur og sein- astur, svo hann mætti sem lengst hafa ntun af hugsun sinni.

Loksins kemur hann þángað, sem honum leyfður hesturinn, steig hann þá af baki leppti honum þar, en fór á fæti það eptir var rins til Hlíðar; kom hann þángað, er menn fyrir löngu háttaðir; finnur hann að dyr ólokaðar og fer til rúms síns, en getur þó sofnað fyr en undir sólaruppkomu fyrir ugsun og tilhlökkun. Á mánudagsmorgun- er menn vöknuðu í Hlíð, er skygnzt eptir 't Egill sè heim kominn, og sjá menn þá, ieima er höfuð Egils, rak hann það undan ium, en þó þókti mönnum nokkur missmíði ðin, er þar kúla ein mikil og blá í miðju . Menn inntu hann eptir, hverju það sætti,

en hann lèt fátt yfir, og hvað það þó eigi af manna völdum; sagði hann og, að Hallvarður, sá er hann hafði hitt, væri drengur hinn bezti. Þann dag hafði Egill það að hjáverkum, að rista rúnir á manns herðarblað; en um kvöldið fór Sigrún vistferlum frá Hlíð og að Leiti, eins og þau Þórdís og Bjarni höfðu ráð fyrir gjört.

NÍTJÁNDI KAPÍTULI.

Bjarmalandsför Egils.

Brottför Sigrúnar frá Hlíð þókti mönnum allkynleg og bera brátt að, og töluðu menn allmisjafnt um, og lèt Þórdís húsfreyja hvern tala þar um, sem hann vildi. Ekki þókti Agli nú greiðast um sitt mál, og var nú fokið í flest skjól, er sá máttarstólpi vonar hans, er hann vænti sèr hins mesta trausts að, var fallinn, en það var töfrastafur Hallvarðs. Skömmu eptir það, að Sigrún fór að Leiti, fer Egill að hitta Grím, föður sinn, og tjáði honum í hvert óefni komið var um kvonbænirnar, það fyrst, hversu þúnglega Sigrún hafði tekið því máli, er hann bar það upp fyrir henni; það annað, að Sigrún

rott farin frá Hlíð, og væri honum þar
llar bjargir bannaðar, en ekki örvænt um,
rúnu kynni að hafa snúizt hugur síðar,
)au Egill kynnzt betur og mátt til lengd-
ıan vera. Grími þókti nú þúnglega horf-
um mál Egils, sagði það ljóst, að
r Sigrúnar hefði gjörð verið til bekkni
feðga, og sagði, að ekki hefði allt verið
aust af hendi þeirra Hlíðarhjóna, þar sem
ur hefði þó heitið því, að vera flytjandi
máls. Báru þeir feðgar þetta fyrir sèra
la og báðu hann nokkuð gott ráð leggja.
r rèði þeim feðgum, að Egill skyldi ekki
við svo búið, skyldi hann smátt og smátt
komur sínar að Leiti, og freista hvort
ɜæti ekki náð fundi Sigrúnar og viðtali,
þá smámsaman draga saman með þeim;
'o opt, þó ólíklega áhorfðist í fyrstu, að
lèti um síðir tilleiðast, er þær sæju að
þreyttust eigi, en legðu því meira kapp
þeim væri eitt sinn frá vísað. Grími lík-
vel þessi ráðagjörð, sagði og, að Egill
vel fara að dæmum Móses og slá optar
t skipti á helluna, þar til hann fengi af
rennanda vatn. Egill kvaðst þeirra forsjá
vilja, og eptir það tekur hann að venja
sínar að Leiti. Biður hann nú Sigurð
eitt laugardagskvöld um orlof, og kveðst

ætla að hitta föður sinn, leyfði b
það. Egill tekur þá gráan hest e
og ríður til Leitis. Lætur hann
fyrir utan túngarð og gengur síð
hittist þá svo á, að Sigrún situr un
og saumar; sezt Egill þegar hjá he
nú aptur máls á því, er hann áð
horfið um einkamálin, og gjörir
blíðastan. Bjarni bóndi var við slá
piltur einn hjá honum; Bjarna va
að Egill sè þar kominn og seztur
rúnu. Bjarni stíngur þegar niður
gengur heim úr slægjunni, en ta
nokkur orð hljóðlega við piltinn, e
var. Bjarni gengur þar að, sem E
varpar kveðju á hann og spyr
næst spyr hann Egil, hverju gegn
hans. Egill lætur fátt yfir og kveð
erinda. Í þessu bili sèr Bjarni,
margir standa í hesti Egils, og er
ferð út frá túni, snýr hann þá að A

«Eg held þèr væri þarfara,
að líta eptir reiðskjóta þínum en s
sè að hundar vorir leika lausum h
enda muntu hafa það eina erindi,
hollast að dragnast á brott, en r
áður, ef þú ert svángur,» segir ha

Egill kvaðst mundu ráða fe

en stökkur þó upp og ætlar að taka hrossið, og er hann kemur að túngarði, er hesturinn hlaupinn út á mýri eina fyrir neðan túnið, og á harða stökki, hleypur Egill eptir honum, en piltur sá, sem áður er um getið, stendur á túngarði og hefir hrossaskellu eina mikla í hendi og sigar hundunum sem hann má. Agli varð torsókt yfir mýrina, er þar voru fen mörg, og þá er hann er á miðri mýrinni, er Gráni kominn af henni og á slètta mela, fylgja hundar honum jafnan við hæla, og dró hann skjótt undan Agli. Egill kemst við illan leik yfir mýrina, en svo hafði hann hlaupið geyst, að hann var nær því sprúnginn af mæði, og nálega var enginn hnappur eptir á buxnastreng hans. Verður hann nú að stöðva hlaupið um stund og blása, og dregur Gráni enn undan, en fyrir hvern mun vill hann hafa hest sinn; dragnast hann í humótt á eptir hestinum, og er skjótt af að segja, að hann nær ekki hesti sínum fyr en hjá túni; hafði hann staðnæmzt þar hjá hestum nokkrum; var þá beizli týnt og lendklæði, og leitar hann þess lengi áður hann finnur það. Sèr þá Egill ekki annað vænna ráð, en hverfa aptur og ríða heim við svo búið. Hinn næsta laugardag á eptir biður Egill enn um orlof og hefir enn hið sama á orði, að hann muni ríða og hitta föður sinn, *hafði hann* nú og frètt, að Bjarni mundi

ekki heima vera. Kemur hann að Leiti, það litlu áður en menn gengi til kvöld Egill hyggst nú mundu betur sjá ráð fyr sínum en áður; hefir hann nú með sè eitt, og tjóðrar hestinn í lág einni, skan túni, þar er ekki mátti sjá hann heiman bænum, síðan gengur hann heim. Bja úti staddur, og þekkir hann þegar n álengdar. Tekur hann nú í skyndi það hann safnar saman öllu heimilisfólki rekur það inn til baðstofu. Þar næs hann mykjukvísl eina mikla í hönd sèr síðan á bæjarþröskuldinn, fyllir hann því upp í dyrnar, og heldur tveim hönd kvíslarskaptið og er heldur ófrýnn. Egi ur til bæjardyra og kastar kveðju á Bja tekur hann því að eins, en ekki yrðir Egil. Egill snuddaði um hríð fyrir d þegjandi, en er hann sèr að ekki verðu Bjarni bjóði sèr inn, og honum virð heldur árennilegt til inngöngu hjá Bja kastar hann orðum á hann og segir:

«Þú ert þá ekki svo góður heim a að þú bjóðir inn gestum þeim er að gar Bjarni sæll?».

«Eg hefi lítil húsakynni til að bj slíkum höfðíngjum, sem þú ert,» sagð «en hafir þú nokkurt erindi við mig s

á get eg heyrt það hèr, eða sèrtu þyrstur og
ilir drekka, þá skaltu fá það. Þórunn! komdu
ieð mjólk í kálfsdallinum og láttu hann vera
illan.»

Egill kveðst ekki eiga erindi við hann, «en
r Sigrún hèr inni?» segir hann.

«Svo er víst,» segir Bjarni, «en hún er
áttuð, eða áttu nokkuð vantalað við hana?
g get skilað því.»

Egill kvað hann það mundu litlu skipta,
vort hann talaði fleira eður færra við hana.

Við þetta tók að þykkna í Bjarna, og
egir: «Þá skaltu vita, Egill sæll, að eigir þú
kkert annað erindi hingað, þá vil eg ráða þèr
ð venja eigi komur þínar hingað til þeirra er-
ndagjörða optar, og vil eg ekki hafa á mínum
æ þesshátta daður eða dingl, en hèrna er
jólkin, ef þú villt drekka.»

Egill kvaðst ekki mjólkur þurfi, og slær
étinum í dallinn, svo hann hrökkur úr hendi
jarna, og reiðist hann, og í því bili stökkur
arni upp hart og títt, og tvíhendir kvíslina, og
llar að slá henni í höfuð Agli; sèr Egill þann
ztan, að hörfa undan, og tekur hann þeg-
á rás, en Bjarni eltir hann. En er Egill
kominn að túngarði, stökkur hann þegar yfir,
i Bjarni kemur þá að með reidda kvíslina og
ngrar henni til Egils, í því hann steypist yfir

garðinn, og ræður Bjarni það þar af, að Egill grípur hendinni aptur fyrir sig, hvar á hefði komið. Ekki veitti Bjarni honum lengri eptirför. Hleypur Egill þá til hests síns, leysir hann og stígur á bak, og skorti þá ekki stór orð og heitíngar af hans hendi, kvaðst hann svo skyldu koma til Leitis hið þriðja skipti, að Bjarna mundi minni til reka. Ekki skeytti Bjarni heitíngum þeim, og ríður nú Egill á brott, og kemur til Gríms föður síns, og segir honum sínar farir eigi slèttar, og er Egill þar um nóttina. Grímur verður ákaflega reiður við þessar frèttir, en stillti sig þó vel, og liðu honum af munni þessi orð prèdikara Salomonis: «leyf ekki þínum munni, að hann láti þitt hold syndga.» En með því áður hafði verið kalt með þeim Grími og Bjarna, eins og áður er nokkuð frá sagt, þá verður það nú, að þeir leggja fullan fjandskap á Bjarna; gjöra þeir þá ráðagjörð fyrir sèr, að þeir muni fara einhvern dag til Leitis, og heimta bætur að Bjarna fyrir óvirðíng þá, er hann hafði veitt Agli; en fari svo, að Bjarni svari ekki góðu um, skuli þeir gjöra honum ráðníngu nokkra, og kemst Grímur að þeirri niðurstöðu við rannsak ritníganna, að hestinum hæfi svipan, asnanum beizli og Bjarna vöndur á bakið. Ekki lögðu þeir feðgar miklar dulur á fyrirætlun sína, og fær þórdís í Hlíð pata nokkurn a

áðagjörðum þeirra, gjörir hún Bjarna þegar orð
g biður hann vera varan um sig og gefa þeim
kki færi á sèr; kvaðst hún hafa sannspurt, að
eir ætli að gjöra honum aðför.

TUTTUGASTI KAPÍTULI.

Herför Gríms gegn Filisteanum.

Nú líður fram sumarið, og verður ekki
atförinni að Bjarna á Leiti; hyggja menn nú,
þeir Hjallafeðgar muni láta svo búið standa;
nokkru eptir rèttir um haustið er það eitt
ipti, að Grímur gjörir Agli orð að koma
fundar við sig. Egill bregður skjótt við og
til Hjalla; er honum þar vel fagnað, og er
nn þar um nóttina. Næsta dag er veður fag-
, og er Grímur snemma á ferli; gengur hann
gað, sem Egill sefur, og er hann ekki vakn-
r; Grímur vekur hann og biður hann upp
nda, «og þykir mèr þú ekki árrisull, frændi,»
ir hann, «eða er þèr úr minni liðið viðtal
ar það í gær, að við mundum fara að hitta
steann á Leiti, og vita hvort hann vill ekki
ta þèr þá svívirðíng, sem hann hefir þèr

gjörða; mun þessi dagur verða honum *dagur* grimdarinnar, dagur hörmúnga og eymdar*dagur* storms og vinda, eins og spámaðurinn *Sófonías* að orði kemst; hefi eg, sonur sæll, látið hross vor heim reka, því svo er til ætlazt, sonur, að eg dragnist með þèr, þó þèr kunni að verða það að litlu liði, en láttu vera til leppana mína, kona! þó eg kirkjubúi mig nú ekki í þessar ferðir, það er ekki svo, sem eg ætli að setjast við altarishornið, og setja upp gleraugun og syngja á Gradúalið og kyrja kredó eða intróítum.» Kona Gríms andæpti ekki, en mumlaði þó eitthvað í hálfum hljóðum um það, að hún hèldi að þessi för mundi vart verða til mikillar frægðar eða nytsemi; snýr Grímur þá máli sínu til hennar, veltir vöngum, gengur fram á mitt baðstofugólfið, spennir greipar og segir: Hefi eg ekki sagt þèr það, kona, að venja þig af þessu nöldri; þú ert einn sífeldur leki, eins og Salomon segir um hina kífnu konu, eða þykir þèr ekki nauðsyn bera til þessarar ferðar, eða hefir þú ekki heyrt Móabs brixlyrði og spottanir Ammons barna, með hverjum þeir svívirtu mitt fólk.» Kona Gríms gekk þegjandi burt og svaraði engu, en kom bráðum aptur og lagði föt nokkur, er hann skyldi klædast í, á rúm þeirra hjóna, og tekur Grímur þau og skrýðist. Egill klæðist og skjótt, eru hestar á hlað

omnir. Egill reið Grána, en Grímur meðhjálp-
ari reið öðrum hesti, og var sá fæddur brúnn
að lit, en með því hann var gamall mjög, og
ekki yngri en Grímur sjálfur, er hann var tann-
fé hans, voru víða dottnir á hann blettir, og
skáldað af hár allt, var hann því tilsýndar að
sjá, sem hann væri skjóttur. Söðull Gríms var
þannig, að setan í honum var úr bláu vaðmáli,
og gagnstönguð og troðin kálfshári; hliðar-
skinnin voru úr íslenzku leðri og öll jafnbreið
aptan og framan og negld á með látúnsbólum
mörgum, er stóðu í löngri röð aptur og fram
millum hnakkboganna; á hvorutveggja hnakk-
bogann, þann hinn aptara og hinn fremra, voru
negldar bryggjur eða bríkur, háfar og líkar í lagi
hálfkringlu. Framan í framboganum var látúns-
kúla mikil eða drílmynduð strýta af látúni, er
greypt var í hnakkbogann, og gekk jafnsíðis
makka hestsins. Ístaða-ólar hafði Grímur all-ram-
gjörvar af leðri, og fóðraðar beggja megin með
járni, voru þær að ofan festar í hnakkinn með
snærum, en að neðan lèku í þeim ístöð mikil
og sterkleg á sigurnöglum. Yfirklæði blátt var
yfir hnakknum, það var nær því ferskeytt að
ögun, voru á því pokar stórir, sem hnakkbrík-
unum var smokkað upp í; loksins var flos-
dessa með fángamarki Gríms í miðju; bæði
dessan og lendklæðið voru bundin ofan í hnakk-

inn með svörtum hollinda, á þann hátt, að litlir látúnshringir voru í hliðartrjám hnakksins, og snældugöt í lendklæðinu, og lindanum svo brugðið í gegnum ofan í hringana. Þegar þeir feðgar eru á bak seztir og ríða út traðirnar, taka þeir hatta af höfðum og lesa ferðamannsbæn sína, og varð þá þögn langa hríð, nema hvað Grímur varð einusinni að andæpta upp úr bænagjörðinni, er hestur hans hnaut um þúfu: «stattu á fótunum fjandi,» segir hann. Þegar bænunum var lokið, setur Grímur aptur upp, og bjóða þeir þá hvor öðrum góðar stundir, feðgarnir, síðan tekur Grímur til máls og veltir vöngum:

«Þess vil eg óska, sonur, að óvinir vorir ífærist forsmáninni og skömmina hafi þeir sem eina kápu, eins og guðsmaðurinn Davíð segir, í sálminum 109da að mig minnir.» Á leiðinni tala þeir margt saman um ferðir sínar, kemur þeim það ásamt, að þeir skuli bjóða Bjarna sættir, ef hann vili bæta þeim svívirðing þá, er hann hafi gjört Agli, og vili friðmælast, og þessu næst, að hann amist ekki við komum Egils að Leiti. En vili Bjarni ekki taka þessum kostum, muni þeir tæla hann burt frá bænum og berja hann þar, og færir Grímur óræk rök til þess úr ritningunni, að slíkt sè rètt, og sjáist það þar, að Drottinn hafi boðið Sál og Davíð

ð slá Filisteana og Ammoníta, og Malakías egi: »Þèr skuluð undirtroða þá óguðlegu, og eir skulu vera aska undir yðar fótum.« Gjöra eir nú ráð sín, hvernig þeir skuli haga atgöng- nni, ef orusta tækist; kvað Grímur, að Egill kyldi ganga framan að Bjarna, en sjálfur mundi ann veita honum bakslettu nokkra, ef á þyrfti ð halda, en sagði samt, að Bjarni væri afar- menni mikið, en þó mundi duga ef þeir gengi báðir djarflega fram. Egill gat þess, að hundar á Leiti væri grimmir mjög, og gæti það orðið þeim að óliði, ef þeim væri sigað á hesta þeirra meðan þeir fengist við Bjarna, kom þeim það ásamt, að þeir skyldu fara að Stað og biðja èra Sigvalda um mann til farar með sèr að gæta hestanna. Ríða þeir um á Stað og segja resti frá fyrirætlun sinni, að þeir muni gjöra treið að Bjarna og biðja hann bóta, og sagði restur: »maklegt, já meir en maklegt, hum, hum, – að óvirða slíka menn og sveitarprýði, hum, um,« taldi hann og rètt, að Bjarni bætti þeim ð nokkru fyrir illmæli sín og ofbeldi við Egil. iðja þeir þá prest, að ljá sjer mann til fylgd- r, að gæta hesta, meðan þeir eigi tal við jarna. Prestur hafði þá ekki neinn húskarla eima, fær hann þeim því Hjálmar til fylgdar, segir prestur honum að veita þeim góða lgd. Hjálmar býst þá til farar, og verður hann

síðbúinn mjög, er hann þurfti að v
snærum mörgum; hann var svo búi
hann hafði lambhúshúfu svarta á h
brækur mórendar, en kufl gráan og
hrosshárs-reiptagli digru. Segir nú
ferðum þeirra feðga, fyr en þeir koma
sjá þeir hvar maður er allskammt frá túng
fæst við steina, kenna þeir að þar e
bóndi, en Þórunn, systir Bjarna, er þar al
frá og þvær föt úr lækjarsitru, er r
túngarði. Þeir Grímur stíga af hestu
um og fá þá í hendur Hjálmari, og bið
gæta þeirra vel, og heita þeir honum
tóbaks og matar ef hann sè þeim trúr,
skal hann hjá viðskiptum þeirra Bjarna
svo ólíklega kunni til að bera, að þ
honum vísbendíng, eða sóknin verði
Þykir þeim feðgum nú vel í veiði bera,
hitta Bjarna úti, «því torsótt hafa öll a
orðið inni,» segir Grímur. Þeir Grímu
nú þángað, sem Bjarni er og tekur upp
segir Grímur þá við Egil: «nú mun eg
Bjarna, því jafnan hæfir að hinn eldri o
ari haldi uppi svörum, en hinir yngri
««en hyggins manns kenníng flýtur f
sem fljótanda vatn, og lifandi upps
segir Salomon, eða prèdikarinn, og
sonur sæll! ekki til leggja nema eg s

Ekki lèt Bjarni, sem hann sæi til ferða sirra, og er þeir koma allnærri Bjarna, kastar rímur kveðju á hann og segir:

«Friður sè með þèr, Bjarni sæll!»

«Og með þínum anda, Grímur góður!» sagði Bjarni.

Grímur fór þá að velta vöngum og strjúka saman höndunum, en tekur síðan til orða:

«Þú sèr, Bjarni sæll, að vær erum hingað komnir feðgarnir í nokkrum erindagjörðum.»

«Já, það sè eg, að þið eruð komnir, en erindagjörðirnar veit eg ekki.»

«Eg hefi heyrt þá háðúng,» sagði Grímur, «að þú hafir óvirt Egil son minn, er hèr stendur, og þú munt kenna; það er sonur minn og frumburður sinnar móður; hverju vilt þú svara mèr til þess, Bjarni sæll?»

«Eg svara því, sem eg er spurður að,» sagði Bjarni, «því er eg vanur, Grímur góður!»

«Þá spyr eg þig, Bjarni, hverju þú vilt bæta Agli syni mínum fyrir þá óvirðíngu, sem þú sýndir honum, og áverka við hann, sem er, eins og eg sagði, frumburður móður sinnar og sonur meðhjálpara-myndarinnar?» sagði Grímur.

«Þá svara eg þèr, Grímur! ekki veit eg til, að eg hafi veitt frumburði þínum nokkurn áverka, en það telur þú mèr víst ekki til saka, að eg fylgdi honum hèr út fyrir túnið um dag-

inn, er hann kom hingað í kvennasnagi, og þ
getur verið, að eg hafi blakað til hans m
spítu, sem eg hafði í hendinni, en hvort hú
kom á siljandann á honum eða ekki, það ve
eg ógjörla, eg held hann hafi verið jafngóðu
fyrir því, og hitt sagði eg honum, að hann
skyldi ekki koma hèr optar í þeim erindagjörðum.

«Það var mál, sem þèr kom ekki við, Bjarn
sæll, þó drengurinn hvarflaði hingað að tala vi
meyjuna; en hitt er víst, að þú hefir sýnt syn
mínum Agli óvirðíng, og skaltu nú annaðhvor
hafa gjörð okkar þar um og bæta honum það,
sagði Grímur, «eða þú skalt hafa ráðníngu.»

«Það skal eg gjöra fyrir þín orð,» segi
Bjarni, «að bæta honum til.»

«Eg sè þú þekkir ekki veg friðarins, o
mun því fara fyrir þèr eins og Móses segir: a
þú verður sleginn með egipzkum kaunum o
sárum á baka til, með ólæknanlegum kláða o
óþrifum,» segir Grímur.

«Ekki hræðist eg hótanir þínar, Grímur kúlu
vambi», sagði Bjarni.

«Hann þekkir ekki veg friðarins,» sagði
Grímur, «útrèttu þinn armlegg sonur! og látum
oss slá Filisteann.»

Í þessu hleypur Egill fram, og er allreiður,
og ætlar að slá hnefanum fyrir brjóst Bjarna o
segir um leið: «smánarðu hann föður minn, ha?

Bjarni sèr tilræðið og verður fyrri til og
rindir Agli svo hart frá sèr, að hann fellur
fugur aptur á bak, en sprettur þó óðara upp
ptur, og þá segir Grímur: «sjö sinnum falla
èttlátir og rísa upp aptur, en nú skaltu, sonur,
lá Filisteann, því dagur reiðinnar er kominn.»
llaupa þeir feðgar þá báðir af bræði mikilli
ið Bjarna, og ætla að hafa hann undir; en
kki urðu þær sviptíngar lángar, áður Bjarni
grípur annari hendi til Egils í buxnastrenginn
iptanverðan, og hefur hann svo á lopt og kast-
ir honum flötum niður, setur síðan hnèð fyrir
ríngspalir honum og stendur á honum, en
inni hendinni verst hann Grími á meðan, og
r Egill var fallinn, þrífur hann tveim höndum
il Gríms, og rekur hann niður á grúfu fyrir
raman sig; getur Grímur ekki komið neinu
olmagni við, og æpa þeir feðgar báðir þá hátt
g biðja Hjálmar að duga sèr, og draga mann-
kratta þann ofan af sèr. En þá er Hjálmar
èr ófarir þeirra feðga, skellihlær hann, klappar
ıman lófunum og segir: «Nei sko, svona fór,
to bannað tröllið, he, he, he, he!» en er hann
eyrir, að þeir heita á sig til liðveizlu, sleppir
ınn hestunum, sèr hann þá hellustein einn
ikinn þar á holtinu og lýtur eptir honum, og
ífur til hans, og hefir Tuddi svo frá sagt, að
nn stein hefði hann ætlað að færa í höfuð Bjarna.

Þórunn systir Bjarna var þar skam
og áður er sagt, og þvoði föt við
þar hjá henni fata ein full með ke
þar í föt nokkur, sem enn þá v
Og þá er hún sèr hvað Tuddi hefst
ar hvað hann ætli að gjöra, grípur
sokka eina, er lágu í fötunni og
mjög af þvælinu, hleypur síðan
Tuddi er og rèttir sig upp m
Reiðir hún þá upp sokkana og
mikið högg þvert um andlitið með
Tuddi kennir þvælisins í vitunum,
báðum höndum fyrir augun, fellur
niður, en Tuddi rekur upp org mi
ar sem naut og snýst í hríng o
ekki af liðveizlu hans. En það er
af viðskiptum þeirra Bjarna og Grí
Bjarni hefir rekið Grím niður, te
gjörast fjölþreifinn; seilist hann til
Gríms, og er hann hefir hneppt hn
er þar voru, en slitið suma, færir
niður, en skyrtu fram yfir höfuð.
sem vænta mátti, fátalaður, þó
hann mælti það síðast í hálfum hlj
þú ekki sinni þínu, er þú villt refs
segir Sýrak,» og heyrði Bjarni þa
nefndi Sýrak, og segir: «já, hvað
hèr um? en svona hirti Grettir

Gísla, nema hèr vantar hrísluna, og verð eg þá að klappa þèr með lúkunni í þess stað, Grímur sæll, en vertu grafkyr á meðan, ella verð eg þúnghentari á þèr;» tekur hann þá bersýnilega að sýna Grími, að «tvisvar getur gamall maður orðið barn.»

Þórunn systir Bjarna sèr þá hvar komið er, og með því að hún uggir, að bróðir sinn muni verða, ef til vill, helzt til þúnghentur, hleypur hún þángað, sem þeir áttust við, og biður bróður sinn að hætta þessum leik; Bjarni segir, að svo skuli nú bráðum vera, «en þó verð eg að hafa nokkrar menjar þess, að við höfum fundizt; slítur hann þá tvo hnappa úr buxum Gríms, og fylgdi þar með stykki stórt af strengnum. Síðan sleppir Bjarni þeim, er Egill dasaður mjög, og svo þeir báðir. Bjarni gengur til bæjar, en þeir feðgar standa upp, og verður ekki af að þeir freisti optar til atlögu við Bjarna, enda höfðu þeir þá nóg að starfa, og ekki sízt Grímur. Hittu þeir nú Tudda, og situr hann þar á millum tveggja þúfna grenjandi, og þurkar úr andliti sèr með vetlíng sínum og er all-ófrýnn. Egill var þá og í illu skapi, og lætur hann reiði sína koma niður á Hjálmari, setur fótinn í hann allhart og segir:

«Hafðu þetta, skömmin þín, fyrir það sem

þú sveikst okkur, eða því hjálpaði ekki við mannskrattann?»

Tuddi stökkur upp hart, ráng unum, blæs á Egil og segir: «sparl þrællinn! það vilda eg mulað væri skrokknum á þèr mèlinu smærra, brýtur í sundur í mèr beinin, illyrm sakleysi, það var þá rètt þó hann s báða; eða hvernig átti eg að hræra bannsett skessan var búin að bli báðum augum? en það er ekki þa gilti einu þó þú fengir fyrir ferðina

Egill ætlaði þá að berja Hjálma tók til fótanna, og rann undan Agl hann nokkra stund, en Tuddi var ó Egill þjakaður mjög af viðskiptunum og jafnan, er Tuddi sá að hann undan, stóð hann við og kastaði þ orðum á Egil. Egill elti hann u loks snýr hann aptur, og er hann sem bardaginn hafði verið, finnur föður sinn, og býr hann sig til að er hann lerkaður mjög og vart komast á bak; þykir þeim þessi fe uglegasta orðið hafa, og ráða þeir ríða heim við svo búið. En það af Hjálmari, að hann linnir ekki fy kemur að Stað; segir hann þá nál

manni, er hann sèr, frá ferðum þeirra feðga; segir hann, að tröllið á Leiti hafi tekið þá báða og leyst ofan um meðhjálparann. «En getur nokkur, prestur minn, setið í kór, sem hefir verið flengdur?» sagði Tuddi.

«Þegiðu bjáninn þinn,» svaraði prestur.

Þessi tíðindi urðu brátt hèraðsfleyg, og hendu menn mikið gaman að, og verður Bjarni mjög frægur af þessu verki. En er prestur heyrir kallz þetta, brást hann reiður við, segir það firn mikil, að slíkt tíðkist meðal kristinna manna, og nokkrum haldist það uppi óhegndum, að göfugir menn og ráðvandir sè meiddir og svívirtir; hótar hann, að setja Bjarna út af sakramenti, og segir hann væri þess maklegur, að búið væri til mál á hendur honum fyrir ofríki og illmannlegt frumhlaup að Grími. Þegar Grímur er heim kominn, gengur hann til hvílu og lætur gnúa mjaðmir og mjóhrygg og smyrja úr samsuðu, og batnar honum svo við það, að nokkrum dögum eptir er hann ferðafær, og fer hann þá brátt að hitta sèra Sigvalda; sitja þeir lengi á tali. Verður það ráð þeirra, að Grímur skuli kveðja heimiliskviðar og stefna Bjarna um barsmíðar-málið, en þeim Hlíðarhjónum um sáttmálarof við þá feðga, og telja þeir það víst, að ef málið komi í dóm, muni Bjarni verða *alsekur* skógarmaður, en Sig-

urður sæta útlátum; en með því Grímur þóktist ekki vanur að standa í þingdeildum, handsalar hann presti sökina að lögmáli fullu til gjörðar eða dóms, og svo með að fara sem honum líki.

Um þessar mundir ræðst Egill frá Hlíð, og fer þaðan með sumarkaup sitt; hyggur hann nú ekki framar á ráðahag við Sigrúnu, og er svo sagt, að hann hèti því á fundinum, að hann skyldi hugsa af því ráði, mætti hann lífi halda, svo nauðulega sem hann þá þóktist staddur.

TUTTUGASTI OG FYRSTI KAPÍTULI.

Sættir.

Eins og áður er frá sagt, varð Bjarni á Leiti frægur mjög af þeirri vörn, er hann hafði sýnt, þá er þeir feðgar Grímur og Egill veittu honum atförina, en Grímur djákni var hrópaður mjög af gárungum, og kölluðu þeir hann í flimtíngum ýmist Grím skelli eða skellidaus. En ekki er lengi að snúast veður í lopti, segja menn. Það frèttist nú brátt um öll hèruð, að Grím-

r meðhjálpari hefði handsalað Sigvalda presti rnasyni á Stað sökina, og ætlaði prestur á vorngi að sækja Bjarna til fullra sekta um lögæett frumhlaup að Grími; vissu menn, að Sigldi prestur var málafylgjumaður mikill og óeginn, hafði hann og opt orðið þúngur í auti þeim, sem minna höfðu til gjört; en Bjarni fði hvorki frændastyrk nægan, eða traust höfðgja til að etja kappi við jafn-ágætan mann, m sèra Sigvaldi var. Varð nú ekki annað lræddara í hèraðinu en málið Bjarna, og kti flestum óvænlega horfa. Töldu nokkrir ð víst, að Bjarni yrði hýddur við staur og an látinn þrælka erlendis það sem eptir væri nnar í ánauð. Þá höfðu sumir það fyrir satt, ekki yrði Bjarni af landi fluttur, heldur væri tt líkara, eptir Norskulögum, er þá voru í ldi hèr á landi í sakamálum, að Bjarna yrði öngvað í hærupoka og bundið fyrir opið og astað í Öxará; allir töldu fè Bjarna sekt allt, álft sèra Sigvalda og hálft konúngi, eða þeim, r sektarfè áttu að taka eptir hann að lögum. En þó að alþýða manna talaði svo, sem nú höfum vèr frá sagt, þá voru samt nokkrir, sem rógu efa á, hvort sök Bjarna mætti varða svo niklu, að hann yrði dæmdur sekur skógarnaður; sögðu þeir, sem satt var, að margur *hefði gefið öðrum í* öskjurnar, og samt ei orðið

óæll og óferjandi og óráðandi öllum bjargráðum, og hèldu, að slíkt mætti varða fèbótum einum. Bjarni á Leiti talaði fátt um mál sitt, og ekki urðu menn þess varir, að hann færi í liðsbón, og furðaði menn stórlega, að hann leitaði ekki ráða eða trausts hjá landshöfðíngjum, eins og þá var alltítt, og enn er venja á landi voru; gátu nokkrir þess, að Bjarni mundi sitja um sinn að búi sínu og sjá, hverju fram færi, en ef hann sæi sitt óvænna, mundi hann þegar minnst varði leita brott, og þá helzt ætla sèr til athvarfs í Ódáðahrauni; þar væri og landskostir góðir og sauðir feitir, og mundi hann allvel una þar hag sínum.

Þórdís húsfreyja í Hlíð fregnar nú málatilbúníng þenna allan, svo og það, að prestur hefir tekið að sèr sökina til sátta eða sekta; þykir henni það illt, ef Bjarni kæmist í vanda nokkurn, og það hlytist af trúmennsku hans við þær fóstrur; kemur hún nú einhvern tíma um þessar mundir að máli við bónda sinn, og tjáir honum, hvað hún hafi spurt um fyrirætlun þeirra sèra Sigvalda og Gríms, og málatilbúníinginn, «og þykir mèr,» segir hún, «það athlíll, ef Bjarni hefir vandræði stór fyrir mínar sakir, en það má kalla að svo sè, ef hann verður sektaður fyrir ráðníngu þá, er hann gjörði Grími, vildi eg að þú hlutaðist nokkuð til um

mál Bjarna og færir að hitta prest, og kæmist
eptir, hverju hann ætlar fram að fara, og ef
kostur væri á, að þú reyndir til að mýkja svo
prest, að ekki væri ýfzt til við Bjarna um mál-
sóknina; tel eg það og allíklegt, sè prestur þinn
in svo mikill, sem hann lætur vera, að hann
gjöri það fyrir þín orð, að hann láti málið nið-
ur falla, enda er það ekki þess vert að rekstur
è af því gjörður, og sökinni svo varið, að Grímur
etur litla virðíng af henni haft, þótt hann beri
ærra hlut yfir Bjarna. En með engu móti
il eg samt, að þú gángir að neinum afarkost-
m, hvorki fyrir hönd Bjarna eða fyrir sjálfan
ig, og sjá svo um, Sigurður bóndi minn, að
ú látir ekki hið mjúka túngutak prestsins fleka
ig.» Sigurður bóndi segir það skylt, að hann
ggi fram allt er hann má til fulltíngis við
jarna, og að þessum málum verði miðlað.
ptir það ríður Sigurður til Staðar, og fagnar
estur honum vel; ber Sigurður upp erindi sitt
ir presti, og segir, að hann er þar kominn í
ttaumleitun fyrir hönd Bjarna. Prestur tekur
im málum mjög þúnglega í fyrstu, gengur
n gólf og reykir og hummar nálega við hvert
ð, segir hann, að fyrir sakir Guðs og konúngs-
s og embættis síns, megi hann ekki láta svo
víðinn syndara sleppa óhegndan; hann hafi
þrmulega *brotið gegn* hinu fimmta boðorðinu

og meiðt hold náúnga síns; sýnir hann það og sannar ítarlega, að slíku ofríki eigi harðlega að hegna, og vitnar ýmist til Norskulaga, Jónsbókar eða ritníngarinnar. Sigurður kveðst sjá það, að prestur hafi satt að mæla, og miklar og þúngar sakir liggi á Bjarna, en þó muni vera eins um brot hans og aðrar yfirsjónir, að «bætur sè til brots hvers;» kemur þá loks svo fyrir bæn Sigurðar, að prestur lætur til leiðast, og lofar að taka sættum fyrir hönd Gríms. Er nú sent eptir Bjarna, en hann kveðst eigi viðlátinn, kveðst hann þá daga hafa ærið mikið strit við stein einn, er hann hyggi vera legstein yfir einhverjum fornmanni, og hafi hann aldrei áður sigrazt á þeim steini, nema ef það nú verði, og kom sú orðsendíng frá honum, að ekki mundi hann koma til sáttafundar að Stað, enda vissi hann ekki annað, en að þeir Grímur hefði skilið svo síðast, að Grímur hefði verið að öllu ásáttur. Lítur enn ekki sáttavænlega út, en með því Sigurður fylgdi fast fram máli Bjarna, verður það, að þeir prestur semja það með sèr að leggja málið í gjörð; en það áskildi prestur, að Sigurður skyldi heita því, að halda uppi fèbótum ef nokkrar yrði gjörðar á hendur Bjarna, og kvaðst prestur ekki vilja rekast eptir þeim hjá Bjarna eða eiga nokkur viðskipti við hann, og hèt Sigurður því. Í þann tíma voru

tveir hreppstjórar í Staðarhrepp og hètu hvortveggja Ögmundur. Þeir voru báðir Jónssynir, en til aðgreiníngar var annar kallaður Ögmundur hálfblindi, en hinn Ögmundur alblindi. Ögmundur hálfblindi var maður greindur og stilltur vel, nokkuð læs og nokkuð skrifandi; hann hafði mist annað augað í bólunni, og var það því sannnefni, er hann var kallaður hinn hálfblindi. Þegar hèr var komið sögunni, var hann orðinn maður gamall, tók honum nú að glapnast sýn á því auganu sem heilt var, og hafði hann því jafnan gleraugu, ef hann þurfti eitthvað að lesa eða skrifa. Ögmundur hinn alblindi hafði bæði augu í höfði heil; sá hann og fullri sjón allt það, er vinna þurfti úti og inni, þó hann hefði átt að hæra sauðsvart vorullarþel á jólaföstu við skjáglugga; en sá var einn galli á sjón hans, að jafnan er hann skyldi lesa nokkuð, eða rita nafn sitt undir einhvern embættisgjörníng þeirra hreppstjóranna, sló svo nikilli þoku fyrir augu honum, að hann mátti kki sjá nein stafaskil nema eins og í móðu; ar það því orðin venja, ef eitthvað skyldi lesa ður birta alþýðu, er snerti hreppstjórnina, ð hann vèk þeim málum frá sèr og til nafna ins, með þeim orðum: «lestu það, nafni! þú eizt það, eg sè ekki orðið á bókina.» Báðir oru *þeir nafnar* virðir vel, en meiri fram-

kvæmdarmaður þókti Ögmundur alblíndi vera en nafni hans.

Þessa menn kusu þeir prestur og Sigurður fyrir gjörðarmenn, en þriði gjörðarmaðurinn hét Erlendur. Hann bjó þar í Staðarhrepp; flestum mönnum var hann liðugri í málfæri, og var það siður hans, þá er hann ræddi við einhvern, að þegar sá hafði lokið máli, er við hann talaði, þá át hann það allt upp orðrètt, og bætti svo við af eigin brjósti ymsum smáorðum, og setníngum, er hann smeygði inn í, t. a. m.: «sannarlega, hvað segir þú,» «já öldúngis rètt, segir þú,» «þetta ætlaði eg að segja,» «þetta var nærri því komið fram úr mèr.» Aldrei mælti hann móti nokkru því, sem aðrir sögðu, og sýndist honum jafnan það bezt, sem sá sagði, er seinast ræddi. Gárúngar kölluðu hann ýmist Erlend ójá eða ójú, amen eða halelújá.

Nú lèt prestur senda eptir þessum gjörðarmönnum öllum, og komu þeir eptir orðsending prests, og fagnaði hann þeim vel. Þiggja þeir nú beina, en síðan settust gjörðarmenn á ráðstefnu. Stendur þá prestur upp og lýsir sök á hendur Bjarna, og hafði öll sömu orð í lýsíngu sakar, sem hann áður hafði mælt við Sigurð; talaði hann lángt erindi og snjallt, «og er yður kunnugt,» segir hann, «um þann hinn mikla ofríkismann, Bjarna á Leiti, hann heður sýnt, hversu

kið hneyxli hann hefir gjört í söfnuðinum, lagt
ndur á saklausa menn, og meiðt hold náúng-
s, og lederað ærlegan mann, Grím meðhjálp-
ı, á þann hátt, sem yður er allt kunnugra en
ı þurfi að segja, hum, hum. Nú höfðum vèr
ınar ætlað að sækja mann þenna til fullra sekta
vorþíngi, en með því góðir menn og vel for-
ntir, hum, hum, hafa hlutazt um þetta mál,
höfum vèr, eptir að hafa vel beþenkt sökina,
ið tilleiðast að gjöra þá miðlun, að láta málið
ma í gjörð, og höfum vèr þar til nefnt þessa
ıa alkunnu heiðursmenn, er nú eru hèr, með
í skilyrði, að verði fèbætur gjörðar á hendur
arna, þá skal Sigurður minn, hvers bæn vèr
þessu höfum estímerað, hum, hum, handsala
ð, að þær verði áfrýjulaust af hendi greiddar.»

Síðan settist prestur niður, og tóku gjörð-
menn að ræða málið með sèr, kom þeim það
lum ásamt, að Bjarni hefði ratað í hinn mesta
æp, og vart mundi hann nú halda eignum og
ndsvist, ef málið kæmi til dóms, og segja
ir allir, að prestur hafi auðsýnt Sigurði vin-
tubragð mikið. Prestur tók frammí og segir:
ıg ekki má það heita vináttubragð, en satt er
ıð, að við Sigurður minn erum málkunnugir,
ım, hum,» er hann hafði leyft að leggja málið
gjörð. En um hitt urðu gjörðarmenn í fyrstu
ıki *á eitt sáttir*, hverjar sektir þeir skyldu

gjöra á hönd Bjarna, eða hve miklar. V
mundur alblindi, að Bjarni yrði sektaður
fjársekt, og tók hann helzt á um þrjár æ
ar og lembdar, og átta sauði gamla til
en 20 álnir til hrepps, en síðan skyldi
til viðvörunar setja hann í gapastokk.
var Ögmundur hálfblindi því samþykkur,
ar virðist mèr,» sagði hann, «ekki fjá
of mikil, en það þykir mèr óráð, að
Bjarna í gapastokk;» kvaðst hann sjá þa
að slíkt heljarmenni, sem Bjarni væri,
fátt láta fyrir brjósti brenna; mundi
þeirra, sem nú þættist alldjarfur, eiga t
að binda, áður en hann væri þángað
og búið væri að leggja hespu að hálsi
Erlendur lagði fátt til málanna; sýndist
jafnan það rèttast, er sá sagði, sem síð
af þeim nöfnum.

Þegar Ögmundur alblindi rèði til
Bjarna í gapastokkinn og hafði lokið m
sagði Erlendur það öldúngis rètt vera,
upp hvert orð, «já, eg sè ekki betur
sè rètt, sem þú segir, Ögmundur min
já, svo sem Guð er uppyfir mèr þá er þa

Á sömu leið fór, þá er Ögmundur b
talaði og latti þess að láta Bjarna í ga
inn; þá stóð Erlendur upp, og þuldi al
hans frá upphafi til enda, og lauk svo

ekki annað til álita í máli þessu. Horfð- þá til stórra vandræða, að ekki mundi an gánga um gjörðina. Skora þá gjörðar- ın á prest, að segja hvað honum virtist um , hvernig þessu máli yrði bezt til lykta ráðið. ıtur tók pípu sína og glóðarker, en hummaði sagði síðan, sem var, að því hefði þeir verið örð teknir, að þeir ætti um að gjöra málið, þó gæti hann sagt hvað honum sýndist, og ti þeir ekki að taka það til greina framar þeim líkaði. Hann kvaðst vilja, þareð vinur ı Sigurður ætti hlut að máli, gjöra fjársektir ır; skyldi Bjarni aðeins greiða fjóra sauði þrè- ra og þrjá spesíudali, og skyldi þetta vera lokið prests, sem hins setta aðila málsins, fyrir ıta vorþing. Til hrepps skyldi Bjarni gjalda ugu fiska í góðum og gildum landaurum, ı að auki betali hann,» segir prestur, «til- rilegan kost og tæringu þessum heiðarlegu röarmönnum, hum, hum!» Þá skyldi og rni ekki mega sitja í kór, fyr en hann opin- lega að ásjáanda söfnuðinum hefði beðið Grím rgefníngar á því, er hann hefði misbrotið hann, með því að hann hefði skemmt bux- hans og bakhluta.

Allir lofuðu það mjög, hversu vel séra Sig- la færist í þessu máli, og varð Erlendur þó na fjölræddastur um það; urðu nú allir gjörð-

armenn á það sáttir að svo skyldi vera, og sögðu þeir nú upp svofellda gjörð í málinu.

Sigurði líkaði allvel þessar málalyktir, nema það þókti honum þyngst, er Bjarni skyldi ekki mega halda kórsetu nema hann beiddi Grím fyrirgefningar; kvaðst hann það byggja, að Bjarni yrði tregur mjög að uppfylla þetta skilyrði, og beiddi þess, að sú linkind mætti verða á gjör, að Bjarna væri gjör frekari útlát, en hèldi sæti sínu í kirkju og kór, sem hingað til. Ekki vildu gjörðarmenn eða prestur því játa, og verður Sigurður að láta sèr það líka; greiddi hann þegar af hendi fè það, er Bjarni átti að láta, og lofar að láta færa presti sanðina næsta dag.

Eptir að þessari sættagjörð var lokið, lætur Sigvaldi prestur bera inn drykk styrkan, og setjast þeir allir við drykkju, og er prestur hinn glaðasti, en einkum blíður við Sigurð; talar mjög um, hve mikill gæfumaður hann sè, að ráða þannig til lykta vandræðum þessum, er svo illa horfðu; segir hann og, að hann uni allvel þeim málalyktum, er á sè orðin, en friður og sættir sè í söfnuðinum; hafi og jafnan svo verið, og æ síðan hann tók við geymslu hjarðar Drottins, að menn lifðu í ástsemi og eindrægni andans hver við annan, og

ıafi ekki átzt við illdeilur; rumdi þá prestur mjög ríkmannlega og hummaði.

Þeir prestur og Sigurður drukku saman ım kvöldið og fór allt vel á með þeim. Hrepp-ıtjórar og Erlendur drukku saman þrímenníng; ›ar þeim margt á góma og valt á ymsu fyrir ›eim, er þeir hálsuðu hver annan og kystust, ›öa þeir hnakk-rifust svo, að prestur varð að niðla í millum þeirra og mýkja málin. Erlend-ır var eins og þergmál þeirra beggja hrepp-ıtjóranna, og át allt eptir, það sem talað var. Fóku þeir nú allir að verða ölvaðir, gestirnir, ›n prestur drekkur lítið; sáu menn þá, að hann ıjalaði lengi hljóðlega við Sigurð, og vissu menn fyrstu ekki hvað það var, en er á leið kvöldið, ›g Sigurður gjörðist ölvaður, kom það upp, að ›eir töluðu um jarðakaup. Bar prestur það nál upp við Sigurð, að sèr hefði lengi leikið ıugur á einni jörð þar í sókninni og væri sú Hamar; tjáði hann það raunar ekki vera af ágirni fyrir sèr, eða af því hann sæktist svo mikið ›ptir að eiga fleiri jarðir, en hann þegar ætti, ıeldur bæri það til þess, að Hamar hefði fyrr-ım verið í eign lángfeðga sinna, og verið meir ›n 200 ár í þeirri ætt, þar til afi sinn hefði ›kipt henni fyrir tvö kot. Sagði hann Sigurði ánga sögu af öllu þessu, er Sigurður hafði ıldrei áður *heyrt*, svo og frá því, að einn af

forfeðrum sínum, Gunnar, hefði búið þar allan sinn aldur, hýst þar reisulegan bæ, og hefði Hamar þá verið haldinn einhver hin bezta jörð þar í sveitinni. En eptir það hún hefði gengið úr ættinni, hefði henni ár frá ári hnignað, er hún fór að gánga kaupum og sölum, og síðan verið skipt í sundur; — þar sem þau Hlíðarhjón ættu engin börn, mundi svo fara um Hamar eptir þeirra dag, að honum yrði skipt í alla staði millum útarfa, er væri margir, en af lángri tryggð til jarðarinnar gæti hann ekki séð það, að svo færi um hana, þar sem forfeður hans hefðu blómgazt þar. Þá sagði hann, að þau hjón væri ekki skyldug að leifa útörfum sínum fremur lönd, en lausa aura. Sigurður bóndi tók í fyrstu því máli prests mjög fálega, en er prestur hèlt drykknum meira að Sigurði, og hann tók að gjörast ógáður og ölvaður, fór hann heldur að gefa nokkurn svig á um kaupin, og segir að svo geti farið, að hann seli honum jörðina, ef kona sín sè því ráði samþykk; en er prestur verður þess var, að Sigurður gjörist lausari fyrir, gengur hann að sem fastast, og vill að kaupunum sè lokið þegar um kvöldið; segir og, að hann þekki svo konu hans, að hún muni ekki brjóta það á bak aptur, sem hann gjöri; og með því prestur gengur rikt

eptir, en Sigurður því nær óvita af öli, svo fer það fram, að prestur ritar kaupbrèf fyrir jörðinni.

Þegar prestur nú hafði skrásett kaupgjörn-ínginn, biður hann Sigurð að rita nafn sitt undir hann. Sigurður var þá orðinn svo ölvaður, að hann gætti sín ekki að neinu, og kvaðst mundu rita undir hvað eina, sem prestur segði sèr; ekki skeytti hann heldur um að heyra brèfið upp esið, en lèt sèr nægja, að prestur sagði honum igrip af helztu atriðunum; las þá prestur brèfið ipp, og kinkaði þá Sigurður kollinum við hvert ið og drafaði: «eins og yður lízt, elsku faðrinn!»

Þeir voru kaupvottarnir Ögmundur hálfblindi og Erlendur, en prestur hafði þó raunar etlazt til, að Ögmundur alblindi skyldi vera innar, svo að allt væri sem traustast og tveir ireppstjórar undir, en Ögmundur var þá úr ögunni; hafði hann litlu áður lokað augum sín-im aptur, og lá með háblástrum og púi fram i borðið i fasta svefni, og varð hann ekki vakn-nn. En er að því kom, að Sigurður skyldi rita iafn sitt undir kaupbrèfið, sáu menn, að hann ar lítt til fær; er það þá ráðs tekið, að prest-ir lætur hann taka um pennann og stýrir hend-nni á meðan nafnið var ritað, gekk það ekki greitt, því Sigurði skalf höndin, og varð lángt

stryk út úr sumum stöfunum. Þessu næst var brèfið innsiglað og geymir prestur það.

Skömmu eptir þetta gánga menn til svefns, og sefur Sigurður af um nóttina, en er hann vaknar næsta morgun, ránkar hann við sem í draumi, að nokkuð hafi verið talað kvöldið áður um jarðakaup af þeim presti, og man þó ógjörla til, hvað verið hafi; innir hann þá Ögmund hreppstjóra hálfblinda eptir, hvað fram hafi farið, og segir Ögmundur honum sem var, að hann hafi selt presti Hamar, og gjörníngur sá sè innsiglaður, «og undraði mig,» segir hann, «að þú vildir selja svo góða jörð fyrir hálfvirði eða minna, þó eg vildi ekki þá um tala, er mèr kom ekki það mál við, enda er hver fjár síns ráðandi.»

Sigurði brá heldur í brún, er hann heyrði þessi tíðindi, en sèr fátt til úrræða annað en að hitta prest og biðja hann að kaupin megi gánga aptur, er hann hafi ekki verið með öllu rètt gáður; mundi hann ekki hafa þann gjörníng gjört, hefði hann verið með öllu ráði, enda muni konu sinni lítt um finnast.

Hjá presti urðu lík svör, sem hjá embættisbræðrum hans á Gyðíngalandi forðum, að hann sagði, að Sigurður skyldi sjálfur sjá þar fyrir; enda hefði hann ekki gjört neitt, er hann þyrfti -ð iðra. Fór Sigurður við það burt frá Stað,

að hann fèkk ekki rèttíng þeirra mála, og unir hann því allilla, en nokkru eptir heimkomu sína, segir hann konu sinni frá þeim tíðindum, er gjörzt hefði í ferð hans að Stað, og lætur hún hið versta yfir.

TUTTUGASTI OG ANNAR KAPÍTULI.

Þórarinn kemur í kynnisferð.

Það var einn dag um haustið, skömmu eptir þetta og nokkru fyrir veturnætur, að Sigurður bóndi í Hlíð slátraði sauðum, og voru að þeim störfum vinnumenn hans, en griðkonur ...voðu innanúr og hrærðu í blóði. Sigrún var ...á komin heim að Hlíð, og sitja þær fóstrur í ...úni skammt frá blóðvelli og ristu ristla og höfðu ...yrir framan sig hrútshausa mikla og hnífa í ...öndum; var ristlunum brugðið um hornin á ...ausunum, og lètu þær svo hausana halda í ... meðan þær ristu. Sigrún var svo klædd, að ...ún var yzt fata í pilsi einu, mjög slitnu og ...-bættu, og á alla vega litar bætur, sumar ljós-...áar og sumar sauðsvartar, en pilsið hafði

í fyrstu verið dökkblátt, en var þó farið
upplitast fyrir elli sakir, og orðið gráleitt.
rún var og í peisugarmi, heldur töturlegum; l
hún kastað þessum tötrum yfir sig á m
hún var í sláturverkunum, svo hún skyldi
saurga föt sín, en innanundir var hún í h
dags klæðum sínum, peisu og pilsi; húfu l
hún á höfði, og brugðið hárinu uppund
hnakkanum, fèll lykkjan ofan á herðarnar,
fögur, og huldi þær nær því allar. Sitja
fóstrur svo um stund og tala á víð og d
og eru allkátar; tekur þá Sigrún svo til o
«Nú held eg fáir þekktu mig í þessum sk
álengdar, sem ekki væru því nákunnugri
eða ekki hefðu sèð mig svona klædda áður

«Sá væri samt ekki mannglöggur, sem
þekkti þig, fóstra mín,» sagði Þórdís, «altèr
þó hárið á þèr auðkennilegt, eða heldu
hann Þórarinn þinn þekkti þig ekki í þe
tötrum?»

«Ekki held eg það,» sagði Sigrún, og r
aði við.

«Hver veit nema hann komi samt í
mig er farið að óra fyrir því, að hann
bráðum; mèr þykir líklegt, að það líði el
löngu, ef hann á annað borð ætlar sèr að l
hingað.»

Það var eins og við manninn mi

þessu stendur einn af vinnumönnum upp, þar sem hann var að gjöra til einn af sauðunum, gengur með mörinn að troginu, og leggur hann þar samanbrotinn í blóðtrogið, dýfir fingrinum í það og gjörir kross á mörinn til auðkenningar; en er hann ætlar aptur til kindarinnar, sem hann var að gjöra til, verður honum litið til melanna fyrir utan túnið, kallar hann þá og segir: «Þarna koma þá tveir menn ríðandi og reka tvo hesta lausa, og þeyta í loptinu, og er annar á kápu.» Nú standa allir upp og horfa á komumenn, en þá bar að svo fljótt, að þegar eru þeir komnir inn um túngarð, og hleypa þeir þá hestunum engu minna en áður. En er þeir eru komnir heimarlega í traðirnar, kennir Sigrún að þar er Þórarinn, verður henni þá bilt við, og segir í hálfum hljóðum við fóstru sína: «Guð hjálpi mèr, það er þá hann!» — Svo voru þeir Þórarinn þá nær komnir bænum, að Sigrún sèr ekkert ráðrúm til að skjótast inn í bæinn, en fyrir hvern mun vill hún ekki að Þórarinn heilsi sèr þar, og sjái sig svo tötralega til fara, tekur hún það því til bragðs, að hún grúfir sig niður millum púfnanna, en Þórdís húsfreyja gengur heim á hlaðið. Þeir Þórarinn eru þá stignir af hestum, og gengur Þórarinn til húsbónda og húsfreyju og heilsar *þeim með kossi, og* kastar kveðju á hitt fólkið.

Þórdís þekkti vel Þórarinn, og voru þau m
kunnug; tekur hún þá svo til orða:

«Þér megið ekki taka til þess, Þórar
minn, þó við sèum hèrna hálf-sóðalega til fa
þeir geta ekki verið prúðbúnir, sem gáng
ymsu, enda tekur enginn til þess, hvernig
erum, kerlíngarnar.»

Þórarinn kvaðst því alvanur, að sjá fó
hversdagsfötum; síðan bjóða þau hjón hon
inn, og er hann látinn fara í stofu; skýzt
Sigrún til bæjar, kastar sem fljótast tötrun
og býst um, þvær sèr og greiðir hár sitt;
á meðan taka þau hjón og Þórarinn tal í st
og spyrja þau hann almæltra tíðinda, svo
um það, hvernig hann kunni við sig á Suð
landi, og spyr bóndi margs um búskaparhætt
aflabrögð og fleira þesshättar. Loksins gen
húsfreyja úr stofu, og lætur setja mat á b
fyrir Þórarinn; kemur þá Sigrún til stofu,
heilsar hann henni blíðlega. Er nú matur í
reiddur, og gengur bóndi út meðan Þóra
matast; hafði hann og ymsu að sinna við s
urverkin, og verða þær fóstrur einar eptir í st
En er Sigurður er út genginn, gengur húsfr
einnig úr stofu og lítur til Sigrúnar um
en Sigrún skildi það svo, sem fóstra hei
segði: «nú fer eg út, Sigrún mín, en ekki l
þú að hlaupa á dyr fyrir það, ef þið Þóra

eigið eitthvað vantalað, þá er nú tími til þess
að ræðast við. Sigrún varð því eptir í stofunni
hjá Þórarni. Ekki vitum vèr gjörla að segja
frá því, er þau Þórarinn og Sigrún ræddu þar,
og ekki höfum vèr sanna frètt um það, hvort
Þórarinn hafi heilsað Sigrúnu nokkuð rækilegar,
en hann gat áður í skyndingu við snúizt, en
það eitt höfum vèr af spurt af viðtali þeirra, að
Þórarinn sagði Sigrúnu frá fyrirætlun sinni og
ráðagjörðum, kvaðst hann vera þar kominn
í þess að bera upp við þau fósturforeldra
sinnar það mál, er þau hefðu áður sjálf aftalað,
og leita samþykkis þeirra þar til; segir hann,
að þær hinar suðrænu meyjar hafi ekki gengið
sér í augu sèr, að sèr sé snúinn hugur um
ráðahag við hana, og sé það ásetningur sinn
að bindast ekki einkamálum við neina stúlku,
nema Sigrúnu; fer hann þar um mörgum fögr-
um orðum. Sigrún þakkar Þórarni trygð hans
og staðfesti að maklegleikum; segir hún honum
sín, að þetta mál muni auðsókt við fósturfor-
ldra sína, og getur þess, að fóstra sín hafi
verið á um samdrátt þeirra, og hafi hún sèð
fyrir það, er Þórarinn sendi henni; töluðu þau
engi og brugðu ekki talinu fyr, en Sigurður
bóndi kemur í stofu; stendur Þórarinn þá upp
frá borðum og þakkar bónda fyrir beinann. Býst
Þórarinn *nú til brottferðar*, og fylgja þau hjón

honum út á hlað og svo Sigrún, þókti h
kynlega við bregða, er Þórarinn sýnir á sèr
arsnið, en hefir þó ekki talað við þau hjón
einkamálin; en er þau eru öll út komin, v
Þórarinn til þeirra hjóna og kveðst hafa e
við þau, svo að fleiri menn sè ekki áheyra
gánga þau Sigurður og Þórdís með Þórarni
upp á túnið og setjast, og tekur Þórarin
svo til máls:

«Svo er mál með vexti, að hèr í Hlíð
mær ein, sem Sigrún heitir, eru foreldrar he
dánir, og ætla eg að þið hjón sèuð ráðam
hennar, því að þið hafið alið hana upp o
öllu breytt við hana sem foreldrar; nú er
ekki að leyna, að mèr leikur hugur á
þessari, er ykkur það og kunnugt, að eg
nokkurn kunnleik af henni haft, vorum við
stund á bæ saman, og er það skjótast a
segja, að eg hefi heitið að eiga hana, eða
stúlku aðra, ef hún er því ekki mótfallin,
eg fæ ykkar samþykki til; þykir mèr miklu v
hverju þið svarið til þessa máls.»

Þegar Þórarinn lauk máli sínu, varð n
ur þögn á þínginu; litu þau hjón hvort f
aní annað, eins og þau hugsuðu hvort fyrir
«tala þú fyrst, elskan mín!» — en er húsf
sèr, að ekki verður af svarinu Sigurðar, segir

«Hverju ætlar þú að svara þar til, Sigurður
þóndi minn?»

«Eg svara ekki öðru, en þér sýnist,» sagði
igurður, «eða hvað lízt þèr?»

«Fyrst þú skýtur þessu máli til minna úr-
ita, Sigurður bóndi minn!» sagði húsfreyja,
á mun eg segja það, sem mèr býr í skapi,
er það þá fyrst, að það er að vísu satt, að
ki á Sigrún marga svaramenn, en þó er sá
, sem mest varðar um, en það er vili hennar
lfrar, eða hafið þèr, þórarinn minn, spurt
na til ráða?»

«Ekki veit eg það, heillin góð,» sagði þór-
inn, og roðnaði við, «en gjörum ráð fyrir að
o sè, og að þessi ráðanautur sè því ekki frá-
erfur.»

«Þetta mun svo vera,» sagði þórdís, «þið
uð vanir að hafa það svo, karlmennirnir, að
ða fyrst að honum, áður en hinna er leitað,
það mun að vísu rètt, án efa er það forsjá-
ast, og þá er það ekki nema til málamyndar
spyrja aðra, sem hlut eiga að máli; þeim er
sá einn kostur, að «segja amen til allra gjörn-
anna.» En svo að eg sleppi nú þessu, en
ri yður, þórarinn minn, þá er það af mèr að
gja, að eg er fullkomlega samþykk fyrirætlun
kar, fyrst það er ljúfur vili ykkar beggja,
da *sæti það ekki á* mèr, sem lítið eða ekk-

ert hefi gjört Sigrúnu gott, að fyrirmun
það, sem eg sè að er henni til són
munu flestir mæla, ef þessi ráðahagu
að Sigrún heldur seilist í skárri endann
þèr takið upp fyrir yður, og það er
litið er til ástæðanna; hún er umkomu
ætla ekki að segja umkomulaus, en þè
legur maður og líklegur til hamíngju,
gefur yður heilsu; en þó að Sigrún
munaðarlaus, þá er mèr svo lángt til
að ekki mundi mèr falla það lètt, ef h
fyrir brigðmælgi, og segi eg það ekki
að eg haldi annað, en að þèr sèuð s
virður maður, að þèr talið ekki annað,
býr í brjósti.»

«Það þækti mèr illa fara,» sagði þ
«ef nokkur hefði grun um, að eg hefði
undirmál í þessu eða öðru.»

«Eg hefi það ekki,» sagði húsfrey
eg sagði þetta af því, að mèr sýnist þa
farin að tíðkast hin breiðu spjótin;
ekki allir, sem álíta það stórt ábyrgðar
þeir pretti stúlku, ef þeim býður svo
horfa, og í annan stað datt mèr í hug
gæti verið fyrir yður eins og sumum
að þeir ráða ekki altènd við kríngumstæ

«Það er satt,» sagði Þórarinn, «d
líf geta menn ekki ráðið við.»

«Ekki á eg nú svo við það,» svaraði húsfreyja; «dauðinn hefir aldrei brugðið nokkru heitorði karls og konu, en aðrar kríngumstæður eru það, sem stundum slíta trygðunum, til að mynda rógur og bakmælgi óvina, ráð og fortölur vina og vandamanna.»

Þórarinn hugsaði sig um litla hríð, og segir síðan:

«Eg þykist nú skilja, hvar þér beinið að, þó ekki sè talað ljósara; þèr haldið, að vinir mínir og frændur, eða ef til vill tengdamenn, muni verða því mótfallnir að eg eigi Sigrúnu; en eg verð þá að segja yður, að ekki á eg nokkurn þann vin, að eg meti svo mikils, að eg fyrir hans sakir bregði trú minni; frændur á eg fáa, sem eg þekki, eða hefi nokkuð gott upp að unna, nema systur mína, og veit eg það, að hún er heldur fýsandi en letjandi þessa máls. Telja má eg að sönnu mág minn, sèra Sigvalda, með vandamönnum mínum, en ógjörla veit eg, hvort eg á honum mikla velgjörníngа að þakka; hann hefir að vísu komið mèr til mennta, en eg ætla, að þar til hafi hann varið föðurarfi mínum; það veit eg að vísu, að vart mun hann hafa ætlað mèr þetta kvonfáng, en svo að eins hefi eg þetta upp tekið, að eg ætla mèr ekki hans ráðum til þess að hlíta.»

«Þar mun þá fara sem Guð vill,» sagði

Þórdís, «og skal ekki draga yður lengur á þessu máli, og hafið þèr fullkomið samþykki okkar til þess að gánga að eiga Sigrúnu, þegar þèr sjáið yður geta því við komið, eða ertu því ekki samþykkur, Sigurður minn?»

«Jú, meir en og margfaldlega,» sagði Sigurður, «það er ekki að draga hann á því, og það slíkan mann.»

Við þetta skildu þau talið, og þakkaði Þórarinn þeim hjónum með hinni mestu blíðu; en síðan gánga þau öll til bæjar og í stofu, og er Sigrún þá sókt og spurt um vilja hennar, og var það mál auðsókt. Tala þau nú þetta mál betur, og er ákveðið, að það skyldi þó fara af hljóði, og Sigrún sitja í festum, þar til Þórarinn fengi brauð; bjóða þau Hlíðarhjón Þórarni að vera þar um nóttina, en hann vill það ekki, kveðst hann verða að hafa hraða ferð, muni hann verða þrjár nætur að kynni hjá systur sinni, en fara síðan suður, og ætli hann þá að hafa náttstað í Illíð, er hann ríði um.

Nú ríður Þórarinn til Staðar, og er honum þar allvel fagnað, situr hann þar í góðu yfirlæti, og er prestur hinn kátasti, og segir honum mörg tíðindi, sem gjörzt höfðu þar í sveitinni, síðan hann fór frá Stað; getur hann þess og í óspurðum frèttum, hvernig farið hafi um vist Egils í Hlíð, og að þau Hlíðarhjón hafi orðið

koma Sigrúnu þaðan brott, því sá orðrómur
fi þegar verið farinn að leggjast á, að fleiri
nleikar hafi verið með þeim Agli og Sigrúnu,
góðu hófi gegndi, og hefir það í dylgjum,
nokkur tilhæfa muni hafa á verið. Þórarinn
ir því tali, en í annan stað spyr hann vin
n Finn Bjarnason um þetta, og segir hann
arni af hið ljósasta, og kveður það hina mestu
), að Sigrún hafi nokkurntíma viljað líta í
átt, sem Egill var; en satt væri það, að Eg-
hefði farið að Hlíð með þeirri fyrirætlun, að
igrúnar, en er þær fóstrur hefðu orðið þess
r, hefði Sigrún þegar verið látin brott fara.
er Þórarinn hafði verið að kynni að Stað
: nætur, kveðst hann mundu ríða næsta dag
mma, og lætur hann tjóðra hesta sína hjá
. Sigvaldi lætur og sækja hest sinn, og
r hann Þórarni, að hann muni ríða á veg
honum, og ætli hann að fylgja honum úr
inni. Þórarinn telur það úr og segir þess
i þörf, en er hann verður þess vís, að
tur vill ekki láta þá ferð undir höfuð leggj-
sèr hann, að svo muni verða að vera; veit
i þá og, að ef prestur ríður með honum,
i hann ekki geta komið við í Hlíð, eins og
i hafði heitið Sigrúnu, því ekki vildi hann
prestur væri í för með sèr, þá er hann þar
ni; *en fyrir hvern* mun vill hann ekki fara.

svo í brott, að hann efni ekki orð sín; tekur hann því það ráð, að hann talar við Finn, að hann muni ríða með sèr til Hlíðar um nóttina, þegar menn sè gengnir til hvílu, og hafa hljóð yfir, lætur Finnur vel yfir því, og gánga menn nú að sofa á Stað; sefur Þórarinn í svefnherbergi því, er hann var vanur að sofa í, þá er hann var þar, og lagðist niður í fötunum. Finnur háttaði, sem hann var vanur, og lætur á engu bera, en þá er hann heyrir hvern mann í baðstofu hrjóta í sínu rúmi, stendur hann upp og klæðist hljóðlega; fer hann þá ofan stiga og lýkur upp herbergi Þórarins, og fer honum það svo kríngt, að Þórarinn verður ekki var við, fyr en Finnur tekur um fót honum og biður hann upp standa. Tekur hann skó sína og bindur, síðan læðast þeir fèlagar út. Reiðtygi Þórarins voru í hjalli, ólæstum, er stóð þar við bæinn; tekur Finnur þau og svo beizli tvö, en sjálfur hyggst hann að ríða berbakt. Niðamyrkur var á, og mátti ekki sjá handa skil. Þeir fèlagar gánga úr garði, og ætla að taka hestana fyrir utan túnið, en er þeir koma upp fyrir bæjarhúsin, verður Finni litið til baðstofuveggjar, og sýnist honum þar vera flyksa ein mórauð, og á hæð við meðalmann. Finnur segir þá við Þórarinn: «taktu nú við reiðtygjunum og beizlunum fèlagi, og taktu hestana úr

tjóðrinu og legðu við þá, mèr sýnist standa þarna einhver mannræfill, og ætla eg að forvitnast um, hver það er, og síðan kem eg aptur til þín. Þórarinn tók við reiðtygjunum og hèlt til hestanna. En það er af Finni að segja, að hann snýr aptur, og þángað að, sem hann sá manninn, sèr hann þá, að það er Hjálmar Tuddi; kastar Finnur skjótum orðum á hann og segir:

«Hvern skrattann ertú að draugast hèr, Tuddi?»

«Hvern skollann varðar þig um það, Finnur Illskubein? en hver var þarna með þèr?» sagði Hjálmar, «og vil eg nú fá að vita það, hverir þru að stelast út af bænum í blindôsku náttnyrkrinu.»

«Það skaltu aldrei fá að vita, afmánin þín,» sagði Finnur, og greip annari hendinni til Tudda, en reiddi til höggs með hinni.

«Ætlarðu að sálga mèr, eins og þú ert vanur, og sýna mèr svo banatilræði á eptir?» — sagði Tuddi og fleygði sèr flötum niður og setti fæturna upp í loptið, eins og seppi, sem verið er að klóra á maganum.

Finnur stíngur þá hendinni fyrir kverk honum og segir:

«Hèr skaltu láta þitt auma líf, nema þú

segir mèr, hvað þú ert að rölta hèr úti um nætur, og segðu nú satt!»

«Æ, æ, æ, eg held þig varði ekki um það, eiturnaðran, mèr var líka bannað að segja það,» sagði Tuddi og öskraði hástöfum.

«Hefi eg ekki sagt þèr að þegja, óhræsið þitt!» sagði Finnur, og þrýsti hendinni sýnu fastara að hálsi Hjálmari.

«Á, á, þèr er þá alvara að drepa mig? eg skal heldur segja þèr það: presturinn sagði mèr að vaka í nótt, og gæta að, hvort nokkur tæki hestana og færi burt af bænum.»

«Og þú ætlar að segja honum það?»

Já, það gjöri eg.»

«Þá skal eg gefa þèr sögubitann, hróið mitt!» sagði Finnur, og grípur um leið stein einn, hnefastóran, og keyrir upp í munn Hjálmari. Steininn var svo stór, að hann gekk nauðuglega inn um tanngarðinn, og slær Finnur á hann með hendinni, svo hann sleppur inn fyrir tennurnar, en síðan segir hann:

«Hafðu það nú að mínum ráðum, greyið mitt! vertu nú ekki lengur að rjátla hèr úti, ella verður það þinn bani, en leggstu heldur í bólið þitt og hafðu engan hávaða.» Síðan sleppir Finnur honum og hleypur til þórarins, og hefir hann nú lagt á hest sinn; innir hann Finn eptir, hvort hann hafi orðið manna var; lítið mark

segir Finnur að því, að hann hafi mann hitt, «en Hjálmar tudda fann eg í svip, og hefi eg gjört svo ráð fyrir, að hann segi ekki af ferðum okkar að sinni. En það er þessu næst af Tudda að segja, að þá er Finnur sleppir honum stendur hann upp, og vill hann þá mæla nokkuð, en finnur að honum er þess varnað; grípur hann þá til steinsins, þess er Finnur hafði keyrt í munn honum, en steinn sá var ekki laus fyrir, fyllti hann nálega út í allan munninn, og var svo ósleitulega inn rekinn, að hann með engu móti mátti hann brott færa. Nú þó honum væri ekki gott í skapi til Finns, ugsar hann þó, hvað Finnur hafði síðast sagt ið hann: «að það skyldi verða hans bani, ef ann gjörði hávaða nokkurn,» tekur hann því það ráð, að hann gengur til baðstofu og leggst ar niður í rúm sitt og stynur allþúnglega, og vo hátt, að nokkrir vöknuðu við í baðstofu, g kölluðu til hans og frèttu hvað að honum engi, en Tudda varð ekki greiðlegt um svar, og irtu menn ekki um framar að grennslast eptir vort honum væri nokkuð meint, var hann og pt kunnur að greylegum látum. Liggur hann ar svo um hríð, unz hann sofnar.

Nú er að segja af þeim fèlögum, að þeir tíga á bak hestum sínum, og ríða allt hvað eir mega til *Hlíðar*. Myrkur var á og niðdimma,

en samt runnu hestarnir veginn, eins o bjartan dag. Steinarnir fuku úr götunni hagl undan hestafótunum, og eldglæring tindruðu úr skeifunum. Reiðskjótarnir lö fast í taumana, þá er þeir fundu að menn sem sátu á þeim, vildu áfram, og hentu si hvern skurð og torfæru, sem fyrir varð, en svo aptur fimlega til skeiðsins, undir ei slèttara varð undir fæti.

«Upp hálsbrekkurnar megum við ekk eins og gapar, því þá sprengjum við hes sagði þórarinn.

«Það skal vera, en varla mun þèr þyk stundin of löng, sem þú kyssir Sigrúnu,» Finnur, «þó við ríðum greiðt, þar sem vi um,» og í því heyrist hár smellur, Finnur horfinn út í myrkrið, og sèr þó ekki eptir af honum fyr en eptir litla og hyllir þá undir hann hæst uppi á hálsi unni. Nú kemst þórarinn upp hálsinn hvetur þá hest sinn, og stendur sá sp heim á hlað í Hlíð; stökkur þórarinn af og svo þeir báðir. þórarinn biður Fin hann gjöri vart við þá; eru Finni k þar öll húsakynni, og guðar hann á glugg rúmi Sigrúnar, klæðist hún skjótt og kveik og gengur til dyra, síðan vísar hún þó stofu; klæðast þau þá og hjónin, Sigurð

Þórdís, og fagna vel Þórarni, segir hann þeim hvernig hagi til um ferðir sínar, og að hann sé þar kominn til að kveðja þau. Situr Þórarinn þar í miklu yfirlæti um nóttina, og fer vel á með þeim öllum, er það ráðgjört, að Sigrún skuli sitja í festum um sinn, þar til Þórarinn hafi fengið aldur, að hann megi vígslu taka, og hann fái embætti, þá skuli hann vitja heitmeyjar sinnar. Það er aftalað, að Finnur skuli eptirleiðis koma brèfum milli Þórarins og þess ættfólks, og Sigrún fá honum í hendur brèf sín til Þórarins, en Finnur síðan senda Þórarni; jafnókti með þessu betur girðt fyrir það, að brèfin misfærist, en ef þau væri send á skotspónum, og menn vissi hvaðan þau væri, eða ef til vill kæmist í hendur Staðarmanna, er þau grunuðu um græsku. En Þórarinn skyldi koma á hverju hausti kynnisferð að Hlíð, ef hann mætti því við koma. En þegar skammt lifði nætur, búast þeir Þórarinn aptur til heimferðar, og leiða þau ættfólkið hann á götu, og svo Sigrún, og kveðjast þau öll nálægt túngarði; höfðu menn að fyrir satt, að þeim Þórarni og Sigrúnu þækti líkið fyrir að skilja. Ekki segir af ferðum þeirra fèlaga, fyr en þeir koma að Stað, tjóðra þeir aptur hesta sína og gánga til bæjar, og èst þá fyrst brún af degi. Fer Þórarinn til *erbergis síns og* leggst þar niður, en Finnur

gengur til baðstofulopts og að bæli því, sem Tuddi lá í; styður hann þá hendi við Tudda, og vaknar hann með andfælum. Finnur grípur annari hendi um kjálka Tudda, og kreystir svo fast sem hann má; glennist þá munnur Tudda við það mjög svo í sundur; en með hinni hendinni smeygir hann tveim fingrum upp í Hjálmar, og spennir greipum um steininn er var upp í honum, tekur þá Tuddi að brjótast um fast, er hann kennir sársaukans, hnykkir þá Finnur að sèr af alefli, og við það skreppur steinninn út fyrir tennurnar; þá segir Finnur:

«Nú máttu kjapta hvað sem þú villt, því nú segi eg þig ljúga það allt saman.»

Tuddi var þrútinn mjög um kjálkana, því mjög hafði sollið að, meðan steinninn var upp í honum; þó losnar honum nú svo um málbeinið, að hann tekur að blóta og ragna Finni sem ákafast; verður nú hávaði mikill, vakna menn við það í baðstofu, en skipta sèr þó fátt af viðskiptum þeirra Finns; vissu menn og, að opt voru ertíngar með þeim, og lauk svo því máli síðar, að Finnur sagði frásögu hans um steininn lygi tóma. Tuddi gat ekki heldur sýnt neinar jarteiknir þess, að hann hefði verið svo grátt leikinn, nema bólgu í kjálkum og þrota í munni, en það sögðu menn að gæti af ymsum orsökum að borið, töldu það og engan skaða vera.

TUTTUGASTI OG ÞRIÐI KAPÍTULI.

Sama dag um dagmála bil reið Þórarinn frá Stað, og fylgdi prestur honum þángað sem ætlað var; stigu þeir prestur og Þórarinn þar af baki, og sezt prestur í brekku eina og bendir Þórarni að koma; Þórarinn sezt þá og hjá presti í brekkuna, en fylgdarmaður gætir hesta þeirra. Prestur tekur þá úr vasa sínum brennivínsflösku og silfurbikar einn gylltan. Skenkir prestur fyrst á, og drekkur Þórarni til, og rèttir að honum og segir:

«Nú er þá komið að því, Þórarinn mágur, að við skiljumst að sinni, og óska eg þèr fljótrar og góðrar farar heim til þín; en það er eitt, sem mèr þykir vantalað við þig, og vil eg því minnast á það áður en við skiljumst. Þú veizt, mágur, að mèr hefir fremur verið annt um þig lengað til, og ekki öllu síður, en þó þú hefðir verið sonur minn; var það og skylt vegna mágsemda okkar. Þú komst til mín á úngdóms aldri, og varst á ellefta ári, þegar faðir þinn heitinn dó, svo það má kalla þú sèrt uppalinn í mínum húsum, og af því eg sá, að þú varst meira tilleigður til bókarinnar en búskaparins, þá brauzt eg í að koma þèr til læringar; sem venjulegt

var kostaði mig það nokkra fyrirhöfn og d
skildínga, en eg tel það ekki eptir, það ko
góðu, hum, hum; þú ert heiðarlegur dimi
og að svo miklu leyti mætti virðast, sem
ætlunarverk sè úti, en eg hefi þó einh
tíma hugsað nokkuð lengra fram í veginn
hagi þína, og eg hefi, ef til vill, látið þig
í það, að sú litla umönnun, sem eg hefi
fyrir velfarnan þinni, væri ekki á enda, e
vildir hafa mín ráð og tilstyrk, eins og hi
til, og því dettur mèr nú í hug, bróðir g
að spyrja þig: hvað hugsar þú nú fyrir
framvegis?»

«Eg hefi nú lítið hugsað fyrir því enn
sagði Þórarinn, «en þó veit eg ekki betu
að eg verði næsta ár þar sem eg er,
sem lengra verður; að vísu hefir sýslum
talað að því við mig, og eg ber ekki á
því, að eg hafi lofað því, að fara ekki
frá honum.»

«Eg er vel ánægður fyrir þína hönd,
arinn mágur, að þú sèrt þar næsta ár,»
prestur, «og vona eg að mín ráð hafi
orðið þar til óhagræðis, þegar eg rèði þig þ
að, en á meðan maður er úngur og upp
andi og á ef til vill lángt líf fyrir hendi, v
maður að hugsa lengur fyrir sèr en eit
Þú ert nú á fjórða árinu um tvítugt — þá

bændasynirnir, sem eitthvað hugsa, að líta í kríngum sig eptir konu og bújörð, presta-efnin hvernig þeir geti fljótast komizt til embættis, og svo framvegis, og þar að mun reka fyrir þèr. Það eru fáir, sem þetta allt kemur svo að kalla sjálfkrafa upp í hendurnar á, jörðin, konan og embættið, og sízt er þess að vænta, að þeim bætist það fyrirhafnarlaust, sem fáa eiga að, eins og þú mágur, því ekki tel eg að þú eigir aðra aðstoðarmennina, en okkur systur þína, eða hafir átt; en hvað um það er, eg fer nú að gjörast gamall og letjast við prestsverkin og bús-umsvifin; ekki er það fyrir það, nógir eru til, og þökkuðu mèr, ef eg vildi taka þá inn í brauðið, en hver veit nema þú verðir þó hlutskarpastur, eða hverju mundir þú svara, ef eg byði þèr að verða kapelán hjá mèr með þolanlegum kostum, hum, hum?»

«Eg mundi,» sagði Þórarinn, «svara því, að mèr þækti vandi velboðnu að neita, en hverir mundu þá kostirnir verða?»

«Viðunanlegir,» sagði prestur, «ekki er um annað að tala; sjálfsagt þriðjúngur af öllum föstum tekjum, hálf extraverk, og staðurinn hálfur, fyrst til ábúðar og líklegast allur bráðum, með ofanálagi, sem okkur um semur, og þá, ef til vill, þess ekki lángt að bíða, að eg segði af mèr, ef eg sæi við hentugleika, að þú gætir

fengið brauðið, því menn hafa nú o
svo, þegar menn hafa viljað, að ei
brauðið eptir sig, að segja af sèr,
sæi að því yrði laglega við komið, að
það, eða maður hefir átt kunníngja,
ur hefir getað stuðt að því; kallarðu
bærilega kosti, mágur? — eg vona þ
eg vil þèr ekki úr hendi, hum, hum.

«Þessa kosti kalla eg góða,» sagð
«ef ekki fylgja nein skilyrði önnur.»

«Sjálfsagt er skilyrðið að vera m
og eptirlátur, eða kallar þú það
— hum, hum! — þó eg lèti konu
fylgja með — hum, hum,» — sagði

«Ekki mundi það mega teljast
um,» sagði Þórarinn, «ef þèr hefðu
að bjóða, sem eg gæti fellt mig við

«Ekki skal eg ráða þèr til an
fángs, mágur, en þess, sem eg
sæmandi,» sagði prestur, «og er
leyna, að svo framarlega, sem þú
ráðum fylgja, þá hefi eg ætlað þè
frændkonu; það tel eg hverjum man
konu, sem eitthvað hugsar til að ge
áreiðanlegt konu-efni, vön búsýslu,
ráðin, og efni nokkur; föðurarfur he
mèr og honum svara eg út.

Er það þá skilyrðið,» sagði Þórarinn, «fyrir þelánsdæminu, að eg eigi hana?»

«Að vísu,» sagði prestur, «það er skilmáli, eg ætla að hann sè því að eins settur, að sè að þèr er það sjálfum bezt.»

«Ekki þarf þetta mál þá lengur að ræða,» gði Þórarinn, og stóð upp allskyndilega, «það yður skjótt af að segja, að aldrei á eg Guðnu, og vinn það eigi til nokkurs hlutar að ra svo á móti skapi mínu, og meira að segja, þèr ættuð ráð á Odda eða Grenjaðarstað, öllum hlutum góðum með, og gæfuð mèr ð, þá á eg hana aldrei, og er það vel að eg gi yður það nú einusinni í alvöru, en ekki það svo, sem eg viti ekki, að þetta hefir ur verið vili yðar að binda mig þar við borð, þèr hafið ekki talað það fyr svo berlega.»

«Mikið tekur þú af, Þórarinn minn,» sagði ra Sigvaldi og glotti við, «seztu niður aptur igur, og tölum þetta betur; það er svo heitt èr blóðið stundum, að þú gætir þín ekki, en gar þú stillist og af er mesta hitan, þá ertu svo hygginn, að þú sèr hvað er ráð og ó-ð, en óráð tel eg það, að hafna sæmilegum ðum þeirra, sem vilja þèr vel.»

«Þau boð eru banvæn,» sagði Þórarinn, g eg geng aldrei að þeim, það er ekki til *ins að tala um* það við mig aptur.»

«Mundir þú þá heldur taka boðum mínum,» sagði prestur og glotti við, «ef eg byði þér Sigrúnu þorsteinsdóttur fyrir hjákonu, og það með, að við gjörðum upp reikníng okkar í góðu tómi?»

Þórarinn var maður skapbráður og reiddist skjótt; en við þau orð, er prestur sagði, setti hann dreyrrauðan og segir síðan:

«Ekki þurfið þér, mágur minn, að minna mig á Sigrúnu, allt er það meinalaust af minni hendi, og þar sem þér talið um reikníngа okkar, þá er eg þess allfús, að þeir sè gjörðir sem glöggvastir, en vita skuluð þér það, að eg mun nokkra vitneskju af hafa, hvort þér hafið með öllu gefið mèr uppeldi mitt, og engum sæti eg afarkostum fyrir þær sakir.»

«Til þess mun þá hætt verða, þórarinn minn, að gjöra þá svo glöggva sem má, ef ekki skipast á aðra leið, eins um þá og kvonfángs fyrirætlanirnar,» sagði prestur og glotti enn við.

«Ekki ræði eg nú meira um þetta,» sagði þórarinn, «og fari viðskipti okkar hèr eptir sem málavextir eru til! — og verið þèr nú sæll, mágur.»

Síðan gekk hvor þeirra mága til hests síns, og skildust í styttíngi; ríður sèra Sigvaldi heim til Staðar og sezt í bú sitt, og sèr enginn maður annað, en að hann væri hinn kátasti.

Þórarinn ríður leiðar sinnar, og tekst honum vel og greiðlega, unz hann kemur að B. . ., en heldur var hann daufur og fámálugur um hríð, eptir að hann kom úr kynnisför þessari.

TUTTUGASTI OG FJÓRÐI KAPÍTULI.

Skömmu eptir að Þórarinn er suður riðinn, stendur Dreyri einn morgun á hlaðinu í Blíð, reiðtygjaður og tyggur mèlin. Þórdís húsfreyja er sezt í söðulinn, og lagar til á sèr fæturna á fótafjölinni, en Sigurður bóndi hagræðir fötunum, og bregður sessubandinu utan yfir. Sigrún stendur á hlaði, húsfreyja lútir fram úr söðlinum og kyssir hana og bónda sinn, blakar keyrinu á hestlendina, Dreyri hringar makkann og tekur til fótanna.

«Hvert skal ríða, húsmóðir?» sagði Árni.

«Til Staðar er ferðinni heitið,» svaraði húsfreyja, «og ríddu greiðt þar sem þú getur.»

«Það skal vera,» sagði Árni.

Þau Þórdís og Árni komu að Stað um hálegisbil; *er prestur* á gángi úti á hlaði, og er

hann sèr þau koma í traðirnar, kennir hann þegar Þórdísi, og segir við sjálfan sig: «hum, hum, nú mun vera ætlað til einhverra stórræða;» síðan gengur hann móti Þórdísi og fagnar henni með hinni mestu blíðu, tekur hana úr söðlinum og kallar hana heillina góða í hverju orði, leiðir hana svo í stofu og biður hana þar velkomna vera. Þórdís er og hin kátasta, en hugsar samt með sèr: «Guð láti gott á vita, þess væri óskandi að við sèra Sigvaldi yrðum jafngóðir vinir áður við skildum. Situr Þórdís um hríð í stofu, og tala þau prestur hitt og þetta um það er tíðindum þókti sæta; segir þá Þórdís, að hún muni gjöra sig heimakomna og gánga til baðstofu og heilsa prestkonu, en síðan muni hún biðja prest að tala við sig, og hafi hún lítilfjörlegt erindi við hann. Prestur segir henni það guðvelkomið, að hann hlýði á erindi hennar, hvenær sem hún vili það flytja, leiðir hann nú Þórdísi inn á baðstofulopt til konu sinnar og segir, að þar sè komin sóma- og heiðurskonan Þórdís sín frá Hlíð: «þú verður eitthvað að beina henni, gæzka! og láta henni ekki leiðast þá stundina, sem hún stendur hèr við, það er ekki svo opt, sem hún kemur misreitis, góða kona, hum, hum.»

Þær Þórdís og prestkona voru eins og

áður er um getið, allgóðar vinkonur, og tekur prestkona henni vel, er Þórdísi þar veittur beini góður, og tala þær konurnar lengi hljóðlega. Vissi Þórdís, að prestkona var í vitorði um einkamál þeirra Þórarins og Sigrúnar, og að henni var allkært að sá ráðahagur tækist, og segir hún henni því frá viðræðum þeirra Hlíðarljóna, og lætur prestkona vel yfir, en segir iptur Þórdísi, hverja fyrirætlun prestur hafi um iptumál Guðrúnar frændkonu sinnar, en aldrei afi sèr verið það að skapi, að Þórarinn bróðir inn ætti hana. Þórdís býst þessu næst til rottferðar, en kveðst þó verða að tala nokkuð ið prest áður hún fari; er henni sagt, að hann è í stofu, og gengur hún þángað; prestur isar henni til sætis öðrum megin borðsins, n hann sjálfur lætur leika lausu við, gengur m gólf í stofunni og er hinn glaðasti. En r Þórdís er niður sezt, tekur hún svo til máls:

«Undarlegar þóktu mèr, prestur minn, verða ıálalyktirnar hjá ykkur hreppshöfðíngjunum við arlinn hann Bjarna gamla á Leiti.»

«Þar voru orsakir til, heillin góð!» sagði restur, «miklar orsakir, skaðræðismaður Bjarni, um, hum.»

«Eg vænti ykkur hafi þókt það nægar orakir,» sagði Þórdís, og brosti við, «hafi hann yst ofan um meðhjálparann; en margur heíir

nú gefið öðrum í öskjurnar, og er ekki vísað úr kór eða settur út af sakramentinu, og hafi hann þá átt hendur sínar að verja, og honum verið veittar árásir að fyrra bragði, sem líklegt er að verið hafi, því enginn veit annað um hann, en hann sé spakur og óáleitinn karlhróið, ef hann er ekki áreittur.»

«Það er hneyxlið, heillin góð, í söfnuðinum, sem verður að vandlæta, öðrum til viðvörunar; það segist ekki lítið á því, að ráðast á saklausa menn, og jarðvarpa og misþyrma þeim, hum, hum; það yrði fagurt afspurnar, ef það færi að tíðkast, og þeir, sem það gjörðu, slyppi vítalausir,» sagði prestur með mikilli alvörugefni.

«Og svo er það,» svaraði þórdís, «ef það færi þá ekki svo fyrir ykkur, blessuðum, um hneyxlanirnar og vandlætið, að þið síuðuð mýfluguna en svelgduð úlfaldann stundum, höfðingjarnir.»

«Þú segir altènd eitthvað, þórdís mín, hum, hum, og eg bar mig að því að miðla málum, eins og eg hafði vit á, að hvorum tveggja væri sem vanvirðuminnst, og þetta lagaðist allt á endanum; karlinn fær nú sakramentið, þegar hann vill, og maðurinn yðar gjörði gott úr öllu, og borgaði þessa skildínga fyrir hann.»

«Það skyldi nú aldrei verið hafa, hefði eg mátt ráða, að hann hefði borgað nokkurn skild-

ing fyrir hann,» sagði Þórdís, «en það er nú komið sem komið er, og líklegast að hver hafi það, sem hann hefir hlotið, Grímur skellinn og skildingana, Bjarni útlátin og ánægjuna, og piltarnir gamanið, og þar með sè þessum málum lokið. — En ekki var það raunar það, sem eg ætlaði við yður að tala, prestur minn! heldur hitt: Sigurður bóndi minn beiddi mig að taka hjá yður blaðsneypu, sem óvart hefði orðið eptir hjá yður, þegar hann kom hèr síðast, það er ekki vert að það flækist víða.»

«Hvernig stendur á því, heillin góð?» sagði prestur, «eg held hann misminni það, að hann hafi skilið hèr eptir nokkurt brèf, nema það sem við vissum til báðir, kaupbrèfið okkar fyrir kotinu, hann á víst ekki við það.»

«Það getur verið, þèr kallið það kaupbrèf,» sagði Þórdís.

«Eg skal segja yður, heillin góð! þèr vitið það, ef til vill, ekki eins og það er,» sagði prestur ofur-ísmeygilega: — «það er reglulegt kaupbrèf, með nafni Sigurðar míns undir og innsigli, item tveggja viðverandi kaupvotta; hann gjörði það frjáls og óneyddur að selja mèr kotið.»

«Ekki veit eg það, hvort það er undirskrifað af mörgum eða fáum, en hvort sem nú heldur er, þá er það nú þetta brèf, sem við

ætlum hjónin að biðja yður, prestu
skila aptur; við höfum svo lengi átt
við ætlum ekki að farga honum,
þurfum þess ekki með.»

«Og verið þér að gamna yður,» I
sagði prestur hálfhlægjandi, «eg ge
að gjöra það ónýtt, sem búið er að
anlegt og skriflegt; eg held líka,
að þér þurfið ekki að iðrast eptir þe
þetta er ekki sem höfuðbólið sè, h
það er túnskikinn þar, sem teljand
niður níðt og úr sèr gengið á allai
og eins og eg sagði honum Sigurði n
var ekki til neins fyrir ykkur, gömi
vera að halda í þetta kot, eptirgjal
muna, og því haldið þið, meðan þ
kostnaðurinn að rètta það við, þegar
lendir á kaupandanum; það er or
annars en byrðar og andstreymis, a
ar jarðir í misjafnri ábúð, hum, hui

«Ef jarðar skinnið er svo óný
vert, sem þèr segið, prestur minn,»
stillilega, «þá er heldur ekki ept
slægjast.»

«Annað mál er það, þó mèr kyr
eitthvað úr kotinu, því eg hefi, ef
ráð, sem Sigurður minn ekki hefi
á það viðunanlegri byggingu, þega

ıtundir; en það er bæði, að Sigurður minn er
ıginn eptirgángsmaður, og svo eru þeir skil-
nálar milli þeirra þóris, sem hann á bágt með
ð raska, en að öðru leyti veit eg ekki, hvað eg
ynni að gjöra fyrir vild og vináttu, ef þið sæið
vo mikið eptir koti þessu; hver veit nema eg
ıli ykkur það aptur fyrir það verð, sem okkur
m semur, og eg sæi mig vera skaðlausan af.»

»Mèr þykir þèr, prestur minn, bjóða góða
ısti, þar sem þèr segist ætla að selja okkur
ð, sem við eigum sjálf, og þèr eigið ekkert
eð, ef við ekki verðum rænd rètti okkar, og
·st eg nú á annað borð er farin að segja það,
m mèr býr í brjósti, þá skuluð þèr vita,
estur minn, að eg álít það enga sölu, þó þèr
fið tælt Sigurð bónda minn til þess að setja eða
a setja nafn sitt undir þetta skjal, sem þèr
llið kaupbrèf; þèr vitið sjálfur bezt, hvernig
ð atvikaðist, og þarf eg ekki að ·hafa það
p, svo eg gjöri hvorugum ykkar vanvirðu;
það segi eg yður fyrir fullt og fast, að blað-
eypuna vil eg fá, til að rífa hana sundur, þá
þessu máli þar með eyðt, og þarf þá hvor-
ur ykkar að hafa vansæmi af; bóndi minn
rf þá ekki að hafa mínkun af því, að hann
fi látið gjöra sig að óvita, og þèr, prestur
nn, ekki af því, að hafa auðgað yður af ann-
ı fávizku.»

Presti þókti að sönnu Þórdís taka að gjörast harðla djarfmælt, þó virtist Þórdísi honum ekki bregða, að öðru en því, að í kinnar hans færðist svo sem gómstór blettur af roða, og hann fór nokkuð örara en áður að sjúga pípu sína, og humma tíðara en hann var vanur, og spýta optar, en ekki heyrðist á mæli hans, að honum þækti fyrir, og segir hann nú af mestu stillingu:

«Ekki er eg maður orðsjúkur, og mun eg láta hvern ræða hèr um sem honum líkar; fjarri fer því, að eg kalli Sigurð minn í Hlíð óvita, enda hygg eg flestir muni halda það, að hann sè fjár síns ráðandi, og sízt munuð þèr verða til þess, heillin góð, að bera á móti því; en hafi hann ekki verið rètt gáður hèrna um kvöldið, þegar hann seldi mèr kotið, þá átti eg ekki að sjá fyrir því, og það er yður í stuttu máli að segja, Þórdís mín, að ekki læt eg kaupbrèfið fyrir Hamri af hendi, en lofi Guð mèr að lifa, ber eg mig að dragnast suður að sumri og þinglýsa þar kaupinu fyrir kotinu á alþingi, hum, hum, eins og fyrir öðrum parti, sem eg eignaðist um daginn, en alla skilmála mun eg og mínir erfingjar halda, svo sem að láta heiðurlegan og hans standi samboðinn stein á leiði Sigurðar míns, og borga yður og erfingjunum það sem áskilið er.»

Þórdís stóð upp skjótlega frá borðinu, og var auðsèð, að henni var þúngt í skapi, og segir hún, í því hún kræki að sèr hempu sinni:

«Það mun þá fara um viðskipti okkar, prestur minn, sem Drottni þóknast; það getur verið, að yður takist það með prettum og ofríki, að koma fram rángindum yðar, og svæla út af okkur þessa einu jarðarþúfu, sem við eigum, eins og þèr ætlið yður, og segi eg það nú, svo mátulega margir heyra til: það er líkast til að fleiri verði yðar fylgismenn, þó illt mál sè, en okkar, sem engan eigum að, þó eg viti, að Guð hafi stundum gjört það, að rètta upp öngla hinna illgjörnu, hversu veiðilegir sem þeir voru, og látið hina ágjörnu draga upp þöngul fyrir þorsk; en fari svo, að þèr berið sigur úr þessum málum og vèlið af okkur jörðina, þá bið eg yður að njóta eins og þèr hafið aflað, en óheimildarmann lýsi eg yður fyr og síðar að hverri þúfu í Hamars landi, sem þèr eignið yður, og það segi eg yður, að kaupbrèfið, sem þèr svo kallið, tek eg, hvenær sem eg næ því, og hvernig sem eg get, þegar eg fæ færi á, og með hverskyns brögðum sem eg get.»

«Því trúi eg dável,» sagði prestur og glotti við, «ef það lægi á glámbekk, eptir því sem yður hafa farizt orð, Þórdís mín, en það er líklegt, að það vili svo til, að það verði geymt.»

«Það er líklegt,» sagði Þórdís, «þeir þurfa að fela sem stela.»

Við þessi orð gekk Þórdís út úr stofunni mjög skyndilega, og gætti þess ekki, fyr en hún kom í bæjardyr, að hún hafði skilið eptir hanzka sína og keyri á stofuborði, gat hún þá ekki fengið sèr geð til að biðja prest að ljúka upp stofunni, svo hún gæti tekið þetta, og skilur hún það eptir viljandi. Þá er hún kemur út á hlað, sèr hún, að Árni vinnumaður stendur þar á hlaðinu, og kallar á hann og biður hann að koma með hest sinn þar að stèttinni. Prestur fylgdi Þórdísi út, og sá ekki á honum annað, en ekkert hefði milli borið, leiðir þá Árni Dreyra að stèttinni, og segir prestur: «eg ætla nú, heillin góð, að hjálpa yður á bak,» og gengur hann að hestinum. Þórdís ansar því engu, en í sama bili grípur hún annari hendi um söðulbríkina og setur annan fótinn í fótafjölina, og kippir sèr svo upp í söðulinn; kastar þá prestur kveðju á hana og segir:

«Farið þèr alla tíma vel, Þórdís mín! eg óska yður góðs og manninum yðar.»

Í þessu tekur Dreyri til fótanna, en prestur heyrir, að Þórdís svarar uppá kveðju hans, í því hún fór af stað:

«Eg óska yður einkis, eg óska yður hvorki góðs nè ills.»

Eptir brottför Þórdísar gengur prestur aptur til stofu sinnar, og verður honum það fyrst fyrir, er hann þángað kemur, að hann tekur upp úr vasa sínum lykla sína að skápnum mikla, er áður er nokkuð frá sagt. Þar geymdi hann í ræður sínar, en eitt draghólfið í skápnum var ætlað fyrir eignarskjöl prests og önnur áríðandi brèf hans og penínga; sannaðist það því á þessum skáp, sem er þó sjaldgæft, að hann þjónaði jafnt Guði og Mammoni. Prestur lýkur upp maurahólfinu, og tekur þar nokkur eignarskjöl sín, og þar á meðal kaupbrèfið fyrir Hamri; flettir hann því sundur, les það vandlega og leggur svo niður aptur, og brosir í kamp og hummar. Það vitum vèr ógjörla, hvað honum hefir þá dottið í hug, hvort það hefir heldur verið sú hugsun, að hann þar hefði safnað sèr fjársjóð, sem mölur og ryð gæti ekki grandað, eða hitt, að honum fórst eins og mörgum, sem hafa einhvern þann hlut undir höndum, sem þeir eru miðlúngi vel að komnir, að þeir eru nálega aldrei óhræddir um hann, nema þeir horfi alltaf á hann, svo hann gleddist nú af því, að sjá kaupbrèf sitt vel og vandlega geymt.

En af Þórdísi er það að segja, að hún ríður heim til Hlíðar; var hún allfátöluð á leiðinni og orti lítt orðum á fylgdarmann sinn. Fyrst þegar hún skildi við prest, var hún reið

mjög, en er nokkuð leið frá tók hún að hugsa mál sitt, og virtist henni all-þúnglega horfa, og gjörðist heldur ókát, og svo hefir Árni fylgdarmaður hennar frá sagt, að honum sýndist stundum sem hvítt hagl hrjóta af augum hennar; var hún stundum föl sem nár, en stundum setti hana dreyrrauða. Þau þórdís komu að Hlíð að áliðnum degi, og lætur húsfreyja þá ekki bera á ógleði neinni; segir hún síðar bónda sínum frá viðtali þeirra prests, og kvað hann sèr ekki koma það á óvart, að svo hefði farið sem hann grunaði. Ekki gjöra þau hjón ráð fyrir málatilbúníngi; vissu þau og ógjörla, hvernig með skyldi fara, en opt hafði húsfreyja um þessar mundir áhyggjur stórar.

TUTTUGASTI OG FIMMTI KAPÍTULI.

Sigurður leggst veikur og andast.

Sigvaldi prestur situr nú í búi sínu um hríð, eptir samtal þeirra þórdísar, og er hinn glaðasti. En það er nú að segja frá Sigurði í Hlíð, að nokkrum tíma eptir að húsfreyja var

omin aptur úr ferð sinni að Stað, tekur hann
ótt, og þó hæga í fyrstu; er hann á fótum
okkra daga, svo hann þjáist ekki mjög, en þó
emur svo um síðir, að hann má ekki fylgja
ötum, og leggst hann sjúkur til fulls; elnar
onum sóttin dag frá degi. Í þann tíma voru
áir menn á Íslandi, þeir er lærðir voru til
læknismenntar, eða þá sýslu hefði af konúngs
hendi að lækna sjúka menn, en margir voru
þeir klerkar og leikir menn á landi hèr, er feng-
ist við lækníngar; höfðu sumir numið þá íþrótt
f bókum, en sumir af öðrum mönnum; var
að sannast að segja um lækna þessa, sem opt
ann verða, að misjafnir sauðir finnast í mörgu
, voru sumir að nokkru nýtir, en sumir blönd-
ðu læknislyf sín eða höfðu við þau yms hind-
rvitni og galdrakukl; var það og alltítt um
júkdóma þá, er ekki voru algengir, og menn
ildu eigi orsakir til, að þeir voru kenndir
öldrum og gjörníngum, sendíngum eða ættar-
lgjum, en við þær meinsemdir, er menn
èldu berlega af þeirra völdum, þóktu aðrar
raunir ekki tækilegri en að leita þeirra manna,
r líklegir voru til að geta rekið þá fjanda af
öndum sèr. Draugarnar voru þá annaðhvort
ettir niður í eitthvert holt eða hraun, gil eða
jótu, og þókti þar jafnan vera reimt síðan,
ða *menn sendu* þá aptur til þeirra, er í fyrstu

höfðu vakið þá upp, en sá var opt hinum jafnsnjallur í kunnáttunni, og bar þá svo tíðum til, að þeir sendust á draugum, líkt og góðir kunníngjar nú á dögum láta hlaupa brèfmiða millum sín, er þeir geta eigi fundizt. Ekki leitaði Þórdís húsfreyja bónda sínum lækníngа, enda voru engir læknar þar í nágrenni, en hún stundaði hann með þeirri kostgæfni og alúð, sem henni var unnt; var húsfreyja margfróð, og hafði tekið eptir ymsu, er lækníngar snerti, en aldrei hafði hún lagt mikla trú á hindurvitni eða hègóma í þeim efnum; reyndi hún nú og það, er henni þókti líklegast, og hún hafði sèð viðhaft í eins háttuðum sjúkdómum, sem henni virtist sótt bónda síns; leið svo fram nokkra daga, að ekki skiptist til batnaðar um heilsufar Sigurðar, en eptir það tók sjúkleiki hans að snúast á undarlegan hátt, mátti hann nú nálega enga værð fá, en þá sjaldan hann fèkk svefnhöfga nokkurn, hafði hann drauma illa og vaknaði þá með ráðleysi og órum, fylgdi þar með hræðsla mikil, ofsjónir og ofboð, svo að varla mátti hann haldast í sænginni. Þórdís húsfreyja vakti yfir bónda sínum nætur og daga, bjó hún sèr til flatsæng eina fyrir framan rúmstokk bónda, og lá þar, svo hún ætti hægra með að líta til hans, er hann vekti eða þyrfti einhverrar hjúkrunar við. En þegar hana sigraði svefn eða þreyta,

ún gat ekki lengur vakað, tók Sigrún við
nni, og vöktu þær fóstrur þannig til skipta
dægrum.

»að var eina nótt, um það leyti sem menn
flestir gengnir til sængur í Hlíð, að Þórdísi
i svefn; tók hún þá nokkur sængurföt og
niður í rúm eitt, sem var þar frammi á
u og jafnan var auðt; hugði hún, að hún
betur sofnað þar en inni í svefnherbergi
hjóna, og segir hún Sigrúnu að kalla til
ef nokkuð beri það til, er hún geti ekki
)ið. Og er húsfreyja ætlar niður að leggj-
ieyrir hún, að þuríður kerlíng vakir; svaf
ar í næsta rúmi, sem fyr, um þveran gafl,
örðist nú gömluð mjög, var hún þá hálf-
að aldri; hlustar húsfreyja, hvort hún
hana mæla nokkuð fyrir munni sèr, sem
afnan var vön, er hún vakti. Verður hún
þá vör, að þuríður les nokkuð fyrir munni
og er hún hlerar betur, heyrir hún öll
il, og að þetta er kvöldbæn kerlíngar, er
ylur, og var þetta eitt þar af:

Ó Jerúsalem, upp til þín
önd lángar mín,
þú sem í gullinu glóir og skín
með guðvefs lín,

þar muntu birtast börnum þín
með berjaskrín,
gleymd er öll pín,
gleður þau vín,
já vín, já feiti og vín.

Þessu næst býst hún til að leggjast útaf, en síðan les hún:

Guðs engil til höfða og fóta
hefi eg mèr til unaðs bóta,
Pètur og Páll á miðri mèr!
en marghataður Lussifer
flæmist aptur fyrir skut,
já skut.

Þórdís vill ekki, að þuríður verði vör við komu sína, og læðist hún ofur hægt og leggur sig í fötunum útaf í rúminu, þar sem hún hafði ætlað, og í þann enda rúmsins, sem nær var rúmi kerlíngar, svo að ekki var nema brík ein á millum þeirra. En þá er kerlíng hefir lesið þulur sínar, þegir hún um hríð, og verður Þórdís þess vís, að kerlíng getur eigi sofnað; tekur hún þá að tauta við sjálfa sig í hálfum hljóðum, og heyrir húsfreyja, að það er því líkast, sem hún ræði við einhvern, og tveir tali saman, spyr annar, en hinn svarar og eru í hróka-ræðu; og þó að kerlíng talaði lágt,

yrir hún eigi að síður hvert orð, og tekur rlíng þá svo til máls:

«Hvernig ætla húsbóndanum hèrna líði ina?«

«Og það er allt við það sama, óráðið og köpin aðra stundina, hörmúngarnar, hrellíng- nar og harmkvælin þess á millum.»

«Er honum leitað nokkurra ráða?»

«Og það lætzt vera að leita honum ráða, ráða! en hver eru þá ráðin? já það eru ráðin, þær sitja þarna og rorra uppi yfir honum, ekki verður því að vegi að reyna til að ma af sèr bèaðri ei þó sendíngunni, — fyrir- fðu mèr að eg blóta!»

«En það mun sumsè ekki eiga að vera ndíng?»

«Ónei, ekki vill það heyra það, og þó er ð sendíng; hún gengur hèrna eins og grár ttur á hverju kvöldi, og lítur öldúngis eins út hún Hamars-Skotta, sem fylgdi Hvamms- kinu í mínu úngdæmi; já, mikið var þá um augagáng hèr í sveitinni, Drottinn minn! þá ru þeir hèr: hann Móri og hann Goggur, og ndinn hún Hamars-Skotta, og liðið sem henni gdi; hún drap einusinni þar í Lundi fjórar árstu ærnar í húsinu á einni nóttu, og slig- i bleikmóalóttan kapal, mesta úlfaldagrip, *aut baðstofuhurðina*, stal ketinu af ránum úr

eldhúsinu, og sleikti ofan af trogunum og fór ofan í dallana, — kröptugur er hann Satan, sá bèaður týranni, í börnum vantrúarinnar — fyrirgefðu mèr að eg blóta! — þángað til hann þorvarður heitinn kom henni fyrir og setti hana niður í honum Skrattahvammi; væri hann kominn hèr, eða annar eins maður, þá væri hann ekki lengi að sjá fyrir þessari sneypu; — og þá var hann Móri fallegur, hann drap nú sumsè kúna á básnum þar á Leiti, nýborna og bráðfeita, en hann setti hann nú niður líka, það var maður, sem kunni fyrir sèr.»

«En hver ætli nú hafi sent þenna skratta hingað?»

«Hver nema hann Grímur, hann hefir fengið einhvern til þess.»

Þórdísi leiddist að heyra þetta rugl þuríðar, og segir því hátt við þuríði: «þú heldur fyrir mèr vöku með ruglinu í þèr, þuríður gamla, enda held eg það sè ekki þarflegt hjal, sem þú ert að tauta við sjálfa þig.» Þá segir þuríður: «þú hefir þá lagt þig þarna, Þórdís mín, eg var ekki að tauta neitt, nema bænirnar mínar, eins og eg er vön, kelli mín, og nú fer eg að sofa. Síðan þagnar kerlíng, en er hún hafði þagað litla hríð, heyrir Þórdís að þuríður tautar enn nokkuð og segir:

«Nú les eg seinast bænina um það sjó

sú nöfn: Fyrsta Domino, annað Meus, iðja Messias, fjórða Rabbuni, fimmta Emaiel, sjötta Lávarður, sjöunda Benidictus, þessi sjö nöfn set eg yfir mèr og undir og t um kríng, og milli mín og allra minna óia og djöfulsins erindsreka, amen.»

Að svo búnu sofnaði þuríður, en ekki varð sfreyju svefnsamt, og getur hun ekki sofnað, það mest af þeim orsökum, að henni flugu iug ymsar hugsanir. Að sönnu lagði þórdís gan trúnað á ræðu kerlíngar, og virti það m óvita hjal og hègylju, en samt gjörði það o mikið að verkum, að hjá henni vaknaði umgsun um sjúkdóm bónda síns, og gjörði ð henni því meiri óróa, að hún var nú í einmi, og setti sèr fyrir sjónir, hver endalok ikindi hans kynnu að hafa, fannst henni þá m hana óraði fyrir, að þessi sótt mundi leiða nn til ·bana. Hún ímyndaði sèr sorg sína tir hann, og hver bágindi hún mundi komast þegar hún yrði einstæðíngur og ætti að berjt við ymsar þrautir í ekkjustandi. Þá datt nni og í hug, hversu óforsjálega þau hjón fðu breytt, að þau höfðu ekki neina ráðstöfi fyrir fjármunum sínum, ef annarshvors isti við. Það sárnaði henni mest, að henni nnst allt líta svo út, sem meginhluti fjármunna eptir Sigurð bónda mundi falla í hendur

sèra Sigvalda, en honum unni hún síz
manna nokkurn penîng af þeim að haf
gramdist henni það, að svo skyldi fara, a
bæri sigur úr málum þeirra, en beitt
munum einum og prettum. Sigrúnu unn
mest allra lifandi manna, og vildi gjarna
hún yrði þess aðnjótandi, sem þau áttu,
þess sá hún engin ráð, því Sigurður
hennar væri horfinn allri rænu, svo að
mætti slíkt við hann ræða. Þessar og þ
hugsanir hèldu vöku fyrir þórdísi alla n
og var hún heldur ángurvær, en þegar sk
lifði nætur sofnar hún, og vaknar aptur vi
að stuðt var hendi á vánga hennar, er S
þar komin fóstra hennar, og er þá orðið
af degi. Sigrún segir þá, að Sigurður
hennar sè vaknaður og hafi sofið nokkur
inn vært mestalla nóttina, sè hann nú
ráði og vili tala við húsfreyju. Þórdís g
til svefnherbergis þeirra hjóna, situr Sig
þá upp við herðadýnu, heilsar hann konu
og sezt hún á rúmstokkinn; tekur Sig
bóndi þá svo til orða:

»Guð hefir gefið mèr það, að eg hefi
að haft góða værð í nótt, eg hefi sofið þ
til áðan, litlu áður en þú komst, og h
fulla rænu sem stendur, en Drottinn má
hvað það verður lengi, en bústu við því,

an mín, að við eigum nú skamma hríð eptir að vera saman, því svo segir mèr hugur um, að eg eigi nú ekki lángt eptir ólifað; eg hefi aldrei fyr lagzt veikur, og mun þetta verða mín fyrsta og síðasta lega; þykir mèr gott til að hugsa til minnar heimferðar; eg dey í Drottni og er sáttur við heiminn; eg vona, að Guð leiði þig og styði, það sem þú átt enn eptir ólifað.»

Þórdís tárfelldi og laut ofan að manni sínum og kysti hann þegjandi, en Sigurður hèlt áfram tölu sinni með ró og stilli, og segir:

«Það vildi eg, elskan mín, að þú nytir þess litla sem eptir mig verður, það er ekki til tvískipta, en það gæti þó orðið þèr til uppheldis ef það væri ódeilt, þú getur gjört við það eptir því sem þèr lízt.»

«Ætlarðu þá ekki til að það haldist, sem presturinn hermir uppá þig um jarðakaupin?»

«Ekki vil eg að það haldist, því þann gjörníng gjörði eg ekki með fullri skynsemi, og það á ekki að standa,» sagði Sigurður.

«Það skal þá heldur aldrei verða, að hann fái nokkurt hundrað, ef eg má ráða, — en þú verður, Sigurður minn, að gá að því, að þú átt ættíngja, sem að rèttu á að taka arf eptir þig, og þó mèr sè svo varið, að eg hefði helzt óskað, að þessar reitur, sem við eigum, færi allar í einn stað, — í því varð hennì [illegible] til

Sigrúnar, sem sat þar á rúmi sínu — þá er það þó rètt sem rètt er, og uni eg því betur, að rèttir erfíngjar þínir fái það, sem þeir eiga, heldur en þeir, sem ekkert tilkall eiga til fjármuna þinna, en vilja ná þeim með svikum og falsi.»

«Eg á engan erfíngja mèr vitanlega annan en hann Þórð, bróður minn, og eg er viss um, að hann gjörir ekki tilkall til arfs eptir mig, ef hann veit, að eg hefi ánafnað öðrum eigur mínar áður en eg dey; hann er velmegandi maður, og dregur hann lítið um þessar reitur, sem eptir mig kunna að verða, og svo veizt þú, Þórdís mín, að við einhverntíma veittum honum litla aðstoð, þó lángt sè síðan, og á eg ekki von á að honum farist svo ómannlega, að seilast eptir þessu smáræði.»

Þórdís þagði um hríð, eins og hún hugsaði sig nokkuð um, en síðan segir hún:

«Mèr þykir það nú ekki allólíklegt, sem þú segir, elskan mín, eptir þeirri kynníngu, sem eg hefi af bróður þínum; en þó þetta sè nú svona talað af okkur, þá þekki eg svo veröldina, að nógir munu verða til þess að segja, eptir það þú ert dáinn, að eg hafi diktað þetta allt upp, ef ekki vita fleiri menn af vilja þínum, og með því þetta er þó þinn vili, að eg verði njótandi þess litla sem hèr er — Guð veit hvað lengi eg þarf að halda á því — þá er það

nitt ráð, að þetta sè gjört skriflegt og vottan-
egt, og ef Guð sparar þig svo lengi, að bróðir
inn Þórður komi hingað, getur hann þá
jálfur sagt sinn vilja, hvort hann ætlar að
alla til arfs eða ekki.«

«Það vil eg þá,» sagði Sigurður, «sem þèr
ýnist, elskan mín! en ekki er víst að eg eigi
ngt eptir ólifað, og vil eg ekki að því sè frestað.»

Eptir þetta samtal brá Þórdís við, lèt hún
kjóta hesti undir vinnumann einn, og bað hann
iða sem hvatast og hitta Þórð, bróður Sigurðar,
g færa honum þá orðsendíng, að Sigurður biði
ann að koma til Hlíðar samdægurs; í annan
tað sendi húsfreyja boð til næstu bæja við
líð, og gjörði bændum, þeim er þar bjuggu,
rð að koma til fundar við sig. Þórður bróðir
igurðar bjó að þeim bæ, sem heitir að Holti,
að var í næsta hrepp við Staðarsókn, og þó
kki mjög lángt frá Hlíð. Þórður var nokkru
ngstur þeirra bræðra, hafði hann í fyrstu verið
élítill, en Sigurður var þá orðinn efnaður vel,
g efldi hann bróður sinn mjög til bús; en
neð því Þórður var framkvæmdamaður góður
g búsýslumaður, græddist honum brátt fè, og
ar hann nú talinn með gildustu bændum þar
m sveitir. Þórður brá skjótt við, er hann fèkk
rðsendíng bróður síns, og ríður hann til Hlíð-
r, eru þá og þar komnir bændur þeir, er Þór-

dís hafði orð til sent. Sigurður var þá enn með fullu ráði. Húsfreyja segir Þórði erindið, og talast þeir bræður síðan við, og fer allt vel á með þeim; segir Þórður, sem var, að hann mundi ekki fé skorta, þó hann sleppti öllu arfstilkalli eptir Sigurð, enda mundi ekki sá arfur nema svo miklu, að hann mætti ekki vel af sjá. Kemur þeim það þá öllum ásamt, að gjöra skuli brèf þar um, en með því vottarnir þóktust eigi svo ritfærir, að þeir treystu sèr til að skrásetja gjörninginn, þá varð húsfreyja sjálf að rita hann og stíla, var hann þess efnis, að Sigurður bóndi gefur konu sinni eptir sinn dag allar eigur sínar fastar og lausar, og skuli enginn maður annar hafa tilkall til arfs eptir hann, og skuli öll þau gjafabrèf, hverju nafni sem nefnist, er þessu væri gagnstæð, ógild og marklaus. Er síðan gjörníngurinn upp lesinn fyrir Sigurði, og lætur hann setja innsigli sitt undir hann. Þessu næst ritaði Þórður nafn sitt undir, með þeim formála, að hann fyrir sitt leyti afsalaði sèr öllu arfstilkalli eptir Sigurð, fyrir sig og sína erfíngja, og síðan innsiglaði hann það, en er vottarnir skyldu undir skrifa, þá kom það upp, að hvorugur þeirra hafði numið svo mikið í leturgjörð, að þeir mættu rita nöfn sín, var þá Sigrún til fengin að skrásetja nöfnin, og handsöluðu þeir þau. Eptir það riðu vottarnir á brott, en Þórður

dvaldist þar eptir í Hlíð, og vildi vita hverjendir yrði á um sjúkleika Sigurðar. Var Sigurður enn málhress það eptir var dagsins, en að aptni tók honum aptur að þyngja, svaf lítið og óvært um nóttina og andaðist næsta dag eptir; harmaði kona hans mjög lát hans, en bar þó harm sinn með stillingu mikilli.

TUTTUGASTI OG SJÖTTI KAPÍTULI.

Tilkall prests til Hamars.

Skömmu eptir það, að Sigurður var andaður, var maður sendur frá Hlíð til Staðar, að segja presti frá, hver tíðindi þar höfðu gjörzt um andlát Sigurðar bónda, og flutti hann presti þau orð frá þórði, bróður Sigurðar, að hann mundi standa fyrir útför bróður síns, og bað hann prest tiltaka greptrunardaginn. Séra Sigvaldi sat í stofu, er honum bárust þessi tíðindi, og urðu honum þau orð af munni, að hann sagði, að Guð skyldi vera lofaður fyrir hans lausn, og hummaði við, sagði síðan sendimanni greptrunardaginn, og rètti um leið nýjan áttskild-

íng úr vasa sínum að sendimanni, með þeim ummælum, að hann skyldi hafa það fyrir ómak sitt, og ættu hjú Sigurðar síns heitins jafnan gott skilið. Fjórum dögum eptir það var Sigurður jarðsettur að Stað, og stóð Þórður fyrir útförinni og fór hún vel fram, og er erfi drukkið að Stað, komu til þess margir hinir heldri bændur úr sveitinni, en Bjarni á Leiti var einn líkmanna. Sigrún Þorsteinsdóttir stóð fyrir beina með Þórði, en ekki kom Þórdís húsfreyja þángað, og lögðu sumir menn henni það til ámælis, því venja var til, að jafnt fylgdu konur sem karlar ættíngjum sínum og venzlamönnum til grafar, en Þórdís lèt sem hún heyrði ekki, hvað menn töluðu þar um, og sat heima. Þegar við erfidrykkjuna minntist prestur á við Þórð, hvort honum væri eigi kunnugt um kaup þeirra Sigurðar heitins á Hamri, og að sú jörð mundi því ekki koma til virðíngar eður arfaskipta eptir Sigurð. Þórður eyddi því umtali, og kvað nógan tíma til að tala um það síðar, og sleppti prestur þeirri umræðu að sinni, enda sýndist honum ráð, að ýfast ei til við Þórð, að minnsta kosti áður hann hefði greiðt líksöngseyrinn, fèkk prestur hann og með góðum skilum og allríflegan. Ríður nú hver heim til sín eptir erfið. Líður nú svo fram um hríð, að prestur situr í búi sínu og gjörist ekkert til tíðinda.»

En er rúmur hálfur mánuður var liðinn frá
ðarför Sigurðar, býst prestur að heiman og
fir með sèr tvo landseta sína þar af næstu
jum. Ríður hann fyrst til Hamars, og hittir
r Þóri bónda úti og segir honum: «svo er,
rir bóndi! sem þú munt heyrt hafa, að eg
orðinn eigandi að Hamri; nú vil eg segja
r, að skilmálar ykkar Sigurðar um ábúð þína
upphæð jarðarafgjalds vil eg að haldist; land-
ıldina borgar þú mèr, Þórir minn, í far-
ɜum í vor, og gjöri eg ekki aðra breytíngu
ıenni, en þá, að eg vil hún sè öll í fríðu,
ıtað þess að þú galdst Sigurði heitnum sex-
álnir í ótilteknu og þrjátíu pör af lesi,
jörið er sjálfsagt að venju tíu fjórðúngar eptir
m kúgildi jarðarinnar, velverkaðir til mín
ldir fyrir næstkomandi Mikaelismessu.«

Þórir kveðst ekkert til vita um það, að
urður hefði selt presti Hamar, og svo mundi
ın að venju flytja leigur og landskuld að
ð, nema ekkjan segi sèr annað við að gjöra.

Prestur spurði Þóri, hvort hann rengdi það
n hann segði, að hann væri orðinn eigandi
mars. Þórir kvaðst hvorugt gjöra, en álíta
ındi hann Þórdísi í Hlíð landsdrottinn sinn,
· til hún segði, að hún væri búin að selja
mar. Prestur sagði, að hann rèði gjörðum
um um *það*, «*en* því lýsi eg yður,» segir hann,

»svo að þessir menn heyra, sem hèr eru við staddir, að greiðir þú mèr ekki landskuldina í fardögum, ítem, sýnir þig ekki hlýðinn og auðsveipan, eins og einum góðum, ærlegum landseta byrjar og hæfir við sinn landsdrottinn, þá óheimila eg þèr jörðina Hamar, liggjandi í Staðar sókn, til allra nota og afnytja.» Þórir kvað sig litlu varða, hver orð prestur hefði hèr um og gekk inn, en prestur stè á bak hesti sínum, og varð fátt um kveðjur þeirra Þóris. Biður prestur fylgdarmenn sína ríða til Hlíðar, og gjöra þeir svo. Ekki var manna úti í Hlíð, og skipar prestur fylgdarmönnunum að berja á dyr. Vinnukona ein kom til dyra, og biður prestur hana segja húsfreyju, að hann sè þar kominn og vili finna hana; gengur Þórdís húsfreyja út og heilsar presti og vísar honum til stofu, og svo þeim fylgdarmönnum hans; situr prestur þar um hríð, og lætur Þórdís Sigrúnu veita þeim beina, en sjálf situr hún í stofu og ræðir við gesti. Prestur er allblíður á manninn við Þórdísi, kveðst hann vera þar kominn til að vita, hvernig hún berist af eptir þann mikla mannskaða, er hún hafi orðið fyrir í láti bónda síns, og fer hann þar um mörgum fögrum orðum, hve mikil eptirsjá sèr og öðrum hreppsmönnum sè að svo ágætum manni, sem Sigurður hafi verið. Þórdís játti því sem prestur sagði,

en auðsèð var þó á henni, að ekki fannst henni mikið til fagurgala prests. Snýr prestur þessu næst ræðu sinni í þá átt, að hann spyr húsfreyju um fyrirætlun hennar, og hvort hún hafi í hyggju að halda áfram búskap, eða segja Hlíð lausri, og svo um það, hvern hún hafi í hyggju að taka sèr til ráðaneytis eða lögráðanda, og lèt prestur á sèr heyra, að hann mundi ekki ófús til þess starfa, ef hún æskti þess. Þórdís svaraði presti hægt og stillilega, kvaðst hún litla fyrirhyggju hafa um hagi sína að svo stöddu; þó mundi það helzt verða, að hún reyndi til að hokra eitt ár ennþá, og ekki segja Hlíð lausri hið næsta árið; en þar sem prestur lèti á sèr heyra, að hann mundi gjörast lögráðandi hennar, þá kveðst hún kunna honum þakkir fyrir tilboð sitt, og væri gott að eiga þess von síðar, ef hún leitaði þess. Þegar prestur hafði staðið nokkra stund við í Hlíð, og notið beina þess, er framborinn var, fer hann að sýna á sèr ferðasnið, tekur til hatt sinn og vetlínga og lætur sem hann ætli nú þegar á brott. Húsfreyja var í stofu, og vindur prestur sèr þá að henni og segir:

»Eptir á að hyggja og að að gá, eg var nærri því búinn að gleyma nokkru af erindinu; eg kom hèrna, Þórdís mín, með það sem þèr eigið hjá mèr, það mun vera kominn tími til að losa sig við það.«

Þórdísi setti dreyrrauða út undir eyru, og var sem hana undir eins óraði fyrir í hverjum erindagjörðum sèra Sigvaldi væri þar kominn. Hún lèt samt sem sèr yrði ekki bilt við og segir:

«Þèr eruð eitthvað að gjöra að gamni yðar, prestur minn, núna, ekki skil eg í hvað það getur verið, sem eg á hjá yður. Það mun heldur vera svo, þegar öllu er á botninn hvolft, að þèr eigið eitthvað hjá mèr, það kemur ætíð einhverntíma að skuldadögunum fyrir þá, sem eiga að gjalda öllum stèttum, og þèr munuð, sem von er, vilja, að eg sýni einhvern lit á að gjalda yður, eins og vant hefir verið, um það vorar.»

«Já, tölum ekki um það, Þórdís mín, það hefir allt verið með heiðri híngað til, en eg heyri þèr skilið mig ekki, eg kom hèrna með skildíngana, sem þèr áttuð hjá mèr.»

«Margur er ríkari en hann hyggur,» sagði Þórdís og hló við kaldahlátur, «ekki hugsaði eg það, að við hjónin hefðum átt penínga í geymslu hjá yður, p restur minn»

«Það eru penínga rnir fyrir partinn, eg á við Hamarinn, sem hann Sigurður minn sálugi seldi mèr, og eg fór að rænast eptir að kaupa í haust; það er, eins og þèr vitið, sextíu ríkisdalir, og eg ætla að losa mig við þá áður en eg eyði þeim, hum, hum.»

«Ekki tel eg til neinnar skuldar, prestur

nn, fyrir Hamar,» sagði Þórdís, «njótið þèr
nínga yðar, ekki mun eg ágirnast þá, en hitt
fi eg einhverntíma sagt yður áður, að Hamar
nduð þèr aldrei eignast meðan eg tóri, að
nnsta kosti ekki með rèttu.»

«Það hefir nú hvort okkar sína meiníngu
ı það, Þórdís mín, hum, hum, en þèr vitið
, að eg hefi í höndum afsalsbrèf mannsins
ar sáluga fyrir kotinu, hum, hum, og ætla eg
èr muni duga það við yður og Þórð minn í
ılti, hum, hum,» sagði prestur.

«Ekki þurfið þèr að minna mig, sèra Sig-
ldi, á einstæðíngsskap minn, veit eg það, að
er ekkja og á engan að, samt vantreysti eg
í ekki, að Guð geti ekki vakið einhvern upp
þess að veita mèr liðsinni, hefir það og
rið sagt, að illa sezt opt ofsinn,» sagði Þór-
ı, og sáu menn þá, að tár hrutu af augum
nnar, líkast sem högl væri.

Það sáu menn, að presti brá heldur en
ki við þessi orð, af því að þá tók hann að
lta tuggunni harðara í munni sèr, en hann
r vanur, svaraði hann þó af mestu stillíngu
segir:

«Ekki tek eg þessi orð til mín, Þórdís mín,
nað mál er það, þó eg vili að orð og gjörðir
ldist, og Sigurður minn sè ekki gjörður ó-
ndugur í gröfinni, eins og hann hefði ekki

verið fjár síns ráðandi meðan hann lifði; og kemur þetta víst til af því, að þér þekkið ekki rètt hvernig á stendur og hvernig kaupbrèfið er lagað, enda skuluð þér nú fá að heyra það, því eg hefi hèr afskript af því í vasa mínum.»

Þórdís kvað sèr standa á sama, hvort hann læsi það eður ekki; dró þá prestur úr vasa sínum skjal nokkurt og las, og var það þannig:

«Anno Domini 17.., framfór og fullgjörðist að Stað svolátandi sala á jörðinni Hamri, að eg undirskrifaður gjöri kunnugt, öllum sem þetta mitt brèf heyra og lesa, að eg sel hèr með frá mèr og mínum erfíngjum eignar og óðalsjörð mína og konu minnar Hamar, liggjandi í S... hreppi, þrjátíu hundruð að dýrleika, með fimm ásauðar kúgildum og eins hundraðs og tuttugu álna landskuld, samt öllu, sem tèðri jörðu fylgir og fylgja ber, og þeim landamerkjum, sem að fornu verið hafa og vera eiga, heiðurlegum prestinum sèra Sigvalda Árnasyni til Staðar fyrir eitt hundrað og tuttugu ríkisdali, er skulu af honum betalaðir verða að mèr afgengnum, uppá þann máta, að einn fjórðapart eður þrjátíu ríkisdali lúki hann til nafna míns Sigurðar, sem er sonur áður umgetins sèra Sigvalda, hverir honum af mèr eptir minn dag gefnir eru sem ein órjúfanleg testamentisgjöf; öðrum fjórðaparti, eður þrjátíu ríkis-

dölum andvirðisins, beheldur velnefndur sèra Sigvaldi fyrir sig, en skuldbindur og obligerar sig og sína erfíngja til, eina heiðurlega grafskript eptir mig að láta foranstalta, og hana síðan í gylltum römmum í kirkjuna hèr á staðnum láta upphengja. Loks borgi hann sextíu ríkisdali til konu minnar og annara minna löglegra erfíngja. Meðan eg lifi áskil eg mèr að hafa öll umráð tèðrar jarðar, ágóða og prófít án alls tilkalls af kaupanda. Segi eg svo velnefndan sèra Sigvalda hèðan af rèttan eiganda að jörðunni Hamri, riptalaust af mèr og mínum erfíngjum. Hèr á móti lofa eg, sèra Sigvaldi Árnason, pastor loci, fyrir mig og mína erfíngja, alla framanskrifaða skilmála í öllum þeirra puncter og clausulis að uppfylla.

Setjum við svo, þessu okkar kaupbrèfi til staðfestíngar, nöfn okkar og hjá þrykkt signet, að nærverandi þeim dándismönnum, heiðarlegum hreppstjóra Ögmundi Jónssyni og heiðarlegum bónda Erlendi Bjarnasyni.

actum ut supra.

Sigurður Jónsson. (L. S.)
Sigvaldi Árnason. (L. S.)
Ögmundur Jónsson. hreppstjóri. (L. S.)
Erlendur Bjarnason. (L. S.)

Brèf þetta las prestur stillt og hægt, en Þórdís húsfreyja hlustaði á, og sáu menn henni ekki bregða. En er prestur hafði lesið, rèttir hann brèfið að Þórdísi og segir hálf-glottandi: «vilið þèr ekki lesa það sjálf, heillin góð, en ábyrgjast skal eg að rètt sè eptirritið, og originalinn hefi eg hjá mèr heima vel geymdan, hum, hum; haldið þèr, að það sè svo illa um búið, að því verði hnekkt, eða hvað virðist ykkur, vinir?» segir hann við fylgdarmenn sína, þeir sögðu að sèr sýndist sem presti, að ekki mundi hægt að vefengja það. Tekur þá prestur í annað skipti að þreifa til kjólvasa síns, og dregur hann þar upp sjóð, ekki all-lítinn og setur á borðið, leysir frá og segir síðan:

«Hèr er þá ekki annað eptir, en telja yður peningana, Þórdís mín! en þessa heiðursmenn, sem hèr eru nærstaddir, hefi eg beðið að vera við, og sjá, að eg afhendi yður þá.» Síðan hellti hann peningunum á borðið, og ætlar að fara að telja. Þá stóð húsfreyja upp, gengur fram á mitt stofugólfið og segir til fylgdarmanna prests:

«Þar sem sóknarpresturinn hefir tekið ykkur hingað, til að vera vitni sín við afhendingu peninga, þá er það sjálfsagt, að þið vitnið um það sem þið sjáið og heyrið, og lýsi eg því þá yfir í ykkar áheyrn, að eg tek ekki við nokkrum

skildíng af honum, í því skyni, að það sè andviröi fyrir Hamar; og svo megið þið hafa það eptir mèr, að eg lýsi sèra Sigvalda óheimildarmann að hverri þúfu í Hamars landareign, en þóknist yður, prestur minn, að vera hèr í stofunni og yfirlíta fjársjóði yðar um stund, þá er yður það heimilt, en ekki stend eg lengur hèr, þar eg hygg að þèr hafið af lokið brýnasta erindinu, fyrst að hugga mig, eins og yðar embætti heyrði til, eptir lát mannsins míns, og þar næst að sýna mèr lítil deili þess, hvað þèr eruð óeigingjarn, og hvers eg má vænta í mínum einstæðíngsskap; en eg fer nú að kasta bót á peisuna mína, sem eg hætti við þegar þèr komuð, og það ætla eg mèr þarfara.»

Þegar húsfreyja hafði sagt þetta, gekk hún úr stofunni, en læsti henni ekki eptir sèr.

Meðan húsfreyja lèt dæluna ganga, stóð prestur sem agndofa, og varð honum orðfall, en er hann sá þórdísi ganga úr stofunni, kallaði hann eptir henni, en hún var þá þegar burtu. Prestur hugsaði nú líklega, að húsfreyja mundi vonum bráðara koma aptur og fèkkst ekki um, raðar hann peníngunum á borðið og telur þá vandlega, eptir það gengur hann um hríð um gólf í stofunni, en er honum tók að lengjast um apturkomu húsfreyju, ræðir hann til við annan *fylgdarmann sinn*, að hann gángi til baðstofu og

kalli á hana. Sá fór, er sendur var, og kemur hann að lítilli stundu liðinni og segir að Þórdís finnist ekki, og ekki viti heimilismenn hvað af henni hafi orðið. Er hennar nú leitað úti og inni, og fannst hún ekki að heldur. Meðan á leitinni stóð, gekk sèra Sigvaldi fram og aptur um gólf í stofunni, og var honum heldur þúngt í skapi, tuggði hann nú svo ákaft tóbakið í munni sèr, að undrum gengdi, og spýtti um tönn sèr svo ótt, að stórir straumar af tóbakslegi kvísluðust um allt gólfið, eins og ár í leysíngu yfir slèttar eyrar, en tuggurnar, sem hann kastaði jafnóðum útúr sèr á gólfið hálf-notuðum, lágu þar eins og stóreflis jakar, þegar stórstraumsflóð hafa brotið axlarháan móð á vordag og kastað honum upp á sjávargrundir, en sjórinn síðan fallið aptur út undan.

Loks komu fylgdarmenn prests aptur í stofuna, og sögðu þess enga von, að Þórdís fyndist, mundi hún vera hlaupin til næstu bæja. Þegar prestur heyrir þessar frèttir, seilist hann með hendinni ofan í vestisvasa sinn og dregur þar upp enda nokkurn af rullutóbaki, stýfir af honum góðan þumlúng og veltir í munni sèr, gengur síðan að borðinu og sveiflar í skyndi peníngunum saman og hirðir, en segir síðan við fylgdarmenn sína:

«Þið hafið þá verið vitni til þess, að eg

heil framboðið Þórdísi peningana.» Þeir kváðu já við því, «og svo að hún hefir neitað að taka á móti þeim að þessu sinni, tek eg þá því aptur, en grunur minn er sá, að eg svo að eins frambjóði þá næsta sinn, að hún sjái sèr sæmra að veita þeim viðtöku, ella hafa ekkert.»

Síðan tekur prestur hatt sinn og vetlínga, og kveður fylgdarmenn sína til brottferðar, og ríða þeir svo heim til Staðar við svo búið.

TUTTUGASTI OG SJÖUNDI KAPÍTULI.

Ráðagjörð þeirra fóstra.

Ekki var svo, sem fylgdarmenn prests hugðu, að Þórdís húsfreyja hefði stokkið á aðra bæi, þó hún fyndist ekki er hennar var leitað. Þar í Hlíð var dyralopt eitt lítið, sem haft var til þess að geyma í ýmislegt. Þángað hafði húsfreyja farið meðan á leitinni stóð. Sigrún vissi gjörla hvar fóstra hennar var, en vildi ekki segja til hennar. En er þeir prestur voru fyrir stundu burt riðnir, gengur Sigrún til loptsins, að vitja fóstru sinnar; situr Þórdís þá á kistu,

sem var þar í loptinu, og styður hönd undir kinn, og sèr Sigrún að hún grætur, gengur hún þá til hennar og ávarpar hana blíðlega og segir:

«Æ, það liggur þá eitthvað illa á yður, fóstra mín góð!», og klappar um leið á kinnina á fóstru sinni.

«Æi nei nei,» sagði þórdís og strauk um leið tárin úr augunum á sèr, «það er ekkert, elskan mín, eg hristi það fram af mèr, en maður getur ekki altènd að því gjört, þó það hvarfli eitthvað að manni í einrúmi; mig gildir einu hvað þú heyrir og sèr fóstra mín, en ekki er það eptir skapi mínu, að lofa heiminum að hafa tárin mín að leikfángi, og þó er eg ekki það harðgerðari en allir aðrir, að eg geti ekki grátið. Reynslan hefir kennt mèr, að það er lítið lið í því, að vola framan í veröldina; hún hæðir þann, sem hefir einhverja tilfinníngu, en heiðrar þann, sem er tilfinníngarlaus. þegar eg var á þínum aldri, fóstra mín, þá grèt eg af öllu, hvað lítið sem á bjátaði, allt eins og grösin, sem digna upp undireins og dregur fyrir sólina; nú er eg eins og steinarnir, sem verða aðeins þvalir á næturnar; þegar eg er í einrúmi eða leggst útaf og get ekki sofið, þá verður mèr það, að eg hugsa um hagi mína og einstæðíngsskap, og þá get eg grátið, þegar Guð sèr það, en ekki

mennirnir.» Um leið og Þórdís sagði þetta, strauk hún aptur með svuntuhorninu um augun á sèr, og allt í einu var eins og hún væri orðin annar maður, segir hún þá, eins og hún vildi eyða þessu umtali, blátt áfram við Sigrúnu:

«Þeir munu vera farnir, presturinn og fylgdarmenn hans?»

«Já,» sagði Sigrún, «þeir eru komnir af stað fyrir góðri stundu; þeir voru lengi að leita að yður, en eg sagðist ekki vita hvar þèr væruð, af því mig grunaði að yður gilti það einu.»

«Það var rètt gjört, Sigrún mín, eg þóktist vera búin að tala við hann það sem eg ætlaði; en eg þarf að segja þèr, hvað hann var að erinda, góði maður; hann kom sumsè hingað með penínga fyrir Hamarinn, sem hann ætlaði að troða uppá mig, svo það er auðsèð, að honum er alvara, blessuðum, að kræk*j*a í kotið, og það er líklegast að honum takist það; það sèr á, að eg er kvennvæfla og á engan að, og sízt nokkurn þann, sem hefir vit og kjark til að rètta hluta minn, en svo er mèr varið, Sigrún mín, að heldur vildi eg vita það, að verðið hans Hamars gengi í málskostnaðinn, en að hann sèra Sigvaldi eignaðist nokkurntíma eina púfu í honum, því hann hefir farið að þessu öllu með ágirni *og prettum.*»

«Það er von þèr segið það, fóstra mín gó sagði Sigrún, «æ, mèr er svo illa við bèa karlinn, að hann skuli vera að þessu við yð eg vildi hann væri dauður, karlskrúnkan.»

«Óskaðu þess ekki, elskan mín,» sa Þórdís, «biddu beldur þess, að hann væri o inn Guðs barn, það væri honum þarfara.»

«Tókuð þèr við peningunum af honum sagði Sigrún.

«Nei, nei, ekki er eg farin til þess en þá, Sigrún mín, og eg mun varla fara til þ fyrst um sinn; það skal vera annaðhvort t það, að hann aldrei fái Hamar, ellegar þá, ei og honum er kærast, að hann njóti hans fy ekkert; það var raunar vili minn, ef allt eins og áformað er fyrir þèr fóstra mín, einhver annar en sèra Sigvaldi yrði aðnjóta Hamars, en það lítur svo út sem það uppfyll ekki, þó eg hafi eitthvað hugsað.»

Sigrúnu rámaði í, hvað fóstra hennar s við, og segir:

«Vilið þèr ekki, fóstra mín, skrifa hon til og láta hann vita um þetta; eg er viss t að hann vill styrkja yður svo sem hann getu

«Hvern áttu við, Sigrún mín?»

«Eg átti við þèr skrifuðuð honum þóra til,» sagði Sigrún og blóðroðnaði út undir ey

«Já,» sagði Þórdís, «hann er nú lán

burtu, og svo er hann bundinn í báða skó sem maður segir, þar sem mágur hans á í hlut; en ekki er það þarfyrir, skyldastan held eg hann vera til þess að styrkja mig, því ekki er það annars vegna, að mig lángar til að halda í jarðar tetrið, en að þið gætuð notið hennar, og svo lízt mèr á þórarinn, og þekki eg hann lítið, sem hann muni ekki láta hluta sinn fyrir öllum, ef hann annars tekur það í sig; en hvernig á eg að koma brèfi til hans, Sigrún mín?»

«Eg held það væri bezt,» sagði Sigrún, «rètt að senda til hans, eður þá að biðja einhvern, sem fer hèðan úr sveitinni til útróðra, fyrir það.»

«Já, eg ætla að ráða það af, að skrifa honum,» sagði þórdís, og hugsaði sig um dálitla stund, «já, eg ætla að ráða það af, til hvers sem það verður; eg ætla að senda það með honum Gísla á Grundum, eg veit hann tekur af mèr miða, þegar hann fer suður, og hann er trúr og ráðvandur.»

Þær fóstrur töluðu um þetta mál, og varð það ráð þeirra, að rita þórarni og segja honum hvar komið sè; skrifaði þórdís sjálf brèfið; segir hún honum fyrst frá láti Sigurðar bónda síns, og hver harmur sèr hafi verið í missi hans. Síðan tjáir hún honum frá kaupmála þeirra *Sigurðar heitins* og prests, og hvernig



illhljótt. Var það nú sagt um Sigrúnu í Hlíð, ið hún væri ekki óhindruð, eða færi ekki kona ein saman. Þóktu þetta ekki alllítil tíðindi, því Sigrún var talin einhver hin fríðasta og efnilegasta stúlka í sveitinni. Fregn þessi fór bæ frá bæ, hraðara en hersaga, og fylgdi þar með sá kvittur, að Egill sonur Gríms meðhjálpara mundi vera þar við riðinn, þó að allólíklega hefði látið verið af því Hlíðarfólki. Enginn vissi hvaðan þessi þrðasveimur var í fyrstu kominn; sögðu nokkrir, ið þeir hefðu frètt það fyrst á staðnum, en ðrir þóktust hafa heyrt það af heimilisfólki í Hlíð. Enginn maður heyrði sèra Sigvalda nokkrntíma segja frá þessu, en jafnan, er einhverir ítanbæjarmenn komu að Stað, spurði hann þá neðal annara frètta á þá leið: «ætli það sè satt ítætis kvisið, sem menn eru að fleygja hèrna í sveitinni, að það sè fjölgunar von þar í Hlíð?» Ef nú svo bar undir, að gestur kvaðst hafa heyrt eitthvert hop á um það, kvað prestur jafnan svo að orði, að þetta mundi ekki vera annað en mas og tilhæfulaus þvættíngur, og hèlt lánga og fagra ræðu um það, að varlega væri trúandi öllu, sem sagt væri, en á endanum var þó sú niðurstaðan, að hann sagðist ekki vita hverjum hann ætti að trúa, þareð svo margir sannorðir menn, sem hefðu sèð Sigrúnu, fullyrtu það, að hún væri ekki einsömul. Aptur á móti, ef gestur

þóktist ekki hafa heyrt neitt um þenna orðasveim, segir prestur: »nú, það var líklegra, að það væri ekki nein tilhæfa í því, sem fólkið er að slaðra, fyrst þú hefir ekki heyrt það, eg trúði því heldur ekki, góðurinn minn, en því er ver og miður, altalað er það.» Engir sem komu að Stað, fóru því að öllu jafnnær um þenna orðasveim; þeir, sem höfðu heyrt áður einhvern ávæníng af honum, staðfestust í trúnni á því, að hann mundi ekki með öllu orsakalaus. Hinir, sem ekkert höfðu áður um þetta heyrt, fengu nægilegt nesti til næsta bæjar. Fór nú þessi fregn um sveitina, eins og tíðum verður, þegar einhver tilhæfulaus þvættíngur er borinn bæja á milli; voru það sumir sem lögðu trúnað á hann, en aðrir báru það til baka, eða lètu sèr á litlu standa hvort sannara væri. Það var hvorttveggja, að þær Hlíðar-fóstrur ekki komu á marga mannfundi þá um veturinn, eða áttu mikið tal við utanbæjarmenn, enda barst þetta ekki fyrir eyru þeirra. Á jóladaginn var messað að Stað, og fór Sigrún þá til kirkju, ásamt nokkru af heimilisfólki frá Hlíð. Frost var mikið um daginn, og sló kulda að Sigrúnu í kirkjunni, og var hún all-óbragðleg í andliti, eptir því sem hún átti að sèr að vera. Eptir messu fór hún bráðlega af stað, en sumt af kirkjufólki fór á baðstofu, og drollaði

eptir. Var Guðrún ráðskona all-skrafhreyfin við kvennþjóðina, og kom ræðan mest niður á Sigrúnu. Spurði hún að, hvort enginn hefði tekið eptir, hvernig Sigrún frá Hlíð hefði litið út í dag; það væri ekki að marka sem sèr sýndist, en svo hefði hún komið fyrir sínar sjónir, að annaðhvort hefði hún verið veik, eða öllu væri ekki logið, sem um hana væri sagt. Flestar, sem við voru, glottu við og sögðu, að það mundi ekki hafa verið hún ein, sem hefði tekið eptir því, hvernig Sigrún leit út. Sèra Sigvaldi gekk um gólf á baðstofulopti, þegar Guðrún hóf umræðuna, og reykti; hann lagði ekki í fyrstu til málanna, en glotti við og hummaði í hljóði, en segir síðan við Guðrúnu:

»Þú áttir, systir góð, ekki að hafa þetta hjal, það er ekki vert að trúa þessum þvættíngi; maður má ekki trúa helmíngnum af því, sem sagt er; þið áttuð ekki, systur, að hneyxla stúlkuna fyrir það, að hún er föl, hum, hum, þar til geta verið margar orsakir; satt var það, undarlega bragðlaus var hún í dag, hum, hum.« Eptir þetta gekk prestur í burtu.

Nú líður svo fram yfir nýjár, og býst Gísli á Grundum til suðurferðarinnar. Kemur hann að Hlíð og segir þórdísi, að nú muni hann taka við brèfi því, er hún hafi beðið sig að bera suður, því ferðinni sè heitið hvern dag, sem

veður leyfi. Ekki var Gísli svo kunnandi, að hann gæti lesið kveðju á brèfi; samt sem áður þókti hann manna skilsamastur með allt, er sent var með honum, og var opt í sendiferðum með brèf og penínga, og fórst honum það jafnan vel og liðmannlega; hafði hann þó opt tuttugu eða þrjátíu brèf undir höndum. Það var venja hans, ef einhver beiddi hann fyrir brèf, að hann spurði þann sem sendi það, hvert það ætti að fara og til hvers; síðan skoðaði hann brèfið í krók og kríng, gáði að hve stórt það var, hvernig lakkið væri fyrir því, lagði það síðan niður í skjóðu sína og sagði: »það skal koma til skila;« enda brást það aldrei, að ætti hann einhverstaðar að skila brèfi, leysti hann frá skjóðu sinni og skoðaði hvert brèf, og tók jafnan það brèfið, er hann átti að skila, leit utaná það, og rètti að þeim sem við átti að taka, og sagði síðan: »þetta var eg beðinn að fá þèr,« eða, »þetta brèf á híngað að fara,« og stóð það þá heima. Hèldu því allir, sem ekki voru Gísla því nákunnugri, að hann væri fljótskarpur og fluglæs, en allir nákunnugir vissu, að það var ekki, heldur hitt, að Gísli var svo glöggur á kveðjur, sem sauðglöggvasti smali á kindur, sem undireins þekkir kindina af fjárbragðinu og svipnum, þó hann sjái ekki eyrun eða markið.«

Þórdís gjörir nú Gísla góðan beina, en síðan fær hún honum brèfið og segir: «hèrna er nú brèfið, sem eg ætla að biðja þig fyrir, Gísli minn, og eg ætla að biðja þig að láta fara vel um það, það er raunar ekkert í því, sem allir mega ekki vita, en það er svo samt, að eg vildi að það kæmist áfram með skilum, Gísli minn! og því ætlaði eg ekki að senda það með öðrum en þèr, því eg veit, að það má biðja þig fyrir lítilræði.

«Og jæja, Þórdís mín, það skal verða eitthvað til um það, en hvert á það nú sumsè að fara?»

«Það á að fara til hans Þórarins prestmágs, hann beiddi mig um lítilræði í haust, þegar hann kom hèr; þú kemur þar víst við?»

Og það hefi eg ásett, Þórdís mín, það er rètt í leiðinni, og svo þekki eg hann dálítið, síðan hann var hèrna í sveitinni.»

«Þú fær honum þá brèfið,» sagði Þórdís, «og heilsaðu honum um leið frá mèr, og þar með, að mig lángi til einhverntíma að fá seðil frá honum aptur.»

«Eg skal segja honum það,» sagði Gísli og skoðaði brèfið í krók og kríng og stakk því á sig, «þú munt frètta einhverntíma, hvort það kemur ekki fram.»

Við þetta slitu þau Þórdís og Gísli talinu,

fór Gísli heim að Grundum um kvöldið. Sèra Sigvaldi á Stað hafði einnig gjört Gísla boð, að hann færi ekki svo suður, að hann tæki ekki af sèr brèf, og hèt Gísli því; bjó hann sig nú að heiman daginn eptir, að hann fór að Hlíð; ætlar hann þá svo til, að hann komist um kvöldið að Stað, af því það var í leiðinni, taka þar brèfin og halda svo af stað. Hann kemur að Stað, og hittir sèra Sigvalda, og er honum þar vel fagnað; biður prestur hann að vera þar um nóttina, segist prestur ekki hafa vænt hans svo snemma, og sè hann ekki búinn að rita það er hann ætlaði. Prestur er hinn blíðasti við Gísla og vísar honum til stofu, ræðir hann nú við hann um hitt og þetta, og spyr hann meðal annars, hvort hann muni ekki koma að B . . . og hitta Þórarinn mág sinn, ætli hann einnig að biðja hann fyrir brèf til hans. Gísli kveðst þar mundu koma, því hann hafi brèf til hans, sem hann hafi verið beðinn fyrir.

«Frá Hlíð vænti eg,» sagði prestur og hummaði við.

«Já, það er þar af bæjunum,» sagði Gísli.

«Já, hún gat þess við mig hún Þórdís mín um daginn, að hún þyrfti að skrifa honum Þórarni mínum til, og var búin að biðja mig að klóra það fyrir sig, og láta sig vita ef ferð yrði suður; eg þori ekki annað en gjöra henni orði

yrra málið, þú staldrar þó við svo lengi, Gísli
inn, fyrir mig?»

«Eg held þess þurfi ekki,» sagði Gísli, «eg
om þar í gær.»

«Og hún vissi af, að þú ætlaðir suður,»
gði prestur.

«Meir en og margfaldlega, því eg kom þar
gær, og sagði henni að eg færi suður.»

«Það er þá gott,» sagði prestur, «og hún
fir líklega beðið þig fyrir brèfið?

«Já, það á að vera einhverstaðar brèfmiði
á mèr frá henni, sem eg lofaði að koma á-
am, ef eg verð ekki svikari fyrir það.»

Prestur lèzt verða harðla glaður að svo væri,
o að hann þyrfti ekki að senda til Þórdísar,
undi hún hafa fengið einhvern annan til að
rifa fyrir sig. Spurði hann nú Gísla frètta frá
líð, og hvernig Þórdís sín mætti; kveðst Gísli
ki hafa orðið áskynja annars, en hún væri
eilbrigð, og lýsti prestur því yfir, að sèr væri
ór gleði að heyra það. Þá spurði prestur,
vort Gísli hefði sèð Sigrúnu, fósturdóttur Þór-
sar. Ekki kvaðst Gísli hana sèð hafa. Prestur
mmaði við og sagði: «hún mun ekki láta sjá
g, stúlkan, mikið, þegar utanbæjarmenn koma
ir, ef það er satt sem farið er að kvisa um, eða
fir þú ekki heyrt það eins og aðrir, Gísli minn!
) hún eigi ekki að vera ósjúk? — Gísli kveðst

ekki bera á móti því, að hann hefði heyrt því fleygt, en aptur hefðu þó sumir borið á móti því, og hèldi hann það orðum aukið; áttu þeir nú tal um þetta um hríð, en svo lauk þó samtali þeirra, að Gísli var orðinn þess fulltrúa, að svo mundi vera sem prestur sagði og altalað var. Árèttaði sèra Sigvaldi með því, að hann sagði: «ekki er það fyrir það, Gísli minn, að eg vili koma því á lopt, mèr þækti vænna um, að það væri ósatt um hana, stúlku-tetrið, en því mun nú vera verr og miður, hum; hum; en nú ætla eg bezt fyrir mig að fara að skrifa það sem eg ætla, þú munt vilja komast af stað tímanlega á morgun, og viltu þá ekki setja þig inn í baðstofuna til kvennfólksins, en hafir þú eitthvað meðferðis, þá er þèr bezt að láta það vera hèr í nótt, eg læsi stofunni og hèr hefir enginn umgöngur.»

«Og eg hefi nú ekki neitt meðferðis nema pokasnigilinn minn, prestur minn, og er ekkert annað í honum en skjóða, með nokkrum brèfum, og svo nestisbiti, því eg fer aldrei svo af heimilinu í þessar lángferðir, að eg hafi ekki ögn með mèr, því ef maður fer snemma af stað, þá er það ekki allstaðar að fólk hafi greiða tilbúinn; en þar sem eg er ókenndur á bæ, þá hefi eg þann sið, hafi eg eitthvað meðferðis, þá ber eg það með mèr og slíng því undir

›fðalagið hjá mèr, því margur getur verið isjafnlega vandaður.

»Þú villt þá taka hann með þèr, Gísli inn, hum, hum,» sagði prestur og varð held- svosem styggur við.

»Og ekki hèrna, prestur minn, hèr þekki ; fólk, þegar þèr lofið honum að liggja hèrna nhverstaðar; eg ætla þá að láta hann hèrna skotið hjá kistunni,» sagði Gísli, og ítrekaði estur það, að þar skyldi enginn við honum eyfa, fylgdi síðan Gísla til baðstofu; er ísli þar um nóttina í góðu yfirlæti, en prest- skrifar um kvöldið í stofu, og tekur Gísli ð brèfunum um morguninn, og heldur af stað.

TUTTUGASTI OG NÍUNDI KAPÍTULI.

Frá Þórarni.

Færðir voru góðar, og gekk Gísla greiðt öin; segir ekki af honum, fyr en hann eitt öld kemur að B . . ., og hyggur hann að fa þar náttstað. Kom hann í það mund, sem samaður *gengur* til fjóss, og hittir Gísli hann

þar á túninu; heilsast þeir, og spyr heimamaður hann almæltra tíðinda, en Gísli segir af það er hann vissi. Aptur frètti Gísli heimamann, hvort þar á heimilinu sè ekki maður, sem Þórarinn heiti, Jónsson, því hann hafi brèf til hans að norðan, og svo til sýslumanns, sem hann hafi tekið á leiðinni, kveðst hann og ætla að biðja þar gistíngar um nóttina. Heimamaður sagði, að um gistínguna mundi honum ekki verða neitað, það sè ekki vani að úthýsa ferðamönnum, «en sýslumann getur þú ekki fundið, hann er vanur að leggja sig útaf í rökkrunum, og má þá ekki vekja hann, og ekki má hann heyra neinn hávaða, en Þórarinn held eg þú getir fundið, mèr sýndist hann vera búinn að kveikja hjá sèr í húsinu, eg skal fylgja þèr til hans,» sagði heimamaður.

«Þökk er mèr á því,» sagði Gísli.

Heimamaður fylgdi síðan Gísla til bæjar, og innar á baðstofugólf; þar var í öðrum enda baðstofunnar hús undir lopti, og sat Þórarinn þar í rökkrinu, og las og skrifaði, því aðrar stundir hafði hann ekki til þess. Heimamaður lauk upp húsinu, og segir Þórarni, að þar sè kominn maður að norðan, og hafi meðferðis brèf til hans. Þórarinn stóð upp og segir heimamanni að láta hann koma inn til sín, og gjörði hann það. Þórarinn þekkti brátt Gísla, og

tók honum vinsamlega, og bauð honum að sitja þar, »eða ertu með nokkur brèf til mín, Gísli minn, og hvernig líður þar nyrðra?»

»Allþolanlega,» sagði Gísli; »ef þau eru ekki týnd, þá áttuð þèr að eiga einhverstaðar hjá mèr tvö brèf, og til sýslumannsins eru tvö, en annað tók eg á leiðinni, hitt er frá honum mági yðar.»

Gísli tók nú að leysa frá poka sínum, og varð honum það ógreiðt, því bundið var með snæri og pokinn allmikið fjötraður, en frost hafði verið um daginn, og voru hnútar harðir og óþjálgir, og varð Gísli bæði að neyta handa og tanna, að leysa þá. En er því var lokið, dregur hann úr öðrum enda pokans skjóðu, eigi allstóra; var hún og vel um búin, og stóð enn nokkra stund á að opna hana, enda fannst þórarni hver stund, er hann beið eptir brèfunum, tvöfalt lengri en hún var í rauninni, svo hlakkaði hann til að fá frèttir og brèf úr átthögum sínum. Loks var Gísli búinn að rýmka um skjóðuopið, hellir hann þá brèfunum á knè sèr, og fer að kanna þau, eins og þegar smali ætlar að taka frá einhverja aðkomukind. Þórarinn stóð þar nærri, og ætlar að hafa hönd á með Gísla, en er Gísli varð þess var, segir hann: »eg skal fá yður þau, lofið þèr mèr að leita, hver er sínum hnútum kunnugastur, segir hann meistari

Jón; eg vil ætíð vita, elskulegur! hvað eg afhendi, — hèrna sjáið þèr, það er brèfið, sem eg tók á leiðinni til sýslumannsins, það er auðþekkt, því það er á engu brèfi, sem eg hefi, eins stórt lakk; eg ætla að biðja yður, þórarinn minn, að fá honum það, þegar hann vaknar, eða er hann ekki sofandi góði maður? — og svo eru hèr tvö brèf frá honum sèra Sigvalda mínum, annað til yðar og annað til sýslumannsins; eg batt rauðum spotta — hvar eru þau nú? — utan um þau.»

«Þarna er eitthvað, sem bundið er utanum rauðum enda,» sagði þórarinn.

«Jæja, takið þèr þau, það er ekki um að villast, og hèrna er brèfmiði til yðar, hann tók eg á leiðinni, en ekki er það mèr að kenna þó hann sè svona útlítandi og kvolaður, hann var svona þegar mèr var fenginn hann, og sást varla á honum kveðjan; og nú eigið þèr að eiga eitt eptir hjá mèr, hvar sem það er nú; — það er þarna,» sagði Gísli, og grípur upp sendibrèfskorn eitt, sem lá í brèfabúnkanum, og horfði lakkið upp, «það er það, rètt er það, með svörtu lakki,» í þessu velti hann brèfinu við og leit á kveðjuna og segir: «það er þó ekki þetta, kveðjan hallaðist meira uppá við en á þessu.» þórarinn leit utan á brèfið, og sá það var til sín og segir: «þetta er þó til mín.

«Nú, já, það er rètt, það mun vera til yðar, hvar hefi eg tekið það? — það er þó ekki brèfið sem eg tók af henni þórdísi minni í Hlíð til yðar, nei ekki er það; þetta hefi eg þá tekið einhverstaðar á leiðinni, þó eg muni ekki eptir því, og þá ættuð þèr að eiga hèr ennþá brèf.»

Síðan leitaði Gísli af nýju í öllum brèfunum, en hvergi fann hann neitt brèf með svörtu lakki og hallri utanáskript; verður honum nokkuð bilt við, og segir við þórarinn: «leitið þèr nú sjálfur í brèfunum, þórarinn minn, eg get ekki fundið fleiri brèf til yðar.»

Þórarinn gjörði það, og fann ekki heldur en Gísli; segir þá Gísli, að það verði þá að vera þetta brèf, sem hann hafi tekið í Hlíð, þó hann kannist ekki við hvernig á því standi, að hvorki sè kveðjan á því höll, eða blekklessa á neðra horninu á því, eins og sig minni að hafi átt að vera á því, sem hann tók í Hlíð, og sè þetta brèf þaðan, þá muni það vera misminni sitt. Þórarinn kvaðst brátt skuli gjöra enda á allri þrætu, og sjá, hvaðan brèfið sè; opnar hann það og sèr undir eins að það er frá þórdísi í Hlíð; segir hann þá Gísla, og lætur hann sèr það lynda. Þórarinn lýkur upp litlu skáborði, sem þar var í herbergi hans, og leggur brèf sín þar niður; *síðan spyr hann Gísla frètta, og biður hann vo koma með* sèr inn á baðstofulopt, segir

hann vinnukonum að taka við Gísla og annast skóföt hans.

Eptir það gengur þórarinn aptur til herbergis síns og fer að lesa brèfin. Brèf séra Sigvalda var all-þægilegt; getur prestur þess í því, að þó að þeir mágar hefðu skilið í styttingi er þeir fundust, og sitt hefði sýnzt hvorum, vildi hann ekki fyrir sitt leyti erfa það, eða vera þess valdandi, að mágsemdir þeirra væri ekki jafngóðar eptir sem áður. Hitt og þetta var til tínt í frèttum, eins og venja er til í brèfum, er fara kunningja á milli. Það var einn kafli í brèfi prests: »Umskipti urðu hèr í Hlíð. Sigurður bóndi lagðist skömmu eptir að þú varst farinn suður í haust, lá ekki lengi, og er fyrir tímanlegan dauða burt kallaður, þremur dögum fyrir Marteinsmessu. Margur má með rèttu hans sakna; hann var ætíð friðsemdarmaður og stóð mörgum fremur í skilum við prest og kirkju. Ekkja hans Þórdís heldur víst áfram búskap, og sagt er að þángað fari í vor aptur Egill Grímsson, líklega sem hennar fyrirvinna, etc.; læt svo hèr um úttalað.«

Þórarni þóktu þetta all-kynlegar frèttir, en hugðist mundi fá allt greinilegra um þetta í brèfum þeirra fóstra í Hlíð. Undarlegt hafði þórarni þókt, er hann lauk upp brèfi Þórdísar, að þar var ekki innaní lagt neitt brèf frá Sigrúnu

til hans, en enníá meira brá honum, er hann las brèfið; sá hann af því, hvernig ráða mátti dylgjur þær, sem voru í brèfi Sigvalda prests, mágs hans. Brèfið var ritað með viðvaníngshönd og heldur illa, og var það á þessa leið:

«Hlíð 30. Decbr. 17..

Velæðla herra studiosus!

Innilega er eg yður þakkandi fyrir vinsemi yðar á seinustu samfundum í haust, sömuleiðis fyrir yðar mikið þægilega tilskrif, skrifað litlu eptir að þèr voruð aptur heim til yðar kominn; þarnæst vil eg láta yður vita, sem þèr þó máske hafið fengið undirrèttíng um af milliferðamönnum, að litlu eptir að þèr fóruð hèðan þóknaðist Drottni mínum að kalla burt manninn minn úr þessum táradal til betra lífs. Hvílíkur krossburður það hafi verið mèr, að missa hann, ætla eg nú ekki að tala um, mín eina huggun er sú, að eiga þess von innan skamms, einnig að losast úr baráttu þessarar mæðusömu hèrveru: «Æ, hvað mig leysast lángar.»

Í annan máta verð eg að láta yður vita það, þó mèr finnist eg ekki eiga hægt með það, að hèr á heimili hefir orðið sú breytíng, sem eg ekki ímyndaði mèr, þegar við sáustum seinast, að mundi upp koma; en svo mikið vil eg segja yður, og álít skyldu mína að láta yður

vita, þar eg einusinni varð áskynja um fyrirætlun yðar með Sigrúnu Þorsteinsdóttur, sem hjá okkur hefir verið, að eg býst ekki við, að hún hafi gæfu til þess, sem einusinni var af ykkur umtalað. Kríngumstæðurnar hafa lagað það svoleiðis, og það er orðið augljóst, sem eg vissi ekki þá. Hún er ólánsamari en svo, hróið; eg ætla ekki að tala frekar um það við yður en þetta. Líklegast verður hún hjá mèr næsta ár, því ekki get eg fengið af mèr að vísa henni svona út á klakann, þar hún hefir svo lengi dvalizt hjá mèr, og í ráðagjörð er það, að Egill Grímsson, sem hèr var í sumar eð var, og aldrei skyldi verið hafa, komi hingað aptur. Þetta vildi eg ekki láta bíða að segja yður allt saman, svo að þèr vissuð það í tíma, því eg vil ekki draga prett að neinum. Eg vona þèr takið ekki illa upp einlægni mína, og fyrirgefið mèr þessar fáu og stirðu línur. Lifið þèr ætíð farsæll! — vil eg svo mega finnast, með beztu óskum

yðar skuldbundin vinkona
Þórdís Bjarnadóttir.»

Þess er áður getið, að þórarinn unni Sigrúnu heitt og alúðlega. Hann hafði áður á hverri einverustund sinni hugsað um heitmey sína, sem hann unni jafnt öndinni í brjósti

sínu. Hvert sinn, sem hann vaknaði af værum blundi, hvarflaði hugurinn til hennar. Þó hann væri að lesa eða skrifa, og hann ætlaði að líma huga sinn við það, sem hann var að gjöra, var hann óðara horfinn til hennar, eins og ótaminn fugl, sem elskar sjálfræði, flýgur út í loptið, óðara en sleppt er af honum hendinni; hjá henni lèk hann sèr stundum saman, þar til þórarinn eins og með valdi neyddi hann til að hugsa um vinnu sína. Á kvöldin var seinasta hugsunin, sem hann sofnaði út frá, um hana; í svefninum hafði hann hugsað um hana, og vakandi dreymt um þá ánægju stund, er hann fengi brèf frá henni; svo það mátti svo að orði kveða, að hann margfaldlega var búinn að njóta þeirrar gleði í huga sínum, sem nú varð að engu. Það getur því hver, sem hefir tilfinníng, ímyndað sèr, hvernig þórarni nú muni hafa brugðið við að fá þetta brèf. Það var tvennt, er varnaði þórarni við örvæntíngu; það fyrst, að hann var maður stilltur og hafði tamið sèr að stjórna geði sínu, ef honum bárust snögglega gleðifrèttir eða sorgartíðindi, og þar næst unni hann Sigrúnu svo mikið, að hann gat ekki trúað því um hana sem miður mátti vera, eða að hún hefði reynzt sèr ótrú, þar sem hann aldrei hefði getað fundið annað í fari hennar, en hreinskilni og einlæga ást til sín. Hann velti þessu fyrir sèr, og þá

barðist hjarta hans um hríð, ýmist við oftrausi eða kvíða, um það, hverju hann ætti að trúa. Þó varð sú hugsun yfirsterkari hjá honum, að svo mundi vera, að Sigrún hefði brugðið trúnaði við sig. Hann gat ekki ímyndað sèr, er hann fór betur að gæta að, að þórdís fóstra Sigrúnar hefði farið að skrifa honum þetta, nema það væri satt. Til hins sama sá hann og að var bent í brèfi sèra Sigvalda, og mundi mági hans ekki hafa verið það óljúft, að geta orðið fyrstur til að segja honum frá þessu, þareð hann hefði jafnan róið að því öllum árum, að þau mætti ekki njótast.

Þegar þórarinn var að berjast við þessar hugsanir, kemur sýslumaður í herbergið og færir honum brèf, er hann átti að skrifa, og töluðust þeir við um hríð. Fór þórarinn síðan að rita það, er sýslumaður hafði fyrir hann lagt, en ekki gekk honum það greiðt, því þrisvarsinnum um kvöldið varð þórarinn að rita brèfið upp, áður sýslumaður sagði að nú mætti það vera. Virtist sýslumanni þetta kynlegt, því þórarinn var skrifari hinn bezti og ritaði bæði sett og fagurt; ekki fèkkst hann samt um þetta annað, en hann sagði: «Eg held, þórarinn minn, að það logi illa hjá þèr ljósið í kvöld, það er þó ekki vant að ganga svona stirt fyrir okkur, eða er þèr nokkuð leitt?»

rarinn roðnaði við, og gekk út; fór síðan fremur snemma að hátta, en ekki varð a svefnsælt þá nótt, því ætíð, er hann að sofna, hvörfluðu hinar sömu hugsanir ga hans, hvort það væri nokkur tilhæfa í er hann hefði sèð og lesið í brèfi þór-r, eða eigi; þó hafði sú hugsun jafnan yfir-dina, að það mundi satt vera. Þá datt hon-ýmislegt í hug, stundum ásetti hann sèr fara norður undireins og vita vissu sína i hagi Sigrúnar, og ef það reyndist nú satt, m honum var frá hermt, var hann að efast n hvað hann ætti að gjöra; fannst honum þá nist, að sèr væri orðið svo illa við hana, að ann vel gæti nú gjört henni allt til stríðs og apraunar, og nærri vildi hann ganga að eiga uðrúnu ráðskonu, ef hann hèldi að Sigrúnu æri nokkur mótgjörð í því, af því hann vissi, ð þeim var ekki neitt vel til vina áður; væri g Sigrún þess ekki verð, að hann ætti hana. ðra stundina fannst honum, sem ást hans til igrúnar hefði aldrei verið meiri en nú, virtist onum þá, sem hann mundi geta fyrirgefið enni allt; grèt hann þá fögrum tárum yfir rlögum sínum, og aumkaði ólán hennar, ef að ætti fyrir henni að liggja, að eiga Egil *rímsson, en* fóstra hennar sleppti hendi af

henni, eins og hún líkast til mundi gjöra, eptir því sem henni færust orð í brèfinu.

Þannig lá hann alla nóttina, og gat ekki notið svefns, fyr en rètt um dægramótin að nokkur blundur rann á hann. Hann vaknaði fyrir hálfbirtu morguninn eptir; klæddist hann þá skjótt og gengur út, voru heimamenn þá ekki upp staðnir, nema þeir, er sinntu útistörfum. Gísli var og kominn á fætur; hafði honum heldur ekki orðið svefnsamt um nóttina, var hann lengi að hugsa um það, hvernig á því gæti staðið, að hann hefði ekki sèð blekklessuna, sem átti að vera á horninu á brèfi því, er hann tók í Hlíð, en ekki var á því, er hann fèkk Þórarni; hann gekk nú og litaðist um kríng þar hjá bænum, en er hann sèr að Þórarinn er kominn á fætur, gengur hann til hans og býður honum góðan dag. Tóku þeir nú tal saman, og frèttir Þórarinn um tíðindi úr Staðarhrepp. Þórarni var kunnugt um fólk á hverjum bæ, og þykir Gísla það engin furða, þó hann spyrði all-ítarlega, þar sem hann var grandkunnugur. Spyr Þórarinn fyrst á víð og dreif, og leysir Gísli úr af lètta. Þar kemur loks, að Þórarinn víkur ræðunni til Hlíðarfólks; spyr hann Gísla að, hvort hann hafi komið að Hlíð, áður en hann fór suður, og játar Gísli því; þá spyr hann Gísla, hvort hann hafi sèð þær fóstrur, og segir Gísli

em var, að hann hafi hitt Þórdísi, og hún hafi eðið sig fyrir brèfið, en ekki hafi hann sèð igrúnu. Hyggur þá Þórarinn, að hann muni egja sèr í óspurðum frèttum eitthvað af henni, areð hann minntist á hana; en það varð þó kki, annaðhvort af því, að Gísli var raunar ekki iginn á það að bera út óhróður af mönnum, ða hins vegna, að hann hefir haft einhverja itneskju af því, að þeim Þórarni og Sigrúnu eiði einhverntíma verið vel til vina. Þórarinn agði litla hríð, eins og hann biði eptir að Gísli egði sèr eitthvað meira, en er hann sá að það undi ekki verða, hófst hann sjálfur máls á því, r hann vildi vita, og segir:

«Segðu mèr lagsmaður, er nokkuð hæft í ví, sem mèr hefir verið skrifað, að Egill Grímson fari aptur að Hlíð, er þaðan fór í haust ð var, og að Sigrún Þorsteinsdóttir muni ekki era óhindruð með honum, mèr er sagt það ortakslaust.»

«Og ekki veit eg það,» sagði Gísli, «hvaða æfa er til í því, en yður í einlægni að segja, yrst þèr spyrið mig að því, þá hefi eg heyrt ví fleygt af fleirum en einum, en eins og eg agði, fullyrði eg ekki neitt þar um, en þetta r skrafað, og ekki veit eg nema það berist tilaka, og þá vil eg ekki láta hafa það eptir mèr.»

«Svo þú hefir heyrt það talað?» sagði þórarinn.

«Já, meir en,» sagði Gísli.

«Það hefir þá dregið saman með þeim,» sagði þórarinn og glotti við, «þó það Hlíðarfólk þæktist ekki ætla að gefa honum hana í sumar.»

«Svo hefir það orðið að vera,» sagði Gísli, «því líka var það sagt í sumar, að þeim hjónunum í Hlíð væri ekkert um, að hann drægi sig eptir henni.»

Lengra gat ekki samtal þeirra Gísla og þórarins orðið um þetta efni, því í þessu bili komu heimamenn þar að, sem þeir töluðu, og kallaði annar á Gísla og sagði, að sýslumaður vildi finna hann, áður hann færi af stað; gengu þeir þá báðir inn, og fór þórarinn til herbergis síns; en er Gísli nokkru síðar ætlaði af stað og vildi kveðja þórarinn, fannst hann hvergi, og fór það svo, að þeir kvöddust ekki að því sinni.

ÞRÍTUGASTI KAPÍTULI.

Þórarinn fer utan.

Ef saga sú, er hèr er rituð, hefði gjörzt suður
i Vallandi, eða einhverstaðar í hinum suðrænu
öndum, þar sem kallað er, að blóðið í mönnum
ið mörgum mælistigum heitara en í Íslendíngum,
nundi án efa efnið í þessum kapítula annaðhvort
afa orðið það, að segja frá, að Þórarinn prest-
nágur hefði þotið norður í land og boðið Agli
rímssyni til einvígis; þeir hefði þá, eptir marg-
r víflengjur og vafníngа, annaðhvort sæzt
eilum sáttum, ellegar annarhvor fellt hinn á
ólmi, en síðan, er hið sanna kom upp, iðrazt
erksins og ráðið sjálfum sèr bana, og Sigrún
otið hvorugs, en setið eptir með sárt enni,
ða þá gengið sömu götuna á eptir og haldið
l Heljar. Ástin hjá Íslendíngum er ekki svo
sa-bráð, hún sígur heldur svona á og seiglast,
ns og þeim, ef til vill, er eðlilegra í flestum
num, og fáum mun hún hafa sálgað, síðan á
ögum þeirra Skáld-Rafns og Gunnlaugs orms-
ngu, er deildu um Helgu hina fögru; enda
undi oss ekki farast það kríngilega, er vart
öfum sèð nokkra grèlu, að yrkja af þeim æf-
ýrum, þar sem kutinn er ætíð látinn vera á
pti ef útaf *orðinu* bregður. Góðu heilli gefur

heldur ekki saga vor tilefni til þess, og viljum vèr því segja satt frá, og byrja þar aptur, sem þeir Gísli og Þórarinn skildu, og ekki varð af kveðjum þeirra. Af hinu stutta viðtali þeirra þóktist Þórarinn orðinn þess vís, er hann vildi; virtist honum enginn efi vera á því, að það væri satt, sem Þórdís hefði látið hann ráða í, um hagi Sigrúnar. Nokkru síðar, en Gísli var brott farinn, komu að B . . . tveir útróðramenn norðan úr Staðarhrepp, hafði Þórarinn einnig tal af þeim, og sögðu þeir hið sama um það, hvað rætt væri um Sigrúnu; þetta staðfesti Þórarinn algjörlega í trúnni, tók hann nú fáleika mikla, og gat það ekki dulizt fyrir húsbónda hans og heimilisfólki að B . . ., en enginn vissi hvað valda mundi. Sýslumaður var vel til hans sem áður, en þókti þó kynlegt um, að Þórarinn svo að segja aldrei var með hýrri há, en hafði þó áður verið hinn glaðasti. Samt leysti Þórarinn jafnan vel af hendi ritstörf þau, er sýslumaður ætlaði honum. Líður nú svo fram um veturinn, að sýslumaður fæst ekki um, þó hann sjái Þórarinn dapran löngum.

Það var eitt skipti, að sýslumaður sat einnsaman hjá konu sinni, og lá allvel á honum og ræddu þau um hitt og þetta. Spyr þá sýslumaður hana, hvað hún hyggi bera til þess, að Þórarinn hafi tekið svo miklum stakkaskiptum;

hafi hann áður leikið á als oddi, en nú hafi hann um stund verið ofantekinn og daufur, sem hann byggi yfir einhverri sorg, er hann vildi dylja. Kona sýslumanns lèzt ekki vita hvað til þess bæri, en kvaðst þó hafa tekið eptir því, að honum væri að nokkru brugðið; gat hún þess fyrst, að þórarinn mundi ekki kunna þar við sig, og lánga til átthaga sinna þar nyrðra; ekki kvað sýslumaður það mundi vera tilefni ógleði þórarins. Kona sýslumanns gat enn annars til, og þókti sýslumanni það ekkert að líkindum; þá þagnaði húsfreyja við um hríð, leggur á vángann og segir:

«Mèr getur þá ekki hugsast neitt, heillin mín, hvað hann kynni að setja fyrir sig, nema ef það skyldi vera eitthvað heilaslángur í honum um hana Ingibjörgu okkar, og hann ímyndaði sèr að það gengi ekki.»

«Og þetta getur verið, eða hefir þú sèð nokkur deili til þess?» sagði sýslumaður.

«Ónei,» sagði húsfreyja, «eg sè það er gott og þægilegt á millum þeirra, en ekkert sem sè orð á gjörandi; en mèr hefir nú ætíð fundizt á lmbu minni, að hún heldur hún kæmi ekki hátt niður, þó hún fengi einhvern fátækan, óvalinn stúdent; hún hefir það af einhverjum sínum, krakkinn,» sagði hún og hreykti sèr dálítið upp í sætinu, «og get eg ekki láð henni það, því

vel er hún af Guði gjörð, og svo munu sumir segja, að hún standi til að eignast nokkuð.»

Sýslumaður stansaði dálítið við, strauk dósir sínar og svarar síðan:

«Svo mun það kallað; en það er ekki fyrir það, Þórarinn held eg vera gott mannsefni, mér hefir líkað ágætlega við hann, síðan hann hingað kom, og veit ekki hvort mér væri það svo mikið á móti skapi, ef hún vildi það.»

«Já, en trú þú mér til,» sagði húsfreyja, «hún mundi varla eiga hann; tiltökumál væri það, ef hann hefði siglt, og eitthvað gæti orðið úr honum.»

Við þetta felldu þau talið, en ekki er þess getið, hvort það var þessi umræða eða annað, sem var orsök til þess, að nokkrum dögum síðar kom sýslumaður eitt skipti að máli við Þórarinn, og er nú allblíður í viðmóti; spyr hann þá Þórarinn, hvað valdi ógleði hans. Þórarinn er í fyrstu alltregur að segja honum það, og lætur sem lítið sè til hæft um það; en er sýslumaður skorar fastara á hann um þetta mál, þá verður það, að Þórarinn þagnar um hríð, en síðan segir hann:

«Þér hafið, herra sýslumaður minn, jafnan sýnt mér svo mikla einlægni og ástsemi, síðan eg kom til yðar, sem eg hefði verið uppeldissonur yðar, og sæmir mèr ekki að dylja yður

þess, sem þèr spyrið mig, og er yður þá satt frá að segja, að síðan eg var barn að aldri, og man fyrst til mín, hefir sú löngun ætíð verið föst hjá mèr, að mig hefir lángað til að fara utan. Þessi löngun hefir nú orðið ríkari og ríkari hjá mèr, og er nú orðin svo föst í huga mínum, að eg get ekki lengur við hana stríðt. Að sönnu sè eg nú lítið eða ekkert ráð í þessu, er eg lít á efnahaginn, en yður að segja hefi eg þó fastráðið það, ef yður er það ekki móti skapi, og fellur mèr það þó á aðra hliðina þúngt, að slíta mig úr svo góðra foreldra höndum, sem eg hefi hèr í verið, ef þèr á annað borð hefðuð viljað halda mig lengur.»

Sýslumaður sagði, að raunar hefði hann óskað að hafa Þórarinn í sinni þjónustu, því vel hefði sèr við hann fallið í alla staði, en ekki vildi hann letja hann fararinnar; mundi það og reynast, að hvar sem Þórarinn kæmi, mundi hann kallaður góður drengur, enda væri það úngra manna að framast erlendis, og fannst það á, að sýslumaður fýsti hann í öllu; hèt hann Þórarni, að greiða honum árskaup hans, og þar að auki styrkja hann nokkuð með farar-efni. Þórarinn átti og eptir af föðurarfi sínum nokkur hundruð í jörðu. Þenna jarðarpart veð-setti hann manni þar syðra, og var það gjört með ráði sýslumanns; sýndi og sýslumaður, að

hann vildi styrkja Þórarinn, og hefir þess því verið til getið, að hann hafi ætlað, ef utanferð hans tækist vel, að gefa honum Ingibjörgu dóttur sína, og er það ekki ólíklegt, er hann sá, að hann var hinn efnilegasti maður og líklegur til frama; en svo var hann sèður, að hvorki vildi hann láta Þórarinn ráða neitt í þessa fyrirætlun sína fyrst um sinn, eða binda það neinum fastmælum, enda fór Þórarinn ekki þess á nokkurn hátt á leit; en svo sagði hann frá síðar, eptir að hann var aptur kominn hèr til lands, að hefði Ingibjörg þá verið ógefin, er hann kom aptur úr siglingu, mundi hann hafa leitað þar ráðahags, því næst Sigrúnu hafi Ingibjörg verið hin fegursta íslenzk stúlka, er hann hafi sèð, og um marga hluti hinn bezti kvennkostur.

Um haustið áður hafði skip eitt, sem átti að fara til Kaupmannahafnar, orðið apturreka, og lá það um veturinn á Búðum; átti það nú, undir eins og ísa leysti, að sigla til Danmerkur. Með skipi þessu tók Þórarinn sèr far, og átti að vera kominn til skips í seinustu viku einmánaðar, en þángað til dvaldi hann hjá sýslumanni; var hann nú allglaður, það er menn gátu sèð, en bar harm sinn í hljóði. Engu að síður gat hann ekki gleymt Sigrúnu sinni, og fannst honum svo jafnan, er hann var í einrúmi, sem

nn aldrei þaðan af mundi geta fellt ástarhug
neinnar annarar konu. Lá hann opt vak-
di um nætur í rúmi sínu, og gat ekki fest
ɜfn fyrir þeirri umhugsun; en því hafði hann
ið þetta ráð, að fara utan, að honum fannst,
hann mundi aldrei yndi nema hèr á landi,
því að Sigrún hefði brugðizt sèr, en á
ıa hliðina var hann hugsjúkur um það, hver
lög mundi vænta sín á ókunnu landi, þar
n hann ekki átti neitt athvarf, en átti lítinn
areyri. Eina nótt, nokkru áður en hann ætl-
heiman, lá hann sem optar vakandi og var
hugsa um hagi sína og Sigrúnu; datt hon-
það í hug, að áður hann færi af landi burt
ldi hann rita Sigrúnu, og láta hana að
ınsta kosti vita, hvern harm hún hefði búið
ıum með ótrúleik sínum, hugsaði hann sèr
fsefnið um nóttina. — —

ÞRÍTUGASTI OG FYRSTI KAPÍTULI.

Þórarinn var nú farinn af landi. Þá er hinn salti sær hafði hulið fósturjörð hans sýnum fyrir honum, og vaggað honum um hríð, þar sem hann lá í rúmi stýrimanns, yfirkomnum af söknuði unnustu og ástvina, tók Svefninn hann loks sèr á arm, en lèt son sinn Draum bía honum vel og lengi, en Draumur er, eins og allir vita, gjarn og fús á að fara með sofanda fólk í gandreiðir út um alla heima og geima, og sýna því allskonar firn og fádæmi. Þetta gjörði hinn gázkafulli Draumur einnig Þórarni. Hann flaug með hann yfir láð og lög, sýndi honum fagrar og dýrðlegar borgir og bæi, skrautlegar hallir og hús, stóra turna, og stræti með margvíslegum dýrum og mannagrúa. — — —

Efniságrip

af endanum á skáldsögunni:

«Maður og kona.»

Þórarinn stúdent sigldi um vorið með Búðakipi til Kaupmannahafnar, kemst þar á hákólann og lærir guðfræði, útskrifast síðan með óðum vitnisburði, og dvelur þar eptir í Kaupnannahöfn nokkur ár. Ekki skrifaði hann Sigúnu áður hèðan færi, og fèkk engar sannari regnir um hagi hennar, en áður er sagt í brèfm sèra Sigvalda og Þórdísar. Egill Grímson fór burt frá Hlíð um haustið, sem áður er agt, en Sigrún var nú með fóstru sinni. Allt ar það lygi, er kvisazt hafði um hana, að hún æri vanfær, og enginn þóktist vita, hvar sú regn hefði upp komið, en þeir, sem bezt voru ð sèr í þeirri ættfræði, mundu eptir því, að sèra igvaldi hafði sagt þeim þessar nýjúngar fyrstur nanna, og haft þær eptir öðrum. Þær fóstrur rèttu nú utanferð þórarins og orsakir hennar, g þóktust þær hafa allt illt hlotið af komu Egils

að Hlíð, er þær urðu vísari alls hi
Um sumarið ríður sèra Sigvaldi til alþ
lèt þar lýsa kaupi sínu á Hamri; gat þ
enga leiðrèttingu á fengið, lèt hún
mál móti presti, en tapaði málinu, þ
flækti það fyrir dómendum bæði me
og fè; hafði Þórdís ekki efni til að f
málinu til hlítar; líka brugðust he
svaramenn, er þeir sáu þurð á eigu
Ekki borgaði prestur henni heldur þ
fyrir Hamar, er fyr var um getið, enda
aldrei eptir þeim. Prestur lèt um hau
blágrýtisklett yfir leiði Sigurðar bónda s
ismark, og lèt þar klappa á nafn ha
prestur stein þenna mundu geta enzt
og æfi, ef eigi sykki hann í jörð niðu
hefði hann kostað ærna penínga, ómak
höfn, enda hefði Sigurður sinn heitin
skilið, því hann hefði borgað sèr þett
lega í lifanda lífi; þóktist hann nú ve
að kaupi sínu á Hamri. Nú þrengdi sv
Þórdísar, að hún varð að selja allt la
til skuldalúkninga og hætta við búskap
lèt og byggja henni út af Hlíð um vet
sá hún þá engan veg til að vera þa
enda var hún þá búin að reyna svo
Hlíð, að hana fýsti nú að fara þaðan,
öllu bústángi og fyrirhyggju. Réðust þ

þá frá Hlíð um vorið, til bónda eins í næstu sveit. Sá bóndi hèt Helgi; voru þær í húsmennsku hjá honum; bærinn hèt Skarð. Helgi var úngur maður og kvæntur fyrir skömmu; hann var hinn vænsti maður, og hafði almenníngs hylli. Hreppstjóri var hann í sveit sinni, og var í því sem öðru vel metinn. Þegar þær fóstrur höfðu dvalið þar eitt ár, andaðist kona Helga, fèkk hann þá Sigrúnu til að vera fyrir framan í búi sínu næsta ár. Nú með því maðurinn var vænn, álitlegur og vel efnaður, en þær fóstrur fèlausar og þórdís hnigin að aldri, þá gjörist það með þeim, að Helgi fær Sigrúnar, og giptust þau að ári liðnu. Gjörði Sigrún það að áeggjun fóstru sinnar, og til þess að geta annast hana í elli hennar. En undir niðri hèlt hún þó vel trygð sína við þórarinn, þó hún lèti lítið á bera, enda hugði hún þau mundi ekki optar sjást. Helgi unni Sigrúnu mjög, og voru samfarir þeirra enar beztu, eignuðust þau eina dóttur, sem var nefnd »þórdís þórarna.» Ekki varð þetta hjónaband Sigrúnar lánggæðt, því þá er þau höfðu búið saman tvö ár, legst bóndi í sótt og liggur lengi, unz hann andast úr sótt þessari; hafði hann þá ráðstafað eigum sínum svo, að Sigrún fèkk að halda búinu óskertu eptir hans dag. Sigrúnu

þókti enn mesti skaði um fráfall manns síns, en bar þó harm sinn með stillíngu mikilli; bjó hún nú á Skarði eptir mann sinn, og hafði gott bú, og þókti en mesta sæmdarkona; urðu margir til að biðja hennar, en hún neitaði þeim öllum. — Egill Grímsson var með föður sínum, eptir að hann fór frá Hlíð; og kærði jafnan fyrir honum, hversu prestur hefði gabbað sig á Sigrúnu. Grímur bar þetta mál undir prest, og bað hann ráða bót á. Prestur hugsaði þá lengi um þetta, og kom honum þá Guðrún ráðskona í hug, og að eigi mundi tjá að láta hana bíða eptir þóraarni, enda mundi hann eigi skeyta um hana, er hann frètti öll brögð prests, þó hann kæmi aptur, hvað mjög var óvíst. Guðrún ámálgaði opt við prest, að hann efndi loforð sín með að sjá henni fyrir giptíngu; tók prestur það til bragðs, er svo var komið, að hann gefur þau Egil og Guðrúnu í hjónaband; þókti mönnum fljótt að því undið, en prestur fann næga ástæðu til að flýta öllu, og koma því fram er hann vildi. Þau Egill og Guðrún fóru að búa í Hlíð, er þá var laus, og var sagt, að prestur hefði ætlað Guðrúnu þá jörð ráðskonukaup. Ekki gekk búskapur þeirra vel, og samfarir því miður, áttu þeir fullt í fángi Grímur og prestur að tala niður milli þeirra,

og komu stundum til opinberar forlíkanir, var mikið orð um ósamlyndi þeirra hjóna, og sættaumleitun prests. Sèra Sigvaldi eldist nú, og tekur hann sèr kapelán, förlaðist honum mest sýn; ekki urðu kapelánar lánggæðir hjá honum, því kaup þeirra var ei meira en meðal-vinnumannskaup, og sagði prestur þeir ynnu ekki fyrir meiru. Skipti hann árlega í þrjú ár um kapelána, en úr því fèkk hann engan; sagði hann þá af sèr prestskap, voru þá sjö ár liðin frá því þórarinn sigldi, og kom hann það vor út hingað með skipi frá Reykjavík. Þórarinn frèttir nú, að Staðurinn er laus, og þareð hann var þá atvinnulaus, sækir hann um Stað og fær brauðið, tekur hann þá vígslu í Reykjavík, og leigir sèr síðan hesta norður. Það var um krossmessu leyti, er hann byrjaði ferð sína norður, og segir ekki um ferðir hans, fyr en hann kemur að Skarði, þar er Sigrún bjó nú. Helgi hafði búið þar áður þórarinn sigldi, og voru þeir málkunnugir; ætlar þórarinn að hafa þar náttstað, og fregna úr hèraði sínu hjá Helga, en hafði enn ekkert frètt úr þeim sveitum. Hann kemur síðla að Skarði, og sèr ekki manna úti, utan stúlkubarn í bæjardyrum, mjög efnilegt, hèrumbil fjögra eða fimm ára gamalt; þórarinn kastar kveðju á barnið, og í því kemur kona

út í dyrnar, var það Sigrún; heilsar hann henni, en ekki þekktust þau í fyrstu; spyr Þórarinn þá um Helga bónda, en hún segir honum sem var; biður hann þó gistíngar, og fèkk hana; kemur þá svo tali þeirra, að þau þekkja hvort annað, og segja nú hvort öðru frá, hvað drifið hafi á daga sína síðan þau skildu; verða þá mestu fagnaðarfundir með þeim. Þórdís gamla fagnar og vel Þórarni; dvelur hann þar nokkra daga, og heyrir nú allt um brögð og hrekki sèra Sigvalda, og finnst mikið um. Þar frètti hann og lát systur sinnar, konu sèra Sigvalda, og harmaði hann hana mjög. Þórarinn gjörir nú ráð sín þar á Skarði, og er það fyrst, að hann sendir mann til sèra Sigvalda með brèf, í hverju hinn nýi prestur á Stað biður gamla klerkinn að flytja alfarið burt frá Stað. Sèra Sigvalda verður hverft við, er hann sèr hversu nú er komið, og mundi hann nú engan síður hafa kosið til eptirmanns síns, en Þórarinn; bjóst hann við engu góðu af honum, eða hans komu; fær sèr nú þegar kot eitt þar skammt frá, og flytur þángað allt sem hann getur. Þessu næst stefnir Þórarinn sèra Sigvalda um öll undanfarin hrekkjabrögð við sig og þær fóstrur; fylgdi hann því máli svo fast, að sèra Sigvaldi gugnaði nú fyrir alvöru, einkum er þau Þórdís og hann höfðu

azt við fyrir rètti. Í þetta mál komust flest-
r þeir, er fyr var getið í sögunni, og stóð það
gi yfir. Varð prestur fyrir fèsektum stórum.
rarinn prestur flutti bú Sigrúnar að Stað, með
nþykki hennar, og giptust þau um haustið
unnust vel, og lýkur þar með sögunni.

Prentvillur helztu.

bls.	98	l.	9 að neð.	: þá fyr. þú.
—	103	-	14 — —	Gurðrún f. Guðrún.
—	111	-	10 — —	þú f. þá.
—	118	-	9 að of.	hanbókarl. f. handbókarl.
—	208	-	10 — —	Hjalli f. Leiti.
—	237		neðstu l.	g f. og.
—	371	-	4 að n.	draugarnar f. draugarnir.
—	390	-	4 - -	Sigurðar f. Sigþórs.